


skoðun 32

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Popp








# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
8. desember 2011
287. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




### Börn ávallt hreinskilin

*Sigrún Eldjárn er handhafi Íslensku bjartsýnisverðlaunanna 2011.*

**tímamót 42**



### Stífar æfingar

*Strákarnir í danshópnum Area of Stylez ætla sér að ná langt.*

**fólk 64**

### Afreksmaður skrimtir

*Ragna Ingólfsdóttir er ein fremsta íþróttakona landsins en fær afar litla styrki frá hinu opinbera.*



**sport 78**

### veðrið í dag




**STÖKU ÉL** Í dag verða víða norðan eða norðaustan 5-13 m/s en 10-15 A-lands. Úrkomulaust en stöku él úti við ströndina. Frost 1-15 stig.

**VEÐUR 4**



**BREKKURNAR AÐ VERÐA KLÁRAR** „Við erum orðnir ansi bjartsýnir á að þetta fari í gang um helgina,“ segir Einar Bjarnason, rekstrarstjóri í Bláfjöllum. „Við vonum að við náum að opna takmarkaðan hluta af svæðinu um helgina fyrir allt og alla.“ Í gærkvöldi var skíðafólk mætt í brekkurnar til æfinga en Einar segir að menn vilji troða svæðið betur til að búa almenningi betri skilyrði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Leita uppi óbólusett börn vegna mislinga

**Sóttvarnalæknir hefur gripið til ráðstafana vegna mislingafaraldurs í Evrópu, sem hann kallar „lýðheilsuhneyksli“. Hlutfall bólusettra hérlendis er talið á mörkum þess sem er viðunandi til að verjast faraldrinum að fullu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Haraldur Briem sóttvarnalæknir hvetur foreldra til að bólusetja börn sín við mislingum. Embættið leitar nú óbólusettra barna á grunni fullkomins upplýsingabanka. Hann segir ljóst að hlutfall bólusetninga megi ekki minnka að ráði hér á landi ef ekki eigi að skapast hætta á að mislingar blossi upp hér. Á þremur árum hefur mislingafaraldur náð til allra Evrópulanda nema Íslands, Ungverjalands og Kýpur.

Haraldur viðurkennir að það valdi honum áhyggjum að bólusetningar gegn mislingum séu á mörkum þess sem teljist viðunandi hér á landi. „Svokallað hjarðónæmi, sem við erum að sækjast eftir og kemur í veg fyrir að við fáum faraldur hérna, næst þegar ekki færri en 90 prósent mannfjöldans eða meira eru bólusett. Ef þetta lækkar hjá okkur úr því sem það er núna erum við ekki í góðum málum.“

> Ég hef sagt að það sé lýðheilsuhneyksli að þessi staða sé komin upp.
>
> **HARALDUR BRIEM**
> SÓTTVARNALÆKNIR

Haraldur segir að ýmislegt geti legið því að baki að börn séu ekki bólusett, svo sem misskilningur og aðgæsluleysi. Þá sé nokkur hópur fólks alfarið mótfallinn bólusetningum. „Það sem við erum að gera núna er að finna óbólusett börn og leita eftir upplýsingum um hverju það sætir. Við ætlum að elta þetta uppi og finna óbólusett börn. Við erum að vinna að því í þessum tölum orðum,“ segir Haraldur, en á Íslandi er talið að 90 til 95 prósent barna hafi fengið fullnægjandi bólusetningu gegn mislingum, við átján mánaða og tólf ára aldur.

Mislingafaraldurinn í Evrópu hófst árið 2009 en hefur náð nýjum hæðum undanfarna mánuði. „Ég hef sagt að það sé lýðheilsuhneyksli að þessi staða sé komin upp. Sjúkdómurinn grasserar í þróuðum ríkjum eins og Frakklandi, Þýskalandi og Austurríki, sem mér finnst dapurlegt,“ segir Haraldur.

Til þessa hafa rúmlega 30 þúsund einstaklingar greinst með mislinga á árinu 2011. Um 82 prósent þeirra voru óbólusett, flest börn yngri en tíu ára. Flest tilfelli hafa verið tilkynnt í Frakklandi. „Hátt á annan tug barna hefur dáið síðan faraldurinn hófst og þá eru ónefnd börnin sem hafa fengið alvarlega heilabólgu og enn fleiri alvarlega lungnabólgu. Þetta eru hinir alvarlegu fylgikvillar mislinganna.“ **- shá**

Fjárlögin samþykkt á þingi:

## 140 milljarða viðsnúningur

**STJÓRNMÁL** Fjárlög ársins 2012 voru samþykkt í gær. Samkvæmt því nema útgjöld ríkissjóðs 536 milljörðum króna en tekjur 523 milljörðum. Alls samþykkti 31 þingmaður frumvarpið, þrír greiddu atkvæði á móti en 23 þingmenn greiddu ekki atkvæði.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði frumvarpið dæmi um einhvern mesta bata í hagkerfi á Vesturlöndum. **- kóp / sjá síðu 20**

Bandaríska sendiráðið:

## Engar vísbendingar um brot

**UTANRÍKISMÁL Ekkert bendir til þess að starfsmenn öryggissveitar sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi hafi gerst brotlegir við íslensk lög. Þetta hefur rannsókn ríkissaksóknara á háttsemi sveitarinnar leitt í ljós.**

**Forsaga málsins er sú að haustið 2010 fór þáverandi dóms-mála- og mannréttindaráðherra fram á að starfsemi öryggissveitarinnar yrði könnuð. Var þetta gert í kjölfar frétta frá Noregi og Danmörku um að sambærilegar sveitir hefðu mögulega gerst brotlegar við þarlend lög.** **- mþl**

Tónlist selst vel á Íslandi:

## Plötusala eykst um 30 prósent

**TÓNLIST** Hljómplötusala á Íslandi er þrjátíu prósentum meiri í ár en á sama tíma í fyrra. Nýjustu afurðir stórlaxanna Mugisons, Helga Björns, Páls Óskars og Bubba hafa mikið um það að segja.

Tölurnar miðast við seld eintök af þrjátíu efstu plötunum á Tónlistanum. „Hinn margumtalaði dauði geisladisksins ætlar að láta bíða eftir sér. Hann er oft talaður hressilega niður, blessaður,“ segir Eiður Arnarsson hjá Senu. **- fb / sjá síðu 86**









SPURNING DAGSINS



*Sigurður, er þá ekkert svínarí hjá sauðfjárbændum?*

„Nei, bara saklaus lömb.“

Ríkisendurskoðun hefur komist að þeirri niðurstöðu að sauðfjárbændur hafi ekki svindlað á greiðslumarkskerfi hins opinbera. Sigurður Eyþórsson er framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.

Vistheimilanefnd skilaði í gær síðustu áfangaskýrslu sinni um starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn:

# Starfi barnaverndaryfirvalda var ábótavant

**SAMFÉLAGSMÁL** Vistheimilanefnd skilaði í gær þriðju og síðustu áfangaskýrslu sinni um starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn á síðustu áratugum. Í henni er að finna umfjöllun nefndarinnar um starfsemi Upptökuheimils ríkisins, Unglingaheimilis ríkisins og meðferðarheimilanna í Smáratúni og á Torfastöðum á árunum 1945 til 1994.

Taldi nefndin ekki hægt að draga almennar ályktanir um að ofbeldi eða ill meðferð hefði farið fram á börnum á þessum heimilum. Þó hafi eitt og annað orkað tvímælis, þar á meðal einangrunarvistun og fjötranir á börnum sem tíðkuðust um tíma.

Þá ítrekaði nefndin fyrri niðurstöður um að málsmeðferð og faglegri ákvörðunartöku barnaverndaryfirvalda hefði verið verulega ábótavant stóran hluta þessa tímabils. Þá var lítil áhersla lögð á utanaðkomandi eftirlit með starfi einstakra stofnana og heimila.

Alþingi skipaði í mars árið 2007 nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Róbert R. Spanó, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, var formaður nefndarinnar.

Áður hafði nefndin skilað skýrslu um starfsemi vistheimilisins á Breiðuvík og tveimur áfangaskýrslum um starfsemi Heyrnleysingjaskólans, skólaheimilisins Bjargs, heimavistarskólans að Jaðri og vistheimilanna Kumbaravogs, Silungapolls og Reykjahlíðar. Var það niðurstaða nefndarinnar að börn hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á sumum þeirra stofnana og heimila sem vistuðu börn á árum áður. - mþl



**ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU Í GÆR** Nefndin kynnti áfangaskýrsluna í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Skýrslur nefndarinnar má nálgast á vefsíðu forsætisráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leigubílstjórinn ófundinn:

## Vitni voru yfirheyrð í gær

**LÖGREGLUMÁL Vitni voru yfirheyrð í gær í kjölfar nauðgunarkæru sem átján ára stúlka hefur lagt fram á hendur Agli Einarssyni og unnustu hans.**

**Lögreglan leitar að leigubílstjóra sem hún þarf að hafa tal af vegna málsins. Hann hafði ekki gefið sig fram síðdegis í gær, þrátt fyrir tilmæli lögreglu þar að lútandi. Vitnisburður bílstjórans er talinn geta haft mikla þýðingu.**

**Bílstjórinn var að störfum í miðborginni aðfaranótt föstudagsins 25. nóvember síðastliðinn og ók Agli, unnustu hans og stúlkunni frá skemmtistaðnum Austur í miðbænum í Kórahverfi í Kópavogi.**

**Þá biður lögregla alla þá sem geta veitt upplýsingar um leigubílstjórann að hafa samband í síma 444-1000 eða senda bréf á netfangið abending@lrh.is.** - jss

Umsvif í Reykhólahreppi:

## Keypti landið undir þorpinu

**VIÐSKIPTI** Reykhólahreppur hefur keypt 98 hektara land, sem Reykhólaþorp stendur á. Hreppurinn keypti landið af ríkinu fyrir 17,5 milljónir króna.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skrifaði undir samninginn við hreppinn. Undanskilið í sölunni er lóð Reykhólakirkju, kirkjugarðs, prestshúss og annars sem fylgir. Þá verður gatan Maríutröð, sem liggur í gegnum þorpið, áfram á forræði Vegagerðarinnar.

Reykhólahreppur átti fyrir kaupin stóran hluta Reykhólajarðarinnar og á nú í samningaviðræðum við ábúanda um að kaupa hans hluta í henni. - þeb

# Tapa riftunarmáli og fá ekki 150 milljónir

**Landsbankinn mátti ekki greiða skuld við Íslensk verðbréf en keypti víxlana á degi neyðarlaganna og skuldaði þar með sjálfum sér. Dómari telur þetta í lagi og hafnar riftunarkröfu slitastjórnar, sem óttast fordæmisgildi niðurstöðunnar.**

**DÓMSMÁL** Greiðslum upp á 150 milljónir, sem runnu frá Landsbankanum til sjóðs á vegum Íslenskra verðbréfa 6. október 2008, verður ekki rift þrátt fyrir kröfu slitastjórnar bankans þar um. Héraðsdómur Norðurlands eystra kvað upp svofelldan dóm í gær.

Um var að ræða tvo víxla, eða skammtímaskuldabréf, sem Landsbankinn gaf út og sjóðurinn keypti. Þar með skuldaði bankinn sjóðnum 150 milljónir. Skilmálar víxlanna kváðu á um að ekki mætti greiða þá upp fyrir skráðan gjalddaga, sem var 5. nóvember 2008.



**HERDÍS HALLMARSDÓTTIR**

Hinn 3. október, þremur dögum fyrir setningu neyðarlaganna, setti sjóðurinn víxlana á markað með það markmiði að selja þá, sem var heimilt. Landsbankinn keypti bréfin og gengu þau kaup í gegn 6. október, daginn sem neyðarlögin voru sett.

Slitastjórn bankans telur hins vegar að með þessu hafi skuldin í raun verið greidd en greiðslan dulbúin sem kaup á víxlunum. Uppgreiðslan var sem áður segir óheimil fyrir 5. nóvember. Þar með hafi peningar runnið út úr bankanum á kostnað annarra kröfuhafa.

Á þetta fellst Þorsteinn Davíðsson héraðsdómari hins vegar ekki. Þótt líta verði svo á að með því að kaupa víxil sem bankinn gaf sjálfur út hafi hann í raun greitt skuldina sé ekkert komið fram í málinu um að tilgangurinn hafi verið sá að sjóður Íslenskra verðbréfa hagnaðist á kostnað annarra kröfuhafa.

Þá megi vera ljóst að hefði bankinn að morgni 6. október ekki staðið við samþykkt kauptilboð sitt frá því föstudeginum áður „hefði traust til hans beðið verulega hnekki og allar tilraunir til að bjarga rekstri hans orðið mun þyngri í vöfum ef þá mögulegar.“

„Okkur finnst þetta ekki vel rökstudd niðurstaða,“ segir Herdís Hallmarsdóttir í slitastjórn Landsbankans. Hún segir að niðurstöðunni verði áfrýjað til Hæstaréttar, enda séu meiri hagsmunir undir en milljónirnar 150.

„Þetta getur haft þýðingu fyrir okkur. Það eru fleiri mál sem við höfum verið með í undirbúningi sem byggja á svipuðum grundvelli og ef þetta er niðurstaðan þá mun okkur varla takast að rifta þeim greiðslum frekar en þessari.“

stigur@frettabladid.is



**LANDSBANKINN** Bankinn samþykkti að kaupa víxlana tvo 3. október og kaupin gengu í gegn 6. október. Dómari segir að bankinn hefði lent í klandri ef hann hefði hætt við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KRISTJÁNSBORG** Þingmenn Venstre og Danska þjóðarflokksins vilja fá að reykja áfram á skrifstofum þingsins.

Ósætti á Kristjánsborg:

## Tekist á um reykingabann

**DANMÖRK** Þingmenn Venstre og Danska þjóðarflokksins eru ósáttir við fyrirhugað reykingabann á skrifstofum þingsins.

Jafnaðarmaðurinn og þingforsetinn Mogens Lykketoft hefur boðað að undanþága sem þingmenn nutu frá tóbaksvarnarlögum árið 2007 verði afnumin. Reykingar þingmanna á skrifstofum sínum hafi í för með sér óbeinar reykingar starfsfólks þingsins og það sé ekki líðandi.

Athygli vekur að meðal þeirra sem tala fyrir áframhaldandi reykingum er Bertel Harder, sem var heilbrigðisráðherra þar til fyrir skemmstu. - þj

Pósturinn biður um mokstur:

## Blaðburðarfólk slasast í hálku

**ÞJÓNUSTA Mesta slysatíðni á meðal bréfbera og útkeyrslufólks Póstsins er vegna hálku á einkalóðum eins og á tröppum, innkeyrslum og göngustígum. Pósturinn hvetur fólk til að moka tröppur og aðgengi að húsum þegar snjór er mikill og reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir hálkubletti.**

**Í tilkynningu frá Póstinum segir þetta auðvelda störf bréfbera til muna en burðurinn þyngist nú dag frá degi. Einnig er mikilvægt að það sé góð lýsing við útidyr og að merkingar á húsum og póstkössum séu skýrar og greinilegar.** - sv






Gorbatsjov segir réttast að efnt verði til nýrra kosninga í Rússlandi:

# Þrýstingur vaxandi á Pútín

**RÚSSLAND, AP** Mikhaíl Gorbatsjov, síðasti leiðtogi Sovétríkjanna, segir að stjórnvöld eigi að ógilda niðurstöður þingkosninganna á sunnudag og efna til nýrra kosninga.

„Æ fleiri eru farnir að trúa því að úrslit kosninganna hafi ekki verið sanngjörn,“ sagði Gorbatsjov. „Ég tel að verði skoðun almennings hunsuð varpi það rýrð á stjórnvöld og auki á óstöðugleika í landinu.“

Sameinað Rússland, stjórnarflokkur þeirra Vladimírs Pútín forsætisráðherra og Dimitrís Medvedev forseta, hlaut tæp 50 prósent atkvæða og heldur því naumum meirihluta þrátt fyrir að hafa tapað miklu fylgi frá því fyrir fjórum árum þegar hann fékk 64 prósent.

Pútín gerir sér vonir um sigur í forsetakosningum í mars en útreið flokks hans í kosningunum virðist hafa vakið almenning til vitundar um möguleika til þess að hafa áhrif á stjórnmálin í landinu í kosningum.

Þúsundir Rússa hafa haldið út á götur Moskvuborgar í kjölfar kosninganna til að lýsa bæði andúð sinni á Pútín og efasemdum um gildi kosninganna.



**PÚTÍN SKRÁIR FRAMBOÐ SITT** Vladimír Pútín forsætisráðherra skráði í gær opinberlega framboð sitt til forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla hefur tekið hart á mótmælendunum og handtekið hundruð manna.

Alþjóðlegt kosningaeftirlit leiddi í ljós að ýmis misbrestur varð á framkvæmd kosninganna og talningu atkvæða. - gb


Allt fínt fyrir jólin
SMÁRAFTÆKI*
TAX FREE
Russell Hobbs
TAX FREE
JÓLAGJAFIR
HEFST Í DAG
LEIKFÖNG*
TAX FREE
BLACK & DECKER
FATNAÐUR*
TAX FREE
VERKFÆRI*
TAX FREE
12V
Jólahlaðborð
Húsasmiðjunnar
Skútuvogi
opið alla daga kl. 18 - 20
Aðeins
1.290kr
Gildir fimmtudag til sunnudags
*Tax free gildir ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.
Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 07.12.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,67 | 119,23 |
| Sterlingspund | 185,07 | 185,97 |
| Evra | 158,77 | 159,65 |
| Dönsk króna | 21,352 | 21,476 |
| Norsk króna | 20,585 | 20,707 |
| Sænsk króna | 17,591 | 17,695 |
| Japanskt jen | 1,5259 | 1,5349 |
| SDR | 184,41 | 185,51 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,7554

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfsmenn Ríkisútvarpsins fengu ánægjuleg skilaboð í síðustu viku:

# Fá skerðingu á launum til baka

**KJARAMÁL** Draga á til baka launaskerðingu sem starfsmenn Ríkisútvarpsins tóku á sig í ársbyrjun 2009 í kjölfar bankahrunsins. Þetta tilkynnti Páll Magnússon útvarpsstjóri á fundi sem hann boðaði til með starfsmönnunum í síðustu viku.

„Auðvitað erum við ánægð með að fá þessa launaskerðingu til baka,“ segir Ægir Þór Eysteinsson, formaður Félags fréttamanna hjá RÚV. „Okkur hefur fundist við sitja eftir miðað við launaleiðréttingar hjá öðrum ríkisstofnunum þar sem starfsmenn tóku á sig



**PÁLL MAGNÚSSON** Tilkynnti á fundi með starfsmönnum að launaskerðing yrði dregin til baka.

kjaraskerðingu eftir hrunið, þannig að við fögnum þessu eins og gefur að skilja.“

Ekki náðist tal af Páli Magnússyni í gær né öðrum æðstu yfirmönnum RÚV. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gengur skerðingin til baka í tveimur jöfnum áföngum. Fyrst hækka launin um komandi áramót og síðan að nýju í síðasta lagi 1. september á næsta ári.

Ekki tóku allir starfsmenn RÚV á sig launaskerðingu á sínum tíma því hún gilti ekki um þá sem voru með minna en þrjú hundruð þúsund krónur í mánaðarlaun. Skerðingin var stigvaxandi hlutfallslega eftir því sem launin voru hærri. **- gar**

Einkaneyslan eykst:

## Vöxtur milli ársfjórðunga

**EFNAHAGSMÁL Landsframleiðsla jókst um 4,7 prósent að raungildi á milli annars og þriðja ársfjórðungs 2011. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld um 1,6 prósent. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Fyrstu níu mánuði ársins jókst landsframleiðslan um 3,7 prósent að raungildi.**

**Einkaneysla jókst um 1,1 prósent en samneysla var óbreytt. Þá dróst fjárfesting saman um 5,3 prósent. Útflutningur jókst um 6,8 prósent en innflutningur um 1,2 prósent. - kóp**



**KRÓNPRINSESSAN** Þriðjungur Svía vill að Viktoría taki við krúnunni af Karli föður sínum.

Þriðjungur vill prinsessuna:

## Svíar missa trú á konungnum

**SVÍÞJÓÐ Þriðjungur Svía hefur litla eða mjög litla trú á konungi landsins, Karli Gústafi. Tæpur þriðjungur styður konunginn. Öðrum er nokkuð sama. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem gerð var fyrir TV4-sjónvarpsstöðina í Svíþjóð.**

**Meirihluti Svía, 56 prósent, styður þó áframhaldandi tilvist konungdæmis. 32 prósent landsmanna vilja að krónprinsessan Viktoría taki við krúnunni af föður sínum.**

**Karl Gústaf hefur verið sérlega umdeildur eftir að bók um hann kom út í fyrra þar sem greint var frá framhjáhaldi, heimsóknum á nektardansstaði og tengslum við undirheima. - þeb**

# Yfirlýsingar enduróma kalda stríðið

**Áhyggjur af samskiptunum við Rússland setja svip sinn á utanríkisráðherrafund NATO. Yfirlýsingar Medvedevs minna á tíma kalda stríðsins, segir Anders Fogh Rasmussen. Össur segir kosningar í Rússlandi hafa áhrif á yfirlýsingar ráðamanna.**

**BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ** Áhyggjur af samskiptum Atlantshafsbandalagsins og Rússlands settu svip sinn á fund utanríkisráðherra bandalagsins, sem hófst í Brussel í gær. Ráðherrarnir búast greinilega við að Sergej Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, sem mætir til fundar við þá í dag, verði býsna úfinn vegna áforma NATO um eldflaugavarnakerfi, sem á að byrja að taka í notkun næsta vor.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, margítrekaði vilja NATO til að ná samkomulagi við Rússland um eldflaugavarnir fyrir leiðtogafund bandalagsins, sem haldinn verður í Chicago í maí. Hann sagðist vona að fundurinn með Lavrov í dag myndi hreinsa andrúmsloftið.

Rasmussen vísaði til nýlegra ummæla Medvedevs, þar sem hann hótaði að bregðast við áformum NATO með því að staðsetja nýjar eldflaugar við landamæri Rússlands og NATO-ríkja. „Slík viðbrögð minna okkur á átök horfins tíma,“ sagði Rasmussen við blaðamenn eftir fund ráðherrann í gær og vísaði þar augljóslega til kalda stríðsins. Hann sagði að yfirlýsingarnar bæru einnig vott um grundvallarmisskilning á umfangi og tilgangi eldflaugavarna NATO.

„Það væri peningasóun ef Rússar færu að fjárfesta í gagnaðgerðum gegn gerviövini sem er ekki til. Það mætti fjárfesta það fé með arðbærari hætti í þágu rússnesku þjóðarinnar, til að skapa störf og nútímavæða þjóðfélagið,“ sagði Rasmussen.



**RÁÐHERRAFUNDUR** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra ræðir við Villy Søvndal, danskan starfsbróður sinn, í upphafi fundar. MYND/NATO

### Hörð þjóðarhyggja í Rússlandi

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segist hafa talað fyrir því á ráðherrafundinum að reynt yrði að þróa viðræður við Rússa um eldflaugavarnakerfið. Tónninn í rússneskum ráðamönnum hafi breytzt undanfarið. „Það er ekki ólíklegt að það stafi af því að það eru harðar kosningar í Rússlandi og greinilega miklu meira umrót en menn átta sig á. Þá kennir sagan okkur að menn falla oft á völl sterkrar þjóðarhyggju til að safna í kringum sig ákveðnum öflum.“

Össur segir að á fundinum hafi stór og öflug ríki talað fyrir því að reynt yrði að semja við Rússa. Aðrir hafi sagt að sjálfsagt væri að hlusta á þá, en ekki mætti láta þá stýra ákvörðunum NATO. „Það eru þá kannski helzt þjóðir sem hafa einhvern tímann kynnzt þeim náið,“ segir hann.

Framkvæmdastjórinn sagðist aðspurður ekki geta útilokað að breyttur og harðari tónn í rússneskum ráðamönnum væri til heimabrúks vegna þing- og forsetakosninga í Rússlandi. Hins vegar yrði að taka mark á yfirlýsingum forseta Rússlands, þótt þær væru ekki í samræmi við niðurstöður fundar leiðtoga NATO-ríkjanna með Medvedev í Lissabon í fyrra.

Aðspurður hvort NATO hygðist á einhvern hátt bregðast við vísbendingum um að Rússar væru á ný að efla herafla sinn í vesturhluta landsins, sagði Rasmussen að slík viðbrögð væru „klárlega ótímabær“. **olafur@frettabladid.is**

Fannst alvarlega slasaður:

## Er talinn hafa skorið sig sjálfur

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á sextugsaldri, sem lögreglumenn fundu alvarlega slasaðan á heimili hans í fjölbýlishúsi við Skúlagötu í fyrrinótt, er talinn hafa skorið sig sjálfur með glerbrotum.

Hann gekkst undir aðgerð á Landspítalanum í gær.

Nágrannar kölluðu á lögregluna vegna hávaða frá íbúð mannsins. Þegar lögreglumenn komu á vettvang var hann mikið skorinn víða um líkamann og hafði misst mikið blóð.

Hann var þegar fluttur á slysadeild, þar sem blæðing var stöðvuð. Maðurinn var illa á sig kominn vegna blóðmissis og áfengisneyslu þegar lögreglu bar að. **- jss**

Tímamót í Svíþjóð:

## Fyrst til að bera slæðu í lögreglu

**SVÍÞJÓÐ 26 ára gömul kona er fyrsti lögregluþjónninn í Svíþjóð til þess að ganga með hijab-slæðu við störf. Fimm ár eru síðan Svíar afléttu banni við því að slæður, túrbanar og önnur höfuðföt væru hluti af einkennisbúningum.**

**Donna Eljammal hóf nám í lögregluskóla nú í haust. Hún segir í viðtali við The Local að hún hafi alltaf vitað að hún vildi verða lögreglukona.**

**Störf hennar innan lögreglunnar sýndu almenningi að sumar konur veldu að vera með slæðu, þær væru ekki kúgaðar heldur sjálfstæðar og sterkar. Þá þekkti hún aðrar hliðar samfélagsins en flestir lögregluþjónar.**

**- þeb**

### LEIÐRÉTT

Á forsíðu blaðsins í gær var sagt að bókin „Þóra – heklbók“ væri fyrsta heklbókin sem hefði komið út í 53 ár. Hið rétta er að þetta er fyrsta heklbókin sem kemur út í 63 ár.

Í frétt á blaðsíðu 2 í gær var kona rangnefnd í myndatexta. Hún heitir Anna Guðbjörg Bjarnadóttir.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**KULDABOLI RÆÐUR RÍKJUM**
Það er útlit fyrir hörkufrost á morgun en síðan er von á breytingum seint á laugardag. Þá hlýnar heldur, einkum syðst með stífri suðaustanátt og úrkomu. Bendi þó á að hitinn mun ekki fara víða yfir frostmark.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18 |
| Basel | 8° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 12° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 7° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | 0° |
| París | 11° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

ENNEMM / SÍA / NM49350

# Geislandi
## gleði og gjafir

Komdu í Smáralind og gerðu öll jólainnkaupin á einum stað. Við bjóðum upp á notalega jólastemningu, fjölmargar verslanir sneisafullar af jólavörum, frábæra veitingastaði og afþreyingu fyrir alla aldurshópa.



Opið til 21 í kvöld

Gjafakort Smáralindar hin fullkomna jólagjöf

Smáralind

smaralind.is Opnunartímar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Opið til 22 frá 15. des. og til 23 á Þorláksmessu

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú áhyggjur af dvínandi bókalestri barna og unglinga?*

| | |
|---|---|
| Já | 76,7% |
| Nei | 23,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu áhyggjur af hömlum á erlendri fjárfestingu hér á landi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Gæsluvarðhaldsúrskurður vegna skotárásar staðfestur yfir einum forsprakka vélhjólagengis:

# Haglabysssa á heimili grunaðs Outlaws-manns

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan rannsakar nú hlaupsagaða haglabyssu sem ýmislegt bendir til að notuð hafi verið í skotárás á bifreið í Reykjavík 18. nóvember síðastliðinn. Þegar fjórði maðurinn var handtekinn vegna rannsóknar málsins síðastliðinn föstudag fannst slík byssa, ásamt skotfærum, heima hjá honum. Við rannsókn tæknideildar lögreglu kom í ljós að eitt skothylkjanna sem fannst þar er eins að útliti og lögun og skothylkin sem fundust á vettvangi árásarinnar.

Maðurinn sem um ræðir er einn af forsprökkum vélhjólagengisins Outlaws, tæplega þrítugur að aldri. Hæstiréttur staðfesti í fyrradag úrskurð þess efnis að hann skyldi sæta einangrun og gæsluvarðhaldi til dagsins í dag, 8. desember.

Maðurinn hefur neitað allri aðild að skotárásinni. Lögregla segir hins vegar liggja fyrir að hann hafi verið í símasamskiptum við tvo aðra, sem einnig eru í varðhaldi vegna rannsóknarinnar, um það leyti sem árásin var gerð. Þá hafi þeir þrír hist á bar kvöldið áður en skotið var á bílinn.

Maðurinn hefur ekki getað gert grein fyrir ferðum sínum daginn sem árásin var gerð. Hann hafi verið nýbúinn að eiga afmæli og verið „að djamma“. - jss



**HALDLÖGÐ VOPN** Lögreglan hefur tekið mikið magn vopna í heimahúsum að undanförnu.

Einn sona Gaddafís:

## Reyndi að flýja til Mexíkó

**MEXÍKÓ, AP** Al-Saadi Gaddafí, einn sona Múammars Gaddafí, reyndi að flýja til Mexíkó í haust eftir að faðir hans hafði hrökklast frá völdum.



**AL-SAADI GADDAFÍ**

Stjórnvöld í Mexíkó stöðvuðu þessi áform meðan þau voru enn í undirbúningi. Að sögn þeirra vann hópur fólks með fullar hendur fjár að undirbúningi flóttans, þar á meðal einn Dani, einn Kanadamaður og tveir Mexíkóar.

Al-Saadi flúði skömmu síðar til Níger, þar sem hann er trúlega enn í skjóli stjórnvalda. - gb

## DÓMSMÁL

### Dæmdir fyrir bílainnbrot

Tveir tæplega tvítugir piltar hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að brjótast inn í sex bíla í janúar á síðasta ári. Báðir eiga sér sakaferil. Annar pilturinn var dæmdur í 30 daga fangelsi og hinn í fjögurra mánaða fangelsi. Báðir dómar eru skilorðsbundnir.

### Með rafbyssu og fíkniefni

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi. Maðurinn er meðal annars sakfelldur fyrir að hafa í fórum sínum 80 grömm af amfetamíni og rafbyssu. Þá var hann dæmdur fyrir að ógna öðrum lífláti.

### Kjötþjófur

Tæplega þrítugur karl hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og þjófnað. Maðurinn réðist á annan mann í desember 2009. Þá var maðurinn dæmdur fyrir þátttöku í kjötþjófnaði á Hellu.

# Aðgerðaáætlun OR staðist á þessu ári

**Meiri árangur hefur náðst við aðhaldsaðgerðir hjá Orkuveitu Reykjavíkur á þessu ári en gert var ráð fyrir samkvæmt aðgerðaáætlun fyrirtækisins. OR stefnir að því að spara fyrir sem nemur 50 milljörðum til og með árinu 2016.**

**VIÐSKIPTI** Útlit er fyrir að Orkuveita Reykjavíkur (OR) nái markmiðum sínum um hagræðingu í rekstri og gott betur á þessu ári. Í lok þriðja ársfjórðungs hafði fyrirtækið þegar sparað sem jafngildir rúmum 97 prósentum af markmiði ársins.

Stjórn og eigendur OR samþykktu í apríl aðgerðaáætlun sem miðar að því að gera fyrirtækinu kleift að standa við afborganir af skuldum sínum. Stendur OR frammi fyrir stórum gjalddögum á næstu árum sem samanlagt nema 113 milljörðum króna til og með árinu 2017.

Áætlun OR nefnist „Planið“ og nær til ársins 2016. Í áætluninni hefur fyrirtækið sett sér markmið um hagræðingu í rekstri á hverju ári til og með 2016. Mun fyrirtækið framvegis birta skýrslu um hvernig gengur að ná settum markmiðum stuttu eftir birtingu ársfjórðungsuppgjörs. Fyrsta slíka skýrslan var birt í gær.

Í áætlun Orkuveitunnar var gert ráð fyrir 11,5 milljarða króna sparnaði á síðustu þremur fjórðungum ársins. Á öðrum og þriðja ársfjórðungi hefur þegar náðst fram sparnaður sem nemur 11,2 milljörðum og er því ljóst að aðhaldsaðgerðir fyrirtækisins hafa borið meiri ávöxt en reiknað var með. Tekist hefur að lækka rekstrarkostnað talsvert meira en gert var ráð fyrir og sömuleiðis tekist að spara með minni fjárfestingu í veitukerfi um meira en gert var ráð fyrir. Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir að áhrif ytri breyta, svo sem þróunar gengis krónunnar og álverðs, hafi kostað fyrirtækið 308 milljónir. Þó ber að hafa í huga að tekjur upp á rétt tæpa 8 milljarða má rekja til víkjandi láns frá eigendum fyrirtækisins.



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Aðgerðaáætlun OR var kynnt á blaðamannafundi í höfuðstöðvum fyrirtækisins í lok mars. Vel hefur gengið að ná markmiðum fyrirtækisins um sparnað á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**11,2** milljarðar voru sparaðir í rekstri Orkuveitunnar á öðrum og þriðja ársfjórðungi ársins.

Á því sex ára tímabili sem aðgerðaáætlunin nær til hyggst Orkuveitan ná fram sparnaði sem nemur rétt rúmum 50 milljörðum. Þar af eiga 10 milljarðar að koma frá sölu eigna, 12 milljarðar koma í formi víkjandi láns frá eigendum fyrirtækisins, 15 milljarðar eiga að koma til vegna minni fjárfestinga í veitukerfi fyrirtækisins og rúmir 8 milljarðar með hækkunum á gjaldskrám fyrirtækisins. Á tímabilinu verða gjaldskrár hækkaðar tvisvar á ári til að halda í við þróun verðbólgu, en það var eitt af skilyrðum lánveitingunni. magnusl@frettabladid.is


## Gagnaver á Íslandi: Tækifæri til framtíðar

Málstofa í Háskólanum í Reykjavík, á morgun, 9. desember kl. 9–11.

Landsvirkjun, í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, efnir til málstofu og pallborðsumræðna um framtíð gagnaversiðnaðar á Íslandi.

**Gagnaversiðnaður á Íslandi: Möguleikar og markaðstækifæri**
Halldór Sigurðsson, Jr. partner hjá McKinsey

**Data Centers: Iceland's Game to Win or Lose**
Isaac Kato, CFO hjá Verne Global

**Gagnaversiðnaður á Íslandi: Framtíðarsýn og aðgerðaáætlun**
Ríkarður Ríkarðsson, viðskiptastjóri hjá Landsvirkjun

Við pallborð sitja auk fyrirlesara:

Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri Farice

Þórður Hilmarsson, forstöðumaður Invest in Iceland

Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar

Helgi Þór Ingason, dósent við Háskólann í Reykjavík

Gestur Gestsson, forstjóri Skýrr

Fundarstjóri er Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun.

Málstofan fer fram í stofu M209.

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

*Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærri og faglegri umræðu um málefni tengd starfsemi fyrirtækisins.*

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

Landsvirkjun


Skipið St. Heritage beið af sér veður 40 mílur austur af Stokksnesi:

# Vöktuðu risaolíuskip við Ísland

**ÖRYGGISMÁL** Landhelgisgæslan vaktaði olíuskipið St. Heritage frá fimmtudegi til þriðjudags þar sem það beið af sér veður 40 mílur austur af Stokksnesi. Olíuskipið, sem er 40 þúsund tonna tankskip, var á siglingu með fullfermi frá Múrmansk í Rússlandi til Hjaltlandseyja en vegna veðurs við eyjarnar fékk skipið fyrirmæli frá útgerðarfélagi sínu um að bíða á þessu svæði eftir hagstæðari veðurskilyrðum.

Varðstjórar Landhelgisgæslunnar komu auga á skipið í ferilvöktunarkerfum og óskuðu eftir nánari upplýsingum um siglingu þess en þar sem skipið var á alþjóðlegu hafsvæði var því ekki skylt að senda gögn varðandi siglinguna. Var beiðninni þó vel tekið.

Skipið er nú komið út úr íslensku efnahagslögsögunni en vegna staðsetningar þess þótti full ástæða til að fylgjast grannt með skipinu, enda viðkvæmur farmur um borð sem myndi valda miklum skaða ef eitthvað færi úrskeiðis.

Auknar siglingar flutninga- og farþegaskipa á norðurslóðum eru staðreynd og fer stærð skipanna vaxandi. Sérstakur fengur er talinn að því að varðskipið Þór hefur bæst í flota Gæslunnar, en skipið er búið öflugum björgunarbúnaði, segir í frétt frá Gæslunni. - shá



**RISAOLÍUSKIPIÐ URAL STAR** Dæmi um skipin sem sigla við landið, en Ural Star ber 105 þúsund tonn af olíu. MYND/LHG

# TAX FREE DAGAR

# ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 8. - 11. desember
afnemum við VSK af
**ÖLLU Á DÖMUNA.**

**NÝTT VISATÍMABIL**

Dömufatnaður, dömunærföt, dömunáttföt, dömusokkabuxur, dömuskór, dömutöskur, dömuklútar og dömufylgihlutir án VSK þessa 4 daga.




Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 11. desember 2011.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hver er höfundur nýjustu matreiðslubókar Hagkaupa?*
2. *Hvaða frændur okkar eru smjörlitlir og þurfa aðstoð?*
3. *Hvað heitir ný bók Yrsu Sigurðardóttur?*

**SVÖR**

**1.** *Sólveig Eiríksdóttir.* **2.** *Norðmenn.* **3.** *Brakið.*

Tæplega 55 þúsund umferðarlagabrot skráð á síðasta ári samkvæmt samantekt:

# Flest brot í eða við höfuðborgina

**LÖGREGLUMÁL** Alls voru ríflega 54.600 umferðarlagabrot skráð hér á landi á síðasta ári, að því er fram kemur í samantekt ríkislögreglustjóra. Tæplega 90 prósent þessara brota voru framin innan 100 kílómetra frá höfuðborginni.

„Auðvitað reynum við að standa okkur, vera vakandi og gera skyldu okkar," segir Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi. Hann segir fjölda brota hjá umdæminu ígjóst og fremst skýrast af umferðarþunga vegna nálægðar við höfuðborgina. **- bj**




Rúmlega tvítugur ákærður:

# Þeytti glerílati í höfuð manns

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega tvítugan karlmann fyrir Héraðsdómi Vesturlands fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa á veitingastaðnum Gamla kaupfélaginu á Akranesi slegið glerílát frá sér sem kastaðist í aftanvert höfuð annars manns. Sá fékk skurð við hvirfilinn.

Fórnarlambið krefst þess að sá sem þeytti glerílátinu greiði sér rúmlega 237 þúsund krónur í skaðabætur. **- jss**

Stal veskjum og verðmætum:

# Fingralangur í 8 mánuði inni

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir nokkur þjófnaðarbrot.

Maðurinn stal veskjum, lyklum og fleiri verðmætum, tölvusnúru úr verslun og tveimur vínflöskum af hóteli. Í starfsmannaaðstöðu veitingastaðar komst hann yfir hring að verðmæti 50 þúsund, Nina Ricci sólgleraugu að verðmæti 30 þúsund svo og 20 þúsund í peningum. Maðurinn játaði sök fyrir dómi. Hann á langan sakaferil að baki. **- jss**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ræktun á Suðurnesjum

Lögreglan á Suðurnesjum lagði hald um 30 kannabisplöntur í fjölbýlishúsi í Reykjanesbæ um síðustu helgi. Húsið var mannlaust þegar lögreglu bar að garði.

Kosið um bestu framkvæmdahugmyndir í mars:

# 300 milljónir í hverfin

**REYKJAVÍK** Þrjú hundruð milljónir króna verða veittar í hverfaverkefni sem koma inn í gegnum vefinn Betri Reykjavík á næsta ári.

Reykjavíkurborg hefur nú opnað undirvef á síðunni Betri Reykjavík sem heitir Betri hverfi. Þar munu íbúar geta sett inn hugmyndir að nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum í sínu hverfi. Þá geta þeir stutt hugmyndir annarra eða hafnað þeim. Þessi vettvangur verður opinn fram til 16. janúar á næsta ári og eftir það verða efstu hugmyndirnar teknar af vefnum og metnar af viðkomandi sviðum borgarinnar.

Ef sviðin komast að því að framkvæmdin heyri undir verkahring borgarinnar verða hugmyndirnar metnar út frá kostnaði. Í framhaldinu munu hverfaráð stilla upp verkefnunum og íbúum gefst kostur á að kjósa um hugmyndirnar í bindandi og rafrænni kosningu í mars.



**RÁÐHÚSIÐ** Óskað er eftir að íbúar skili inn hugmyndum að nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum í sínu hverfi.

Reykjavíkurborg óskar því eftir hugmyndum frá íbúum. Hugmyndirnar eiga að snúa að umhverfinu, möguleikum til útivistar, aðstöðu til leikja, bætta aðstöðu gangandi vegfarenda og svo framvegis. **- þeb**



**LAXÁ Í KJÓS** Samningar um leigu á veiðiréttindum í Laxá í Kjós renna út á næsta ári. Eigendur horfa til hækkana á leigu annarra vinsælla veiðiáa í nýlegum útboðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja bæta sér gengisfall með veiðileyfunum

**Útkoma þriggja nýlegra útboða bendir til hækkana hjá öðrum líka að sögn Landssambands veiðifélaga. Formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur segir hinn almenna veiðimann þó ekki þola miklar hækkanir.**

**STANGVEIÐI** „Það virðist ákveðin tilhneiging núna á þessum markaði að ná til baka þeirri miklu lækkun sem varð á veiðileyfum í hruninu," segir Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga (LV).

Í fréttabréfi LV segir að eftir nýleg útboð í Laxá á Ásum, Þverá/Kjarrá og Flókadalsá í Fljótum, þar sem leiga veiðiréttarins hafi hækkað frá 20 upp í rúm 50 prósent, virðist sumir veiðileyfasalar meta það svo að markaðurinn þoli þó nokkra hækkun. Ýmsar ár, til dæmis Laxá í Kjós og Grímsá, séu með lausa samninga haustið 2013 og menn velti því nú fyrir sér hvort rétt sé að fara í útboð eða leita samninga vð leigutaka. „Er það ljóst að niðurstaða þeirra útboða sem nefnd eru hér að ofan munu hafa áhrif til hækkunar á þeim samningum, sem gerðir verða á næstunni."

Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðfélags Reykjavíkur (SVFR), segir menn óneitanlega hljóta að líta til Þverár/Kjarrár-útboðsins þegar þeir verðleggi sín veiðileyfi. Menn megi þó ekki gleyma að sá samningur taki ekki gildi fyrr en 2013.

„Þegar upp er staðið snýst þetta um það hvort það séu til kaupendur að veiðileyfum sem hafa hækkað um tuttugu eða þrjátíu prósent. Ég fullyrði að hinn almenni íslenski veiðimaður þolir ekki svona hækkun," segir Bjarni. „Það hljóta allir að sjá að fjölskyldurnar í landinu hafa það ekki betra árið 2011 en þær höfðu það 2009 og 2010."

Bjarni segir að til þess að geta greitt fyrir eins mikla hækkun og í fyrrnefndum útboðum þurfi að treysta að einhverju leyti á erlenda veiðimenn.

„Gengið hefur verið hagstætt til þessa en það er kreppa úti í heimi og viðsjár á evrusvæðinu," varar Bjarni við og bendir á að erfitt sé að viðhalda háu verði ef gengi evrunnar falli gagnvart krónunni.

„Það má ekki gleyma því að þegar gengið féll og vísitalan hækkaði og allir héldu að Ísland væri komið í vond mál til framtíðar gáfu menn eftir vísitöluhækkanir á leigu. Það þýddi í raun tuttugu prósenta raunlækkun á leigunni. Nú er vaxandi eftirspurn eftir veiði á Íslandi, meðal annars vegna þess að erlendir veiðimenn eru farnir að sækja hingað í vaxandi mæli," segir Óðinn, sem kveður mál munu skýrast að einhverju leyti fljótlega. „Það verða tíðindi á þessum markaði á næstu mánuðum." **gar@frettabladid.is**


# HVAÐ KOSTAR KRÓNAN HEIMILIN?

Alþýðusamband Íslands boðar til opins fundar um valkosti í vaxtamálum.

**Fimmtudaginn 8. desember kl. 17 á Grand Hótel - Gullteigi**

**Hvað kostar krónan heimilin í landinu?**

Ræðumenn: Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ
Fyrirspurnir og umræður

**Fundarstjóri:** Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Við hvetjum fólk til að fjölmenna. **Þetta er hagsmunamál okkar allra.**













**fimmtudag**
**föstudag**
**laugardag**
**sunnudag**

**Opið til kl. 22:00**

# TAX FREE
## afsláttur

## Af öllum jólatrjám og öllum jólaseríum

Afslátturinn nemur virðisaukaskatti af vörunum. Að sjálfsögðu greiða Garðheimar alla skatta og skyldur til yfirvalda.

GARÐHEIMAR
*- fjölskyldufyrirtæki í 20 ár!*
Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is






Samningur opinberra háskóla um gagnkvæman aðgang að námskeiðum:

# Nemar geta lært við fjóra skóla

**MENNTUN** Opinberu háskólarnir fjórir hafa gert með sér samning um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum við skólana. Forsvarsmenn Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Landbúnaðarháskólans og Háskólans á Hólum skrifuðu undir samninginn ásamt menntamálaráðherra á mánudag.

Samningurinn tekur gildi um áramót og frá þeim tíma munu nemendur í einum háskóla geta skráð sig í námskeið við annan opinberan háskóla án þess að greiða nein viðbótargjöld og án



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Skólarnir munu geta hagrætt með því að samnýta námskeið þvert á skólana.

þess að móttökuskólinn setji almenn takmörk á fjölda eininga sem teknar eru með þessum hætti. Nemendurnir munu þó þurfa að leita til síns skóla áður en þeir skrá sig í námskeið hjá öðrum skólum, til að tryggt sé að þau fáist metin.

Þegar fram líður munu skólarnir geta notað þennan samning til þess að hagræða í námsframboði með því að sameina námskeið þvert á skóla. Því er gert ráð fyrir því að samningurinn leiði af sér hagræðingu, bætta nýtingu á mannauði og kennsluaðstöðu, auk þess sem hann auki framboð á námi fyrir nemendur.

Samningur skólanna er ótímabundinn en þeir geta sagt honum upp með átján mánaða fyrirvara. **- þeb**

# Segir stöðu höfuðsafns skammarlega

**Siv Friðleifsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, segir stöðu Náttúruminjasafns Íslands vera ráðamönnum til skammar. Ráðherra segir bráðabirgðahúsnæði hugsað til ársins 2015 og þá verði teknar ákvarðanir um hvað tekur við.**

**SAFNAMÁL** „Þetta er svo óheppilegt og óaðgengilegt að ég vil ekki kalla þetta lausn,“ sagði Siv Friðleifsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, í umræðum á Alþingi um húsnæðismál Náttúruminjasafnsins og bráðabirgðahúsnæði safnsins í gömlu Loftskeytastöðinni við Brynjólfsgötu. „Það verður að höggva á þennan hnút og koma safninu fyrir í húsnæði þar sem hægt er að sýna þessa gripi og skólabörn, almenningur og ferðamenn geta komið. Þessu mál eru okkur til skammar eins og þau eru í dag.“

Siv lét þessi orð falla í umræðum um skriflega fyrirspurn hennar þar sem hún fylgdi eftir annarri samhljóða fyrirspurn frá því í nóvember 2009. Þá, eins og nú, vildi Siv vita hvernig stjórnvöld hygðust leysa húsnæðisvanda safnsins og hvað hefði komið út úr vinnu vinnuhóps ríkis og borgar sem til stóð að kæmi saman í kjölfar fyrri fyrirspurnar hennar. Á þeim tíma gerði Siv það að tillögu sinni að Þjóðmenningarhúsið yrði nýtt undir safnið, eða annað hentugt eldra húsnæði.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, útskýrði, eins og í viðtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu, að vegna fjárskorts hefði nefndin ekki lagt í vinnu við að leysa húsnæðismálin. Í framhaldinu hefði verið ákveðið að safnið fengi Loftskeytastöðina til bráðabirgða í fimm ár. „Hins vegar lít ég svo á að vinnu við að finna framtíðarhúsnæði fyrir safnið sé lokið,“ sagði Katrín, sem lýsti þeirri persónulegu skoðun



**ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ** Í „Safnahúsinu“ var sýning náttúrugripa frá árinu 1908 til 1960 og er talað um gullöld safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

sinni í viðtali við Fréttablaðið að safnið ætti að vera í Reykjavík og helst við hlið Öskju, náttúruhúss Háskólans, í Vatnsmýrinni. Eins hefur Katrín rætt við hagsmunaaðila að safnið verði „staðsett við höfnina eða í Laugardal“. Eins hafa verið settar fram hugmyndir um að sýningaraðstaða rísi við hlið Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti í Garðabæ.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins, sagðist fagna þeirri skoðun ráðherra að þeirri stefnu yrði fylgt að koma upp á Íslandi veglegu Náttúruminjasafni.

Þorgerður lýsti áhyggjum sínum af því að „innan kerfisins væri viss togstreita“ og þá á milli ráðuneyta og stofnana, „sem leiðir til þess að sýn manna er ekki jafn skýr á málefni safnsins eins og væri ákjósanlegt“.

Siv ítrekaði þann punkt að Náttúruminjasafnið væri eitt þriggja höfuðsafna landsins. Að Þjóðminjasafni Íslands og Listasafni Íslands væri vel búið, sem gerði niðurlægingu Náttúruminjasafnsins þeim mun meiri. **svavar@frettabladid.is**

Aðeins 8.500 tonn af 181 þúsund tonna kvóta hafa veiðst á vertíðinni til þessa:

# Ekkert gengur á loðnuveiðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuveiðin á þessari vertíð er vart um talandi, þar sem aðeins rúmlega 8.500 tonn eru komin að landi síðan í byrjun október af rúmlega 180 þúsund tonna kvóta. Illa hefur gengið að staðsetja loðnu í veiðanlegu magni, en bræður hafa líka gert mönnum lífið leitt.

Lítið hefur fundist af loðnu í veiðanlegu magni úti af Vestfjörðum eftir að áhöfn rannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar varð vör við álitlegar torfur af stórri og góðri loðnu á þessum slóðum á mánudag. Um fimm til sex skip eru nú á miðunum við leit en Árni þurfti að hverfa frá vegna bilunar.

Meðal skipanna sem verið hafa við loðnuleit eru skip HB Granda, Ingunn AK og Faxi RE. Að sögn Jóhanns Arnar Jónbjörnssonar, sem er 1. stýrimaður á Ingunni í veiðiferðinni, voru skipin stödd norðvestur af Hornbjargi áður en brældi í gær.



**MARS 2010** Ísleifur „á nösunum“ í Vestmannaeyjahöfn á vertíðinni í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

„Ef spáin gengur eftir þá verður ekkert veiðiveður hér fyrr en um eða eftir næstu helgi,“ er haft eftir Jóhanni á vef HB Granda.

Fréttir af síld eru aðrar og betri. Veiðum er um það bil að ljúka en 44 þúsund tonn voru komin á land í gær af 47 þúsund tonna kvóta, eða 94 prósent síldaraflans.

Öll síldin hefur verið veidd inni á Breiðafirði með lítilli fyrirhöfn. **- shá**


netto
Kræsingar & kostakjör…
…um jólin
KALKÚNN
FRÁ FRAKKLANDI
998kr/kg
áður 1.398 kr/kg
HANGIFRAMPARTUR ÚRB
KEA
2.578kr/kg
Frábært verð!
HANGILÆRI Á BEINI
KEA
2.649kr/kg
Frábært verð!
CROISSANT BAKAÐ Á STAÐNUM
49% afsláttur
59kr/stk.
áður 115 kr/stk.
LAUFABRAUÐ 8.STK.
LAUFA BRAUÐ
798kr/pk.
áður 998 kr/pk.
GLÓALDINSAFI 1 LÍTRI
25% afsláttur
189kr/stk.
Frábært verð!
ASTONISH BAÐHREINSIR 500ML
ASTONISH ELDHÚSHREINSIR 750ML
ASTONISH GLERHREINSIR 750ML
ASTONISH HREINGERNINGAL ANTIB.750ML
ASTONISH HREINSIKREM ORANGE 500 ML
ASTONISH M/S ORANGE 750ML
ASTONISH OFNAHREINSIR 750ML
ASTONISH PARKETBÓN 750ML
ASTONISH PARKETSÁPA 750ML
ASTONISH STURTUHREINSIR 750ML
20% afsláttur
239kr/stk.
áður 299 kr/stk.
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn
Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir
Tilboðin gilda 8. - 11. desember
eða meðan birgðir endast




Riftunarmál þrotabús Milestone gegn Karli Wernerssyni tekið til efnismeðferðar:

# Ákvörðun Héraðsdóms felld úr gildi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur fellt úr gildi ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur, sem vísaði á dögunum frá kæru þrotabús Milestone á hendur Karli Wernerssyni, stærsta eiganda félagsins og stjórnarformanni á árunum fyrir hrun.

Málið varðar riftun á fjórum greiðslum, samtals að fjárhæð rúmlega 500 milljónir króna, frá Milestone til Karls frá september 2007 til febrúar 2009. Héraðsdómur vísaði málinu frá á þeirri forsendu að kröfulýsingarfrestur í búið hefði verið runninn út þegar málið var höfðað. Milli þess að málið var höfðað og fresturinn rann út samþykkti Alþingi hins vegar breytingar á gjaldþrotaskiptalögum þar sem frestur til málshöfðunar var lengdur tímabundið. Var það mat dómara í héraði að lagabreytingin hefði ekki áhrif á þau þrotabú sem tekin voru til gjaldþrotaskipta áður en hún tók gildi.

Var það mat Hæstaréttar að álitamál væri hvort fyrningarfrestur hefði verið liðinn. Það þyrfti að leiða til lykta við efnisúrlausn málsins og héraðsdómur Reykjavíkur skyldi því taka málið til efnismeðferðar.

Málið gæti orðið fordæmisgefandi fyrir fleiri mál sem samanlagt snúast um fjölda milljarða króna. - mþl


KARL WERNERSSON

Rændu bíl og dóu í slysi:

## Fundust tveimur dögum síðar

**DANMÖRK** Líkur eru á því að tveir menn á fertugsaldri sem stálu bíl í bænum Randers á Jótlandi á sunnudag hafi látist í bílslysi sama dag, en þeir fundust ekki fyrr en tveimur dögum síðar.

Í frétt Jótlandspóstsins segir að bíllinn hafi fundist á þriðjudag, í hvarfi við þjóðveginn utan við bæinn. Mennirnir voru látnir þegar að var komið. Notuð verða staðsetningartæki til að tímasetja slysið. - þj

DÓMSMÁL

### Reyndi að bíta lögreglu

Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir að sparka í lögreglumann, reyna að bíta hann og hóta honum meiðingum. Atburðurinn átti sér stað á heimili ákærða. Maðurinn játar brot sín.



**MYLLAN SEM FAUK** Bóndinn í Belgsholti vonast til að ekki taki meira en tvo mánuði að koma í gagnið vindmyllunni sem sá bænum fyrir rafmagni og veitti orku inn á almenna kerfið að auki þar til spaðarnir og mylluhausinn sviptust af. MYND/BELGSHOLT.IS




# Bremsa brást er vindmylla fauk af mastri

**Bóndinn í Belgsholti telur bremsu í vindmyllu sinni hafa bilað þegar spaðarnir og mótorinn fuku af. Talsmaður myllufyrirtækisins segir hugmyndir um orsakir aðeins getgátur. Málið skoðist frá grunni.**

**ORKUMÁL** „Það er ekki mikið sem hægt er að segja við svona uppákomu,“ segir Friðrik Sigurðsson, talsmaður sænska fyrirtækisins Hannevind, sem framleiddi vindmylluna sem stórskemmdist í Belgsholti í Leirársveit.

Vindmyllan í Belgsholti var sett upp í byrjun júlí í sumar. Hún er eina vindmyllan hérlendis sem tengd er almenna raforkukerfinu. Mótorinn og spaðinn fuku af myllunni í hvassviðri í síðustu viku.

Haraldur Magnússon í Belgsholti segist hafa séð til myllunnar um fimmtán mínútum fyrir óhappið. Þá hafi spaðarnir snúið öfugt og myllan í raun unnið gegn vindinum. Hann hafi þó ákveðið að aðhafast ekki enda ætti sjálfvirkur búnaður að sjá til þess að haga stefnunni eftir vindum. „Þegar ég kom úr fjósinu rúmlega tíu sá ég að hún var komin niður. Ég veit ekki hvort það var forritið eða nemar sem eiga að lesa úr aðstæðum sem brugðust,“ segir hann.

„Nú verður að vinna markvisst að því að komast að raunverulegum orsökum óhappsins. Það er ekki létt að segja til um hvað setti þetta ferli í gang, þar sem enginn sjónarvottur var að því, svo það einkennist af getgátum sem allar geta átt við rök að styðjast eins og er,“ segir Friðrik.

Enn hefur ekki verið ákveðið hvenær endurbygging vindmyllunnar hefst. Haraldur segist vonast til að verkið taki hann ekki meira en tvo mánuði. „Það verður farið gegnum allt frá grunni með innlendum starfsmönnum ásamt frumhönnuði vindmyllunnar, sem verður með í því verki,“ segir Friðrik, sem nú kveður unnið að því að panta þá hluti sem skipta þurfi um. Síðan verði gerð áætlun um framgang endurbyggingarinnar. „Útkoman verður að vera sú að við fáum betri vindmyllu sem nýtist helst sem flestum sem hyggja á græna orkuöflun til framtíðar.“

Á heimasíðu Belgsholts segir að myllan hafi unnið eðilega í snörpum vindhviðum þennan þriðjudagsmorgun þar til um klukkan 9.35 að hún hafi snúið sér á hlið eins og forritið gefi skipun um. Þá eigi bremsubúnaður að stöðva spaðana og myllan að snúa sér þannig að sem minnst átak sé á þá.

„En það sem gerist er að spaðarnir stöðvast ekki og þegar stjórnbúnaðurinn hefur snúið mylluhúsinu í 180 gráður á vindstefnu án þess að þeir hafi stöðvast verður of mikið álag á spaðana sem eru úr trefjagleri og einn spaðinn brotnar. Við það kemur mjög mikið átak á festingar og þar sem mylluhúsið er rúmt tonn að þyngd þá losnar það af legunni og fellur til jarðar,“ segir á belgsholt.is

gar@frettabladid.is

> Nú verður að vinna markvisst að því að komast að raunverulegum orsökum óhappsins.
>
> HARALDUR MAGNÚSSON
> BÓNDI Í BELGSHOLTI





Fimmtudags
Tilboð
2l Kók
4 í kippu
999 kr.
Grænar
baunir
99 kr.
ora
GRÆNAR BAUNIR
ORA
RAUÐKÁL
Heill frosinn
kjúklingur
ORA
MAÍSKORN
GOLDEN SWEET CORN
430 g
Rauðkál
139 kr.
Maísbaunir
179 kr.
Frosinn
kjúklingur
679 kr.
Lindu
konfekt
Lindu
konfekt
600 g
1.299 kr.
Hátíðar-
appelsín
199 kr.
Hátíðar
Appelsín
Jólablanda
99 kr.
Kassi af
klementínum
699 kr.
10-11
...opið í 20 ár

# Sigurvega




# iPad 2

Spjaldtölva ársins*

**Verð frá: 84.990.-**



Smart Cover
iPad 2 hlíf / margir litir
**Verð frá: 7.990.-**

# iPhone 4



**iPhone 4**
**Verð: 99.990.-**

**iPhone 4S**
**Verð frá: 149.990.-**

# iPod fjölskyldan

**iPod shuffle**
**Verð: 9.990.-**
**Verð áður: 12.990.-**
Geymir allt að 1000 lög
5 litir

**iPod nano**
**Verð frá: 29.990.-**
**Verð áður frá: 35.990.-**
Geymir allt að 4000 lög
FM útvarp
7 litir

**iPod classic**
**Verð: 49.990.-**
**Verð áður: 64.990.-**
Geymir allt að 40.000 lög
2 litir

**iPod Touch**
**Verð frá: 39.990.-**
**Verð áður frá: 55.990.-**
HD myndupptaka, tónlist, netvafri, tölvupóstur, leikjatölva
2 litir



* Spjaldtölva ársins að mati PC Magazine
** Græja ársins að mati PC Magazine og Frjálsrar verslunar
Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# rar ársins




# MacBook Air

## Græja ársins**

**Verð frá: 179.990.-**

**MacBook Air 11"**
1.6GHz dual-core Intel Core i5
64GB flash (geymslurými)
2GB vinnsluminni
Thunderbolt tengi
Aðeins 1 kg

**MacBook Air 13"**
1.7GHz dual-core Intel Core i5
128GB flash (geymslurými)
4GB vinnsluminni
Thunderbolt tengi
Aðeins 1,3 kg



Walk On Water - fartölvuhlífar
Bogart - 11, 13, 15 & 17"
**Verð frá: 6.990.-**



Knomo - fartölvutöskur
Vandaðar töskur fyrir bæði kyn
**Frá: 13.990.-**



Wacom teikniborð
Margar gerðir og stærðir
**Verð frá: 12.990.-**



Harman Kardon Soundsticks 3
Fyrir iPod/iPhone/tölvur
**Verð: 35.990.-**

epli.is

**Laugavegi 182** | Opið virka daga 10-18 | Laugardaga 12-16
**Smáralind** | Opið virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11-21 | Laugardaga 11-18 | Sunnudaga 13-18



**MENGUN Í PEKING** Kæfandi loftmengun er algeng í höfuðborg Kína á þessum árstíma. Margir setja þá upp rykgrímur. NORDICPHOTOS/AFP

Verð á fíkniefnum á götunni aldrei lægra en nú samkvæmt verðkönnunum SÁÁ:

# Mikil framleiðsla á amfetamíni hér á landi

**LÖGGÆSLA** „Það liggur fyrir að hér á landi er framleitt mikið af marijúana og amfetamíni og mjög lítið af þessum efnum flutt inn, að minnsta kosti tilbúið til neyslu.“

Þetta segir Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar LRH, spurður um hugsanlegar skýringar á því að umræddar tegundir fíkniefna hafa hrapað í verði á götunni.

Verð á vímuefnum hefur farið lækkandi undanfarin tvö ár, samkvæmt verðmælingum sem SÁÁ gerir meðal sjúklinga á Vogi. Verðið hefur ekki verið lægra síðan mælingar hófust um síðustu aldamót. Kannanirnar sýna að í fyrsta skipti í ársbyrjun 2010 skilur í fyrsta skipti á milli verðþróunar á áfengi og fíkniefnum. Meðan áfengi hélt áfram að hækka lítillega lækkaðu vímuefnin umtalsvert. Nefna má að 2010 lækkaði amfetamín mikið í verði og hass nokkuð. Hassið elti síðan verðlækkun á amfetamíni á þessu ári.



> Kókaínmarkaðurinn virðist vera að eflast á ný.
>
> **KARL STEINAR VALSSON**

Verð á kókaíni hefur að mestu staðið í stað en verð á rítalíni hefur hækkað og nánast fjórfaldaðist á tímabili miðað við verð ársins 2006.

Karl Steinar kveðst telja að í fíkniefnaviðskiptum, þótt ólögleg séu, ríki í raun sömu lögmál og í almennum viðskiptum sem ráðist af framboði og eftirspurn.

„Hugsanlega gætu menn verið að reyna að ná yfiráðum á einhverjum hluta markaðar með því að bjóða efni á lægra verði,“ útskýrir hann. „Það gæti líka skýrt stöðu annarra efna, það er að segja kókaíns og e-taflna, að markaðurinn á kókaíni hefur verið í lægð en virðist vera að eflast á ný.

E-töflumarkaðurinn hefur verið miklu óstöðugri og erfitt að lesa í hreyfingar á verði þar.“ - jss




# Hafna mismunun vegna kynhneigðar

**Bandarísk stjórnvöld líta hér eftir á það sem grundvallarmannréttindi að samkynhneigðum og transgender-fólki sé ekki mismunað. Gæti haft öfug áhrif í löndum þar sem almenningur er andsnúinn Bandaríkjunum, segir sérfræðingur.**

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk stjórnvöld munu framvegis styðja við réttindi samkynhneigðra hvar sem er í heiminum með pólitískum þrýstingi, þróunaraðstoð og því að veita samkynhneigðum hæli í Bandaríkjunum.

Þetta kemur fram í minnisblaði frá Barack Obama Bandaríkjaforseta sem gert var opinbert á fimmtudag. Hillary Clinton utanríkisráðherra áréttaði þessi áform á fundi í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna á fimmtudag.

Samkvæmt þessari viðbót við utanríkisstefnu líta Bandaríkin á það sem grundvallarmannréttindi að samkynhneigðum og transgender-fólki sé ekki mismunað á nokkurn hátt.

Samtök samkynhneigðra í Bandaríkjunum fögnuðu þessari stefnubreytingu og bentu á að enn ættu samkynhneigðir það á hættu að vera handteknir, pyntaðir og jafnvel teknir af lífi í sumum löndum.

Aðrir bentu á möguleg vandamál tengd þessari nýju stefnu. Neil Grungas, stofnandi samtaka sem beita sér fyrir rétti samkynhneigðra hælisleitenda í Bandaríkjunum, sagði bandarísk stjórnvöld verða að tryggja sér breiðan alþjóðlegan stuðning við þessa stefnu til að alþjóðasamfélagið sæi þetta ekki sem tilraun til að þvinga vestrænum gildum upp á önnur lönd.

Grungas benti á að stefnubreytingin gæti haft öfug áhrif. „Í löndum þar sem álit almennings á stefnu Bandaríkjanna er ekki hátt og vestræn gildi eiga ekki upp á pallborðið gæti almenningur notað þessa stefnubreytingu til að réttlæta ofsóknir gegn hommum og lesbíum og auka stuðning við það með því að höfða til andstöðu við Bandaríkin.“



**MANNRÉTTINDI** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, heilsar fundargestum eftir yfirlýsingu um stefnubreytingu í málefnum samkynhneigðra í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkvæmt minnisblaði Obama eiga bandarískir erindrekar að hjálpa samkynhneigðu fólki séu mannréttindi þess brotin. Þá eiga þeir að verja samkynhneigða hælisleitendur og flóttamenn sérstaklega.

Innan við ár er síðan bandarísk stjórnvöld rufu þagnarmúr um samkynhneigða hermenn, sem þar til fyrr á þessu ári máttu ekki láta kynhneigð sína í ljós opinberlega.

brjann@frettabladid.is

## Sýndu óánægju

Fulltrúar margra Afríku- og arabaríkja sem fylgdust með ávarpi Clinton í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna kusu að ganga af fundi um leið og hún lauk máli sínu til að sýna óánægju sína með yfirlýsingu hennar.

Samkynhneigð er ólögleg að einhverju marki í 78 þjóðríkjum, sérstaklega í Afríku og Suður- og Vestur-Asíu. Í sjö löndum liggur dauðarefsing við því að stunda kynlíf með fólki af sama kyni.

Leiðtogafundur Evrópusambandsríkjanna haldinn í Brussel:

# Reiknað með töluverðum átökum

**BRUSSEL, AP** Frakkar og Þjóðverjar reyna í dag og á morgun að sannfæra aðra leiðtoga Evrópusambandsríkjanna um nauðsyn þess að breyta sáttmála sambandsins til að endurheimta traust til evrunnar.

Herman Van Rompuy, forseti leiðtogaráðs ESB, segir enga þörf á að breyta sáttmálanum. Vel sé hægt að ná samkomulagi um strangara aðhald í ríkisfjármálum án þess að fara út í það langvinna og óvissa ferli sem sáttmálabreytingar yrðu. Öll aðildarríkin, sem nú eru orðin 27, þyrftu að samþykkja slíkar breytingar, auk þess sem breyta þyrfti nýgerðum aðildarsamningi Króatíu.

Búast má við töluverðum átökum á fundinum, því afar skiptar skoðanir eru meðal aðildarríkjanna um það hvort hugmyndir Þjóðverja og Frakka um fjármálabandalag séu rétta leiðin til að takast á við kreppuna.

AP-fréttastofan hafði eftir háttsettum þýskum embættismanni, ónefndum, að Angela Merkel Þýskalandskanslari ætlaði ekki að bakka með neitt. Vel gæti því farið svo að leiðtogafundurinn skilaði engri niðurstöðu og leitin að lausn sem allir gætu sætt sig við héldi áfram næstu vikurnar. - gb



**VAN ROMPUY Á TALI VIÐ SARKOZY OG MERKEL** Forseti leiðtogaráðs ESB ásamt Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta og Angelu Merkel Þýskalandskanslara í Brussel fyrr á árinu. NORDICPHOTOS/AFP

Almennt hlutafjárútboð

# Áskriftartímabili lýkur í dag kl. 16.00

**Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka hf., hyggst selja þegar útgefna hluti í Högum hf. með almennu útboði.**

Markmiðið er að útboðið geri Högum hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland um dreifingu hlutafjár og marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á Högum, en þá er bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu, og jafnframt er markmið seljandans að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína.

hagar

**Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hefur umsjón með almenna útboðinu.**

Stærð útboðsins nemur 20% af útgefnum hlutum, eða 243.517.168 hlutum, en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 30% af útgefnum hlutum eða samtals í allt að 365.275.752 hluti. Seljandi óskar eftir áskriftum á verðbilinu 11–13,5 krónur á hlut og mun eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi til allra kaupenda í útboðinu, en það mun verða á framangreindu verðbili. Andvirði útboðsins getur þannig numið á bilinu 2,7–4,9 milljörðum króna.

**Þeir sem vilja fjárfesta fyrir 100 þúsund krónur til 25 milljónir króna** eru beðnir að skila áskrift sinni rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Til þess notar fjárfestir notandanafn sitt og lykilorð að Netbanka Arion banka, eða kennitölu sína og lykilorð sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

**Þeir sem vilja fjárfesta fyrir 25-500 milljónir króna** eru beðnir að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf eða hlutabréfamiðlun fjárfestingabankasviðs Arion banka og skila áskrift sinni á sérstöku formi sem nálgast má hjá þessum söluaðilum.

Útboðið er til aðila (einstaklinga og lögaðila) með íslenska kennitölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir. Það þýðir m.a. að einstaklingum undir 18 ára aldri er ekki heimiluð þátttaka í útboðinu.

**Úthlutun:** Komi til þess að eftirspurn í útboðinu verði meiri en sem nemur stærð útboðsins, þá verða annars vegar áskriftir að andvirði 0,5–25 milljónum króna skertar um allt að 50%, en lægstu áskriftir látnar halda sér, og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark netáskrifta lækkað frekar með flötum niðurskurði og hins vegar verða áskriftir yfir 25 milljónum króna skertar samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda sem taka mun mið af framangreindum markmiðum útboðsins.

**Áskriftartímabil** stendur frá mánudeginum 5. desember 2011 klukkan 10.00 til fimmtudagsins 8. desember 2011 klukkan 16.00.

Eindagi kaupverðs: 14. desember 2011

Stefnt er að því að 15. desember 2011 verði fyrsti dagur viðskipta með hluti Haga hf. í Kauphöllinni.

**Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi.**

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um Haga og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu Haga dagsettri 26. nóvember 2011 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti í lýsingunni.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á www.hagar.is og www.arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum Haga að Hagasmára 1 í Kópavogi og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

**arionbanki.is — 444 7000**

Arion banki

**FRÉTTASKÝRING:** Uppstokkun í ríkisstjórn

# Fjórtán ráðherrar frá kosningum

**Fyrirhugaðar breytingar á ríkisstjórn hafa verið í umræðunni síðustu daga. Allt bendir til að Jón Bjarnason hverfi af ráðherrastóli á næstunni. Fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á ráðherraliði stjórnarflokkanna frá kosningunum 2009. Stjórnmálafræðingur segir hrókeringar í ráðherraliði merki um veikleika ríkisstjórnar.**

Annað ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur tók við völdum 10. maí 2009. Stjórnarflokkarnir, Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – grænt framboð, höfðu myndað minnihlutastjórn í febrúar þegar ríkisstjórn Geirs H. Haarde hrökklaðist frá völdum. Kjósendur veittu stjórnarflokkunum umboð til áframhaldandi stjórnarsetu, nú með meirihluta þingmanna á bak við sig, en fyrsta ráðuneyti Jóhönnu var minnihlutastjórn.

Þrátt fyrir að ekki blési byrlega í efnahagslífi þjóðarinnar í árdaga stjórnarinnar ríkti nokkur bjartsýni hjá stjórnarliðum. Stjórnarflokkarnir bættu báðir við sig fylgi í kosningunum, Samfylkingin 2 þingmönnum og Vinstri græn 5. Minnihlutastjórnin naut nú liðsinnis 34 þingmanna af 63 og stjórnarliðar lögðu bjartsýnir af stað í það sem þeir kölluðu fyrstu hreinu vinstristjórnina á Íslandi.

### Blikur á lofti

Snemma varð þó ljóst að ekki sætu allir á sárs höfði innan stjórnarflokkanna. Eitt af umsömdum stefnumálum í stjórnarsáttmálanum var aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Slíkt er þvert gegn stefnu Vinstri grænna og í sáttmálann var sett klausa:

„Flokkarnir eru sammála um að virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu og rétt þeirra til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína og hafa fyrirvara um samningsniðurstöðuna líkt og var í Noregi á sínum tíma.“

Fljótlega reyndi á þetta ákvæði þegar Alþingi samþykkti í júlí 2009 að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Einn ráðherra í ríkisstjórninni, umræddur Jón Bjarnason, greiddi atkvæði gegn tillögunni, ásamt fleiri þingmönnum Vinstri grænna. Það fór illa í margan Samfylkingarþingmanninn.

### Kvarnast úr

Fyrsta breytingin í ríkisstjórn varð ekki í góðu; Ögmundur Jónasson sagði af sér sem heilbrigðisráðherra í október 2009. Ástæðuna sagði hann vera efnahagsmál, ekki síst Icesave. Ögmundur sneri síðan aftur í ríkisstjórn tæpu ári síðar, en í annað ráðuneyti. Í stól Ögmundar settist Álfheiður Ingadóttir.

Við endurkomu Ögmundar þurftu utanþingsráðherrarnir að taka pokann sinn og einnig Kristján L. Möller. Guðbjartur Hannesson kom einnig inn í ríkisstjórnina. Frekari hræringar urðu við sameiningar ráðuneyta sem tóku gildi 1. janúar 2010.

Þrír þingmenn hafa yfirgefið Vinstri græn – Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósesdóttir – og einn gengið til liðs við flokkinn, Þráinn Bertelsson. Stjórnin hefur því eins manns meirihluta og ljóst að ekkert má út af bregða eigi hún að lifa.

## Hrókeringar veikleikamerki

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir að almennt sé það veikleikamerki þurfi að vera með miklar hrókeringar á ráðherraliði. Það eigi við hér sem annars staðar. Hann segir það eiga að einhverju leyti við hér en einnig spili inn í samþykkt stefna um að fækka ráðuneytum.

Gunnar segir ákveðinn vilja fyrir því að hreyfa við Jóni Bjarnasyni og jafnvel fleiri ráðherrum. Vandinn fyrir stjórnina sé á hve veikum grunni hún hvíli. Ef Jón Bjarnason hverfi frá stuðningi við hana hafi hún ekki öruggan þingstyrk til að koma málum í gegn. Raunar megi segja að með hann innanborðs hafi hún ekki heldur traustan stuðning við öll mál og virki því að einhverju leyti eins og minnihlutastjórn.

„Áður en ríkisstjórnin losar sig við Jón Bjarnason er líklegt að hún sé búin að tryggja sér samninga við aðra þingmenn,“ segir Gunnar. Þar komi ýmsir til greina; Guðmundur Steingrímsson og jafnvel Hreyfingin. „Ég held að ríkisstjórnin verði að vera búin að semja við aðra áður en hún gengur í verkið.“



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

## Fjórtán ráðherrar á tveimur og hálfu ári



**Jóhanna Sigurðardóttir** Forsætisráðherra síðan 10. maí 2009. Var forsætisráðherra í minnihlutastjórn áður. Sat í stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.



**Steingrímur J. Sigfússon** Fjármálaráðherra síðan 10. maí 2009. Var fjármálaráðherra í minnihlutastjórn áður.



**Össur Skarphéðinsson** Utanríkisráðherra síðan 10. maí 2009. Var iðnaðarráðherra í minnihlutastjórn áður. Sat í stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.



**Ögmundur Jónasson** Heilbrigðisráðherra 10. maí 2009 til 1. okt. 2009. Dóms- mála- og mannréttindaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 2. sept. 2010 til 31. des. 2010. Innanríkisráðherra frá 1. jan. 2011. Var heilbrigðisráðherra í minnihlutastjórn áður.



**Katrín Júlíusdóttir** Iðnaðarráðherra síðan 10. maí 2009.



**Jón Bjarnason** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 10. maí 2009.



**Guðbjartur Hannesson** Félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra 2. sept. 2009 til 31. des. 2010. Velferðarráðherra frá 1. jan. 2011.



**Katrín Jakobsdóttir** Menntamálaráðherra 10. maí 2009 til 30. sept. 2009. Mennta- og menningarmálaráðherra frá 1. okt. 2009. Var menntamálaráðherra í minnihlutastjórn áður.



**Árni Páll Árnason** Félags- og tryggingamálaráðherra 10. maí 2009 til 1. sept. 2010. Efnahags- og viðskiptaráðherra frá 2. sept. 2010.



**Svandís Svavarsdóttir** Umhverfisráðherra síðan 10. maí 2009.



**Kristján L. Möller** Samgönguráðherra 10. maí 2009 til 2. sept. 2010. Var samgönguráðherra í minnihlutastjórn áður.



**Álfheiður Ingadóttir** Heilbrigðisráðherra 1. okt. 2009 til 2. sept. 2010.



**Gylfi Magnússon** Viðskiptaráðherra 10. maí 2009 til 2. sept. 2010. Var viðskiptaráðherra í minnihlutastjórn áður.



**Ragna Árnadóttir** Dóms- og kirkjumálaráðherra 10. maí 2009 til 2. sept. 2010. Var dóms- og kirkjumálaráðherra í minnihlutastjórn áður.




Íbúðalánasjóður

Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðarkaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérþarfa (skert starfsorka)
- Ráðgjöf og úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is | Sími: 569 6900 | Grænt númer: 800 6969 | Borgartúni 21, 105 Reykjavík

www.ils.is

# KONUKVÖLD

## 30% AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRU!

## OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD




## ALDREI MEIRA ÚRVAL AF GJAFAVÖRU!

## LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI

**20% stgr.afsláttur af húsgögnum**

Opið alla sunnudaga til jóla
frá 13 til 16

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

mood lifum

GALLERY GÓLF
PARKET-FLÍSAR

**FRÉTTASKÝRING:** Fjárlögin 2012 samþykkt



**FÓLK** Útgjöld ríkissjóðs nema um 536 milljörðum króna á næsta ári. Halli á ríkissjóði árið 2012 nemur 20 milljörðum króna, en 35 milljarða afgangur er frá reglubundnum rekstri ríkisins. Það er viðsnúningur um 140 milljarða frá 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Frumvarp ráðherra breyttist í þingnefnd

**Fjárlagafrumvarpið var samþykkt á Alþingi í gær. Þingheimur hefur bætt við ríkisútgjöld og dregið úr niðurskurði frá því sem var að finna í frumvarpi fjármálaráðherra.**

Frumvarp til fjárlaga 2012 var fyrsta mál sem lagt var fram á yfirstandandi þingi. Það fór, líkt og lög gera ráð fyrir, í gegnum þrjár umræður á Alþingi og tók við það fjölmörgum breytingum. Meirihluti fjárlaganefndar lagði til aukin útgjöld um 4,5 milljarða króna. Á móti er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins aukist um 1,5 milljarða. Raunaukning útgjalda nemur því 3 milljörðum króna.

Breytingartillögur meirihlutans voru samþykktar í gær og að því loknu frumvarpið í heild sinni. Alls samþykkti 31 þingmaður frumvarpið en þrír voru á móti. 21 þingmaður sat hjá. Frumvarpið var því samþykkt með minnihluta atkvæða.

**Velferðarmálin stærst**

Alls nema útgjöld ríkissjóðs rúmum 536 milljörðum króna, en tekjur 523 milljörðum. Af því fer stærstur hlutinn í málefni velferðarráðuneytisins, eða 227 milljarðar króna. Útgjöld ráðuneytisins nema tæpum 43 prósentum af öllum ríkisútgjöldum.

Athygli vekur að næststærsti málaflokkurinn er vaxtagjöld. Alls fara 14,5 prósent af útgjöldum ríkissjóðs í þau. Það er mikil breyting frá því fyrir nokkrum árum, en ríkissjóður greiddi ekki krónu í vaxtagjöld árið 2007.

Aðrir stórir málaflokkar eru málefni mennta- og menningarmála sem eru 11,7 prósent ríkisútgjalda, 11,6 prósent fara í innanríkisráðuneytið og 9,6 í fjármálaráðuneytið.

**140 milljarða viðsnúningur**

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kom upp í pontu í atkvæðagreiðslunni í gær. „Ég er bærilega sáttur við heildarniðurstöðuna, liðlega 20 milljarða halli sem nemur um 1,16 prósentum af vergri landsframleiðslu. Jákvæður frumjöfnuður upp á liðlega 2 prósent af landsframleiðslu, eða um 35 milljarða afgangur frá reglubundnum rekstri ríkisins.

Það er tæplega 140 milljarða bati á afkomu ríkisins frá reglubundnum rekstri miðað við árið 2009," sagði Steingrímur.

Hann sagði hagvaxtartölur Hagstofu Íslands frá í gær ýta undir forsendur fjárlaganna og gefa tilefni til þess að búast við kraftmeiri bata. Samkvæmt þeim nam hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi 4,7 prósentum og hagvöxtur að raungildi fyrstu níu mánuði ársins 3,7 prósentum.

Steingrímur sagði fjárlagafrumvarpið sýna einhvern mesta bata í hagkerfi sem sést hefði á Vesturlöndum.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


## Rangt að skatta sig og skera niður



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Kristján Þór Júlíusson segir Sjálfstæðisflokkinn vera með aðra efnahagspólitík en stjórnarmeirihlutinn í grundvallaratriðum. Því vilji flokkurinn horfa með öðrum hætti til þess hvernig taka eigi á þeim vandamálum sem hér sé við að glíma. „Við höfum talað fyrir því að það þurfi að byggja upp með öllum ráðum til þess að ríkisfjármálin verði sjálfbær. Verklagið sem við horfum upp á núna er þannig að menn eru að reyna að skatta sig og skera niður úr þeim vanda sem við er að glíma en ná ekki pólitískt saman um þá þætti sem lúta að því að auka framleiðsluna og atvinnuna í landinu, sem gefur ríkissjóði með þeim hætti meiri tekjur."

Kristján segir að þegar horft sé á einstök atriði og aðferðir sem stjórnin beiti við verklag sitt hafi Sjálfstæðisflokkurinn gert athugasemdir við þá forgangsröðun sem stjórnarmeirihlutinn hafi sett á oddinn. „Við teljum að ákveðin atriði sem lúta að stjórnsýslu njóti forgangs umfram mál sem ættu að vera framar í forgangi. Þar hefur borið mest á heilbrigðis- og öldrunarmálum, sem eru mjög viðkvæmir málaflokkar. Það eru ekki allt stórar fjárhæðir sem um er að ræða til að viðhalda því þjónustustigi sem menn hafa náð, heldur miklu frekar einstrengingsleg krafa um að það beri að skera niður í þessum viðkvæmu málaflokkum af því að skorið er niður annars staðar."

Kristján gagnrýnir að heildarsýn skorti yfir ríkisreksturinn. Þetta sé til að mynda í fyrsta skipti, svo hann muni, sem þingið fái ekki tekjuyfirlit frá efnahags- og viðskiptanefnd um tekjugrein fjárlaganna. Ekki sé góður bragur á því.

## Stjórnin nær ekki eigin markmiðum



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir gagnrýni flokksins fyrst og fremst snúa að ríkisfjármálum í heild sinni. Ríkisstjórnin hafi sett sér markmið sem hafi komið fram í skýrslu í júní 2009 um jöfnuð í ríkisfjármálum. „Ríkisstjórnin hefur ekki náð þessum markmiðum, hvorki varðandi heildarjöfnuð, hagvöxt eða verðbólgu. Fjármálaráðherra segir sjálfur að frumjöfnuðurinn sé jákvæður um 2 prósent. Ég gagnrýni að inn í þá tölu vantar stóra útgjaldapósta eins og SpKef og Byr og eins nokkrar framkvæmdir sem á að fara í. Þessu er öllu haldið utan við ríkisreikninginn en þetta nemur tugum milljarða. Ef þetta væri inni væri frumjöfnuðurinn neikvæður um einhver prósentustig."

Höskuldur segir að Framsóknarflokkurinn hefði viljað fara aðra leið við niðurskurð í heilbrigðismálum. Frumvarpið væri í raun stefnubreyting í heilbrigðismálum sem kollvarpaði kerfinu víða um land. „Við vildum hafa flatan niðurskurð og mun vægari en ríkisstjórnin hefur lagt til. Þá leggjum við til að sá niðurskurður sem fór umfram 4,4 prósent í fyrra verði bættur þeim stofnunum sem fengu hann á sig."

## Semja frekar um skuldir



ÞÓR SAARI

Aðferðir ríkisstjórnarinnar til að vinna sig út úr vandanum er röng, að mati þingmanna Hreyfingarinnar. Ekki er rétt að hækka skatta og skera niður, segir Þór Saari. „Við höfum alltaf talið, og ég hef starfað sem sérfræðingur í skuldastýringu ríkissjóða, að skuldir ríkissjóðs, skuldahengjan svokallaða, séu orðnar of miklar til að hægt sé að ná þeim niður með hefðbundnum aðferðum. Fjárlögin í ár sýna það því nýjar lántökur umfram uppgreiðslu skulda eru meiri, eða um 1,1 milljarður, þannig að það er ennþá verið að bæta við."

Þór segir að Hreyfingin hafi alltaf lagt til að í stað þessi yrði náð samningum við lánveitendur ríkissjóðs. Um 75 milljarðar fari í vaxtagreiðslur af skuldum ríkissjóðs. Semja eigi við eigendur þeirra skulda að fresta þeim vaxtagreiðslum, eða hluta þeirra, um einhvern tíma, á meðan við komumst upp úr hruninu. Þá sé hægt að sleppa niðurskurði í heilbrigðis- og menntamálum.

„Þetta er þekkt aðferð fyrir þjóðir að ná sér út úr erfiðum skuldamálum. Ná samkomulagi um skuldirnar og greiða þær seinna."

## Samþykkt fjárlög 2012




## Ríkisútgjöld

sem hlutfall af VLF*




## Vaxtagjöld og velferðarútgjöld

sem hlutfall af VLF*




*Verg landsframleiðsla

60% AFSLÁTTUR



ALLT LEÐUR

50% AFSLÁTTUR



ALLIR CROSS GALLAR

25% AFSLÁTTUR



ALLT Í NÍTRÓ*

25% AFSLÁTTUR



ALLIR HJÁLMAR

# STÓRÚTSALA

## VIÐ SETJUM ALLT Í BOTN Á ÚTSÖLUNNI!

50% AFSLÁTTUR



ALLT ACERBIS PLAST

30% AFSLÁTTUR



ALLIR SKÓR

60% AFSLÁTTUR



ORIGINAL VARAHLUTIR

25% AFSLÁTTUR



SLITHLUTIR

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



AUKAHLUTIR, TJÚN OG PÚSTKERFI

50% AFSLÁTTUR



GORE-TEX FATNAÐUR

PRÚTT VERÐ!

NÝ OG NOTUÐ MÓTORHJÓL



* DEKK ERU MEÐ 15% AFSLÆTTI

N1

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9, REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220
N1 VERSLUN TRYGGVABRAUT 18-20, AKUREYRI. SÍMI 461 5522
Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði,
Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Ólafsvík.

NITRO

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 16 DAGAR TIL JÓLA OPNUM KL.11.00




1995 KR.KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




898 KR.KG

NAUT-LAMB-GRÍS
FERSKT BLANDAÐ HAKK




598 KR. PK

NAUTAVEISLA FERSKIR M.BRAUÐI
UNGNAUTABORGARAR 80 G




998 KR. KG

BÓNUS ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




998 KR. 1. KG

GRÍMS
PLOKKFISKUR 1 KG.




1298 KR. KG

NAUTAVEISLU BACON Í SNEIÐUM




259 KR. 10 STK.

ÖMMUBAKSTUR TÍU KLEINUR




GOUDAOSTUR 26%
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG



398 KR. 350 G

KB BRÚNN BITI




398 KR. STK

GILLE 425 GRÖMM
PIPARKÖKUR



398 KR. STK

STÓRT ÚTIKERTI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL




8998 KR. STK.
PHILIPS 600 WATTS
BLANDARI / MIXER




98 KR. 1 LTR.
BAULA
MINI MJÓLK 0.5%




159 KR. 2 LTR.
BÓNUS
APPELSÍN
2 LTR.




59 KR. 250 ML
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR 250 ML.



598 KR. 420 G.
498 KR. 420 G.
BERJABÚÐ VELLIR FROSIN
VILLT ÍSLENSK AÐALBLÁBER
OG KRÆKIBER




ARIEL ÞVOTTAEFNI
50 ÞVOTTAR
1998 KR.PK




498 KR. 1.2 KG
1,2 KG.
FROSIN JARÐARBER

BÍLAVÖRUR Í BÓNUS




698 KR. 2 LTR.
SONAX
BÍLASÁPA
2 LTR.

698 KR. 1 LTR.
1 LÍTRI
TJÖRU
HREINSIR

459 KR. 5 LTR.
5 LÍTRAR
-9 GRÁÐUR
RÚÐUVÖKVI

GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4 ÞARF AÐEINS AÐ HITA

998 KR. BAKKINN
ÞÆGILEGT Í DESEMBER


BÓNUS HEILSURÉTTUR


BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR


BÓNUS BURRITOS 4 STK


BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE


BÓNUS PASTA CARBONARA

SUDUKO ÞRAUT BÓNUS
Lausnin á þrautinni er á bonus.is

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 5 | | 1 | 6 | 2 | | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 3 |
| 2 | 8 | 4 | | | | | 7 | |
| | | | 2 | | 1 | | | |
| 1 | 2 | | | 8 | 5 | 9 | | |
| 8 | | | 6 | 3 | 7 | | 1 | |
| 7 | | | | 2 | | 1 | | 8 |
| | | 8 | | | 4 | | 2 | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# neytendur
*hagur heimilanna*

**78%** **HÆKKUN Á VERÐI** Rauðvín, St. Émilion 0,75 lítra flaska, hefur hækkað úr 1.569 krónum í 2.797 síðan árið 2008.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Heimatilbúinn húsgagnafægir

*Ódýrt, einfalt og umhverfisvænt*



Til að lífga upp á húsgögnin fyrir jólin geturðu búið til þinn eigin fægilög. Blandaðu í úðabrúsa tveimur hlutum af ólífuolíu á móti einum af sítrónusafa. Þessi blanda verður að ljómandi góðum fægilegi sem gefur af sér fallegan gljáa og ekki spillir fyrir að lögurinn ilmar líka vel. Öruggara er að prófa löginn á litlu svæði fyrst.

■ Matvæli

## Hormónatruflandi eiturefni í dósamat




Þegar við borðum kókosmjólk, niðursoðna tómata, súpu eða önnur matvæli úr dós með plasthúð að innan fáum við í okkur efnið bisphenol A sem getur raskað starfsemi hormóna og valdið krabbameini.

Vísindamenn við Harvard-læknaskólann í Bandaríkjunum létu 75 þátttakendur neyta 340 g af dósasúpu fimm daga í röð en hinn hópurinn fékk ferska súpu.

Þvagsýni leiddu í ljós að hópurinn sem fengið hafði dósasúpu í morgunmat fékk í sig 1000% meira af bisphenol A heldur en eðlilegt magn sem er um tvö míkrógrömm á lítra.

Niðurstöður tilrauna á dýrum sýna að bisphenol A getur truflað hormónastarfsemi og valdið krabbameini í blöðruhálskirtli.

■ Neytendamál

## Máttu ekki auglýsa betri tölvur



Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur staðfest ákvörðun Neytendastofu um að Nýherji hafi brotið gegn ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með fullyrðingunni „betri tölvur“ í auglýsingum. Neytendastofa bannaði birtingu slíkra auglýsinga í vor. Fyrirtækið Opin kerfi ehf. kvartaði yfir auglýsingunum. Nýherji sagði hins vegar „betri tölvur“ vera slagorð en ekki fullyrðingu. Því var úrskurðarnefndin ekki sammála. Í úrskurðinum segir að horft sé til skilnings dæmigerðs eða meðalneytanda. „Eðlilegasti skilningur slíks neytanda á orðunum „Betri tölvur“ er að þær tölvur sem um ræðir séu betri en aðrar, þar á meðal þær tölvur sem keppinautar bjóða. Í fyrirliggjandi auglýsingum er ekkert sem dregur úr skilaboðum þeirra að þessu leyti.“ Ekki hafi verið færðar sönnur á að tölvurnar sem voru auglýstar séu betri en aðrar.




ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri




SLENDERTONE™

Tilboðsverð
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.995.-

www.sirry.is

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

www.optima.is

RICOH



**Aficio MP C300 með skáp.**
A4 litaljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex.
Takmarkað magn

**Sértilboð**
**kr. 499.900.-**

STOFNAÐ 1953
OPTÍMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar

Optíma er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa




**INNKAUP** Innkaupakerrur eru hannaðar fyrir vörur en ekki börn sem standa upp í þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Foreldrar setji ekki börn ofan í innkaupakerrur

**Fjöldi barna slasast árlega við það að falla úr innkaupakerrum eða klemma sig á hlutum í og á kerrunum. Niðurstöður rannsókna sýna að séu viðvörunarspjöld í kerrunum láta foreldrar börn sín síður sitja innan um vörurnar í þeim.**

Á árunum 2002 til 2004 slösuðust um 100 börn hvert ár við að detta úr innkaupakerru. Herdís Storgaard, verkefnisstjóri átaksins Árvekni, kveðst hafa fengið upplýsingar um fjöldann þegar hún fór í átaksverkefni ásamt Landsbjörgu og fleirum árið 2005.

„Ég veit ekki hver fjöldinn er nú en mér finnst ég sjá fleiri börn standa í innkaupakerrum en áður og ég fæ fleiri hringingar um slíkt. Þetta er jafnframt til umræðu á öllum fræðslufundum sem ég fer á. Fólk hefur áhyggjur og því líður illa þegar það sér börn í sjálfum innkaupakerrunum en kann ekki við að nefna þetta við foreldrana.“

> Innkaupakerrurnar geta til dæmis farið á hvolf og börnin lent undir þeim, klemmst og hlotið varanlegan skaða af.
>
> **HERDÍS STORGAARD** VERKEFNISSTJÓRI

Afleiðingar slysanna hafa orðið mjög alvarlegar, að sögn Herdísar. „Innkaupakerrurnar geta til dæmis farið á hvolf og börnin lent undir þeim, klemmst og hlotið varanlegan skaða af. Það er dæmi um slíkt.“

Í Sálfræðiritinu, tímariti Sálfræðingafélags Íslands, er greint frá rannsókn á því hvort hægt væri að hafa áhrif á þá hegðun foreldra að láta börn sín ofan í innkaupakerrur með því að koma fyrir viðvörunarspjaldi með mynd í þeim. Rannsóknin var gerð í fjórum verslunum á höfuðborgarsvæðinu, Krónunni Bíldshöfða og Lindum, Hagkaup Skeifunni og verslun Hagkaups við Litlatún í Garðabæ, að því er segir í tímaritinu. Fylgst var með þeim viðskiptavinum sem voru með börn á tímabilinu september til desember í fyrra og athugað hvort börnin voru sett ofan í kerruna sjálfa á meðan á verslunarleiðangrinum stóð. Helstu niðurstöður voru þær að hægt var að hafa mikil áhrif á þessa hegðun foreldranna.

Rannsakendur benda á að heildarkostnaður við merkingar á hverri kerru hafi verið 43 krónur og sú ályktun dregin að ef allar kerrur yrðu merktar myndi kostnaður vafalítið minnka töluvert.

Herdís bendir á að foreldrar séu oft þreyttir eftir langan vinnudag þegar þeir fara í innkaupaleiðangur. „Fólk er oft með börn á svipuðum aldri sem einnig eru orðin þreytt. Þá freistast það til að setja annað í sjálfa kerruna. Verslanir mættu bjóða upp á fleiri tvíburakerrur. Það þarf hins vegar að minna foreldra á að innkaupakerrur eru hannaðar fyrir vörur en ekki fyrir barn sem stendur upp í þeim. Það er allt annað mál að setja börn í sætin sem toguð eru út og nokkur fyrirtæki eru til fyrirmyndar hvað þau varðar með því að setja beisli í hverja kerru.“

ibs@frettabladid.is

### Neytendasamtökin gagnrýna jólaleik smálánafyrirtækisins Kredia:

# Segja leik Kredia ósmekklegan

Smálánafyrirtækið Kredia auglýsir nú jólaleik sem stendur yfir í desember þar sem einn lánþegi verður dreginn út á dag fram að jólum og þarf hann þá ekki að greiða lán sitt til baka.

Neytendasamtökin gagnrýna leikinn á heimasíðu sinni og segja hann ósmekklegan. Samtökin telja í hæsta máta óeðlilegt að stundaðir séu slíkir leikir sem ganga út á að fá fólk til að taka lán með von um að sleppa við endurgreiðslu.

„Kredia og Hraðpeningar eru smálánafyrirtæki sem bjóða neyslulán í stuttan tíma á okurvöxtum, eða allt að 600 prósent á ársgrundvelli. Að mati Neytendasamtakanna er mikið ólán ef fólk þarf á þjónustu slíkra fyrirtækja að halda,“ segja samtökin. „Það vekur því athygli samtakanna hversu mikið kapp er lagt á markaðssetningu og að hvaða markhópi hún beinist helst.“



**HEIMASÍÐA KREDIA** Smálánafyrirtækið Kredia fellir niður eina skuld á dag fram að jólum.

Neytendasamtökin hafa gagnrýnt starfsemi smálánafyrirtækja lengi og vilja minna neytendur á að ekkert er ókeypis.

„Vinningar, hvaða nöfnum sem þeir nefnast, eru á endanum greiddir af viðskiptavinunum sjálfum,“ segja samtökin á síðu sinni.

- sv

# 25% AF ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM

## 8. - 11. DESEMBER



## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM!





ILVA kaffi

Smurt brauð m/hangikjöti
**Verð 490,-**



VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

*Nýtt kortatímabil*

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 lau. 10.des 10-20 sun. 11. des. 12-20

**301** **PUNKTUR** er skuldatryggingaálag ríkissjóðs, sem hefur lækkað um 14 prósent á einni viku.



**FASTEIGNIR** Alls var 475 kaupsamningum þinglýst í nóvember.

Fasteignamarkaður:

## Velta jókst um tæpan þriðjung

**VIÐSKIPTI** Velta á fasteignamarkaðinum á höfuðborgarsvæðinu jókst um 30,3% á milli október og nóvember 2011. Á sama tímabili fjölgaði kaupsamningum um 20,9%. Þetta kemur fram í nýjum tölum sem Þjóðskrá birti í gær.

Alls var fjöldi þinglýstra kaupsamninga um fasteignir 475 í nóvember og heildarvelta nam 14,6 milljörðum króna. Meðalvirði hvers kaupsamnings var því 30,8 milljónir króna. Mestu viðskiptin voru með eignir í fjölbýli, fyrir 9,5 milljarða króna. Viðskipti með eignir í sérbýli námu 4,3 milljörðum króna og viðskipti með aðrar eignir námu 800 milljónum króna. - þsj

Horfur TM góðar:

## S&P hækkar mat sitt á TM

**VIÐSKIPTI Matsfyrirtækið Standard & Poor's (S&P) hækkaði gær mat sitt á lánshæfi Tryggingamiðstöðvarinnar (TM).**

**Í tilkynningu sem S&P sendi frá sér af þessu tilefni segir að TM hafi náð eftirtektarverðum árangri við að auka hagkvæmni í rekstri. Þá segist S&P búast við því að rekstur fyrirtækisins muni áfram ganga vel á næstu misserum.**

**Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, segir þetta afar ánægjuleg tíðindi.** - mþl

# Bretar og Hollendingar fá fyrsta hluta Icesave-skuldar

**Þrotabú Landsbankans greiddi út 432 milljarða króna til kröfuhafa 2. desember. Þar af fóru 354 milljarðar króna til tryggingasjóða innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi. Óljóst hvenær næsta greiðsla verður.**



**SLITASTJÓRN** Halldór Backman segir það ekki vera útilokað að næsta greiðsla verði innt af hendi á árinu 2012. Það fari eftir því hversu vel takist að selja eignir og safna í sjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**EFNAHAGSMÁL** Slitastjórn Landsbankans hefur greitt út fyrstu hlutagreiðslu til forgangskröfuhafa bankans. Samtals var greitt út jafnvirði um 432 milljarða króna. Þar af fóru 354 milljarðar króna til tryggingasjóða innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi, að mestu vegna Icesave-reikninganna. Alls nema kröfur sjóðanna tveggja í bú Landsbankans um 1.130 milljörðum króna, eða um 86% af samþykktum forgangskröfum. Af þeirri upphæð er Tryggingasjóður innstæðueigenda á Íslandi (TIF) í ábyrgð fyrir 674 milljörðum króna, eða um 51% af öllum samþykktum forgangskröfum, vegna tryggingar á lágmarksinnstæðum upp að 20.887 evrum. Greiðslurnar voru inntar af hendi 2. desember síðastliðinn.

Halldór Backman, sem situr í slitastjórn Landsbankans, segir greiðsluna skiptast jafnt niður á alla forgangskröfuhafa. „Þeir sem voru með samþykktar kröfur fengu greiðslurnar til sín. Í tilvikum þeirra sem eru með kröfur sem enn er ekki búið að leysa endanlega úr var samsvarandi hlutfall lagt inn á geymslureikninga. Liðlega 31% af forgangskröfum var greitt út í þetta skiptið.“

Alls nema forgangskröfur í bú Landsbankans 1.319 milljörðum króna. Langstærstur hluti þeirra er vegna útgreiðslu tryggingasjóðs innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi til aðila sem geymdu peninga á innlánsreikningum í Landsbankanum fyrir hrun. Þorri þeirrar upphæðar var geymdur á Icesave-netreikningunum.

Upphæðin sem nú var greidd út, 432 milljarðar króna, var í fjórum mismunandi gjaldmiðlum: 740 milljónir punda, 1.110 milljónir evra, 710 milljónir dala og 10 milljarðar króna. Umreiknað í íslenskar krónur er virði útgreiðslunnar 432 milljarðar. Samkvæmt upplýsingum frá slitastjórninni er langstærsti hluti upphæðarinnar geymdur í bönkum erlendis, meðal annars í Bretlandi og Noregi.

Eignir þrotabús Landsbankans eru nú metnar á 1.353 milljarða króna. Þær eiga því að duga fyrir öllum forgangskröfum auk þess sem almennir kröfuhafar munu fá 34 milljarða króna til að skipta á milli sín. Matið miðast við gengi íslensku krónunnar 22. apríl 2009. Það er gert til að tryggja jafnræði kröfuhafa. Ef miðað er við gengið í dag nema eignir búsins 1.285 milljörðum króna og myndu duga fyrir 97% forgangskrafna.

Halldór segir það ekki liggja fyrir hvenær næsta greiðsla verði greidd út til kröfuhafa. Það fari eftir því hversu vel gangi að selja eignir og safna í sjóði. „Við greiðum út þegar við teljum það hæfilegt. Nú erum við búin að greiða allt út sem við getum í bili og það er of snemmt að segja til um hvenær næsta greiðsla verður. Það er ekki útilokað að hún verði á næsta ári.“ thordur@frettabladid.is

### Söluferli Iceland Foods lýkur í janúar

Helsta seljanlega eign þrotabús Landsbankans er 67% hlutur í bresku matvöruverslanakeðjunni Iceland Foods. Í september síðastliðnum hófst formlegt söluferli á hlut Landsbankans og 10% hlut skilanefndar Glitnis í keðjunni. Breskir fjölmiðlar hafa sagt frá því að 1,3 milljarðar punda, um 240 milljarðar króna, hafi borist í eignarhlutina. Þar hefur einnig verið greint frá því að skilanefnd Landsbankans vilji fá 1,5 milljarða punda, um 280 milljarða króna, fyrir hlutinn. Skilanefndin hefur sagt opinberlega að þrotabúið gæti enn ákveðið að halda eignarhlutnum, berist ekki viðunandi tilboð. Heimildir Fréttablaðsins herma að enn séu nokkrir bjóðendur að skoða kaupin og gert sé ráð fyrir einhverjum endanlegum tilboðum. Stefnt er að því að söluferlinu ljúki í janúar.



# *Myllu heilkornabrauð*
# LÍFSKORN
*Heilt hveitikorn & rúgur*




## Veldu hollustuna
### Prófaðu nýtt heilkornabrauð Myllunnar

Lífskorn er nýtt heilkornabrauð frá Myllunni. Smakkaðu nýja heilkornabrauðið frá Myllunni. Settu hollustuna í forgang. Bættu trefjainntöku þína með Lífskorni.

Lífskorn frá Myllunni er trefjaríkt og hefur hátt hlutfall heilkorns. Lífskorn inniheldur einnig B-vítamín og steinefni sem eru hollu lífi nauðsynleg. Veldu heilkornabrauð og líkami þinn fær mikilvæg næringarefni eins og B- og E-vítamín. Plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins styrkja varnir líkamans og draga úr blóðsykursveiflum. Nýja heilkornabrauð Myllunnar færir þér hollustu og orku fyrir annríki dagsins.

*Skoðaðu Lífskorn á* **myllan.is**

*Kynntu þér* **heilsustefnu Myllunnar**

*Taktu þátt í umræðunni á* **Facebook**

trefjaríkt




MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

Skýrsla um fjármálakerfi:

# Frestast fram yfir áramót

**VIÐSKIPTI** **Fyrirlagningu skýrslu um greiningu á þörfum Íslands fyrir fjármálakerfi og framtíðarskipulagi fjármálamarkaðarins hefur verið frestað fram á vorþing. Í þjóðhagsáætlun ársins 2012, sem efnahags- og viðskiptaráðherra lagði fram í október, kom fram að leggja ætti hana fram á haustþingi 2011.**



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

**Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir vinnslu skýrslunnar langt komna en gerð hennar hafi reynst tímafrekari en vonir stóðu til. Á meðal þess sem fjallað er um í skýrslunni er hvort aðskilja eigi viðskipta- og fjárfestingabankastarfsemi og hvort sameina eigi Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann.** - þsj

EFNAHAGSMÁL

**Stýrivextir óbreyttir**

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands tilkynnti í gær að vöxtum bankans yrði haldið óbreyttum um sinn. Verðbólga er enn fyrir ofan markmið bankans en nýleg þróun bendir til þess að því verði náð á næstu misserum.

# 4G er framtíðin í fjarskiptum

**Íslensk fjarskiptafyrirtæki hafa hafið undirbúning fyrir innreið 4G, fjórðu kynslóðar farskiptakerfisins, sem mun bjóða upp á aukinn hraða í gagnaflutningum fyrir neytendur á næstu misserum. Enn sem komið er eru fyrirtækin þó enn á undirbúningsstigi.**

Kjartan Briem, framkvæmdastjóri tæknisviðs hjá Vodafone, segir í samtali við Fréttablaðið að þau séu í startholunum og hafi litið til Vodafone Global og reynslu þess í uppbyggingu þess konar kerfa.

Kjartan segir að 4G sé klárlega hluti af framtíðarsýn í fjarskiptum. Réttast sé þó að horfa á öll kerfin, 4G, 3G og GSM, sem eina heild.

„Við munum laga okkur að þeirri framtíð, en kerfin verða eflaust öll notuð næstu árin. Ég hef mikla trú á að 4G- og GSM-kerfið muni lifa áfram, því að það er útbreiddasta farsímatækni í heimi. Hvað varðar gagnaflutninga mun 4G hins vegar nýta betur tæki og tíðnir heldur en 3G og því eru líkurnar á að símafyrirtæki muni frekar vilja fjárfesta í því til lengri tíma litið. Þannig er það útbreidd trú í fjarskiptabransanum að það verði frekar 3G sem muni gefa eftir."

Þó að 4G muni geta boðið upp á meiri hraða en margar fastlínutengingar telur Kjartan ekki líklegt að þráðlausa kerfið muni koma alfarið í stað línutenginga til skemmri tíma litið. Hann segir erfitt að spá um hvenær notkun 4G-kerfisins verði orðin almenn.

„Eins og staðan er í dag er tiltölulega lítið af tækjum á markaðnum sem styðja 4G og það munu kannski líða þrjú til fimm ár þar til notkun verður almenn. Þá kallar 4G á miklar fjárfestingar ef við ætlum að ná góðri dreifingu hér á Íslandi. Við munum hins vegar fylgjast grannt með þessum málum og höfum myndað okkur framtíðarsýn. Mín tilfinning er að 4G muni netvæða heiminn enn frekar en orðið er."



**FJARSKIPTABYLTING** Fjarskipti á 4G-kerfinu eru það sem koma skal að mati símafyrirtækjanna, en þróunin mun taka nokkur ár og ráðast að miklu leyti af þróun tækjabúnaðar á neytendamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir fyrirtækið vera búið að sækja um leyfi til tilraunareksturs á 4G-kerfi til Póst- og fjarskiptastofnunar og um leið og það sé í höfn muni tilraunir hefjast. Síminn sé þó þegar farinn að bjóða allt að 21 Mb tengingu með 3G á stóru svæði í höfuðborginni.

„Með því erum við komin langleiðina í 4G, en það verður næsta skref. Eins og stendur er ekki mikið af búnaði sem styður 4G hér á landi og hraðinn á þessari þróun mun því að miklu leyti ráðast af þörfum neytenda."

> Ég hef mikla trú á að 4G og GSM-kerfið muni lifa áfram, því að það er útbreiddasta farsímatækni í heimi.
>
> **KJARTAN BRIEM**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI TÆKNISVIÐS HJÁ VODAFONE

Nova er komið skrefi lengra á leið en hin fyrirtækin, þar sem það hefur þegar fengið tilraunaleyfi og rekur 4G-kerfi sem nær frá höfuðstöðvum fyrirtækisins í Lágmúla og niður í miðborg.

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir það gert til að meta fjárfestinguna sem til þurfi við uppbyggingu kerfisins.

„Þetta verður gífurlega mikil breyting enda býður 4G upp á tíu sinnum meiri hraða en 3G og þrisvar sinnum meiri hraða en algengustu ADSL-tengingar í dag."

Liv segir að allt bendi til þess að gagnaflutningar um netið muni stóraukast á komandi árum.

„Það er til dæmis útlit fyrir að sjónvarpsefni muni í frekari mæli verða aðgengilegt í gegnum netið og við erum eiginlega á byrjunarreit í dag."

Liv segir að fyrst um sinn sé miðað að því að 4G-nettengingar verði að mestu inni á heimilum.

„3G-kerfið mun geta sinnt farsímum á næstunni en þetta er aðallega hugsað fyrir heimatengingar og þessa miklu aukningu sem við erum að sjá í spjaldtölvunotkun."

Hún segist ekki geta sagt til um hversu hröð þróunin á 4G-kerfinu verði. „Ég býst þó við því að hún verði hraðari en þegar 3G kom á markaðinn."

thorgils@frettabladid.is






**LOKSINS HRINGT** Bjöllunni í Kauphöllinni var í gærmorgun hringt í fyrsta sinn síðan í bankahruninu. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, og Birna Einarsdóttir sáu um það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslandsbanki skilar uppgjöri og gefur út skuldabréf:

# Eftirspurn í bréfin meiri en framboðið

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki varð í gærmorgun fyrsta fjármálafyrirtækið sem gefur út verðbréf í íslensku Kauphöllinni eftir bankahrun. Það hófust viðskipti með sértryggð skuldabréf sem útgefin eru af bankanum. Heildarvirði útgáfunnar í gær var fjórir milljarðar króna og eru þau til fimm ára. Bréfin bera 3,5% árlega verðtryggða vexti sem greiðast tvisvar á ári. Höfuðstóllinn verður endurgreiddur í einni greiðslu 7. desember 2016. Útgáfan er tryggð með safni húsnæðislána. Íslandsbanki áætlar að gefa út allt að 10 milljarða króna af sértryggðum skuldabréfum á ári á næstu árum til að auka fjölbreytni í fjármögnun sinni og endurfjármögnunarþörf sinni. Heildarstærð þess útgáfuramma er 100 milljarðar króna. Til stendur að stíga næsta skref í útgáfu skuldabréfanna á næstu mánuðum.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sagði á kynningarfundi með fjölmiðlum í gær að eftirspurn hefði verið umfram framboð. Áhuginn á bréfunum hefði verið mjög dreifður á meðal fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði, tryggingafélög og eignarstýringafyrirtæki.

Íslandsbanki kynnti líka níu mánaða uppgjör sitt í gær. Bankinn hagnaðist um 11,3 milljarða króna á tímabilinu og eiginfjárhlutfall hans var 28,8% í lok tímabilsins. Búist er við því að það lækki niður í um 20% eftir að sameining Íslandsbanka og Byrs er að fullu gengin í gegn snemma á næsta ári.

Í árshlutareikningnum kom einnig fram að alls hefðu um 17.700 einstaklingar fengið „afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum hjá bankanum". Alls hafa þessir einstaklingar fengið niðurfærslu á lánum upp á 65 milljarða króna. Að meðaltali er um að ræða 3,7 milljónir króna á hvern einstakling.

Þá hafa um 2.700 fyrirtæki fengið afskrifaðar skuldir hjá bankanum. Samanlögð lækkun lána þeirra er 215 milljarðar króna. Að stærstum hluta er um að ræða niðurfærslur vegna eignarhaldsfélaga. Afskriftir vegna gjaldþrota nema 120 milljörðum króna. - þsj




Beosound 3



Beosound 8



A8 Heyrnatól

# DRAUMAR RÆTAST...

Hvort sem þú ert að leita að hljómflutningstæki, sjónvarpi eða síma, þá erum við með lausnina fyrir þig.
Komdu til okkar og láttu drauminn rætast.

**Beosound 3**
Beosound 3 er ferðaútvarp og stafrænn tónlistarspilari. Hleðslurafhlaða Beosound 3 endist í allt að 10 tíma, sem gerir þér kleift að spila tónlistina þína hvar og hvenær sem er. Verð 145.500 kr.

**Beosound 8**
Beosound 8 er hljómflutningstæki fyrir Iphone, Ipod eða Ipad tækið þitt. Einnig er hægt að nota Beosound 8 sem hátalara fyrir tölvuna þína. Kristaltær hljómur og tímalaus hönnun. Veggfesting og fjarstýring fylgir. Verð 195.000 kr.

**A8 Heyrnatól**
A8 Heyrnatólin eru hönnuð til að passa á þig, um leið flytja þau þér tært og ómengað hljóð. Komdu við í verslun okkar og uppfærðu ipod spilarann þinn með A8 heyrnatólunum, þú sérð ekki eftir því. Verð 24.500 kr.
Fæst í fjölbreyttum litum.

## BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík
Sími 581 1100 , reykjavik@beostores.com
www.bang-olufsen.is

Opnunartími verslunar 10:00 - 18:00 alla virka daga • 11:00 - 14:00 laugardaga

FRÉTTASKÝRING: Svipmyndir frá brasilískri sólarströnd



**ALLTAF Í BOLTANUM** Fótbolti er þjóðaríþrótt Brasilíumanna og er hún flestum í blóð borin. Þessir ungu menn sýndu góða takta á ströndinni, en goðsögnin Pele gerði einmitt garðinn frægan með Santos á sínum tíma. Ungstirnið Neymar er nýjasti arftaki hans.

# Sælulíf á sólarströnd í Santos

Á meðan stelpurnar okkar standa í ströngu á heimsmeistaramóti kvenna í handknattleik sem fram fer í Brasilíu gengur lífið sinn vanagang á ströndinni í Santos þar sem Ísland leikur í riðlakeppninni. *Pjetur Sigurðsson* ljósmyndari brá sér á ströndina.



**HÖRKUSKALLI** Fótblak, sambræðingur fótbolta og strandblaks, er afar vinsæl dægradvöl sólarunnenda á Santos.



**BLÓMLEGT MANNLÍF** Á ströndinni ægir saman fólki úr öllum lögum samfélagsins og ferðamennirnir njóta sín til hins ýtrasta.



**AFSLÖPPUN** Þessi tvö höfðu það gott í blíðunni og með nýjustu tækni er hægt að vera í sambandi við umheiminn.



**Í VINNUNNI** Strandgesti þarf ekki að skorta handklæði, baðföt eða drykkjarílát á meðan þessa herramanns nýtur við.

# BRAUTRYÐJANDINN

## ÆVISAGA
## ÞÓRHALLS BJARNARSONAR
## 1855–1916

**Þökkum góðar viðtökur**







**Óskari Guðmundssyni** hefur tekist vel til í bók sinni um Þórhall Bjarnarson og gera hann í raun að samtíðarmanni. Það er ekki öllum höfundum gefið ...

*Sigurður Bogi Sævarsson,- bókagagnrýni í Morgunblaðinu 12. nóvember 2011*

### Snilld

Þið ættuð að gefa gaum að þessari.
Snilld hjá Óskari um afburðamenni.

*Hulda Guðmundsdóttir staðarhaldari á Fitjum á Facebook 7. nóvember*

### Á erindi til okkar allra í dag

Ævisagan ... um Brautryðjandann Þórhall Bjarnarson er rituð af næmleik, virðingu og ást á verkefninu. Fjölskyldusaga, baráttusaga og mynd af stórhuga manni sem á erindi til okkar allra í dag ...

*Þórunn Hulda Sveinbjörnsdóttir verkalýðsforingi á Facebook 8. nóvember*






### Spennandi ættarsaga sem minnir á Boodenbrooks

Brautryðjandinn er jafnframt spennandi ættarsaga sem minnir á Boodenbrooks eftir Thomas Mann og fleiri sambærilegar sögur ... Óskar Guðmundsson á þakkir skildar, hér gildir það sem á við um góðar bækur: mikil og áhugaverð saga, vel sögð.

*Dr. Gunnar Kristjánsson: Brautryðjandinn, tru.is 2. nóvember 2011*

www.skalholtsutgafan.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjárhagur foreldra ræður búsetuskilyrðum.

## Stéttaskipting

Húsnæðismarkaðurinn á Íslandi á undanförnum árum er nokkurs konar vítahringur. Fyrst var lánað takmarkalaust til allra sem vildu og blásin upp fordæmalaus fasteignabóla. Síðan hrundi efnahagslífið, fasteignaverð féll, öll lán hækkuðu og margir sátu fastir með neikvæða eiginfjárstöðu í íbúðum sínum eða voru keyrðir í gegnum alls kyns afskriftarleiðir. Í kjölfarið fengu lánastofnanir á þriðja þúsund fasteignir í fangið sem þær þora ekki að setja á markað. Vegna þess að þá lækkar fasteignaverð. Og þá þarf að taka annan snúning í afskriftum á þeim sem þegar er búið að afskrifa hjá. Þetta ástand hefur blásið upp nýja bólu, en nú á leigumarkaði.


SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is


Leigumarkaður á Íslandi er að mestu leyti óskipulagður og drifinn áfram af fólki sem á fáar eignir, ekki skipulögðum leigufélögum. Meðalmánaðarleiga á fjölskyldustærð af íbúð er orðin tugþúsundum hærri en mánaðarlegar greiðslur af sambærilegri íbúð yrði hún keypt. Til viðbótar við fjárhagslega óhagræðið sem fylgir leigumarkaði eru langtímaleiguúrræði nánast óþekkt. Fólk, með börn og búslóð, þarf þess vegna iðulega að flytja árlega. Eða oftar. Hluti þess fólks sem velkist um á leigumarkaðinum myndi glaður vilja kaupa sér húsnæði, festa rætur og finna smá stöðugleika. Það getur það bara ekki.

Bankar og Íbúðalánasjóður lána nefnilega einungis fyrir 80% af fasteignakaupum. Þessar stofnanir eru tilbúnar að afskrifa tugi milljarða hjá einstökum skuldurum til að koma skuldastöðu niður að eignastöðu en eru ekki tilbúnar að styðja fólk við fyrstu íbúðakaup. Hjálpin er á öfugum enda.

Ungir íbúðakaupendur þurfa því að finna það sem upp á vantar annars staðar. Það þýðir að fólk í þessum hópi þarf að taka skammtímalán á mjög háum vöxtum, leggja fyrir þar til það á fyrir útborgun eða treysta á vandamenn að veita því fyrirgreiðslu.

Fyrsti kosturinn er afleitur, enda ratar fólk fljótt í greiðsluaðlögun ef það ætlar að fjármagna nokkrar milljónir með yfirdráttarlánum og greiðslukortahámörkun. Varðandi annan kostinn greindi Stöð 2 frá því í síðustu viku að það tæki langskólagengið par með eitt barn, þar sem bæði væru þátttakendur á vinnumarkaði, um tíu ár að safna fyrir útborgun vegna kaupa á 20 milljóna króna íbúð. Þeir útreikningar miða við að unga parið leggi fyrir 35 þúsund krónur á mánuði, dirfist ekki að fjölga sér umfram kínverska hámarkið og kaupi ódýrustu íbúð sem völ er á. Dæmið gerði enn fremur ráð fyrir 50% lægri neyslu en stjórnvöld gera ráð fyrir í óraunveruleikatengdum neysluviðmiðum sínum. Að leggja fyrir útborgun er því varla eitthvað sem ungt fólk sér sem raunhæfan kost í því efnahagsástandi sem ríkir í dag.

Þess vegna virðist staðan vera sú að ungt fólk þarf að treysta á sína nánustu um fyrirgreiðslu til að geta komið þaki yfir höfuðið. Millistéttin, sem er þorri Íslendinga, getur það ekki vegna þess að lífeyrissjóðir eru hættir að leyfa foreldrum að lána börnum sínum veð í þeim hluta síns húsnæðis sem ekkert hvílir á, bankar vilja ekki lána meira og engir opinberir hvatar eru til staðar sem hjálpa við fyrstu íbúðakaup. Í þessum aðstæðum felst skýr stéttaskipting og til að leiðrétta hana þarf pólitíska lausn. Ekkert stjórnmálaafl á Íslandi virðist hins vegar vera að hugsa um hvernig hún á að vera.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



JÓLAOUTLET
Í VERSLUN OKKAR Á LAUGAVEGI 25
40 - 60%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
ATH. MJÖG NÝLEGAR VÖRUR Í BOÐI
smárar


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Raunir nafnvirðisins

Vigdís Hauksdóttir er spurull þingmaður. Á dögunum spurði hún fjármálaráðuneytið hvers vegna mikill fjöldi stofnana hefði ekki sætt niðurskurði, á þessum miklu niðurskurðartímum. Starfsmönnum ráðuneytisins var nokkur vandi á höndum við svarið, því af 81 stofnun og liðum fjárlaga reyndust allir sæta niðurskurði. Líklegast er að Vigdís hafi ruglað saman nafnvirði og raunvirði, sem getur hent besta fólk. Raunar er þekkt venja við fjárlagagerð að uppfæra liði í samræmi við þróun verðlags, launa og gengis krónunnar, en það er ekki hægt að krefjast þess að allir viti það. Allra síst þingmenn.



### Fórnarlamb auðkennt

Vefritið Pressan birti í gær mynd af ungri stúlku sem kært hefur Egil Einarsson og kærustu hans fyrir nauðgun. Snautlegum svörtum kassa hafði verið smellt yfir augasteina hennar, en engum sem einhvern tímann hafði séð stúlkuna gat dulist hver hún var. Það er brot á öllum góðum siðum að auðkenna fórnarlömb í slíkum málum og óskiljanlegt hvað Pressunni gekk til.



### Afsakið, en samt ekki

Síðar í gær tók Pressan myndina síðan út. Skömmu síðar birtist afsökun, undirrituð af Steingrími Sævari Ólafssyni ritstjóra. Það var skrýtin lesning. Fyrst segir hann myndbirtinguna ranga og því hafi myndin verið fjarlægð. Þá fer hann yfir fréttaflutning annarra miðla og því næst kemur nokkuð löng málsgrein sem rökstyður að rétt hafi verið að birta myndina. Loks er ein setning um að þetta hafi verið mistök. Afsökunarbeiðni sem snýst að stórum hluta um að útskýra að þú hafir haft rétt fyrir þér er ekki afsökunarbeiðni.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Gleðin að gefa á degi rauða nefsins


Hjálparstarf



Svanhildur Konráðsdóttir
stjórnarformaður UNICEF á Íslandi


Vísdómsorðin sælla er að gefa en þiggja fela í sér falleg og ósvikin sannindi. Að deila með öðrum er gleðilegt og jafnvel bráðskemmtilegt! Þetta er kjarninn í degi rauða nefsins sem fagnað verður á morgun, föstudag. Yfirskrift dagsins er viðeigandi: Skemmtun sem skiptir máli.

Aðalmarkmið dags rauða nefsins er að hvetja Íslendinga til að ganga til liðs við UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, og gerast heimsforeldrar. Að vera foreldri er líklega eitt gleðilegasta og mest gefandi hlutverk sem okkur auðnast að leika í lífinu. Því fylgir einnig mikil ábyrgð; að elska og vernda barn sem er varnarlaust, að leiðbeina og hafa áhrif til góðs; veita stuðning í blíðu og stríðu á vegferðinni um veröld sem stundum er viðsjárverð.

> Við vonum innilega að sem flestir svari þessu brýna kalli annað kvöld…

Heimsforeldrar hafa þessu sama hlutverki að gegna – en á heimsvísu. Með mánaðarlegum stuðningi sínum vinna mörg þúsund heimsforeldrar á Íslandi að því í samstarfi við UNICEF að næra, vernda og styðja milljónir varnarlausra barna víða um heiminn. Frá heimili þínu á Íslandi hefur þú tækifæri til að gefa; taka virkan þátt í að hjálpa milljónum barna sem búa við fátækt, stríð og heilsuleysi. Slík gjöf er mikill gleðigjafi, bæði þeim sem þiggur og þeim sem gefur.

Fjölmargt listafólk hefur þegar lagt UNICEF lið og unnið í sjálfboðavinnu við að búa til skemmtiog söfnunarþátt sem sýndur verður í opinni dagskrá á Stöð 2 annað kvöld. Meðan á dagskránni stendur gefst öllum kostur á að ganga til liðs við þá fjölmörgu Íslendinga sem þegar hafa gerst heimsforeldrar.

Íslendingar hafa sem þjóð sýnt að við eigum til mikla gjafmildi og erum reiðubúin að leggja góðu málefni lið þegar eftir því er kallað. Við vonum innilega að sem flestir svari þessu brýna kalli annað kvöld, á degi rauða nefsins, um leið og við njótum einstakrar dagskrár – skemmtunar sem skiptir máli.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lélegir brandarar

Í DAG



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi

Besti flokkurinn og Samfylkingin hafa einbeitt sér sérstaklega að því að hræra í leikskólakerfi borgarinnar frá því þau tóku við stjórn í fyrra. Enginn málaflokkur á að vera undanskilinn hagræðingu, en reynslan hefur sýnt að hagræðing fylgir fáum aðgerðum meirihlutans. Þeim, sem þekkja til leikskólastarfs í borginni, ofbýður hvað stefnuleysið er algjört.

Stefnuleysið lýsir sér í ákvörðunum án markmiða og því að mikilvægum spurningum er ekki svarað. Spurningum eins og hvort foreldrar ættu að greiða sambærileg gjöld fyrir leikskólapláss og dagforeldrapláss. Í dag er allt að 300% munur á þessum tveimur þjónustuleiðum. Ekki fást heldur svör við því hvaða stefnu eigi að fylgja í matarmálum leikskólabarna en þess má geta að leikskólabörnum er gefið að borða fyrir 232 kr. á dag. Sá rétti upp hönd sem veit hvernig á að lækka þann kostnað.

**Hagræðing sem engu skilar**

Sjálfstætt leikskólasvið hefur verið bitbein á milli flokka í borgarstjórn en meirihlutinn varpaði orðinu leikskóli fyrir róða í sumar þegar leikskólasvið hvarf inn í nýtt skóla- og frístundasvið. Í kjölfarið létu af störfum öflugir fagmenn í yfirstjórn leikskóla borgarinnar. Nú hallar verulega á leikskólana og breytingarnar hafa reynst mikil blóðtaka fyrir þá. Með öllu er óljóst hvaða fjármunir sparast með þessari leikfimi.

Á sama tíma voru 24 leikskólar sameinaðir í ellefu, þrátt fyrir hörð mótmæli. Stjórn félags leikskólakennara fordæmdi vinnubrögðin og mótmælti harðlega. Vinnubrögðin voru hroðvirknisleg og sameiningar settar af stað án nokkurs fyrirvara. Sem betur fer eru stjórnendur sameinuðu skólanna með mikla reynslu og kalla ekki allt ömmu sína. Uppákomurnar í kjölfarið hafa verið flóknar og margir skólanna glíma við að sameina gjörólíkar áherslur og skipulag. Það hlýtur að vera þreytandi að vera leikskólakennari og heyra stjórnmálamenn hrósa starfi sínu í hástert en fá síðan vanhugsaðar breytingar yfir sig með offorsi.

Og hver er afraksturinn af þessum umbyltingum? Eftir að fagsviðið neyddist til að skila afkomuviðvörun var ljóst að niðurstaðan var sú sem varað hafði verið við. Hagræðingin reyndist engin fyrir grunnskóla og einungis 0,7% af rekstri leikskóla. Að auki verður að hafa í huga að ekki hafa verið gefnar upplýsingar um kostnaðinn sem fallið hefur til vegna breytinganna.

> Stefnuleysið lýsir sér í ákvörðunum án markmiða og því að mikilvægum spurningum er ekki svarað. Spurningum eins og hvort foreldrar ættu að greiða sambærileg gjöld fyrir leikskólapláss og dagforeldrapláss. Í dag er allt að 300% munur á þessum tveimur þjónustuleiðum.

**Getnaðarvarnir til bjargar?**

Með réttu var mikill þungi settur í að koma öllum börnum fæddum 2009 inn á leikskóla á þessu ári en sá árgangur er stór. Þessu fylgdi mikið álag og þýddi að stækka þurfti marga leikskóla á sama tíma og verið var að sameina, hagræða og leggja niður leikskólasvið.

Þjónustutryggingin sem hjálpaði mörgum var lögð niður og ekkert gert til að lækka greiðslur foreldra fyrir dagforeldraþjónustu þrátt fyrir að kostnaður við hvert rými hjá dagforeldri sé mun minni en við leikskólapláss. Síðar kom í ljós að margir skólar höfðu bæði pláss og starfsfólk til að bjóða að auki yngri börnum, fæddum 2010, pláss á þessu ári. Meirihlutinn hafnaði að taka þau börn inn og enn hafa ekki fengist skýringar á þeim skrípaleik sem átti sér stað í fjölmiðlum í kjölfar frétta um þessi lausu pláss. Fulltrúar Besta flokksins komu fram og sögðu ranglega að alltaf væru geymdir tugir plássa til þess að mæta óvæntum uppákomum! Borgarstjóri sagði að börn fædd 2010 yrðu ekki innrituð fyrr en á næsta ári og nefndi í furðulegri ræðu að það væri mjög dýrt að eiga börn og benti „fólki á þann möguleika að nota smokkinn, getnaðarvarnir og ófrjósemisaðgerðir“. Ég get fullvissað Jón Gnarr um að þessi málaflokkur er ekkert grín og að það er ekki tilviljun að málshátturinn „lengi býr að fyrstu gerð“ varð til.

**Meirihlutinn hækkar laun með því að lækka laun**

Rúsínan í pylsuendanum er svo launalækkun leikskólakennara. Fyrir stuttu kom formaður borgarráðs fram og varði ákvörðun borgarinnar um að leggja af svokallað neysluhlé leikskólakennara en starfsmenn njóta ekki hefðbundins matarhlés frá vinnu. Dagur B. Eggertsson fór með rangt mál þegar hann sagði að kjarasamningar fælu í sér að greiðslur fyrir neysluhlé færðust inn í grunnlaun í áföngum. Ekkert slíkt er í nýjum kjarasamningi og með ólíkindum að einn æðsti stjórnandi borgarinnar segi að fjármagna þurfi betri kjör leikskólakennara með því að rýra kjör þeirra.

**Skýrt stefnuleysi**

Vandræðagangur meirihlutans í leikskólamálum kristallaðist í því að daginn eftir skýringar á launalækkunum sendi borgin frá sér yfirlýsingu um að innrita ætti á næstu dögum börn fædd 2010, réttum tveimur vikum eftir að borgarstjóri sagðist ekkert geta gert annað en að bjóða upp á smokka fyrir foreldra. Veit einhver hvert þessi meirihluti stefnir með leikskólastarf í borginni?

# Ísland ögrum skorið

Samfélagsmál

Anna Sigríður Pálsdóttir
Arnfríður Guðmundsdóttir
Baldur Kristjánsson
Hjalti Hugason
Pétur Pétursson
Sólveig Anna Bóasdóttir
Sigrún Óskarsdóttir
Sigurður Árni Þórðarson
guðfræðingar

Bjart er yfir Betlehem var yfirskrift ágætrar greinar eftir Svein Rúnar Hauksson sem birtist í Fréttablaðinu 29. nóvember. Hann hefur verið óþreytandi að benda á óréttlætið sem Palestínumenn á herteknu svæðunum eru beittir og ekki síður þeir sem eru landflótta og ríkisfangslausir. Nú á aðventunni syngja börn og fullorðnir saman í kirkjum og á heimilum: „Bjart er yfir Betlehem…“ Eru það ekki öfugmæli?

Jólafrásögnin er falleg og einföld. Yfir henni ríkir ævintýrablær. Við túlkum frásögnina í tali og tónum. Sálmar jólanna eru tilraun skáldanna til að túlka boðskapinn. Sú Betlehem sem við syngjum um var hernumin þegar barnið fæddist fyrir um 2.000 árum. Borgin er einnig hernumin í dag. Var og er bjart yfir Betlehem? Bjarminn yfir Betlehem er táknrænn. Hann er tákn um von. Vonin snýst um frelsi, frið og farsæld.

> Leitum jafnvægis milli bláeygðrar bjartsýni og niðurbrjótandi svartsýni. Verum þakklát en raunsæ.

Mikilvægur áfangi í sjálfstæðisbaráttu okkar var þegar Ísland varð fullvalda ríki 1. desember 1918. Undanfarin ár hefur minna farið fyrir þessum degi sem áður var einn af stóru hátíðisdögunum. Við þurfum að þekkja rætur okkar en það eru innan við 100 ár síðan við vorum þegnar dönsku krúnunnar. Þetta þurfa börnin okkar að vita. Fyrsti desember er dagur sem vert er að gefa gaum og nota til þess að fræða og rifja upp.

Löng hefð er fyrir hátíðahöldum í Háskóla Íslands og sá siður var í heiðri hafður einnig þetta árið. Liður í hátíðahöldunum er guðsþjónusta í umsjá stúdenta í guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Lokasálmurinn í ár eins og svo oft áður var um ögrum skorið land „sem á brjóstum borið og blessað hefur mig“. Eru það hugsanlega öfugmæli eftir Hrun að halda því fram að landið hafi borið okkur á brjóstum og blessað?

Þarna reynir á okkur. Við megum ekki missa vonina, bjartsýnina og trúna. En við eigum að vera raunsæ. Í sálminum um viðburðina á Betlehemsvöllum er gerð tilraun til að lýsa atviki sem átti eftir að hafa grundvallandi áhrif á mikinn hluta heimsbyggðarinnar kynslóð eftir kynslóð. Fegurð sögunnar snertir okkur sem erum kristin og við viljum fræða börnin okkar um atburði jólanna. Okkur ber líka skylda til að uppfræða þau um ástandið sem ríkir í Betlehem um þessi jól. Við megum ekki láta okkur standa á sama um óhugnaðinn sem þar á sér stað. Við eigum að sýna ábyrgð.

Það gildir einnig um landið okkar. Það er svo margt sem við eigum í því. Gjöful fiskimið, stórbrotna náttúru, vatn og orku. Við eigum að sjá gæðin í því sem landið okkar gefur. Fræðum börnin okkar, kennum þeim virðingu í umgengni, verndun og nýtingu auðæfanna. Við skulum vera meðvituð um bakgrunninn. Verum vakandi fyrir líðan og ástandi systkina okkar á fjarlægum slóðum. Viðurkennum skipbrot samfélagsins sem hafði alla burði til að vera fyrirmyndarsamfélag jöfnuðar og velmegunar. Leitum jafnvægis milli bláeygðrar bjartsýni og niðurbrjótandi svartsýni. Verum þakklát en raunsæ.

Syngjum Bjart er yfir Betlehem og Ísland ögrum skorið meðvituð um samhengið. Megi frelsi, friður og farsæld vera einkunnarorð aðventunnar.



**Toyota RAV4**
árg. 2007, ekinn 63 þús. km.
2000cc, bensín, sjálfsk.
**Verð 3.290.000 kr.**



**Kia Sorento 4x4**
Eigum úrval notaðra Kia Sorento sportjeppa, dísil eða bensín. Nánar á askja.is
**Verð frá 2.290.000 kr.**



**Volkswagen Passat**
árg. 2007, ekinn 62 þús. km.
1968cc, dísil, sjálfsk.
**Verð 3.250.000 kr.**



**Mini One**
árg. 2006, ekinn 99 þús. km.
1364cc, dísil, beinsk.
Verð áður 1.790.000 kr.
**Verð nú 1.490.000 kr.**

▸ TILBOÐSBÍLL



**Volkswagen Golf**
árg. 2007, ekinn 33 þús. km.
1600cc, bensín, sjálfsk.
**Verð 1.990.000 kr.**



**Toyota Avensis**
árg. 2006, ekinn 112 þús. km.
1794c, bensín, sjálfsk.
**Verð 1.890.000 kr.**



**Peugeot**
árg. 2005, ekinn 72 þús. km.
1400cc, bensín, beinsk.
**Verð 1.290.000 kr.**



**Hyundai Sonata**
árg. 2008, ekinn 91 þús. km.
2000cc, bensín, sjálfsk.
Verð áður 2.290.000 kr.
**Verð nú 1.890.000 kr.**

▸ TILBOÐSBÍLL



ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.


# Viðsjárverð virkjun

**Virkjanir**


**Orri Vigfússon**
formaður NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna




Í nýlegri blaðagrein hefur forstjóri Landsvirkjunar, Hörður Arnarson, greint frá því að hugmynd þeirra Landsvirkjunarmanna sé að kaupa upp netalagnir og hlunnindi nokkurra bænda við Þjórsá og telur hann sig síðan getað ráðskast með og gjörbreytt öllu vistkerfi Þjórsár. Þetta fullyrði ég að stríði gegn gildandi lögum, reglum og almennu siðferði.

Um veiðirétt á Íslandi gilda margvísleg lög sem verið væri að brjóta ef þessar hugmyndir gengju eftir og ber fyrst að nefna lög um lax- og silungsveiði. Veiðirétturinn er eins og önnur hlunnindi, lögvarin eignarréttindi sem stjórnarskrá landsins stendur vörð um. Veiðiréttinn og önnur hlunnindi er ekki hægt að selja frá jörðum og hefur svo lengi verið. Markmið laganna er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna þar og verndun þeirra.

Stjórn og nýting veiðiréttinda á hverju vatnasvæði er í höndum lögskipaðs veiðifélags sem kýs sér stjórn sem starfar í umboði félagsmanna, einnig þeirra sem eiga netaveiðiréttindi. Ekki er hægt að skerða þennan rétt. Utanaðkomandi aðili getur ekki keypt einstakar jarðir og breytt lífríki fljótsins, skaðað hagsmuni annarra og breytt arðskrá veiðifélags upp á sitt eindæmi með alvarlegum afleiðingum fyrir núverandi eigendur og komandi kynslóðir.

Aðild að veiðiréttindum í Þjórsá eiga um 160 lögbýli, u.þ.b. 500 aðilar. Forsjá þeirra er í höndum Veiðifélags Þjórsár sem er skylt að tryggja vöxt og viðgang fiskistofna og sjálfbæra nýtingu þeirra.

Rétt er að hafa í huga að engin formleg beiðni hefur enn borist til Veiðifélags Þjórsár frá Landsvirkjun er varðar breytingar á vatnsrennsli í Þjórsá eða virkjunaráform á vatnasvæðinu. Telur Landsvirkjun sig geta keypt upp öll lögbýlin við ána? Veiðifélagið hefur skyldum að gegna lögum samkvæmt. Skyldur veiðifélagsins eru margþættar, m.a. að tryggja jafnræði milli landeigenda, að standa vörð um heildarhagsmuni allra og verndun lífríkisins alls. Þessar skyldur koma skýrt fram í lögum um lax- og silungsveiði.

Ef hægt væri að kaupa upp einstakar jarðir, breyta ánni og hefja þar orkuframleiðslu sem hefði áhrif á vistkerfið væru allar veiðiár á Íslandi meira og minna í uppnámi, t.d. Grímsá, Norðurá, Langá og Laxá í Kjós. Þarna gætu bændur við fossana í ánum hafið framleiðslu á raforku og nýtt orku eða vatn á annan hátt. Um meðferð og nýtingu vatnsfalla gilda ströng lög, sbr. veiðilöggjöfina, vatnalög, lög um stjórn vatnamála og náttúruverndarlög. Þá hafa ýmsir alþjóðasamningar þýðingu, svo sem samningurinn um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningurinn.

Það hafa lengi verið ákvæði í lögum sem banna röskun á vistkerfi vatna, tryggja eðlilega gönguför fiska og áframhaldandi veiði til að jafna arðinum af henni á hendur þeirra sem hlut eiga í veiðivatni. Elstu ákvæði í þessu efni er að finna í Grágás og fjalla um samveiði. Þá eru einnig í Járnsíðu og Jónsbók hliðstæð ákvæði um friðun á fiski í ám og vötnum.

Í meginreglu 7. gr. vatnalaga frá 1923 er mælt fyrir um að ekki megi breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni vatnakerfis nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess.

Árið 1990 var gert samkomulag um að gera fiskveg framhjá Búðafossi við Árnesey – með fjármagni frá Landsvirkjun og Fiskræktarsjóði. Framkvæmdin átti að vera endurgjald Landsvirkjunar fyrir þá röskun sem virkjunarframkvæmdir á afrétti ollu. Landsvirkjun stóð einnig að umbótum við Hestafoss í Árneskvíslinni til að auðvelda fiski för um svæðið. Við þetta opnaðist göngufiski 25 km leið upp í efri hluta árinnar, allt að Þjófafossi við Búrfell og í fiskgengar ár í Þjórsárdal. Óvíst er hvaða afleiðingar nýjar hugmyndir hafa á samkomulag frá þessum tíma og væntanlega þyrfti að taka upp alla þá samninga.

Gott dæmi um afar róttæka breytingu á vatnsfalli, sem orðið hefur frá því byggð hófst hér á landi, er í Þjórsá við Árnes. Í tímans rás hefur straumvatnið grafið sig meir og meir niður í vestari kvíslinni sem var trúlega sáralítil fyrst í stað. Vatnsmagnið hefur nú aukist á kostnað eystri kvíslarinnar, sem er reyndar enn töluvert vatnsfall. Í grein sem Einar Hannesson skrifaði um veiðimál í Tímann hinn 28. desember 1993, hafði hann eftir Sigurjóni Rist „að Búðafoss muni með öllu hverfa með tímanum, því Þjórsá haldi áfram að brjóta sig niður í farveginn ofan við fossinn. Smám saman jafnast þannig út hæðarmunur á löngum kafla og þegar jafnvægi næst verða vafalaust aðeins flúðir eftir, eins og sjá má nokkru ofar í ánni.“

Eftir stendur að það væri óeðlilegt að hægt væri að breyta vistkerfi Þjórsár þannig að örfáir nytu góðs af en aðrir fengju ekkert. Enginn er hafinn yfir lög og almennt viðskiptasiðferði. Áætlun Landsvirkjunar er viðsjárverð og líkleg til að rústa mikilvægum fiskistofnum á öllu vatnasvæði Þjórsár.

# Er ekki kominn tími til að menn útskýri stöðuna?

**Fjármál**


**Hannes Friðriksson**
varabæjarfulltrúi Samfylkingar í Reykjanesbæ




Fjárhagsáætlun hvers árs er góður mælikvarði á mat þeirra sem hana gera um hvað er mögulegt og hvað ekki. Meirihluti sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ hefur nú lagt fram fjárhagsáætlun sína fyrir árið 2012. Hún er í senn uppgjör þeirra við níu ára valdatímabil sitt um leið og hún er sýn þeirra á þá framtíð sem þeir hafa byggt upp íbúum Reykjanesbæjar til handa.

### Allt til sölu

Það er öllum ljóst að sú fjárhagsáætlun sem nú hefur verið lögð fram er full af óvissuþáttum. Það er sameiginlegur skilningur að hana beri ekki að afgreiða fyrr en sem mest af þeirri óvissu hefur verið eytt. En hún gefur þó vísbendingu um hve alvarleg staða bæjarins er í raun og veru. Til þess að unnt verði að reka bæjarfélagið áfram þurfa allir þeir óvissuþættir sem til staðar eru að falla með okkur. Og verðum við þá að selja þær eignir sem eftir eru?

Við þurfum að selja skuldabréfið í HS Orku, og við verðum að selja einhvern hlut okkar í HS Veitum ef mögulegt er. Við höfum þegar selt landareignina á Reykjanesi, til greiðslu á helmingi þess fjármagns tekjuskatts sem myndaðist við umdeilda sölu á Hitaveitu Suðurnesja. Það sem verra er – við eigum líka eftir að borga landið sem búið er að selja! Áfram skuldum við þó um það bil 900 milljónir af fjármagnstekjuskattinum.

Á undanförnum árum hefur hallað undan fæti, um leið og fréttir hafa borist af stöðugt vaxandi skuldum bæjarsjóðs. Þær skuldir og skuldbindingar námu á síðasta ári tæpum 29 milljörðum króna, eða 395% af tekjum bæjarsjóðs. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum mega þessar skuldir þó ekki nema hærri upphæð en 150% af tekjum bæjarsjóðs eða um það bil ellefu milljörðum króna. Það þarf því samkvæmt reikningum bæjarsjóðs að spara um það bil 9 milljarða á næstu árum. Við þurfum að spara, um leið og við tryggjum rekstrarhæfi bæjarins til framtíðar.

### Reykjanesbær og Eftirlitsnefndin

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda hrunsins sýnir okkur að flestar þær upplýsingar sem þurfti til að forðast hrunið lágu fyrir. Lærdóminn hlýtur að vera sá að enginn eyland þegar að opinberri umsýslu kemur. Þeim upplýsingum sem fyrir liggja á að deila með þeim hagsmunaaðilum sem hlut eiga. Í tilfelli Reykjanesbæjar eru það íbúar bæjarins sem nú eiga rétt á þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Þeim upplýsingum ráða eftirlitsnefndin og bæjarstjórn nú yfir. Það getur varla talist boðlegt nú þegar ljóst er að erfiðleikar steðja að að þeim upplýsingum sé haldið leyndum. Það gildir ekki lengur að segja „Ykkur kemur þetta ekki við“ því það erum við íbúarnir sem þó borgum brúsann ef illa fer.

Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga hefur nú um langt skeið kallað eftir upplýsingum um stöðu bæjarsjóðs Reykjanesbæjar. „Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og að hafa eftirlit með því að fjárstjórn sveitarfélaga sé í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Leiði athugun nefndarinnar í ljós að afkoma sveitarfélags sé ekki í samræmi við ákvæði laganna eða fjármál sveitarfélagsins stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum“. Það hefur eftirlitsnefndin þegar gert.

Nærvera nefndarinnar vekur því spurningar um hver hin raunverulega staða er. Hvort fjárstjórn sveitarfélagsins hafi verið í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaganna, og/ eða hvort fjármál sveitarfélagsins stefni í óefni?

Er ekki kominn tími til að útskýra stöðuna. Að endi verði bundinn á þá óvissu sem misvísandi fréttaflutningur um stöðuna veldur. Að bæjarstjórn og eftirlitsnefndin sameiginlega útskýri hver sýn þerra er hvað framtíð bæjarins varðar. Íbúafundur boðaður af þessum aðilum væri góður vettvangur til þess. Með slíkum fundi væri svarað kröfum um aukið íbúalýðræði og gegnsæi í stjórnsýslunni í kjölfar hrunsins, um leið og óvissunni yrði eytt. Menn gætu snúið sér að því að leysa vandann, í stað þess að deila um hver hann er.

# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN

## AUGLÝSIR GÓÐAR GJAFIR Á GÓÐU VERÐI

**PROLOGIC SKOTVEIÐIGALLI**
Jakki og smekkbuxur í felulitum. Vatnshelt og vindhelt með útöndun.
AÐEINS 29.900,-

**PROLOGIC SKOTVEIÐIVÖÐLUR**
Nælonvöðlur í MAX4 felulitum.
VERÐ AÐEINS 15.995,-

**BL BYSSUSKÁPAR Á JÓLATILBOÐI**
Læsanlegt innra hólf, kólfalæsing og innfeldar lamir. 3mm stál.
FYRIR 5 BYSSUR AÐEINS 26.995,-
FYRIR 7 BYSSUR AÐEINS 33.995,-

**NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR**
Mælir allt að 800 metra. +/- 1 metra nákvæmni.
Fullt verð 26.980,-
JÓLATILBOÐ AÐEINS 22.980,-

**BUFFALO RIVER VERÐMÆTAHÓLF**
Traust og gott hólf fyrir verðmæti eða skotfæri. Frábært verð.
AÐEINS 10.995,-

**FAULKS GÆSA- OG ANDAFLAUTUR**
Traust og gott hólf fyrir verðmæti eða skotfæri. Vinsælustu flauturnar. Frábært verð.
AÐEINS FRÁ 2.995,-

**GERVIGÆSIR**
Skeljar. 12 í kassa. Lausir hausar. Festijárn fylgja.
Fullt verð 18.995,-
JÓLATILBOÐ 14.995,-

**GERVIENDUR**
Blandaður hópur; steggir og kollur. Poki, blý og bönd fylgja.
AÐEINS 12.995,-

**NORCONIA HANDSJÓNAUKAR**
Vandaðir sjónaukar í veiðina, ferðalögin og sumarbústaðinn.
25% AFSLÁTTUR til jóla

**LAMBHÚSHETTUR**
Hlýjar og góðar hettur með felugrímu.
VERÐ AÐEINS FRÁ 3.595,-

**BERETTA SKOTVEIÐIBAKPOKI**
Sérhannaður bakpoki fyrir skotveiðimanninn. Byssufesting á hliðð pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Vandaður poki á góðu verði.
AÐEINS 18.995,-

**SPÚNAR**
Gott úrval af spúnum í lax- og silungsveiðina.
VERÐ FRÁ 299,-

**OKUMA OG DAM KASTHJÓL**
Mjög gott úrval.
VERÐ FRÁ 2.995,-

**RON THOMPSON KASTSTANGIR**
Margar gerðir og lengdir.
VERÐ FRÁ 4.995,-

**RON THOMPSON VEIÐITÖSKUR**
Gott úrval af veiðitöskum.
VERÐ FRÁ 2.595,-

**DAM VÖÐLUTÖSKUR**
Sérhönnuð taska fyrir vöðlurnar. Loftun og harður, vatnsheldur botn. Burðarhandfang. Gott verð.
AÐEINS 5.995,-

**SCIERRA FLUGUVEIÐISETT**
Vandað sett fyrir byrjendur. Fjögurra hluta stöng ásamt hjóli og uppsettri flotlínu. DVD diskur fylgir.
VERÐ AÐEINS FRÁ 19.995,-

**ONTARIO VÖÐLUJAKKI**
Vatns- og vindheldur jakki. Hægt að renna af ermum og breyta í vesti. Fjölmargir vasar fyrir allt veiðidótið.
VERÐ AÐEINS 12.995,-

**HEAT FACTORY ULLARVETTLINGAR**
- með thinsulate einangrun og Heat Factory varmapokum.
VERÐ AÐEINS 3.895,-

**RON THOMPSON LAXAHÁFAR**
Stór og góður háfur fyrir lax og vænan silung. Hægt að brjóta saman og lengja skaft.
JÓLATILBOÐ AÐEINS 6.995,-

**RON THOMPSON BARNAVÖÐLUR**
Nælonvöðlur með áföstum stígvélum í stærðum frá 30 til 37.
VERÐ AÐEINS 7.995,-

**DAM HNÍFASETT**
3 góðir hnífar ásamt skurðarbretti og stáli. Kemur í plasttösku.
VERÐ AÐEINS 5.995,-

**BONNAND BEITUFÖTUR**
7 lítra fötur undir beituna í veiðiferðina.
VERÐ AÐEINS 3.295,-

**DAM LETINGJAR**
Samanbrjótanlegir letingjar.
VERÐ FRÁ 895,-

TROUT AND SALMON BEST IN TEST

**RON THOMPSON FLUGULÍNUR**
Flotlínur og sökklínur frá Ron Thompson hafa fengið góða dóma og eru á frábæru verði.
AÐEINS 5.995,-

**OKUMA AIRFRAME FLUGUHJÓL - PAKKI**
"Large arbour" fluguhjól úr grafít. Vönduð lega og góð diskabremsa. 3 auka spólur fylgja (samtals 4 spólur) og taska utan um allt. Hjólið er fyrir línu 7 til 9.
AÐEINS 12.995,-

**SPORTBÚÐIN**

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

Í leiðinni úr bænum

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

# Orkunotkun bygginga

Orkumál

Jón Sigurðsson
byggingatæknifræðingur og í stjórn vistbyggðaráðs



Gjöfular endurnýjanlegar auðlindir og vistvæn orka, ásamt lágu kolefnisspori ($CO_2$) vegna orkunotkunar bygginga er sérstaða okkar. Raforkuverð er lágt á Íslandi í dag miðað við nágrannalöndin, en allt bendir til að það muni hækka á næstu árum. Því er spurning hver sé efnahagslegur ábati fyrir Íslendinga að leggja í fjárfestingar við að spara orku og eru hagræðingarmöguleikar í orkumálum alltaf fullnýttir?

Í heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland er markmið sett fram um að raforkuverð færist nær því sem þekkist á meginlandsmörkuðum Evrópu og einnig er spáð að orkuverð tvöfaldist á næstu 20 árum, svo eftir einhverju verður að slægjast. Jarðvarminn er einnig okkar sérstaða og er ódýr í samanburði við kyndingarkostnað Evrópuríkja, þar sem notuð eru t.d. kol, gas og kjarnorka sem er bæði óvistvæn orka og veldur útblæstri gróðurhúsalofttegunda ($CO_2$).

### Lög, reglur og staðlar varðandi orkunotkun

Ljóst er að okkur vantar reglur, staðla og viðmið hvað varðar orkunotkun og nýtingu. Í gildandi byggingarreglugerð nr. 441/1998 er gerð krafa um U-gildi (W/m²K) og varmaeinangrun, en það er mat sérfræðinga að kröfur byggingarreglugerðar í dag eru þegar of strangar fyrir Reykjavíkursvæðið (endurborgunartími of langur) og er það að bera í bakkafullan lækinn að auka við þessa kröfu. Það vantar rannsóknir og samræmingu auk þess er þekkingarskortur á arðsömum aðgerðum.

Eitt af markmiðum nýrra mannvirkjalaga nr. 160/2010 er; „að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga“ og í yfirlýstum markmiðum Alþingis við endurskoðun byggingarreglugerðar 2011 segir: „Markmiðið er framsæknasta byggingarreglugerð á Norðurlöndum hvað varðar sjálfbæra þróun.“ En því miður er ekki farið eftir þessum markmiðum og er aukin krafa um einangrun bygginga þ.e. U-gildi (W/m²K) eina aðgerðin til vistvænna framfara og bættrar orkunýtingar, þó svo að hagkvæmisútreikningar sýna að það sé ekki að skila tilætluðum árangri.

Iðnaðarráðuneytið hefur nú til skoðunar nýja tilskipun Evrópusambandsins um orkunýtingu bygginga (Directive 2010/31/EU), en væntanlega munu íslensk stjórnvöld sækja um undanþágu frá því regluverki þrátt fyrir að núverandi og nýsamþykkt lög (Lög um mannvirki nr. 160/2010) er varða skipulag og mannvirki, geri auknar kröfur í átt til sjálfbærrar þróunar. Þar vega þungt ákveðin hagnaðarrök þar sem auknar aðgerðir í átt til orkusparnaðar eru ekki talin góð fjárfesting eins og staðan er í dag. Það eru litlar tengingar milli tilskipunar Evrópusambandsins (Directive 2010/31/EU) við nýja og endurskoðaða byggingarreglugerð, þrátt fyrir fögur fyrirheit um sjálfbæra þróun og góða orkunýtingu við rekstur bygginga.

> Framkvæmda- og rekstraraðilar og eigendur fasteigna eru farnir að átta sig á því að eitt er að byggja og annað er að reka mannvirkið til fjölda ára. Að vanda undirbúninginn í skipulagi, hönnun og framkvæmd skilar sér í minna viðhaldi og lægri rekstarkostnaði allan líftímann. Vistvæn hönnun varðandi orku gengur út á m.a. að setja viðmið um hámarksorkunotkun ...

Í stuttu máli sagt þá er iðnaðarráðuneytið sem er umsagnaraðili tilskipunar Evrópusambandsins um orkunýtingu bygginga (Directive 2010/31/EU) ekki í takt við sérfræðinga umhverfisráðuneytisins sem vinna við smíði nýrrar byggingarreglugerðar. Eins og áður kemur fram þá eru það vafasamar tillögur umhverfisráðuneytisins um enn meiri einangrun bygginga, sem telst þó óarðsöm aðgerð og mun hækka byggingarkostnað og auka enn frekari álögur á byggingar- og framkvæmdaaðila á Íslandi.

### Vistvæn og bætt hönnun, skoðun á líftímakostnaði(LCC)

Á síðustu árum eru tæknimenn og fjárfestar farnir að gefa meiri gaum að heildarmyndinni í framkvæmdum og mannvirkjagerð með hönnunarstjórnun og skoðun á líftímakostnaði (LCC). Framkvæmda- og rekstraraðilar og eigendur fasteigna eru farnir að átta sig á því að eitt er að byggja og annað er að reka mannvirkið til fjölda ára. Að vanda undirbúninginn í skipulagi, hönnun og framkvæmd skilar sér í minna viðhaldi og lægri rekstrarkostnaði allan líftímann.

Vistvæn hönnun varðandi orku gengur út á m.a. að setja viðmið um hámarksorkunotkun byggingarinnar, leggja áherslu á notendastýringu og gera ráð fyrir mælum og/eða hússtjórnarkerfum til að fylgjast með orkunotkun. Markmiðin með vistvænni hönnun er ekki aðeins að hvetja til hagkvæmari reksturs mannvirkja allan líftímann heldur einnig heilsusamlegra umhverfi fyrir notendur og að hvetja til betri umhverfisstjórnunar á verktíma. Myndin sem fylgir sýnir myndrænt hvernig hærri upphaflegur fjárfestingarkostnaður skilar sér í lægri viðhalds- og rekstrarkostnaði og förgun í lok líftímans þ.e. „frá vöggu til grafar“. Niðurstaða hagkvæmisútreikninga sýna að vistvæn framleiðsla skilar sér í lægri heildarlíftímakostnaði heldur en hefðbundin framleiðsla.

Það þarf því að nota viðurkennda aðferðarfræði til að finna út hvernig það kemur út fyrir íslenska framleiðslu og mannvirki að innleiða þessar vistvænu áherslur og áhrif þeirra á orkunotkun með greiningu á heildarlíftímakostnaði. Þó svo að við búum við ódýra orku miðað við nágrannaþjóðir okkar þá er full ástæða til að fara vel með. Það er þjóðfélagslega hagkvæmt að ala með sér vistvænar áherslur, sjálfbæra þróun og stuðla að góðri orkunýtingu, enda eru orkuauðlindir okkar ekki óþrjótandi og rétt að hugsa til komandi kynslóða. Allt þarf þó að vera innan viðunandi skynsemis- og arðsemismarka.

**Líftímakostnaður**

**á hefðbundinni og vistvænni byggingu**




FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



NÚ ER UMRÆÐAN FJÖLBREYTTARI, SKEMMTILEGRI, FJÖRLEGRI, ÍTARLEGRI OG AÐGENGILEGRI Á VÍSI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp–upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir




Hátíðarkalkúnn og meðlæti



995,-




**Smákökudeig 495,-/pk.** 400g
Ýmsar tegundir: Piparkökur, engiferkökur, súkkulaðibitakökur og kókos- og rúsínukökur



**DUKTIG bökunaráhöld f/börn 2.490,-/7 í setti**

**Frábær jólagjöf!**
Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar.
Upphæð að eigin vali




IKEA®

**Verslun opin 11-22 til 22.desember** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - Þorláksmessa: Verslun opin 11-20

**www.IKEA.is**




# Að vera up to date er okkar innsta þrá

Tölvukaup hins opinbera

Bjarni Ákason
framkvæmdastjóri epli.is



Tölvukaup opinberra aðila hafa í tvígang með stuttu millibili ratað í fjölmiðla. Í bæði skiptin var um að ræða kaup opinberra aðila á spjaldtölvum sem eru helsta nýjungin sem fram hefur komið í tölvuheimum undanfarin misseri.

Þessi fréttaflutningur var í báðum tilfellum afar undarlegur og settur fram með neikvæðum hætti. Staðreyndin er sú að íslensk fyrirtæki og stofnanir kaupa tölvur og tölvutengdan búnað fyrir milljónir króna í hverri viku. Hvers vegna verður það (neikvætt) fréttaefni þegar opinberar stofnanir ákveða að sýna þá framsýni að fjárfesta í nýjustu tækni í tölvugeiranum?

**Lögreglan kaupir iPad**

Fyrri fréttin birtist í DV í sumar. Þar kom fram að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefði keypt 11 iPad spjaldtölvur. Til að setja þessi kaup í neikvætt ljós var þess getið að rekstur lögreglunnar hefði verið erfiður á síðustu árum og að lögreglumönnum hefði t.a.m. verið fækkað um 60 frá 2009 til 2010. Hvað á þessi samanburður að þýða? Heldur blaðamaður að svo lengi sem fækkað er í röðum lögreglunnar megi ekki uppfæra tölvukost hennar? Það yrði aldeilis í hag borgaranna eða hitt þó heldur! Staðreyndin er sú að fyrir hverja iPad spjaldtölvu sem keypt er í stað PC-tölvu sparast miklir fjármunir, jafnt í innkaupa- sem rekstrarkostnaði.

Hvað veldur því að þessi einstöku tölvuinnkaup fyrir eina milljón króna rata á síður DV, en ekki fjölmörg önnur innkaup opinberra stofnana á rándýrum PC-tölvum?

Ekki dettur mér í hug að það tengist á neinn hátt þeirri staðreynd að framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi var á þessum tíma hluthafi í DV. Það væri einfaldlega of billegt.

**Reykjavíkurborg kaupir iPad**

Þremur mánuðum síðar rata (spjald)tölvukaup hins opinbera aftur í fjölmiðla. Að þessu sinni keypti Reykjavíkurborg 15 iPad spjaldtölvur til að nota í tónvísindasmiðju Bjarkar og síðar í grunnskólum borgarinnar. Formaður Skólastjórafélagsins fagnar kaupunum og segir það jákvætt að gamall og úr sér genginn tölvubúnaður grunnskólanna sé bættur.

Ekki voru allir jafnánægðir með þessi framsýnu innkaup Reykjavíkurborgar. Minnihluti borgarstjórnar óskaði í kjölfarið eftir nánari upplýsingum um þessi tölvuinnkaup borgarinnar. Minnihlutinn mætti hafa sig allan við (og gerði lítið annað) ef hann óskaði eftir nánari upplýsingum í hvert sinn sem stofnanir borgarinnar keyptu tölvur!

**Að vera í takt við tímann**

Í samhengi við þessi „smáinnkaup“ íslenskra stofnana er ástæða til að benda á að 92% af 500 stærstu fyrirtækjum heims hafa fjárfest í iPhone á undanförnum mánuðum. Rúmur helmingur þessara sömu fyrirtækja notar nú þegar iPad spjaldtölvur í starfsemi sinni.

Þegar svo bregður við hér á landi að tvær íslenskar stofnanir fjárfesta í slíkri tækni fyrir samtals tvær milljónir króna er rekið upp ramakvein í fjölmiðlum.

Þessi neikvæði hugsunarháttur er með eindæmum. Slíka neikvæðni og hneykslun má helst bera saman við, ef skrifaðar hefðu verið hneykslunarfréttir á 9. áratug síðustu aldar um stofnanir sem hefðu ákveðið að fjárfesta í tölvum í stað hinna hefðbundnu ritvéla sem þá stóðu á hverju borði íslenskra skrifstofa. Og vei þeim sem léti sér detta í hug að kaupa annað eins bruðl og tölvu!

Það er þó vel ef fjölmiðlar halda vöku sinni og halda uppi gagnrýnni blaðamennsku. Menn verða þá að vera sjálfum sér samkvæmir og skoða málið frá fleiri hliðum (en bara spjaldtölvuhliðinni). Og fyrst DV og Fréttatíminn eru svona vel vakandi þegar hið opinbera kaupir spjaldtölvur (sem eru fremur ódýr tæki í samanburði við borð- og fartölvur), þá ættu þessi blöð að taka málið skrefinu lengra. Þau ættu í raun að kanna hvers vegna fleiri stofnanir og fyrirtæki hafi ekki nýtt sér þessa nýju tækni sem að sönnu getur lækkað rekstrarkostnað fyrirtækja og stofnana allverulega. Staðreyndin er nefnilega sú að fyrir hverja PC-tölvu sem skipt er út fyrir iPad sparast heilmikið fé.

Fjölmiðlar gætu t.d. kannað:

- Hversu margar PC vélar eru á framfæri hins opinbera? Hvað kostar það almenning á ári hverju og hvernig má spara í þessum efnum?
- Einnig væri ekki vitlaust að skoða hversu margir (og hverjir) hafa á undanförnum árum farið í boðsferðir til Redmond í Seattle. Þar er til húsa stór hugbúnaðarframleiðandi sem hefur afar mikla hagsmuni af viðskiptum við íslenskar stofnanir.

Staðreyndin er þessi: Það væri óskandi fyrir íslenska þjóð sem nú fer í gegnum mikla efnahagserfiðleika að fleiri stofnanir færu þá leið sem lögreglan og Reykjavíkurborg hafa farið á síðustu mánuðum. Þessar stofnanir eru að fylgja fordæmi margra bestu fyrirtækja í heiminum. Þær eru að taka nýja tækni í notkun sem á sama tíma lækkar rekstrarkostnað þeirra verulega. Það er gott fordæmi á tímum sem þessum.

Það er óneitanlega mikið ánægjuefni að sjá að íslenskar stofnanir skuli vilja vera í takti við tímann og bera hag almennings fyrir brjósti. Því eins og Stuðmenn sögðu á sínum tíma og eru sígild sannindi:

*Að vera í takt við tímann getur tekið á,*
*að vera up to date er okkar innsta þrá.*
*Hvers kyns fanatík er okkur framandi*
*hún er handbremsa á hugann, lamandi.*

# Málsvörn banntrúarmanns

Trúmál

Egill Óskarsson
félagi í Vantrú



Guðmundur Andri Thorsson skrifaði pistil í Fréttablaðið 5. desember sem bar heiti Banntrúarmenn. Þar fjallaði hann um félagið Vantrú, sem hann hefur ekki miklar mætur á.

Guðmundur Andri segir að Vantrú hafi með kæru sinni til siðanefndar HÍ vegið að akademísku frelsi fræðimanna við háskólann og leitast við að stjórna umfjöllun um sig. Það er hins vegar staðreynd að HÍ hefur sett sér siðareglur. Þær setja þau höft á akademískt frelsi fræðimanna að þeir haldi sig við siðleg og akademísk vinnubrögð. Frelsi án hafta er ekki eftirsóknarvert, hvorki innan fræðasamfélagsins né utan. Í siðareglunum kemur fram að aðilar innan og utan Háskólans geti sent erindi til siðanefndar.

Ef það að senda slíkt erindi þegar fólki finnst á sér brotið er sjálfkrafa, óháð efnisatriðum, árás á akademískt frelsi og tilraun til að stjórna umfjöllun þá þjóna siðareglurnar ekki tilgangi sínum og „frelsið“ er óbeislað.

Guðmundur Andri skrifar: „Þeir sáu þá gullið tækifæri til að gera guðfræðideild HÍ og þessum kennara alveg sérstaklega lífið leitt, sem svo sannarlega hefur tekist“

Þetta er alrangt. Vantrú taldi hluta kennslunnar brot á siðareglum HÍ. Vissulega finnast fáir aðdáendur guðfræðideildar í félaginu en það er hugarburður að Bjarni Randver sé erkióvinur þess.

Aftur vitna ég í Guðmund Andra: „... samkvæmt grein Barkar virðast [félagar í Vantrú] hafa skipulagt látlausar árásir á Bjarna til að hrekja hann úr starfi fyrir þær sakir að hafa ekki farið þeim orðum um félagsskapinn sem félagsmenn töldu tilhlýðilegt.“

Þessar skipulögðu árásir finnast hvergi í gjörðum félagsins. Þær hafa menn fundið í stolnum gögnum af læstu innra spjalli. Þar ráða félagsmenn ráðum sínum en Vantrú er óhefðbundið félag að því leyti að tilvera þess er nær eingöngu bundin við netið. Það voru notuð stór orð um Bjarna Randver í trúnaðarspjalli. Margt af því sem birt hefur verið var sagt í háði, t.d. þar sem talað er um „heilagt stríð“ og „einelti“. Þar voru menn að vitna í stórkarlalegri kerskni í orðræðu frá ákveðnum trúfélögum.

> „Herferðin“ var fyrst og fremst í kjaftinum á mönnum í umræðum sem fóru fram í trúnaði.

„Herferðin“ var fyrst og fremst í kjaftinum á mönnum í umræðum sem fóru fram í trúnaði. Heiftin í félagsmönnum var ekki meiri en svo að þrisvar var Vantrú tilbúin að ljúka málinu með sátt. Því var ávallt hafnað af Bjarna Randveri. Hvort sem vinnubrögð siðanefndar hafa verið fullnægjandi eða ekki er ljóst að ekki stóð upp á Vantrú að ljúka málinu án úrskurðar siðanefndar. Tilgangur félagsins var aldrei sá að koma höggi á Bjarna.

Þetta mál hefur tekið mikið á Bjarna Randver. Það er miður. Vantrú óraði aldrei fyrir þeim látum sem hafa orðið í kringum það sem átti að vera einföld kvörtun. Hvort þær tafir og kostnaður sem orðið hefur á málinu er vegna starfshátta siðanefndar eða heiftúðugra viðbragða Bjarna er ekki félagsmanna í Vantrú að dæma um. Vanlíðan og erfiðleikar Bjarna Randvers eru ekki fagnaðarefni fyrir meðlimi Vantrúar. Þvert á móti.

# OPIÐ ÖLL KVÖLD

## TIL KL. 22:00 FRAM AÐ JÓLUM

## SÉRTILBOÐ Í KVÖLD 8. DES FRÁ 19:00-22:00



Til í svörtu og hvítu
1,4GHz örgjörvi
HD video
23% afsláttur
Fullt verð 64.995
**49.995**



500 GB
USB 3.0
Margir litir
28% afsláttur
Fullt verð 17.995
**12.995**



32" - LED
USB tengi
PixelPlus HD
25% afsláttur
Fullt verð 119.995
**89.995**

SAMSUNG

**SAMI8150(WHI/BLA). Galaxy W**. GSM sími með 3,7" snertiskjá (480x800). Multi touch input. Android stýrikerfi (2.3 Gingerbread). WiFi 802.11b/g, DLNA. 3G, Bluetooth, GPRS, EDGE. GPS stuðningur. 5 Mpix myndavél með Geo Tagging. GPS stuðningur. Video í HD 720p@30fps. 1,4GHz Scorpion örgjörvi. Spilar MP3/MP4/DivX/H.264 og fl. Útvarp. Hljóðupptaka. 2GB minni en stækkanlegt upp í 32GB.

Verbatim

**VERB500USB3(BU/GR/OR/PI/VI/GY).** 2,5" 500GB utanáliggjandi harður diskur. Frábært til að taka backup af tölvu eða til að flytja gögn milli tölva. Tengdur með USB 3.0.

PHILIPS

**32PFL5406H**. Vandað 32" LCD sjónvarp með LED baklýsingu sem er 100Hz og með 1366x768 upplausn. PixelPlus HD myndvinnslubúnaður gerir myndina líflegri og skarpari. Þar að auki tryggir stafrænn móttakari virkilega góð myndgæði. Tengimöguleikar eru 3xHDMI, 1xScart, 1xComponent og USB tengi til þess að geta horft á myndbönd, skoðað ljósmyndir og hlustað á tónlist beint af USB minnislykli í sjónvarpinu.




SKOÐAÐU JÓLABLAÐ ELKO Á WWW.ELKO.IS TAKTU ÞÁTT Í JÓLALEIKNUM Á BAKSÍÐU JÓLABLAÐSINS. AÐALVINNINGUR ER SAMSUNG GALAXY TAB!



Spilar DivX
43% afsláttur
Fullt verð 13.995
**7.995**

SAMSUNG

**DVDC350XEE**. DVD spilari frá Samsung sem spilar bæði DVD og CD diska. Styður DivX, MPEG4, WMV, MP3 og JPEG. Tengimöguleikar eru Scart og Component.



50% afsláttur
Fullt verð 2.995
**1.495**



40% afsláttur
Fullt verð 4.995
**2.995**




**7.495**
25% afsláttur
Fullt verð 9.995




**4.995**
17% afsláttur
Fullt verð 5.995

**ALIAS FAMILY.** Fjölskyldu Alias er orðskýringaleikur fyrir alla fjölskylduna. Líkt og í áður útgefnum Alias spilum skiptast leikmenn á að útskýra orð fyrir liðsfélögum sínum með því að nota samheiti, andheiti og vísbendingar.

KÖNIG

**HCPS100**. Glæsileg baðvog sem vegur allt að 180 kíló á 100 g bili. Stór LCD skjár sem slekkur sjálfvirkt á sér og hún er einnig búin einföldum snertirofa.

CLATRONIC

**PP3401.** Rafmagnspanna sem er 32 cm í þvermál og 3,5 cm djúp. Hægt að nota til að sjóða, steikja, gufusjóða, afþíða og halda heitu. Glerlok fylgir. 1500W.

**PM5919.** Sjóræningjavarðturn og bátur

## OPIÐ Í VERSLUNUM ELKO

Opið til kl. 22:00 frá fimmtudeginum 8. des.

**Opnunartími um jólin:**

| Dagsetning | Dagur | | Lindir | Skeifan | Grandi | Vöruhús | Símsala |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7. des | Miðvikudagur | | 11-19 | 11-19 | 8-19 | 11-19 | 11-19 |
| 8. - 9. des | Fimmtudagur - föstudagur | | 11-22 | 11-22 | 8-19 | 11-19 | 11-19 |
| 10. des | Laugardagur | | 11-22 | 11-22 | 10-18 | 14-18 | 11-18 |
| 11. des | Sunnudagur | | 11-22 | 11-22 | 11-18 | 14-18 | Lokað |
| 12. - 16. des | Mánudagur - föstudagur | | 11-22 | 11-22 | 8-19 | 11-19 | 11-20 |
| 17. des | Laugardagur | | 11-22 | 11-22 | 10-20 | 14-18 | 11-18 |
| 18. des | Sunnudagur | | 11-22 | 11-22 | 11-20 | 14-18 | Lokað |
| 19. - 22. des | Mánudagur - fimmtudagur | | 11-22 | 11-22 | 8-22 | 12-20 | 11-20 |
| 23. des | Föstudagur | Þorláksmessa | 10-23 | 10-23 | 8-23 | 12-20 | 11-20 |
| 24. des | Laugardagur | Aðfangadagur | 10-13 | 10-13 | 10-12 | 10-13 | Lokað |
| 25. des | Sunnudagur | Jóladagur | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| 26. des | Mánudagur | Annar í jólum | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| 27. - 30. des | Þriðjudagur - föstudagur | | 11-19 | 11-19 | 8-19 | 11-19 | 11-19 |
| 31. des | Laugardagur | Gamlársdagur | Lokað | Lokað | 10-12 | Lokað | Lokað |
| 1. jan | Sunnudagur | Nýársdagur | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| 2. jan | Mánudagur | | 11-19 | 11-19 | 8-19 | 11-19 | 11-19 |

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

LINDIR – SKEIFAN – GRANDI – VEFVERSLUN

Almennar upplýsingar 544 4000

AF NETINU

### Aðskiljum veiðar og vinnslu



Ísland er ekki lengur land tækifæranna fyrir áræðna unga menn, sem vilja leggja krafta sína í höfuðatvinnuveg þjóðarinnar. Verði ekki snúið af þessari braut er einsýnt að sjálfstæð fiskvinnsla deyr út með þeim sérvitringum, sem eru svo fífldjarfir að keppa við útgerðarvinnslurnar og neita að gefast upp. Þá verðum við í raun komin aftur í gamla kerfið, sem fólst í því að risarnir í sjávarútvegi og sölusambönd þeirra höfðu einkarétt á að selja fisk frá Íslandi.

Lausn þessa vanda er ekki flókin. Það þarf að aðskilja veiðar og vinnslu með öllu og tryggja þannig að allur fiskur, sem veiðist á Íslandsmiðum, sé seldur á markaði á markaðsverði. Þetta á að gera með lagasetningu en í raun og veru þarf ekki lagasetningu til.

pressan.is/pressupennar

Ólafur Arnarson







JÓLIN KOMA



JÓLAGJAFIRNAR fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

NESPRESSO CRISTEL jura magimix

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# Haga hetjur sér karlmannlega?

Kynbundið ofbeldi



Inga Dóra Pétursdóttir
framkvæmdastýra hjá UN Women

Stórhuga baráttufólk fagnaði á ráðstefnu í Mexíkó árið 1975. Ástæðan var sú að leiðtogar heimsins féllust á kröfur um að vinna markvisst að því að auka jafnrétti kynjanna. Til þess að sýna viljann í verki var komið á fót sérstofnun innan Sameinuðu þjóðanna; UNIFEM, sem átti að vinna að þessu markmiði. Þau voru stórhuga og bjartsýn. UNIFEM voru gefin tíu ár til þess að eyða kynbundnu misrétti. Árið 1985 var markmiðinu þó ekki náð.

Þrjátíu og fimm árum síðar var aftur fagnað. Ástæðan var sú að ráðamenn heimsins urðu við kröfum baráttufólks um allan heim um að setja á fót fjárhagslega sterka stofnun innan SÞ sem hefði það hlutverk að uppræta kynjamismunun um heim allan; UN Women. Krafan kom þó ekki til af því að ekkert hefði áunnist með starfi UNIFEM. Reyndar er árangur UNIFEM nánast ótrúlegur. Sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að Sameinuðu þjóðirnar settu aðeins eitt prósent af heildarfjármagni sínu í að leiðrétta árhundraða mismunun kynjanna. Eitt prósent.

En peningar eru ekki allt, þó að þeir skipti máli. Í gegnum tíðina hafa ótal margar hetjur hætt lífi sínu í baráttu fyrir því sem við lítum á í dag sem sjálfsögð mannréttindi. Öll vitum við hvaða áhrif Susan B. Anthony, Rosa Parks, Aung San Suu Kyi og Wangari Maathai hafa haft. Færri þekkja sögu Mirabel-systranna frá Dóminíska lýðveldinu. Systurnar fjórar voru fremstar í fylkingu í baráttu gegn einræðisherranum Rafaelo Trujillo sem stjórnaði landinu með harðri hendi í þrjá áratugi. Þrátt fyrir pyntingar og fangelsisvist héldu systurnar baráttunni ótrauðar áfram þar til Minerva, Patricia og Antonia voru myrtar á hrottafullan hátt þann 25. nóvember 1960. Belgica systir þeirra lifði árásina af og heldur minningu þeirra systra á lofti. Árlegt sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi er haldið alþjóðlega á dánardegi systranna.

Þær eru mun fleiri kvenhetjurnar sem við fáum sjaldnast fregnir af. Dr. Hawa Abdi stóð keik fyrir framan ógnandi uppreisnarmenn á griðastað fyrir konur og börn sem hún starfrækir í heimalandi sínu Sómalíu, sem talið er eitt hættulegasta land í heimi. Uppreisnarmennirnir hörfuðu. Stuttu áður var Aisha Ibrahim, 13 ára samlandi hennar, grýtt til bana. Aftakan var hegning fyrir að hafa verið nauðgað af þremur mönnum. Chhaen býr í Kambódíu og á fjögur börn. Hún er afmynduð í andliti og á líkama eftir að svili hennar skvetti á hana sýru. Ástæðan? Hún hótaði að kæra hann til lögreglu fyrir að hafa selt sína eigin dóttur. Í dag berst Chhaen ásamt öðrum fórnarlömbum sýruárása fyrir þyngri refsingum fyrir slíka glæpi.

> Í gegnum tíðina hafa ótal margar hetjur hætt lífi sínu í baráttu fyrir því sem við lítum á í dag sem sjálfsögð mannréttindi.

Annað dæmi: Í Brasilíu er nú hart tekið á heimilisofbeldi fyrir tilstilli 20 ára baráttu Maríu de Penha. Fyrrverandi eiginmaður hennar beitti hana ofbeldi í áraraðir og hún er lömuð fyrir neðan mitti eftir skotárás hans. María barðist við dómskerfið í tuttugu ár til að fá hann dæmdan. Það tókst, þótt hann hafi einungis fengið tveggja ára dóm. En vegna óbilandi baráttu Maríu geta konur sem verða fyrir ofbeldi eiginmanns nú leitað réttar síns í Brasilíu.

Ofangreindar konur eru allar hetjur. Á íslensku er orðið hetja kvenkyns og það er kynlega öfugsnúið að samkvæmt orðabók er hetja skilgreind sem „kappi, hraustmenni“. Merking þess að „bera sig hetjulega“ er sögð sú að haga sér „karlmannlega“. Rosa Parks, Aung San Suu Kyi, Minerva-systurnar, dr. Hawa Abdi, Aisha Ibrahim, Chhaen og Maria de Penha eru allar hetjur sem hafa barist gegn kúgun og ofbeldi karla. Þær eru hetjur – en ekki í merkingunni að þær beri sig karlmannlega eða að þær séu kappar. Þessar konur, ásamt þeim hundruð þúsunda kvenna sem hætta lífi sínu í baráttu fyrir réttindum sínum á hverjum degi eru (án nokkurs kynlegs öfugsnúnings) sannar hetjur, konur afreksdáða.

Ef þú hefur stundum velt fyrir þér hvernig þú getir lagt þitt af mörkum til að skapa réttlátari heim þá er nú tækifæri til að koma þeim hugleiðingum í framkvæmd. Með því að hlusta á reynslusögur kvenna, miðla þeim áfram, fara í kröfugöngur og skrifa greinar getum við þrýst á stjórnvöld og vakið athygli á því að við líðum ekki lengur að málefni kvenna séu sett neðst á forgangslista þeirra. Ríkisstjórnir heimsins hafa stofnað UN Women og ljáð okkur með því tækifæri til að láta til okkar taka. Nýtum þetta tækifæri! Starfsfólk UN Women, grasrótarsamtök, kvennahreyfingar, friðarhreyfingar og mannréttindasamtök eru sem fyrr vopnuð kjarki, hugsjón og ástríðu til að leggja sitt af mörkum til baráttunnar.

Hvað með þig?

# „Stúlkurnar á Bjargi“ í áfalli vegna „fréttar“ í DV

Vistheimili



Elín Ólöf Eriksdóttir
einu sinni Bjargstúlka

Í blaðinu DV 26.-27. október er eitthvað sem á að heita frétt. Á forsíðu blaðsins er stór fyrirsögn: „Stúlkur á Bjargi í vændi.“

Á blaðsíðu tíu er fyrirsögnin útskýrð: Að sögn einnar vistsstúlku fengu stelpurnar á Bjargi að fara út hálftíma á dag. „Það var skúr þarna á bak við og þar reyktum við. Þangað komu reglulega tveir bílar með flottum körlum sem tóku með sér tvær stelpur í hvert skipti.“ Þessi viststúlka lýsir því svona. Áfram heldur frásögn þessarar „heimildarkonu“ blaðsins: „Ég hjálpaði þeim yfir girðinguna svo þær kæmust í bílana. Þetta var eini frjálsi tíminn og kerlingunum datt ekki í hug að þær færu yfir girðinguna. Ég var svo ung og gerði mér enga grein fyrir hvað væri í gangi, þótt þær kæmu til baka með fullt af peningum. Þetta voru virtir menn í samfélaginu,“ segir hún og bætir við að hún eigi kannski eftir að nefna þá á nafn síðar.

Ég, Elín Ólöf Eriksdóttir, fædd 1951, „viststúlka á Bjargi“ á tímabilinu 11. janúar 1966 til 20. ágúst 1967, stíg hér fram og fyrir hönd okkar allra, viststúlkna sem voru með mér á Bjargi, og í samráði við þær, lýsi ég yfir: ÞESSI FRÁSÖGN UM VÆNDI ER ALRÖNG. ATBURÐIRNIR SEM LÝST ER ÁTTU SÉR ALDREI STAÐ.

Ég var „hrein mey“ þegar ég kom inn á Bjarg og var „hrein mey“ þegar ég fór þaðan. Og sama gildir um margar aðrar stúlkur sem voru á Bjargi.

Það var enginn kofi á bak við Bjarg, og girðingin um húsið var mjög lág og enginn þurfti aðstoð til að komast yfir hana. Það vitum við viststúlkur allar sem vorum á Bjargi.

Öll störf í húsinu unnum við í vistinni þar. Við þvoðum allan þvott okkar, við vöskuðum upp, skúruðum, skrúbbuðum og bónuðum, rulluðum þvott, straujuðum og héldum öllu hreinu á þremur hæðum. Og einnig vorum við látnar hjálpa við að reisa þessa girðingu.

Fjórar af viststúlkunum á Bjargi (af 19-20) eru látnar langt fyrir aldur fram og geta ekki svarað fyrir sig. Megi þær hvíla í friði án rógburðar, blessuð sé minning þeirra.

Við sem lengst vorum á Bjargi fengum að fara út eina klukkustund án fylgdar. Oftast var labbað um Nesið eða upp í fisktrönur sem við kölluðum það. Jú, við áttum leynistað sem var kofi en hann var ekki nálægt Bjargi.

> Við erum allar búnar að þjást ævilangt vegna dvalar okkar á þessu Bjargi.

Við erum allar búnar að þjást ævilangt vegna dvalar okkar á þessu Bjargi. Við vorum þar niðurlægðar og barðar, margar hverjar, og iðulega hótað öllu illu. Yfirvöldin á Bjargi settu okkur stundum í algera einangrun í refsingarskyni í marga daga og jafnvel í vikur, ekki á Bjargi eins og segir í „DV-fréttinni“ heldur á Upptökuheimili ríkisins í Kópavogi. Það meiddi okkur mest.

Margar okkar voru beittar kynferðisofbeldi á Bjargi, en ég ætla ekki að fara út í smáatriði í þessum málum. Allt er þetta skráð í lögregluskýrslur sem við fengum aðgang að eftir dvöl okkar á „vistheimilinu“.

Í þessari „frétt“ er einhver að rugla hræðilega með staðreyndir, um stund og stað, tímasetningar og atburði. Ég, líkt og allar aðrar viststúlkurnar á Bjargi sem ég hef rætt við, og þær eru margar, könnumst ekki við að hafa séð eða þekkt þessa viststúlku sem DV skýrir frá að sé heimild sín. Og enginn okkar kannast við þessa hræðilegu sögu um vændi. Ég get ekki sannað að þessi stúlka, sem telst vera heimild blaðsins, hafi ekki verið á Bjargi – fulltrúi innanríkisráðuneytisins neitar að svara okkur um þetta mál og ber við trúnaði. Þessi nú sextuga „heimildarkona“ hefur augsýnilega lent í enn hræðilegri reynslu á ævi sinni og á samúð okkar. En sú samúð nær ekki til blaðamannsins sem skrifaði fréttina í DV og lét vera að sannreyna hana með viðtölum við fleiri einstaklinga eða með því að líta í heimildir sem eru aðgengilegar.

Við „Bjargstúlkurnar“ vorum eins og systur og stóðum ávallt saman, ein með öllum. Við erum allar sárar og reiðar, og nú einkum yfir þessum skrifum þar sem við erum ásakaðar ranglega. Við, sextugar konurnar, eigum maka, börn, barnabörn, tengdabörn, oft stórar fjölskyldur. Á þetta aldrei að taka enda, þessi martröð um Bjarg? Eigum við aldrei að fá að lifa í friði og fá sálarró með fólkinu okkar?


Er rafhlaðan
í lagi í þínum
reykskynjara?
Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna. Njótum
aðventunnar en látum kertaljós aldrei loga eftirlitslaust.
Sem viðskiptavinur Sjóvá geturðu
sótt nýja rafhlöðu í reykskynjarann
þinn í næsta útibúi.
ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ
SJÓVÁ

# tímamót

timamot@frettabladid.is



45 **SINÉAD O'CONNOR** söngkona er 45 ára í dag.

*„Að tjá tilfinningar sínar er að grafa eigin gröf."*

## Merkisatburðir

1966 Gríska ferjan Heraklion sekkur í stormi á Eyjahafi og um 200 farast.
1971 Undirritað er samkomulag um stjórnmálasamband milli Íslands og Kína.
1974 Grískir kjósendur hafna því að taka aftur upp konungsveldi.
1987 Samtökin Ný dögun um sorg og sorgarviðbrögð eru stofnuð.
1991 Rúmenar samþykkja nýja stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu.
2006 Leikjatölvan Wii kemur út í Evrópu.

**ÞETTA GERÐIST:** 8. DESEMBER 2008

## *Óeirðir brutust út í Alþingishúsinu*

Sjö manns voru handteknir í Alþingishúsinu þennan dag árið 2008, eftir að um þrjátíu mótmælendum var meinaður aðgangur að þingpöllum á þingfundi. Tveir menn komust fram hjá þingvörðum og á pallana og stöðvaðist starfsemi þingsins þegar þeir hófu hróp og köll á borð við „drullið ykkur út" og „þetta hús gegnir ekki hlutverki sínu lengur".

Til ryskinga kom í stiga og anddyri þinghússins þegar vísa átti hópnum á dyr. Einn þingvörður meiddist þegar hann lenti utan í ofni í húsinu.

Tveir af hinum handteknu voru sakaðir um að beita ofbeldi en öllum sem handteknir voru var gefið að sök að hafa ekki hlýtt tilmælum lögreglu. Mótmælendur töldu aðgerðir lögreglunnar harkalegar.



SIGRÚN ELDJÁRN: HANDHAFI ÍSLENSKU BJARTSÝNISVERÐLAUNANNA 2011

# Mikilvægt að börn venjist því að lesa sér til ánægju

Sigrún Eldjárn, rithöfundur og myndlistarmaður, hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin 2011 fyrir helgi. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Sigrúnu verðlaunin við hátíðlega athöfn, áletraðan verðlaunagrip úr áli og eina milljón króna.

„Jú, það er ákaflega mikils virði að vita að fólk tekur eftir og kann að meta það sem maður er að gera, þegar maður er að bögglast í sínu horni við það að gera bókmenntir fyrir börn," segir Sigrún. „Það er dýrmætt að fá staðfestingu á því að maður sé að gera eitthvað af viti."

Barnabækur Sigrúnar telja á fimmta tug og Sigrún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín. Fyrir þremur árum var hún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til íslenskrar barnamenningar og þá hefur hún meðal annars hlotið Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar og skólamálaráðs, Barnabókaverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur, barnabókaverðlaunin Sögustein, Dimmalimm – íslensku myndskreytiverðlaunin og tilnefningu til H.C. Andersen-verðlauna fyrir ritstörf og myndskreytingar. Auk þess tilnefningu til ALMA-verðlaunanna sænsku árin 2010 og 2011. Þau verðlaun eru kennd við Astrid Lindgren og eru einhver þau veglegustu í heimi.

Rithöfundarferill Sigrúnar nær yfir 30 ár og því nærtækt að spyrja hana hvort eitthvað sé breytt í barnabókaheiminum frá því að hún gaf út sína fyrstu bók. „Það er kannski svolítið meira að gerast í barnabókaútgáfunni og fleiri rithöfundar komnir þar til leiks," segir Sigrún og segir það gleðilegt. „Enda afskaplega mikilvægt að börnin lesi, bækur eru með því mikilvægasta sem hægt er að fóðra þau með. Í rauninni er samt ekki svo mikið breytt en lesendahópurinn endurnýjast reglulega og það er alltaf gaman að fá viðbrögð frá honum."

Sigrún segir börn mjög hreinskilna lesendur. „Þau hika ekki við að láta mann vita séu þau ánægð, nú eða kvarta ef það er eitthvað sem þau eru ekki sátt við en ég hef nú ekki oft lent í því. En gjarnan fær maður bréf og myndir í pósti. Ég hef stundum komið í skóla þar sem þau eru að lesa bækurnar mínar og þá þekki ég persónurnar mínar í barnateikningunum sem þau hafa gert á sinn hátt."

En stendur eitthvert verk Sigrúnu hjarta næst? „Kuggur, Málfríður og mamma Málfríðar standa mér alltaf svolítið nálægt enda hafa þau vinirnir fylgt mér lengi. En það sem ég er að fást við akkúrat núna stendur mér hvað næst því ég er stödd í miðjum þríleik, þar sem Náttúrugripasafnið, önnur bókin, kom út núna fyrir jólin. Ég er komin vel á veg með þá þriðju sem kemur vonandi út að ári. Ég hef gert nokkrar trílógíur og finnst það skemmtilegt form."

Sigrúnu er það ofarlega í huga að börn lesi bækur og að foreldrar haldi lestrinum að þeim. „Það skiptir svo miklu máli upp á framtíðina að börn venjist því að lesa sér til ánægju því ef þau temja sér það ekki á þessum mikilvægu árum er ekki víst að þau geri það þegar þau verða fullorðin. Og hverjir eiga þá að lesa hinar svokölluðu alvörubókmenntir?"

juliam@frettabladid.is



**BÖRN HREINSKILNIR LESENDUR** „Þau hika ekki við að láta mann vita séu þau ánægð, nú eða kvarta ef það er eitthvað sem þau eru ekki sátt við en ég hef nú ekki oft lent í því. En gjarnan fær maður bréf og myndir í pósti," segir Sigrún Eldjárn, rithöfundur og myndlistarmaður, sem hlaut Íslensku bjartsýnisverðlaunin í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Ragnarsson**
Stóragerði 26,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð á Vífilsstöðum miðvikudaginn 30. nóvember, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Hulda Haraldsdóttir** **Pétur Hans Baldursson**
**Ragnar Haraldsson** **Birna Garðarsdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** **Hallgrímur Sigurðsson**
**afa- og langafabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Snæfríður Helgadóttir**
Boðagerði 5, Kópaskeri,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík þriðjudaginn 29. nóvember. Útförin fer fram frá Skinnastaðarkirkju laugardaginn 10. desember kl. 14.00.

**Björn Jónsson**
**Jón Björnsson** **Nína Þórsdóttir**
**Kristín Alda Björnsdóttir**
**Helgi Viðar Björnsson** **Erla Sólveig Kristinsdóttir**
**Arna Björnsdóttir** **Sven Plasgård**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dóra Tómasdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans á Landakoti 3. desember síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 13. desember kl. 15.00.

**Sölvi Eysteinsson**
**Davíð Sölvason** **Linda Björk Ólafsdóttir**
**Tómas Sölvason**
**Rakel Davíðsdóttir** **Hrafn Harðarson**
**Sölvi Davíðsson**
**Sara Davíðsdóttir**
**María Dóra Hrafnsdóttir**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorgerður Magnúsdóttir**
Mýrarvegi 113,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 29. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. desember kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð, Akureyri.

**Ingólfur Sigurðsson**
**Elínborg Ingólfsdóttir** **Magnús Þórðarson**
**Magnús Ingólfsson** **Sólveig Erlendsdóttir**
**Ragnhildur Ingólfsdóttir** **Samúel Jóhannsson**
**Þórdís Ingólfsdóttir**
**Sölvi Ingólfsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Svanhildar Snæbjarnardóttur**
áður til heimilis að Hellu, Hellissandi.

**Gunnar Már Kristófersson** **Auður Jónsdóttir**
**Steinunn J. Kristófersdóttir** **Lúðvík Lúðvíksson**
**Sigurjón Kristófersson** **Sigurlaug Hauksdóttir**
**Snæbjörn Kristófersson** **Kristín S. Karlsdóttir**
**Svanur K. Kristófersson** **Anna Bára Gunnarsdóttir**
**Þröstur Kristófersson** **Sigurbjörg E. Þráinsdóttir**
**Kristinn Valur Kristófersson** **Guðríður A. Ingólfsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

Nikon

*At the heart of the image*




# I AM MERRY CLICKMAS

## D5100 18-55VR kit

Frábær stafræn SLR myndavél með 16.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi,HDR myndatöku, háu ljósnæmi (ISO 100-6400) sem má framlengja í 25800, Live View og stórum hreyfanlegum 3" LCD skjá.

***Verð 149.995.-***

TILBOÐ! MEÐ **NIKON D5100 18-55VR KIT**
FYLGIR NÚ SB-400 FLASS (VERÐMÆTI 34.995 kr.)



Með öllum Nikon vélum
fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst
byrjendanámskeið að verðmæti kr 10.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómstурvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.



*Elskuleg eiginkona mín og systir,*

**Hulda Margrét Waddell**

guðfræðinemi,
Rauðalæk 42, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 9. desember kl. 13.00.

**Örn Valsson (Gulli)**
**systkini og fjölskyldur.**



*Elsku frænka okkar,*

**Anna Sigurbjörg Tryggvadóttir**

Sólvöllum 17, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 3. desember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. desember kl. 13.30.

**Systrabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Gissurardóttir**

lést 24. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 9. desember kl. 15.00.

**Hrafnhildur Guðmundsdóttir** **Ólafur Lárusson**
**Kolbrún Guðmundsdóttir**
**Gissur Guðmundsson** **Svanhildur Pétursdóttir**
**Jón Guðmundsson** **Oddný B. Hólmbergsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Laufey Þóra Eiríksdóttir**

Norðurgötu 33, Akureyri,

lést á heimili sínu þann 29. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 12. desember kl. 13.30.

**Jóna Sigurdís Svavarsdóttir** **Sigþór Viðar Ragnarsson**
**Gestur J. Ingólfsson**
**Inga Þórey Ingólfsdóttir** **Jón Sverrir Sigtryggsson**
**og barnabörn**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Finnbogi Gunnlaugsson**

Danmörku,

lést fimmtudaginn 24. nóvember.

**Helle Martensen**
**Ingibjörg Finnbogadóttir**
**Maria Baldursson**
**Berta Finnbogadóttir**
**Harpa Finnbogadóttir**
**Orri Finnbogason**
**Maria N. Martensen**
**Magnus N. Martensen**
**makar og barnabörn.**

# Tómas R. og Ólafía Hrönn á Café Rosenberg



Latínkvartett Tómasar R. Einarssonar heldur tónleika á Café Rosenberg á föstudagskvöld, 9. desember. Sérstakur gestur er Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona.

Kontrabassaleikarinn Tómas R. Einarsson, gítaristinn Ómar Guðjónsson, básúnuleikarinn Samúel Jón Samúelsson og trommuleikarinn Matthías M. D. Hemstock leika og syngja eins og þeim einum er lagið á Café Rosenberg frá klukkan 22 til 01 á morgun. Með þeim á sviðinu verður leik- og söngkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir sem tekur lagið með hljómsveitinni.



*Þökkum hlýhug og samúðarkveðjur vegna andláts elskaðrar móður okkar og tengdamóður,*

**Sigríðar Kjaran**

**Soffía Sigurjónsdóttir** **Stefán J. Helgason**
**Sigurður Sigurjónsson** **Hanna H. Jónsdóttir**
**Magnús K. Sigurjónsson** **Þórunn Benjamínsdóttir**
**Birgir Björn Sigurjónsson** **Ingileif Jónsdóttir**
**Jóhann Sigurjónsson** **Helga Bragadóttir**
**Árni Sigurjónsson** **Ásta Bjarnadóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Kristín María Gísladóttir**

Reynimel 40,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 2. desember. Hún verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 9. desember klukkan 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknarfélagsins Hvítabandsins, reikn. 0117-15-370548, kt. 650169-6119. Minningarkort sjóðsins fást í Kirkjuhúsi

**Þorsteinn Vilhjálmsson** **Sigrún Júlíusdóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Svanlaug Vilhjálmsdóttir** **Halldór Eiríksson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúðarkveðjur við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Önnu Einarsdóttur.**

**Hendrik Skúlason** **Íris Sigurjónsdóttir**
**Þórður Skúlason** **Elín Agnarsdóttir**
**Davíð Davíðsson** **Embla Valberg**
**Einar Orri Davíðsson** **Helga Alfreðsdóttir**
**Jóhannes Ingi Davíðsson** **Helga Jóhannesdóttir**
**Ragnar Davíðsson** **Ingibjörg Vilhjálmsdóttir**
**Jón Halldór Davíðsson** **Petrea Tómasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Okkar ástkæri*

**Ingólfur Guðnason**

bóndi frá Eyjum I í Kjós,

verður jarðsunginn frá Reynivallakirkju í Kjós laugardaginn 10. desember kl. 14.00.

**Anna Ingólfsdóttir** **Kristinn Helgason**
**Hermann Ingólfsson** **Birna Einarsdóttir**
**Páll Ingólfsson** **Marta Karlsdóttir**
**Guðrún Ingólfsdóttir**
**Valborg Ingólfsdóttir** **Ómar Ásgrímsson**
**afabörn og langafabörn.**



**DUFTKER ÚR ÍSLENSKRI NÁTTÚRU** Dómnefndinni var vandi á höndum að velja úr fögrum duftkerum samkeppninnar. MYND/ÁRNI SVANUR DANÍELSSON

# Af jörðu, að jörðu úr íslenskum skógi

„Það er bæði táknrænt og fallegt að duftker sem komið er „af jörðu“ úr íslenskum skógum beri okkar jarðnesku leifar aftur „að jörðu“ til hinstu hvílu,“ segir Hulda Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Alþjóðlegs árs skóga 2011. Í tilefni tímamótaársins var efnt til samkeppni á duftkerjum úr íslenskum viði sem nú eru til sýnis í Seltjarnarneskirkju. Þar má sjá 28 gullfalleg duftker sem öll eru ólík að formi og efni.

„Hingað til hafa verið flutt inn duftker undir jarðneskar leifar, en við getum hæglega notað efnivið úr skógunum okkar í sambærilega framleiðslu. Í skógunum leynast vaxtarsprotar sem við getum nýtt til verðmæta- og atvinnusköpunar í meiri mæli en nú. Þá má hiklaust sjá fyrir sér framleiðslu og útflutning á mörgum þeirra hugmynda sem bárust í samkeppnina, því við getum skapað verðmæti undir vörumerkjum hreinleika, náttúru og sérstöðu,“ segir Hulda.

Sýningin í Seltjarnarneskirkju verður til og með 11. desember næstkomandi. - **þlg**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Gestur Stefánsson**

Snorrabraut 42, Reykjavík,

lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi mánudaginn 5. desember.

**Hermóður Gestsson** **Anna María Arnardóttir**
**Henný Bára Gestsdóttir**
**Harpa Hrönn Gestsdóttir** **Runólfur Hjalti Eggertsson**
**Lúther Gestsson** **Valgerður Kristín Guðbjörnsdóttir**
**Ína Sigurbjörg Stefánsdóttir**
**Karl Stefánsson**
**og fjölskyldur**



*Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þurý Pétursdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki 4. desember. Hún verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 17. desember klukkan 14.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Anna Sjöfn Stefánsdóttir.**



*Faðir okkar, uppeldisfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Grímur Guðmundsson**

fyrrverandi forstjóri Íspan,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 9. desember kl. 13. Þeim sem vildu minnast hans láti Ljósið s. 561-3770 eða Karitas s. 551-5606 njóta þess.

**Óskar Smith Grímsson** **Þrúður Ólöf Gunnlaugsdóttir**
**Guðmundur Grímsson** **Hrafnhildur Proppé**
**Finnur Grímsson** **Þórunn Hafsteinsdóttir**
**Margrét Grímsdóttir**
**Elín Grímsdóttir** **Jón Bjarni Gunnarsson**
**Jón Elvar Kjartansson** **Sigríður Markúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Fyrirsæta sýnir klæði** úr smiðju georgísku fatahönnuðanna Uta og Levani á tískuviku í Tbilisi á dögunum. Ekki fylgir sögunni hvert þeir sóttu innblástur en ef horft er til hárgreiðslunnar mætti ætla að Leia prinsessa úr Star Wars væri áhrifavaldur.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

SÉRLEGA FLOTTUR PUSH UP



teg. Pandora - í A, B, C, D skálum á kr. 7.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardaginn 10-16.
þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg

Gefðu góða gjöf



Endurnærandi iljanudd
Kröftugt Shiatsu fótanudd.
Gefðu gjöf sem vermir fætur og bætir líðan. Endurnærandi iljanudd með infrarauðum hita.
13.890 kr.

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11-16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Kjóladagar
20%
afsláttur af öllum kjólum
Stærðir 36-52
Ótrúlegt úrval!
Vertu vinur okkar á facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Gunnhildur Kjartansdóttir kom skipulagi á skartið hjá sér með hirslunni 4bling.

# Stefnir á útlönd



Ég var orðin leið á að gramsa eftir skartgripunum ofan í kössum en hafði ekkert borðpláss fyrir skartgripastand,“ segir Gunnhildur Kjartansdóttir, höfundurinn að vegghengdri skartgripahirslu sem hún kallar 4bling.

„Hugmyndin spratt síðan fram hjá mér einn daginn í vor á leið í vinnuna og ég fékk vinnufélaga minn strax til að búa til þrívíddarmyndband af hugmyndinni. Ég fór svo með það upp í Nýsköpunarmiðstöð þar sem ég fékk frábær viðbrögð,“ segir Gunnhildur og þar með var boltinn farinn að rúlla. Gunnhildur þróaði hugmyndina áfram hjá FabLab, smiðju Nýsköpunarmiðstöðvar og setti sig svo í samband við fyrirtækið Format Akron. „Hönnuðurinn þar hjálpaði mér að þróa loka útfærsluna og nú er 4bling komin í sölu í verslanir. Þetta var mikil vinna í allt sumar og lærdómsríkt en ég ráðfærði mig meðal annars við hönnuðina Siggu Heimis og Guðbjörgu Ingvarsdóttur í Aurum í sambandi við útlit hirslunnar,“ segir Gunnhildur, sem stefnir á erlendan markað með 4bling.

„Það var alltaf ætlunin frá upphafi og því valdi ég nafn sem gengur fyrir erlendan markað.“

Hirslan er framleidd bæði glær og svo hvít og glær svo skartið er alltaf sýnilegt. 4bling er fáanlegt meðal annars í Epal, Kraumi og á Hönnunarsafni Íslands, í versluninni 18 rauðar rósir og á Pollyanna.is. *heida@frettabladid.is*



Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa

Sofðu vel um jólin

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is



**Sýning á skartgripum** úr fórum Elísabetar Taylor stendur nú yfir hjá uppboðsfyrirtækinu Christie's í New York. Þar á meðal þessi hringur sem leikkonan fékk í gjöf frá Richard Burton en hann er metinn á allt að 416 milljónir króna. Skartið verður boðið upp síðar í mánuðinum.













# Indversk áhrif hjá Chanel

**Métiers d'Art, haustlína Chanel, var frumsýnd í París í vikunni undir yfirskriftinni Paris-Bombay enda undir áhrifum frá Indlandi. Fyrir sýninguna veltu menn því fyrir sér hvernig litaspjald Karls Lagerfeld myndi líta út enda Chanel þekkt fyrir daufa liti en indverskur klæðnaður er jafnan litskrúðugur. Chanel-yfirbragðið leyndi sér ekki og var fágun, glæsileiki og vandað efnisval áberandi. Þá fékk litaspjaldið að mestu að halda sér þótt litirnir væru ef til vill aðeins ýktari en venjulega. Skartið var þó augljóslega undir áhrifum frá Indlandi og mikið um höfuðskraut sem náði niður á enni. Auk þess var meiri vídd í flíkunum en venjulega.**



Fágað Chanel-yfirbragðið leyndi sér ekki. Litirnir voru þó aðeins skarpari en venjulega og höfuðskart og efnisval með indverskum blæ.







Auglýsingin sýnir hina svörnu fjendur Obama og Chávez kyssast.

# Chávez hlær að herferð

**Forseti Venesúela hefur lúmskt gaman af auglýsingaherferð sem sýnir hann kyssa Bandaríkjaforseta.**

Hugo Chávez, forseti Venesúela, tekur ekki nærri sér nýlega auglýsingu sem sýnir hann og Barack Obama Bandaríkjaforseta kyssast beint á munninn.

Auglýsingin er hluti af alþjóðlegri herferð ítalska tískufyrirtækisins Benetton þar sem þekktir þjóðar- og trúarleiðtogar sjást kyssast. Hún hefur þegar valdið fjaðrafoki og til marks um það ætlar Páfagarður í mál við fyrirtækið vegna þess að Benedikt XVI páfi er sýndur kyssa þekktan múslimaklerk. Chávez hefur hins vegar látið hafa eftir sér í fjölmiðlum að hann hafi lúmskt gaman af uppátækinu.

Benetton hefur oft farið óhefðbundnar leiðir í auglýsingaherferðum sínum og notar þær oft til að koma mikilvægum skilaboðum á framfæri. Þannig vakti fyrirtækið athygli á kynþáttafordómum um árið og í þeirri nýju er sjónum beint að hatri. *- rve*

# Sruli Recht vinsælt umfjöllunarefni

**Fjallað er um verk hönnuðarins Sruli Recht í þremur bókum sem hafa komið út ytra á árinu.**

Fáir hönnuðir hafa vakið eins mikla athygli utan landsteinanna undanfarna mánuði og Sruli Recht, sem hefur búið og starfað á Íslandi um þó nokkurt skeið. Umfjallanir um verk hönnuðarins hafa birst í fjölda erlendra tímarita og bóka og komu þrjár þeirra út á árinu.

Nýlegust þeirra er bókin Randscharf – on the Cutting Edge Graphic Design & Style sem forlagið Gestalten gaf út á dögunum. Bókin er í raun sýningarskrá gefin út í tengslum við sýningu á íslenskri fata- og innanhússhönnun og sjónrænum samskiptamáta í MAK-safninu í Frankfurt í september. Hún er talin vera eitt stærsta og efnismesta rit sinnar tegundar en verk eftir Sruli prýðir forsíðuna.

Hinar eru Doppelganger Images of the Human Being og SEEK Volume 01 Art Iceland, báðar gefnar út af sama forlagi, Gestalten. Sú fyrri beinir sjónum að birtingarmyndum af mannskepnunni á öld stafrænnar tækni. Sú síðari inniheldur smásögur sem sumar eru myndskreyttar með verkum eftir höfunda á Íslandi. Myndir af verkum Sruli er að finna í báðum bókum og eru eftir Marinó Thorlacius.


Sruli Recht.

Sruli fæddist í Jerúsalem í Ísrael. Hann hefur lengstan hluta ævinnar búið í Ástralíu þar sem hann stundaði nám í tískuhönnun við RMIT-háskólann í Melbourne. Hann hefur sent frá sér tvær fatalínur á karla auk fylgihluta og fjölda annarra verka.

*- rve*





## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice**

## Ég sá mömmu kyssa jólasvein … í sjálflýsandi nærbuxum

Jólin nálgast óðfluga. Því ekki að líta á undirfatatísku herranna sem gæti virkað sem gjafahugmynd fyrir einhverjar? Eða fyrir þann sem vantar skemmtilegan „jólasveinabúning“ fyrir rómantískt aðfangadagskvöld!

Fyrir nokkrum árum mátti tala um byltingu í herraundirfataframleiðslu, framboðið margfaldaðist og innkaup herranna sömuleiðis. Þrátt fyrir erfiða tíma virðast þeir ekki vera tilbúnir til að skera niður nærfatakaupin sem eru orðin hluti af lífsstíl karla. Ekki eru þó allir í því sama og töluverður munur á innkaupum yngri og eldri herranna ef marka má kunnuga í þessum geira. Þeir ungu vilja flestir þröngar nærbuxur, mismunandi síðar, eða hinar svokölluðu „shortys“ sem ná rétt niður fyrir rasskinnar. Þær eru líklega vinsælasta útgáfan hjá yngri en 35 ára. Þeir eldri velja heldur víðari útgáfur sem ekki þrengja um of um miðjuna. Klassísku nærbuxurnar, þessar með þykku teygjunni og klauf sem um tíma voru óskaplega vinsælar hjá Calvin Klein, seljast sífellt verr, ef frá eru taldar þær sem eru svo stuttar að sést í rasskinnarnar. En til að nota þær þarf vöxt sundkappa, sem ekki er öllum gefið. Nú þykir ekki nóg að eiga hvítar eða svartar nærbuxur og litirnir geta verið ótrúlegir; eiturgrænn, gulrauður eða fúksíubleikur og þær mynstruðu eru ekki aðeins með böngsum eða hjörtum því nú getur munstrið verið smáköflótt eða „vichy“ sem er miklu flottara.



Ekki má heldur gleyma sérstökum jóla G-strengjum eða boxernærbuxum sem eru ætlaðar til að gefa jólunum lit, til dæmis með sjálflýsandi mittisteygju fyrir feluleik á jólanótt. Fyrir þá sem hafa áhuga heita þessar boxerbuxur Happy! Hvað annað.

Ég keypti mér fyrir nokkru túrkisbláa sundskýlu enda töluverð not fyrir slíka flík hér við Miðjarðarhafið þar sem fólk er enn að baða sig um hávetur í 16-19 gráðum. Ég datt því inn í sérverslun með herraundirföt og var það hin fróðlegasta heimsókn.

Sjaldan eða aldrei á ævinni hef ég séð annað eins magn af alls konar nærbuxum, þær hlupu líklega á hundruðum. Litirnir óteljandi og ótrúleg efni í boði. Netefni, gegnsætt, leður, tugir g-strengja svo ekki sé minnst á bómull, lycra og fleira og fleira. Þessi búð sló öllum þeim nærfataverslunum við sem ég hef rekist á í París. Greinilegt að íbúar suðurhluta Frakklands eru ekki minna ögrandi þegar litið er á undirföt þeirra, eins og ytra byrðið gefur þegar til kynna.

*bergb75@free.fr*









# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Mikið úrval af hring- og loðtreflum, húfum og vettlingum.

Ný sending af tískuskartgripum og hárskrauti.



Erum á Facebook

SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66





JÓLA BOMBA
Boston hvað????

Laugardagur 10. des.
milli kl 13-17
(þetta eina skipti fyrir jól)

- Fatnaður, mikið á eldri konur stærðir s-3xl.
- Eyrnalokkar 500-1500.
- Klútar, slæður 500-2500.
- Hárskraut, buddur og ýmislegt smádót.
- Leggings.
- Herrapeysur.
- 1500 kr slá.
- Vandaðar flíspeysur 2500 kr.
- Jólasveininn velkominn.

Lynghals 10. v/hliðina á Heiðrúnu ÁTVR.





Fyrir ástina

Sigga & Timo
LINNETSSTÍG 2 | SIGGAOGTIMO.IS



jól.is á Vísi
sögur
uppskriftir
gjafir leikir
o.fl. o.fl.
vísir




Að sögn nærstaddra var ekki laust við að áhorfendur tækju andköf þegar fyrirsæturnar svifu inn á pallana í kjólunum.



Glansandi silfrað efnið setti jólalegan svip á sýninguna.



Í anda fyrri áratuga voru satínborðar jafnt notaðir í hár sem og bundnir utan um mitti.

# *Í anda Ritu Hayworth*

**Síðkjólar og kvöldklæðnaður Oscars de la Renta þótti vera í anda einnar helstu stjörnu fimmta áratugarins, Ritu Hayworth. Sem þýðir afburðaglæsileiki, eldrauður, silfrað og gyllt.**

Það veit yfirleitt á klassískan glamúr ef kjólar Oscars de la Renta eru væntanlegir á sviðið og áhorfendur í New York í vikunni voru þar í engu sviknir. Síðir kjólar, svartir og eldrauðir úr dramatískum satínefnum og aðrir, alsettir gylltum pallíettum og silfruðu skrauti minntu suma á afburða glæsilegan stíl bandarísku leikkonunnar og goðsagnarinnar Ritu Hayworth. Kjólarnir voru hluti af vorsýningu Oscars de la Renta. *- jma*



Við pilsin voru einnig hafðar glamúrlegar peysur í anda 6. áratugarins.



Líkt og það silfraða fór einnig dálítið fyrir gylltu skrauti á kjólunum.


# Jólafjör í Flash



Kápa
~~áður kr. 19.990~~
nú 15.990

Kápa
~~áður kr. 24.990~~
nú 19.990

Kjóll
~~áður kr. 14.990~~
nú 7.990
margir litir

Kjóll
~~áður kr. 16.990~~
nú 11.990

Mörg önnur góð tilboð

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur



# POPP

TÓNLISTARBLAÐ • 8. DESEMBER 2011

+

**ÚLFUR ÚLFUR OG PARTÍIÐ**

**JÓN JÓNSSON OG MATTI PAPI TAKA ROKKPRÓFIÐ**

**FRÁBÆRAR PLÖTUR FRÁ HLJÓMSVEITINNI ÉG OG BLACK KEYS**

# HAM

*„ÉG ER REYNDAR ÞAÐ ÁNÆGÐUR MEÐ NÝJU PLÖTUNA AÐ ÉG GÆTI SAGT STOPP, HÉR OG NÚ.“*

> „ÞAÐ ER ENGIN AFSÖKUN AÐ VERA VEIKUR Í ÞESSUM BRANSA.“
>
> SÍÐA 6

## TÓNLEIKAR

**Í kvöld:** Hljómsveitirnar Reykjavík!, MUCK og Gang Related koma fram á Gauki á Stöng. Miðaverð er aðeins 1.000 krónur og húsið er opnað klukkan níu.
**Á morgun:** Á fjórðu tónleikunum í tónleikaröðinni Undiröldunni í Kaldalónssal Hörpunnar verða það hljómsveitirnar Samaris og Mr. Silla sem stíga á svið. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.30 og aðgangur er ókeypis.
**Ekki á morgun heldur hinn:** Hljómsveitin 1860 heldur jólatónleika á Café Rosenberg klukkan 22. Hljómsveitin leikur uppáhaldsjólalögin sín í bland við frumsamið efni. Aðgangseyrir er aðeins 1.000 krónur.

**POPP** er tónlistarblað og kemur út annan hvern fimmtudag.
**Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf.
**Umsjón:** Atli Fannar Bjarkason
**Forsíðumynd:** Anton Brink
**Auglýsingar:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
*Popp, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 500*

# FÖSTUDAGURINN LANGI

*HLJÓMSVEITIN ÚLFUR ÚLFUR SENDIR FRÁ SÉR FYRSTU PLÖTUNA SÍNA Á LAUGARDAGINN. YRKISEFNI PLÖTUNNAR ER EINLÆG BLANDA AF DRYKKJU, PARTÍI, RÍÐINGUM OG ÖLLU ÞVÍ.*

„Við vorum í þessum töluðu orðum að skila plötunni í fjölföldun. Hún á að vera tilbúin á föstudaginn. Hún verður það,“ segir rapparinn Arnar Freyr Frostason úr hljómsveitinni Úlfur úlfur.

Fyrsta plata hljómsveitarinnar kemur út á laugardaginn og hefur hún hlotið nafnið Föstudagurinn langi. Hljómsveitin var stofnuð í maí á þessu ári úr rústum hljómsveitarinnar Bróðir Svartúlfs, sem vann Músíktilraunir árið 2009. „Við hættum í Bróður Svartúlfs einfaldlega vegna þess að ástríðan var horfin og við fundum hana aftur í þessari hljómsveit. Okkur langaði að gera litríkari og skemmtilegri hluti en í Bróður Svartúlfs og við fundum það í Úlfi úlfi. Það er miklu meira rapp og hipp hopp og diskó og partí núna,“ segir Arnar.

Að koma út plötu aðeins nokkrum mánuðum eftir að hljómsveitin er stofnuð hlýtur að teljast góður árangur. Arnar segir það hafa verið lítið mál að semja lög og bætir við að tíminn í Bróður Svartúlfs sé gott veganesti. „Við lærðum á bransann og það er að vinna með okkur núna eftir að við stofnuðum þessa hljómsveit. Við gátum unnið mikið hraðar,“ segir hann. Fólk hefur tekið vel í tónlist Úlfsins og hljómsveitin hefur reglulega komið fram á tónleikum undanfarnar viku. „Það gengur miklu betur en við áttum von á. Það er ótrúlegt hvað fólk er mikið til í að fá okkur til að spila. Við erum ekkert sérstaklega duglegir við að halda tónleika, en fólk er að taka vel í okkur, sem er ótrúlega skemmtilegt.“

Textar Arnars og félagar eru á íslensku. Hann segir enga sérstaka yfirlýsingu fólgna í því, heldur séu þeir einfaldlega betri í íslensku en ensku. „Ég get sagt miklu stærri hluti á íslensku heldur en nokkurn tíma á öðru tungumáli,“ segir hann. „Við erum svolítið í því, að segja býsna stóra hluti. Við erum voðalega einlægir. Við leyfum okkar að hella úr hjörtum okkar við og við. Svona milli þess sem við yrkjum um drykkju og partí. Og ríðingar og allt það.“

Arnar segir upplag plötunnar ekki stórt, en samhliða útgáfunni verður hún gefins á vefsíðunni Ulfurulfur.com. Úlfur úlfur fagnar útgáfunni á Faktorý á laugardagskvöld. Húsið opnar klukkan 22 og tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 23. *- afb*


Úlfur úlfur sendir frá sér fyrstu breiðskífuna á laugardaginn.







## ÍSLENSK / ERLEND

### ÍMYND FÍFLSINS
*HLJÓMSVEITIN ÉG* ★★★★



Þessi fjórða plata Hljómsveitarinnar Ég byggir á svipuðum grunni og fyrri verk sveitarinnar. Áhrif frá hippatónlist sjöunda áratugarins eru greinileg og hérna er samspil gítars, bassa og trommu stórgott. Annars er lágstemmt kassagítarrokk áberandi á plötunni og söngur forsprakkans Róberts Arnar Hjálmtýssonar er ekki eins hátt uppi og oft áður, sem er kostur.
Róbert Örn er hnyttinn textahöfundur og hér gagnrýnir hann meðal annars leti neyslusamfélagsins og segir flest okkar fífl og vilja sífellt láta fjölmiðla mata sig með misgáfulegu efni. Hann undanskilur sjálfan sig ekkert í þeim efnum, eins og mynd af honum sjálfum á umslaginu ber vott um. Melódísk tónlistin er þó ávallt í fyrirrúmi, grúví og töff, með Ferðalag og Hollywood-ást framarlega í flokki.

**Sem sagt:** Vel heppnuð rokkplata með skemmtilegum textum. **- fb**

### THE BLACK KEYS
*EL CAMINO* ★★★★



Dan Auerbach og Patrick Carney skipa svalasta rokkdúóið í bransanum í dag. Þeir áttu eina af bestu plötum síðasta árs, Brothers, og eru nú mættir með enn betri plötu.
The Black Keys er orðið tíu ára gamalt band og El Camino er sjöunda plata sveitarinnar. Platan Attack & Release, sem kom út árið 2008, kom The Black Keys almennilega á kortið. Það var upptökustjórinn Danger Mouse sem var á tökkunum við upptökur plötunnar og hann var kallaður aftur til starfa hér. Danger Mouse setur handbragð sitt á plötuna, skerpir á melódíunum og gerir þær hlýrri. Hann hefur einnig náð að temja tvímenningana og fengið þá til að hafa bara ellefu lög á plötunni. Helsti galli síðustu plötu var að þar máttu nokkur lög missa sín.

**Sem sagt:** Hraðsoðin og melódísk blúsrokkplata sem rúllar örugglega í gegn. **- hdm**


BÆKUR OG SPIL FÆRA FJÖLSKYLDUM YL!
tilboð gildir til 12. des.
Jólamatur Nönnu
3.990
STÓRA SAUMA BÓKIN
6.390
Hollráð Hugos
Hlustum á börnin okkar
Hugo Þórisson
2.790
VÍSINDIN
9.990
MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR
MEÐ HEIMINN Í VASANUM
3.190
Auður og gamla tréð
2.990
ESÓPS
3.190
DANS vil ég heyra
3.190
ÉG ER KLÁRASTUR
2.380
HáVamÁL
2.990
Gettu betur
SPURNINGASPILIÐ
5.520
fimbulfamb
7.900
BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18
Opið til 22.00 öll kvöld. Sími 580-5000

# VIÐ GERUM ÞAÐ SEM VIÐ GERUM

*HAM rankaði heldur betur við sér í sumar og sendi frá sér plötuna Svik, harmur og dauði. Platan hefur fengið frábæra dóma og tónleikar hljómsveitarinnar, þótt fáir séu, eru ávallt eins og í gamla daga: Troðfullir af sveittum aðdáendum.*

**Orð:** Atli Fannar Bjarkason
**Myndir:** Anton Brink



Myndatakan var þægileg og strákarnir í HAM gátu keypt sér alls konar skrýtna gosdrykki í leiðinni.
POPP/ANTON

Það merkilega er hins vegar að aðdáendurnir virðast vera á öllum aldri. Sigurjón Kjartansson, gítarleikari og söngvari HAM, hefur engar skýringar á því. „Ég vona að það sé vegna þess að við reynum að vera heilir í því sem við gerum. Það er ágætt að hugsa ekki of mikið um hvað við erum að gera. Við vitum ekkert allt of mikið hvað við erum að gera. Sem er mjög heilbrigt í allri listsköpun — vera ekki að greina hlutina of mikið. Ég held að það sé hluti af því sem er HAM. Við gerum það sem við gerum."

*Heldurðu að það geti spilað í inn í að unnendur þungarokks halda alltaf tryggð við sína tónlist?*

„Við höfum aldrei litið svo á að við séum að spila þungarokk."

*Hvað eruð þið þá að spila?*

„Ég veit það ekki. Einhvers konar kuldarokk. Við höfum aldrei reynt að greina það. Það hefur komið einhver massi og við erum mjög hrifnir af honum. Þessum hljóðmassa sem okkur tekst að búa til. Við höfum aldrei verið meðvitaðir um að við séum að búa til einhvers konar þungarokk. Þungarokkarar hafa verið mjög ásæknir í okkur og við erum mjög ánægðir með þá, enda afskaplega kærleiksríkt og yndislegt fólk."

Svik, harmur og dauði hefur selst talsvert betur en fyrri verk HAM. Spurður hvort HAM hafi búist við þessum viðtökum segir Sigurjón að þeir hafi vonast til að fá góðar viðtökur, enda sjálfir ánægðir með plötuna. „En við vorum ekki að búast við neinu sérstöku. Það var nokkuð heilbrigt viðhorf gagnvart þessari plötu. Ég hafði samt þá tilfinningu að ég yrði ekki ánægður ef hún fengi slæmar viðtökur, eins og eðli mannsins er. Hitt var mjög ánægjulegt."

*Öfugt við dómsdagsspár rétthafasamtaka og útgáfufyrirtækja, þar sem allt er á niðurleið. En þið eruð á uppleið.*

„Reyndar er tónlistarbransinn á mikilli uppleið. Það er alltaf einhver söngur í gangi. Ég sá nýlega einhverjar staðreyndir á netinu sem áttu að vera voða sorglegar fyrir tónlistarbransann. Þar voru alls konar tónlistarmenn sem ég hef ekki einu sinni heyrt minnst á að selja meira en Michael Jackson og Bítlarnir."

*Já, allir voða sorrí, en svo sýndi þetta að tónlistin rennur út.*

„Miklu meira, enda meikar það sens. Jarðarbúar eru miklu fleiri en þegar Michael Jackson var upp á sitt besta. Þannig að þessi söngur er vegna þess að þetta hefur breyst. Fólk er ekki að kaupa geisladiska, heldur niðurhal á iTunes. Svo er vöxtur í vínylplötunni."

> „OKKUR FINNST GAMAN AÐ FARA ÚT AÐ SPILA. ÞAÐ ER ÁGÆTIS TÆKIFÆRI FYRIR OKKUR FÉLAGANA AÐ HANGA SAMAN. EINS OG MIÐALDRA KERLINGAR SEM FARA SAMAN TIL DUBLIN. EÐA VERSLUNARFERÐ TIL AMSTERDAM."

HAM kom fram á Airwaves í ár og fékk meðal annars góða umsögn frá David Fricke, ritstjóra Rolling Stone. Hann hefur lengi verið einn af þekktustu tónlistarblaðamönnum heims, en hérna heima er hann þekktastur fyrir að hafa skrifað lofsamlega um tónleika hljómsveitarinnar Jakobínurínu á Airwaves.

*Ungar hljómsveitir eru oft með mikla meikdrauma þegar þær koma fram á Airwaves, hvernig var hugarfarið í HAM áður en hljómsveitin steig á svið í Hafnarhúsinu?*

„Bara að spila góða tónleika. Við pældum ekkert í hvort við værum á Airwaves eða Nasa. Ef við gefum okkur út fyrir að spila á annað borð þá gerum við það vel. Þá æfum við okkur vel og erum þéttir. Við lásum það sem Fricke skrifaði og það sem ýmsir aðrir skrifuðu. Það var voða gaman að sjá það. En við erum ekki með neina meikdrauma. Við höfum samt spilað úti, við spiluðum í Danmörku í vor. Okkur finnst gaman að fara út að spila. Það er ágætistækifæri fyrir okkur félagana að hanga saman. Eins og miðaldra kerlingar sem fara saman til Dublin. Eða verslunarferð til Amsterdam."

*Það er ekkert rugl á ykkur?*

„Nei. Okkur skortir rugl."

Sigurjón er aðallagahöfundur HAM og skráður fyrir öllum lögunum á Svik, harmi og dauða. Miðað við drungalega tónlistina á plötunni er erfitt að sjá fyrir sér fjölskylduföður í Kópavoginum sitja í húsbóndastólnum með kassagítarinn að skapa slagara á borð við Dauða hóru.

„Það er oft þannig. Oft verða lögin samt til í bílnum. Eða þegar ég er einhvers staðar að fást við eitthvað. Svo fer ég heim og glamra það á kassagítarinn og tek upp á símann. Áður tók ég upp á kassettutæki, sem er núna týnt. Því miður."

*En þú hlustar ekkert á þungarokk og neitar að þið spilið þungarokk, en samt er tónlistin svo mikið þungarokk. Maður heyrir meira að segja þekktar klisjur úr þungarokkinu í tónlistinni. Er það bara sjálfsprottið?*

„Ég hef alveg heyrt heilbrigðan skammt af þungarokki. En ég veit ekki hvað þessar hljómsveitir heita í dag. Það var einhver að segja mér að það væri heilmikið black metal í okkur, en ég hef aldrei heyrt black metal-lag. Ég hef hlustað á Slayer, AC/DC. That's it! Ég þoli ekki Metallica og er ekki úr þessum þungarokksranni. Mér finnst fyrsta platan með New Order góð, skilurðu? Ég er nýbylgjumaður í grunninn. Ég get hlustað á allt. ABBA, til dæmis. Ég læt oft ABBA á fóninn."

*Nei, er það?*

„Já. Ég var að hlusta á The Visitors, sem er síðasta ABBA-platan, um daginn."

*En HAM er búin að vera lengi til, verður HAM alltaf til?*

„Ég veit það ekki. Við tökum því rólega. Við erum alls ekki að hætta. Okkur finnst nærvera hvers annars mikilvæg með reglulegu millibili. En við erum ekki að plana næstu plötu. Ég er reyndar það ánægður með nýju plötuna að ég gæti sagt stopp, hér og nú. En við förum rólega í þetta. Engar yfirlýsingar."

**POPPSKÚRINN**
Skannaðu kóðann og sjáðu HAM flytja Ingimar, Sviksemi og fleiri slagara.





Fazer
Höndlarðu hitann?
SUOSIKIT FAVORITERNA
NEW
SOFT & FILLED
Fazer
THE ORIGINAL
TYRKISK PEBER
VOLCANO
TYRKISK PEBER VOLCANO - MJÚKAR LAKKRÍSKEILUR & ELDFJÖLL
THE ORIGINAL
TYRKISK PEBER

## POPPARAR



### KEMPUR TEKNAR INN Í FRÆGÐARHÖLLINA

Hljómsveitirnar Guns N' Roses, Red Hot Chili Peppers og Beastie Boys eru á meðal þeirra sem teknar verða inn í Frægðarhöll rokksins á næsta ári. Athöfnin fer fram í Cleveland í Bandaríkjunum á næsta ári.

Anthony Kiedis, söngvari Red Hot Chili Pepper, fékk fréttirnar þegar hljómsveit hans var á tónleikaferðalagi um Evrópu. „Ég hringdi í pabba og grét," sagði hann í viðtali við Rolling Stone. Þá sagðist hann hugsa til Hillel Slovak, fyrrverandi gítarleikara Chili Peppers sem lést árið 1988. „Hillel var fallegur maður sem hóf að spila á gítar á áttunda áratugnum en komst ekki í gegnum þann níunda. Hann verður heiðraður fyrir fegurð sína. En við elskum það sem við erum að gera í hljómsveitinni. Ég og Flea elskum hvor annan og stöndum saman í gegnum súrt og sætt."

# ROKKPRÓFIÐ



*__01.__ HEFURÐU AFLÝST TÓNLEIKUM VEGNA EYMSLA Í HÁLSI? __02.__ HLJÓMSVEITARRÚTAN BILAR Á FERÐ UM MIÐ-EVRÓPU. HVAÐ GERIR ÞÚ? __03.__ HVENÆR VARSTU SÍÐAST HANDTEKINN? __04.__ ÁTTU ÓSKILGETIN AFKVÆMI Í FLEIRI EN FIMM SÝSLUM Á ÍSLANDI? __05.__ ERTU MEÐ NAFN FYRRVERANDI ELSKHUGA HÚÐFLÚRAÐ Á ÞIG? __06.__ ALLIR EIGA LEÐURJAKKA EN ÁTT ÞÚ LEÐURBUXUR? __07.__ ERTU MEÐ NÚMERIÐ HJÁ HELGA BJÖRNS Í SÍMANUM ÞÍNUM? __08.__ MYNDIRÐU SEMJA LAG FYRIR ÍMYNDARAUGLÝSINGU NATÓ GEGN RÍFLEGRI GREIÐSLU? __09.__ Í KVIKMYND UM LÍF ÞITT, HVAÐA LEIKSTJÓRI VÆRI RÉTTI MAÐURINN Í STARFIÐ? __10.__ BJÖRN JÖRUNDUR SPLÆSIR Á BARNUM, HVAÐ FÆRÐU ÞÉR?*

**6** *STIG*



**8** *STIG*

**JÓN JÓNSSON** *TÓNLISTARMAÐUR*

**1.** Nei, ég hef aldrei gert það. Ég þrusa í mig átta töflum af raddsterum átta klukkutímum fyrir tónleika. **1**
**2.** Ég myndi fara og finna stað með ógeðslega góðri köku og segja Steina gítarleikara að redda þessu. Hann er gæi sem hefur unnið á dekkjaverkstæði og gæti fundið lausn á vandamálinu. **0**
**3.** Af lögreglunni? Það er búið að vera svo oft. Æ, nei. Ég hef bara verið tekinn fyrir of hraðan akstur. **0**
**4.** Ég hef alltaf sængað hjá sömu yndislegu stúlkunni. Í enda nóvember var ég búinn að vera með henni í níu ár, þannig að ég verð að svara þessu neitandi. **0**
**5.** Nei, en ég ætla að fá mér drekatattú yfir allt bakið milli jóla og nýárs. **1**
**6.** Ég er ógeðslega oft í svona leðurþveng. Þegar ég er heima. Það er mjög þægilegt. **1**
**7.** Já, ég er með það. Ég tók líka einu sinni óvænt gigg með honum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. **1**
**8.** Nei, ég myndi ekki gera það. Ég er ekki í þessu fyrir peningana. **1**
**9.** Francis Ford Coppola. Líf mitt er búið að vera það ógeðslega brútal. Maður hefur gengið í gegnum ýmislegt. **1**
**10.** Ég fæ mér kristal með lime svo fólk spyrji mig ekki hvort ég sé ekki að drekka. **0**

**MATTHÍAS MATTHÍASSON** *SÖNGVARI PAPANNA*

**1.** Nei, aldrei. Ég hef verið með 42 stiga hita uppi á sviði. Það er engin afsökun að vera veikur í þessum bransa. **1**
**2.** Ég hef lent í þvílíkri rútuferð þar sem allt brotnaði undan rútunni. Þá var reddað sér í næsta sveitarfélag og hringt í einkaflugvél. **1**
**3.** Það er ekkert svo langt síðan. Það var bara of hraður akstur. **0**
**4.** Ég lenti í kjaftasögu með þetta, sem var algjörlega röng, en kjaftasagan kom. **1**
**5.** Nei, þó maður sé rokkari þá er maður ekki vitlaus. **1**
**6.** Já, ég nota þær ekki reglulega, en þegar þarf að rokka aðeins þá fer maður í þær. **1**
**7.** Nei, ekki Helga Björns. En ég er með númerið hjá Eika Hauks. **1**
**8.** Já, pottþétt. **0**
**9.** Ég ætla að vera smá blaðra og segja Baltasar Kormákur. Hún yrði gerð á Íslandi. Ég er ennþá bara íslenskur. **1**
**10.** Úff, hann hefur svo oft splæst á mig á barnum. Síðast var það líklega bjór. **1**






Svik, harmur og dauði er frábær plata og nú getur þú bætt henni í safnið.

# DREYMIR ÞIG SVIK, HARM OG DAUÐA?




HAM sendi frá sér plötuna Svik, harmur og dauði fyrr á þessu ári. Platan hefur fengið frábæra dóma, sem segir okkur að ef þú átt hana ekki nú þegar, þá dreymir þig um að eignast hana.

Mögulega ertu búin(n) að eyða öllum peningunum þínum í jólagjafir. Þú þarft þó ekki að óttast, því Popp hyggst gefa nokkrum lesendum plötuna í næstu viku. Til þess að eiga möguleika á því að eignast gripinn þarftu að fara inn á Facebook, finna Popp og smella á „like". Punktur. Þú þarft hvorki að deila né kvitta.




H U G O  B O S S

K O N U R  M E N N  K R I N G L U N N I  5 3 3  4 2 4 2



# FIMM BESTU

*LÖGIN SEM STAPPA Í MANN STÁLINU Í SKAMMDEGINU*

***BÓAS HALLGRÍMSSON***

*SÖNGVARI REYKJAVÍKUR!*

**HOLD ON - TOM WAITS**

**1** Gullfallegt lag eftir gullfallegan mann og ekki spillir textinn fyrir. Það er svo hughreystandi að hlusta á mann sem hefur ýmsa fjöruna sopið hvetja mann til þess að þrauka. Rödd hans er svo vön, ef svo mætti að orði komast. Þetta er eins og að fá hughreystingu og ráðleggingar frá gömlum ref sem veit hvað hann syngur. Alger eðall!

**DON´T GIVE UP - PETER GABRIEL OG KATE BUSH**

**2** Ég held ég hafi verið fimm ára þegar þetta kom út og ég man eftir því að syngja hástöfum með. Mamma var alltaf svo hrifin af Kate Bush svo að þetta lag ómaði mikið heima fyrir. Það virkaði þegar maður kom heim með blóðnasir og hruflað hné að láta þetta stappa í mann stálinu og fjandakornið ef það gerir það ekki enn.

**I WON´T BACK DOWN - JOHNNY CASH (E. TOM PETTY)**

**3** Í þessum flutningi hljómar þetta lag eins og heilræði frá einhverjum sem einfaldlega veit betur en ég. Það er alltaf hughreystandi þegar einhver veit betur en ég og hvetur mig til þess að leggja ekki árar í bát. Aldrei, jafnvel standandi frammi fyrir hliði vítis.

**THREE LITTLE BIRDS - BOB MARLEY**

**4** Ókey, þetta er svolítið fyrirsjáanlegt. En ég hef það mér til málsbótar að ég hafði enga þolinmæði eða umburðarlyndi fyrir Bob Marley sem táningur. En þetta lag inniheldur svo ótrúlega einföld og góð skilaboð. Þetta verður allt í lagi! Svolítið svona íslenskt hugarfar sem á ágætlega við stundum ...

**GO - SPARKLEHORSE OG FLAMING LIPS (E. DANIEL JOHNSTON)**

**5** Uppáhaldslagið mitt þessa dagana. Stórkostlegt lag í alla staði. Kannski ekki alveg besta lagið í þessum flokki laga, en samt jú. Þetta er hughreystandi og yndislegt. Ef einhver lesandi blaðsins hefur ekki hlustað á þetta stórkostlega lag þá ætti sá hinn sami að gera það hið snarasta. Go, go, go, you restless soul, you´re going to find it!

# PALLI OG MUGISON TAKA FLUGIÐ

Páll Óskar og Mugison eru í sérflokki á Tónlistanum, sem birtist í Fréttablaðinu í dag. Páll Óskar er á toppi listans með plötu sína, Páll Óskar og Sinfó, og Mugison fylgir fast á eftir með plötuna Haglél. Báðir seldu þeir fleiri en þúsund plötur í síðustu viku, en engin plata hefur náð þeim árangri á þessu ári.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku sat Mugison í toppsæti Tónlistans í á þriðja mánuð. Plata hans rýkur út: 13 þúsund eintök eru seld og 4.000 í viðbót hafa verið send í verslanir. Þá hafa 7.000 eintök verið útbúin í viðbót. „Ég samgleðst Mugison," sagði Páll Óskar við það tilefni. „Ég hef verið á sama stað og hann, verið sjálfstæður plötuútgefandi að gefa út og dreifa sjálfur ásamt því að líma saman plötuumslög. Þessi plata frá Mugison er fyrsta platan hans á íslensku. Það er því engu líkara en að allar hinar plöturnar hafi verið upphitun fyrir þessa. Plöturnar á ensku voru bara að spenna bogann fyrir þessa og ekki seldust þær illa."



Mugison og Páll Óskar eru í sérflokki hvað varðar plötusölu.


Fugl og fiskur - og allt þar á milli

IÐA




kr. 5.490

kr. 6.490




kr. 2.990







kr. 4.290




kr. 4.690

kr. 11.990




kr. 4.290




kr. 3.690




kr. 3.690

Ný sending af erlendum bókum!

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga til 22


Katy skartar oftar en ekki hárkollum í skærum litum. Blái liturinn er sérstaklega vinsæll.


Nýjasti háraliturinn er fölbleikur en þessi mynd var tekin 3. desember síðastliðinn.


Bleiki liturinn tók við í ágúst 2011.


Dökkhærð fegurðardís í febrúar á þessu ári.

Emmanuel Frimpong, miðjumaður hjá Arsenal, og breski rapparinn Lethal Bizzle hafa sent frá sér tískulínu sem er innblásin af bresku leikkonunni og goðsögninni Judi Dench. Fyrsti DENCH-bolurinn kom á markað í ágúst og þegar hafa selst yfir 10.000 stykki. Þeir félagar hafa einnig hannað hettupeysur, húfur og skyrtur með myndum af frúnni.



www.guardian.co.uk

# Óhrædd við breytingar


Ljóshærð í lok júlí 2011.

**Söngkonunni Katy Perry skaut upp á stjörnuhimininn árið 2008 með lagi sínu „I Kissed a Girl“. Hún hefur vakið athygli fyrir líflega sviðsframkomu en ekki síst fyrir fjölbreytta hárgreiðslu. Á þessu ári hefur Katy breytt um háralit í fjölmörg skipti eins og sést á myndunum.**


Bleik skvísa í nóvember 2011.


Svarti háraliturinn var ríkjandi í upphafi ferils Katy. Þessi mynd var tekin í maí á þessu ári.





ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Jólagladningur í Ilse Jacobsen

Garðatorgi, Garðabæ föstudaginn 9. des. kl. 13-21

Hársnyrting, tónlist, ilmvötn og veitingar
- Frítt fyrir viðskiptavini dagsins meðan tímar endast: Ráðgjöf, klipping og greiðsla á staðnum hjá hinum landskunna hárgreiðslumeistara Bödda, sem kominn er sérstaklega frá Svíþjóð í einn dag
- Ragnheiður Gröndal flytur lög síðdegis af nýju plötunni *Astrocat Lullaby*
- Kynning á nýja Gucci Guilty ilminum
- 20% afsláttur af öllum vörum föstudag 9. des. og laugardag 10. des.
- Jólaveitingar




Garðatorgi - Garðabæ

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** horfðu, **6.** bardagi, **8.** sjór, **9.** klastur, **11.** íþróttafélag, **12.** raup, **14.** aurasál, **16.** umhverfis, **17.** ról, **18.** fum, **20.** bókstafur, **21.** slepja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** strit, **3.** óhreinindi, **4.** skerðing, **5.** dýrahljóð, **7.** merkjamál, **10.** bar, **13.** kvk nafn, **15.** halli, **16.** þakbrún, **19.** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** litu, **6.** at, **8.** mar, **9.** kák, **11.** kr, **12.** skrum, **14.** nánös, **16.** um, **17.** ark, **18.** fát, **20.** ká, **21.** slím.

**LÓÐRÉTT: 1.** baks, **3.** im, **4.** takmörk, **5.** urr, **7.** táknmál, **10.** krá, **13.** una, **15.** skái, **16.** ufs, **19.** tí.


Skipulagsstofnun

**Vestfjarðavegur (60) milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, Reykhólahreppi og Vesturbyggð**

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum
Skipulagsstofnun hefur gefið út álit sitt um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Stofnunin telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra vegaframkvæmda verði áhrif á landslag og sjónræn áhrif og þá einkum vegna veglagningar um Litlanes og þverunar Kjálkafjarðar og Mjóafjarðar. Fyrirhugaðar þveranir munu verða mjög áberandi mannvirki og skipta upp landslagsheildum fjarðanna. Þá er ljóst að þveranirnar eru á svæði sem nýtur verndar samkvæmt sérlögum um vernd Breiðafjarðar, m.a. vegna landslags, en einnig fjörur og leirur, og að mati Skipulagsstofnunar munu fyrirhuguð mannvirki rýra gildi svæðisins. Rými til veglagningar á Litlanesi er takmarkað og ljóst er að við slíkar aðstæður kallar umfangsmikill vegur eins og Vegagerðin fyrirhugar, á verulegar fyllingar og skeringar og telur Skipulagsstofnun að áhrif á landslag nessins verði verulega neikvæð, burtséð frá því hvort um er að ræða veglínu A eða B.

Skipulagsstofnun telur að lagning vegar samkvæmt veglínu A geti valdið truflun yfir varptíma arna og leitt til þess að varp misfarist og ítrekaðar truflanir leitt til langvinns misbrests. Misfarist arnarvarp um áraraðir vegna truflunar verði áhrif vegagerðar um viðkomandi vegarkafla verulega neikvæð og hætta sé á að þau verði varanleg. Verði vegurinn hins vegar lagður eftir núverandi vegi á áðurnefndum kafla (veglína B) telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif umferðar á arnarvarp verði áþekk því sem nú sé og því megi gera ráð fyrir að varp þar haldi áfram að framkvæmdum loknum.

Til þess að koma í veg fyrir að hávaði frá vegavinnuframkvæmdum styggi erni frá varpi telur Skipulagsstofnunr að í framkvæmdaleyfi þurfi að setja skilyrði um að vinna við vegaframkvæmdir verði bönnuð nærri virkum varpstöðum arna á þeim tíma sem varp stendur yfir. Þá þurfi Vegagerðin að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um endanlega staðsetningu vegstæðis í námunda við varpstaði arna og tilhögun vegavinnu þar m.a. með hliðsjón af 19. grein laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994).


# Mikið er gaman að lifa

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Sex ára drengur sat í kirkju á sunnudag. Söngvar aðventunnar og jólaundirbúnings seytluðu inn í vitund hans. Og minnið brást honum ekki, textarnir frá því í fyrra komu úr sálargeymslunni og hann söng með. Barnakórarnir heilluðu líka alla í kirkjunni. Augu drengsins ljómuðu þegar hann sneri sér að mömmu sinni og sagði með barnslegri einlægni: „Mikið er gaman að lifa.“

**AÐVENTAN** er komin. Þessi tími sem er „bæði og“ en líka „hvorki né“. Aðventan er samsettur tími, sem krefst ákvörðunar um forgang og mikilvægi. Álagið getur verið mikið og margt, sem þarf að framkvæma fyrir jólin. Kröfur, sem fólk gerir til sjálfs sín og sinna á þessum tíma, geta verið miklar og úr hófi. Áður en þú drukknar í verkum máttu gjarnan staldra við og spyrja: „Til hvers? Má ekki sumt af þessu bíða? Er ekki allt í lagi að fresta því, sem er ekki alveg aðkallandi?“ Á aðventu er ráð að muna eftir tvennunni: Að vera eða gera. Hvort er mikilvægara að lifa eða strita, klára verk eða njóta lífs, upplifa eða puða? Við prestar heyrum oft fólk tala um við ævilok, að dótið og eignirnar hafi ekki fært því djúptæka lífshamingju. Dýrmæti lífsins sé fólkið þeirra, maki, börn, barnabörn, vinir og samskiptin við það. Getur verið að á aðventu sé mikilvægast að vera með sjálfum sér og fólkinu sínu og vænta hins guðlega?

**VEISTU** hvað aðventa þýðir? Orðið er komið af latneska orðinu adventus. Það merkir koma, að eitthvað kemur. Við, menn, megum leyfa okkur að hlakka til og vona. Það er einn af undraþáttum lífsins, að í læstum aðstæðum getum við unnið að því að mál leysist og að lausnin komi. Í aðkrepptum aðstæðum megum við vona að úr rætist, að inn í myrkar aðstæður nái ljós að skína.

**AÐVENTAN** þarf ekki að vera puðtími heldur getur hún verið tími hins innri manns. Aðventan má vera tími eftirvæntingar þess að lífið verði undursamlegt. Boðskapur jólanna er um þá dásemd að allt verður gott. Og á aðventunni megum við undirbúa innri mann, skúra út hið óþarfa og vænta komu hins fagnaðarríka. Aðventan er góður tími til að núllstilla lífið til að við getum tekið við undri lífsins, að hið guðlega verði. Og við getum sagt við fólkið okkar, sem við elskum: „Mikið er gaman að lifa.“

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

VAR AÐ LENDA



**4GB MINNISLYKILL**

Örsmár og nettur USB 2.0 minnislykill á ótrúlegu tilboði, fyrstir koma fyrstir fá!

**1.490**

8GB 2.990 • 16GB 4.990

FLOTT GJAFA SETT



**BLING MÚS OG PENNI**

Glæsileg Diamente skreitt Bling mús og flottur penni í stíl frá Satzuma

**3.490**

SMELLPASSAR Í JÓLAPAKKANN

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST




**27" LCD SKJÁR**

Glæsilegur BENQ G2750 FULL HD 1080P LCD skjár á ótrúlegu tilboðsverði í desember

**49.900**

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 27" LCD

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is

! **LAUGARDAGINN** 10. desember verður bein útsending frá Norræna húsinu vegna afhendingar Bókmenntaverðlauna Nóbels. Sænski rithöfundurinn Tomas Tranströmer er viðtakandi verðlaunanna í ár. Dagskráin í Norræna húsinu hefst klukkan hálffjögur.

## „Net til að veiða vindinn“ framlengd

Sýning Rúnu (Sigrúnar Guðjónsdóttur) „Net til að veiða vindinn“ verður framlengd til sunnudagsins 11. desember vegna mikillar aðsóknar. Listamaðurinn hefur verið viðstödd sýninguna og gefið leiðsögn. Rúna sýnir pastelmyndir á japönskum pappír og myndir unnar með blandaðri tækni, sem eru allar unnar á síðustu tveimur árum. Rúna tók fyrst þátt í myndlistarsýningu árið 1951, fyrir 60 árum, og hefur unnið að list sinni stöðugt síðan. Lengst af vann hún og hélt sýningar í félagi við eiginmann sinn Gest Þorgrímsson, myndhöggvara og keramiker, sem lést fyrir átta árum. Sýningin, sem er í sal Íslenskrar grafíkur, er opin fimmtudaga til sunnudaga frá 14-18. Aðgangur er ókeypis.




**SKÓLINN KVADDUR** Dimmissjón er fastur liður í mörgum framhaldsskólum. Hér má sjá MR-inga dimmittera síðastliðið vor.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Busavígslur og dimmissjón frá fræðilegu sjónarmiði

**Cilia Úlfsdóttir rannsakar siði í framhaldsskólum í meistaranámi sínu í þjóðfræði. Í tengslum við rannsókn hennar hefur Þjóðminjasafnsins hafið söfnun heimilda um siði í mennta- og framhaldsskólum fyrr og nú.**



**CILIA ÚLFSDÓTTIR** Hvetur núverandi og fyrrverandi framhaldsskólanema til að taka þátt í þjóðháttakönnun um framhaldsskólasiði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég skrifaði BA-ritgerð um framhaldsskólasiði og tók þá Menntaskólann í Reykjavík sérstaklega fyrir. Mig langaði svo til þess að halda áfram með efnið og rannaka það betur,“ segir Cilia Úlfsdóttir, sem vinnur að rannsóknum á framhaldsskólasiðum í meistaranámi sínu í þjóðfræði. „Ég ætla að leggja áherslu á það hvernig siðir verða til og gera svokallaða tilviksrannsókn á Borgarholtsskóla. Meðal annars vegna þess að til er viðtal frá árinu 2001, þegar skólinn var nýr, þar sem kemur fram að engir siðir séu í skólanum. Í dag eru vitanlega siðir orðnir til í þessum framhaldsskóla.“

Cilia ætlar þó líka að víkja að framhaldsskólasiðum í fleiri skólum og í tengslum við ritgerð hennar hefur Þjóðminjasafn hafið söfnun heimilda um siði í mennta- og framhaldsskólum fyrr og nú. Cilia segir að þegar rætt sé um framhaldsskólasiði sé til að mynda átt við siði eins og busavígslu, dimmissjón, íþróttahátíðir, keppnir ýmiss konar og jafnvel borðamenningu eins og hún gerist í MH.

En hvaða koma þessir siðir? „Sumir eiga rætur sínar að rekja til Kaupmannahafnar og eru upphaflega háskólasiðir eða innvígslusiðir í iðngreinar. Þeir fluttust síðan hingað með Íslendingum sem fóru utan til náms,“ segir Cilia.

Busavígslur og dimmissjón eru siðir sem eru töluvert áberandi hér á landi og tíðkast í öllum framhaldsskólum. Cilia segir það ekki einsdæmi, hátíðarhöld norskra stúdentsefna setji til að mynda mikinn svip á norskt samfélag í maí.

Lítið hefur verið skrifað um framhaldsskólasiði hér á landi til þessa og segir Cilia áhugavert að bæta úr því. „Það er aldrei að vita nema ég haldi áfram að rannsaka þessar hefðir eftir að meistaraverkefninu lýkur. Ég vona sannarlega að sem flestir taki þátt í söfnun Þjóðminjasafnsins og byggi þannig upp gagnagrunn sem hægt verði að nýta til frekari rannsókna.“

sigridur@frettabladid.is

## HVERNIG VAR SÆTASKIPAN HÁTTAÐ?

Meistaraverkefni Ciliu Úlfsdóttur um siði í framhaldsskólum tengist þjóðháttasöfnun Þjóðminjasafns, sem stendur um þessar mundir fyrir söfnun heimilda um siði og venjur í framhalds- og menntaskólum fyrr og nú. Tilgangurinn með söfnuninni er að kynnast þeirri menningu sem ríkti meðal nemenda frá um 1940-1950 til dagsins í dag. Vonast er til þess að sem flestir taki þátt í þjóðháttasöfnuninni. Spurningarnar falla í nokkra flokka, en sem dæmi má nefna að í flokknum hversdagslíf er spurt hvort ákveðin sætaskipan hafi verið í kennslustofum, í matsal eða öðrum svæðum innan skólans og eftir hverju það hafi farið. Og hvað hafi verið gert í frímínútum, hádegishléi eða í beinu framhaldi af kennslu.

Allar nánari upplýsingar um söfnunina eru veittar í síma 530 2273 og enn fremur er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið agust@thjodminjasafn.is.

Hægt er að sækja spurningaskrána á heimasíðu Þjóðminjasafns Íslands eða á slóðina *http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/thjodhattasafn/rannsoknir/spurningalistar/nr/3269.*



**TOLLERAÐ Í MR** Busavígsla í Menntaskólanum í Reykjavík 7. október 1921. Verið er að tollera Pál Helgason, síðar tæknifræðing.
MYND/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS.


METSÖLULISTI EYMUNDSSON
30.11.11 - 06.12.11




„Arnaldur kann þá list að vefa glæpasögu ... Staðsetning sögunnar í tíma er snilldarlega unnin ... Spennandi og heilsteypt saga ...“
Friðrika Benónýs / Fréttablaðið

1 **Einvígið** - Arnaldur Indriðason
2 **Brakið** - Yrsa Sigurðardóttir
3 **Holl ráð Hugos** - Hugo Þórisson
4 **Gamlinginn sem skreið út um gluggann** - Jonas Jonasson
5 **Húshjálpin - kilja** - Kathryn Stockett
6 **Sómamenn og fleira fólk** - Bragi Kristjónsson
7 **Hjarta mannsins** - Jón Kalman Stefánsson
8 **Málverkið** - Ólafur Jóhann Ólafsson
9 **Stóra bókin um villibráð** - Úlfar Finnbjörnsson
10 **Jójó** - Steinunn Sigurðardóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT
Eymundsson Bóksali frá 1872

# LÆKKAÐ VERÐ Á HÖRÐUM DISKUM

**Sértilboð á hörðum diskum með öllum sjónvarpsflökkurum til jóla.**
**1TB á kr. 15.000 og 2TB á kr. 20.000 !**




**UNITED SJÓNVARPSFLAKKARI**

**United HD MMP 9590 MKV**
Háskerpu H.264 margmiðlunarspilari sem spilar MKV skrár. Hægt að spila beint af minniskortum og minnislyklum. Fullkomin fjarstýring og HDMI kapall fylgir.

**14.990**
MEÐ 1TB DISK **29.990**
MEÐ 2TB DISK **34.990**



**A.C.Ryan SJÓNVARPSFLAKKARI**

**AC Ryan Playon!HD**
H.264 Full HD sjónvarpsflakkari sem er nettengjanlegur. Spilar MKV skrár. Hægt að tengja við BitTorrent og hlaða efni á harða diskinn. Miklir tengimöguleikar.

**24.990**
MEÐ 1TB DISK **39.990**
MEÐ 2TB DISK **44.990**



**TViX SJÓNVARPSFLAKKARI**

**TViX S-1**
Fullkomnasti Full HD spilarinn okkar. Hæsti gæðaflokkur. LAN, HDMI, Component og Optical tengi og CoverArt flettiviðmót. Þægilegur í notkun og hljóðlátur.

**34.990**
MEÐ 1TB DISK **49.990**
MEÐ 2TB DISK **54.990**



**16.990**

**WD FLAKKARI**

**WD Elements 1TB**
Hljóðlátur 1 TB WD Green Power flakkari með USB 2.0.




**2TB**
**19.990**

**HITACHI FLAKKARI**

**HITACHI Touro 2TB**
Traustur og skemmtilega hannaður flakkari með USB 2.0 á ótrúlegu verði.

**WD Green 1TB SATA3 64MB GreenPower**
**19.990**



**WD Green 2TB SATA3 64MB GreenPower**
**24.990**

## OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA






tl.is

**TÖLVU LISTINN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |




# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is



**Heimsljós** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mán 26.12. Kl. 19:30 Frums. U | Sun 15.1. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Sun 5.2. Kl. 19:30 13. sýn. Ö |
| Mið 28.12. Kl. 19:30 2. sýn. U | Lau 21.1. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 18.2. Kl. 19:30 14. sýn. |
| Fim 29.12. Kl. 19:30 3. sýn. U | Sun 22.1. Kl. 19:30 9. sýn. Ö | Sun 19.2. Kl. 19:30 15. sýn. |
| Lau 7.1. Kl. 19:30 4. sýn. Ö | Lau 28.1. Kl. 19:30 10. sýn. Ö | Lau 25.2. Kl. 19:30 16. sýn. |
| Sun 8.1. Kl. 19:30 5. sýn. U | Sun 29.1. Kl. 19:30 11. sýn. Ö | Sun 26.2. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Lau 14.1. Kl. 19:30 6. sýn. U | Lau 4.2. Kl. 19:30 12. sýn. | |



**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 9.12. Kl. 19:30 30. sýn. Ö | Fim 12.1. Kl. 19:30 34. sýn. | Lau 21.1. Kl. 19:30 38. sýn. |
| Fim 10.12. Kl. 19:30 31. sýn. Ö | Fös 13.1. Kl. 19:30 35. sýn. | Fös 27.1. Kl. 19:30 39. sýn. |
| Lau 7.1. Kl. 19:30 32. sýn. | Fim 19.1. Kl. 19:30 36. sýn. | Lau 28.1. Kl. 19:30 40. sýn. |
| Sun 8.1. Kl. 19:30 33. sýn. | Fös 20.1. Kl. 19:30 37. sýn. | Sun 29.1. Kl. 19:30 41. sýn. |



**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 10.12. Kl. 19:30 13. sýn. | Fös 30.12. Kl. 19:30 15. sýn. | Fös 6.1. Kl. 19:30 17. sýn. |
| Sun 11.12. Kl. 19:30 14. sýn. Ö | Fim 5.1. Kl. 19:30 16. sýn. | |



**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 10.12. Kl. 11:00 Ö | Sun 11.12. Kl. 13:00 U | Lau 17.12. Kl. 14:30 Ö |
| Lau 10.12. Kl. 13:00 Ö | Sun 11.12. Kl. 14:30 Ö | Sun 18.12. Kl. 11:00 Ö |
| Lau 10.12. Kl. 14:30 Ö | Lau 17.12. Kl. 11:00 Ö | Sun 18.12. Kl. 13:00 Ö |
| Sun 11.12. Kl. 11:00 U | Lau 17.12. Kl. 13:00 Ö | Sun 18.12. Kl. 14:30 Ö |



**Litla skrímslið og stóra skrímslið í leikhúsinu** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 28.12. Kl. 13:30 Frums. U | Fös 30.12. Kl. 13:30 4. sýn. | Sun 8.1. Kl. 15:00 7. sýn. |
| Fim 29.12. Kl. 13:30 2. sýn. | Fös 30.12. Kl. 15:00 5. sýn. | |
| Fim 29.12. Kl. 15:00 3. sýn. | Sun 8.1. Kl. 13:30 6. sýn. | |



**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 10.12. Kl. 22:00 | | |



**On Misunderstanding** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 28.12. Kl. 19:30 Frums. | Fim 29.12. Kl. 19:30 2. sýn. | Fös 30.12. Kl. 19:30 3. sýn. |

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 551 1200




ELÍN HALLDÓRSDÓTTIR Elín á æfingu félaga úr Kammerkór Reykjavíkur sem koma fram á tónleikunum í kvöld. Gospeltónlist verður áberandi á efnisskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gleði, gospel og friðarjól

**Um 150 flytjendur koma fram á jólatónleikum Gleði- og friðarjól sem haldnir verða í Hallgrímskirkju í kvöld. Magnús Eiríksson verður sérstakur heiðursgestur og rennur allur ágóði til Rauða kross Íslands og Fjölskylduhjálparinnar.**

Fjórir kórar og fjöldi einsöngvara koma fram á sérstökum hátíðartónleikum í Hallgrímskirkju í kvöld. Auk hljóðfæraleikara verða flytjendur alls um 150. Söngvaskáldið Magnús Eiríksson verður sérstakur heiðursgestur og syngja kórarnir nokkur lög eftir hann.

Elín Halldórsdóttir óperusöngkona hefur veg og vanda að skipulagningu tónleikanna, en allur ágóði rennur til Rauða kross Íslands og Fjölskylduhjálpar Íslands. Hún hefur áður komið að skipulagningu stórra óperuuppfærslna, gospelhátíða og jólatónleika hér á landi og í Þýskalandi. „Þá hef ég ávallt verið í samstarfi við aðra en þetta er í fyrsta sinn sem ég skipulegg svona stóran viðburð upp á eigin spýtur," segir hún.

Um tilurð tónleikanna segir Elín hugmyndina einfaldlega hafa skotið upp í kollinum á sér og hún ákveðið að láta vaða. „Það er nánast eins og það hafi legið fyrir mér að halda þessa tónleika."

Elín segir það ekki hafa verið vandamál að fá alla þessa flytjendur til að gefa vinnu sína. „Ég tengist öllum hópunum með einum eða öðrum hætti og allir voru reiðubúnir að leggja svona góðu málefni lið."

Yfirskrift tónleikanna vísar í titil á lagi eftir heiðursgestinn, Magnús Eiríksson, sem Elín kveðst hafa hlustað á lengi. „Það var samt hálfgerð tilviljun að ég leitaði til hans," segir hún. „Ég spurði Magga hvort hann lumaði ekki á góðu og ljúfu jólalagi og hann stakk upp á Gleði- og friðarjól, sem smellpassaði við það sem ég lagði upp með og var tilvalin yfirskrift."

Það er mikill popp- og gospelbragur á tónleikunum; auk Magga Eiríks má finna á efnisskránni lög eftir Michael Jackson, Black Eyed Peas og Beyoncé Knowles í bland við hátíðlegri verk.

„Ég komst í kynni við gospeltónlistina í Þýskalandi," segir Elín. „Mér finnst vanta meiri slíka tónlist í íslenskar kirkjur, það fylgir henni svo mikil gleði. Ég er sjálf trúuð, hef mína einlægu barnatrú, og vil að fólk komi í kirkju og njóti góðrar tónlistar; finni hvað það er gott að komast í guðshús."

Tónleikarnir í Hallgrímskirkju hefjast klukkan 20 í kvöld. Aðgangseyrir er þrjú þúsund krónur.

### FLYTJENDUR Á GLEÐI- OG FRIÐARJÓLUM

Tríóið Femmes Fatales
Poppkórinn Vocal Project,
Valkyrjunar – kvennakór Breiðholts
Barnakór Háteigsskóla
Félagar úr Kammerkór Reykjavíkur
Rappararnir Ástþór Óðinn og Ká Eff Be
Magnús Eiríksson.

# Af ævi glaðlyndrar skáldkonu

Bækur ★★★★

**Úr þagnarhyl – Ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur**
Þorleifur Hauksson

**Mál og menning**




Titilinn á ævisögu Vilborgar Dagbjartsdóttur má rekja til þess að Vilborg var þögult barn. Þegar hún lærði að lesa kunni hún stafina áður en hún vildi segja þá upphátt og skýrir það svo: „Það bjó í mér einhver þagnarhylur sem allt fór ofan í." (44)

Af sögunni sést að síðan Vilborg komst af barnsaldri hefur hún hreint ekki verið í erfiðleikum með að tjá sig. Þvert á móti hefur hún alla tíð verið með munninn fyrir neðan nefið og sjaldan látið nokkurn eiga inni hjá sér. Hún braust til mennta og sigldi til útlanda til að mennta sig enn frekar, varð einstæð útivinnandi móðir en um leið frumkvöðull í kennslu og vann alla tíð eins og berserkur, trú og trygg sínum hugsjónum, sem meira að segja urðu til þess að hún var rekin úr starfi. Síðar giftist hún Þorgeiri Þorgeirsyni, sem alla tíð var umdeildur listamaður og sjaldan nokkur lognmolla í kringum hann.

Vilborgu hrjáir ekki skortur á sjálfstrausti og hún tíundar vandlega kosti sína, karlhylli, dugnað og afrek, jafnhliða því sem kannski hefði mátt betur fara í hennar lífi. Þetta hefur mikinn hreinskilnisjarma, sem ekki er hægt annað en að heillast af. Það er líka falleg hreinskilni að Vilborg, einn af frumkvöðlum Rauðsokkahreyfingarinnar, viðurkennir að ekki hafi jöfn verkaskipting verið á hennar heimili (og það skín raunar í gegnum allan síðari hluta bókarinnar) en hún hafi engu að síður viljað leggja baráttunni lið vegna yngri kvenna og barna þeirra.

Allir sem hafa lesið ljóð Vilborgar vita að harmur unglingsáranna hefur verið sem leiðarstef í skáldskap hennar í gegnum tíðina. Fimmtán ára gömul hafði Vilborg misst sex systkini og var í kjölfarið rekin úr skóla (vegna berklahræðslu skólayfirvalda) og send til vandalausra án þess að nokkuð væri útskýrt fyrir henni eða hún fengi aðstoð vegna þessara ömurlegu atburða.

Erfiðleikarnir eru tíundaðir í bókinni, en þó er meira um skemmtifrásagnir og stuð. Vilborg hefur lifað viðburðaríku lífi og mjög fljótlega eftir að hún fór að heiman komst hún í kynni við fólk sem þá þegar (eða í það minnsta síðar) varð þjóðþekkt, einkum listamenn. Mörg hundruð manns eru nefndir í bókinni, skautað yfir suma en sagðar ítarlegar sögur af öðrum, eins og gengur. Þetta er fróðlegt bæði og skemmtilegt og þau Þorvaldur og Vilborg hafa sérlega næmt auga fyrir hinu spaugilega.

Þorleifur Hauksson leysir verkefni sitt vel af hendi. Á köflum er svolítill talmálsbragur á textanum, setningarnar stuttar og höggnar, en það kemur lítið að sök. Upplýsandi myndum er dreift um bókina en ekki safnað á sérstakar myndasíður, sem er mikill kostur. Líka eru víða textar sem ekki eru felldir inn í meginmál, heldur standa utan þess og bæta góðu við söguna. Þetta eru ljóð Vilborgar, dómar um verk hennar og umsagnir samferðamanna.

Vilborg Dagbjartsdóttir er sérstök manneskja og hefur bersýnilega alla tíð lagt mikið upp úr því að vera kát og glöð og láta á engu bera, vera dugleg og halda áfram, hvað sem á dynur. Af bókinni er vel sýnilegt að hún hefur fengið ofurskammta af erfiðleikum að glíma við – en líka mikið af skemmtilegheitum, sem þau Þorvaldur miðla lesendum af kostgæfni.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Bráðskemmtileg saga merkilegs ljóðskálds og baráttukonu.







# HELLUR

Hellur eru margnota glerbakkar framleiddir í glerverksmiðu Samverks á Hellu. Þá má nota sem skurðarbretti, hitaplatta og glasabakka eða sem disk undir kökur, sushi eða kerti. Hellurnar eru framleiddar úr afgangsgleri sem fellur til við aðra vinnslu og eru lakkaðar. Þær eru mjög umhverfisvænar.

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

Glerverksmiðjan Samverk ehf - Eyjasandi 2, 850 Hella - Víkurhvarfi 6, 203 Kópavogi
sími: 488-9000 - www.samverk.is - samverk@samverk.is




Discovery Channel er fáanleg í 2 FJÖLVARP ALLT 2 FJÖLVARP FRÆÐSLA 2 FJÖLVARP TOPPUR 2 FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

# Fersk sýn á Jón forseta




Allt frá andláti Jóns Sigurðssonar árið 1879 hafa landsmenn hagnýtt sér minningu hans með fjölbreyttum hætti: t.a.m. með sögusýningum, hátíðarhöldum, minnismerkjum, kveðskap, bókaútgáfu, minjagripum, myndverkum og pólitískum deilum. Bókin dregur fram og skýrir á hvern hátt opinberir aðilar, félagasamtök, fjölmiðlar, stjórnmálamenn, fyrirtæki og almenningur hafa gert sér mat úr táknmynd Jóns.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

*Sögufélag óskar Páli Björnssyni til hamingju með tilnefninguna.*

SÖGUFÉLAG
1902

Sögufélag
Fischersundi 3
101 Reykjavík
S: 551 4620
sogufelag@sogufelag.is
www.sogufelag.is

## Átök í árdaga verkalýðshreyfingar

Sigurður Pétursson sagnfræðingur heldur svonefndan Dagsbrúnarfyrirlestur í Reykjavíkurakademíunni í hádeginu í dag. Fyrirlesturinn mun fjalla um þá umbyltingu viðhorfa og aðstæðna sem fylgdu í kjölfar nýrra þjóðfélagsaðstæðna um aldamótin 1900.



SIGURÐUR PÉTURSSON

Fyrr á þessu ári kom út fyrsta bindi sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum eftir Sigurð. Bókin nefnist Vindur í seglum og nær til tímabilsins 1890-1930. Hún segir frá þeim breytingum sem áttu sér stað í atvinnuháttum, búsetu og félagsmálum á Vestfjörðum í kjölfar nýrra verslunarhátta, þéttbýlismyndunar og skútuútgerðar. Þá voru verkalýðsfélög stofnuð til að bæta kjör vinnandi fólks, en mættu sterkri andstöðu atvinnurekenda. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.05 og fer fram í húsnæði Reykjavíkurakademíunnar, Hringbraut 121.

# Bjartar innsetningar Bjargar og Óskar

Myndlist ★★★

**Tígrisdýrasmjör/Flugdrekar**

Ósk Vilhjálmsdóttir/Björk Viggósd.

**Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsið**

Tígrisdýrasmjör nefnir Ósk Vilhjálmsdóttir sýningu sína í stóra súlnasalnum á jarðhæð Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Titillinn er fenginn úr sögunni af Litla svarta Sambó, þar sem tígrisdýr elta Sambó litla í svo miklu offorsi að á endanum bráðna þau niður í smjör.

Strekktur dúkur í formi skipsbotns, upplýstur innan frá, er í lofti salarins. Í gluggum sem vísa að götunni birtist nú myndband af Reykjavík séð frá sjónum, en myndin er tekin á siglingu. Umhverfis skipsbotninn hverfist hljóðmynd af hlauppara, andardráttur og fótatak. Út frá titli sýningarinnar má lesa samspil þessara þátta sem ádeilu á samfélag sem hefur gleymt sér, gleymdi sér í glötuðu kapphlaupi fyrir hrun, það er spurning hvort við höfum nokkurn tímann hætt að hlaupa.

Það er viss fegurð í þessari innsetningu, birtan frá skipsbotninum, kvikmyndin á gluggunum, taktfastur andardrátturinn og fótatakið. Þættirnir bæði vinna saman og ekki, það er eitthvað órökrétt við að vera eins og á sjávarbotni með skipið yfir sér, en líka á yfirborðinu að horfa út yfir vatnið, loks bætist hlauparinn við. Engu að síður vel unnin og aðgengileg innsetning sem skilur eftir sterka mynd í huganum, fallega þrátt fyrir undirliggjandi og þyngri boðskap.

Í D-sal á efri hæð sýnir Björk Viggósdóttir innsetninguna Flugdrekar. Tvö myndbönd birtast á vegg líkt og málverk og í salnum bíða flugdrekar þess að komast út, upp.

Flugdrekar er fallegt verk með margræðum undirtónum. Svífandi drekarnir í rýminu verða líkt og uppleyst málverk, frelsuð af striganum. Myndböndin byggja á gegnsæi og léttleika en myndefnið, bardagaíþróttir, felur í sér kraft og þunga sem gefur verkinu nauðsynlega þyngd. Björk vinnur hér sérstaklega með myndræna þætti, form, liti, efniskennd, hreyfingu og tónlist og spinnur þá alla saman í eina heild. Þau hughrif sem sýning hennar skapar eru tilfinningalegs eðlis, en sýning Óskar vinnur jafnt með undirliggjandi og samfélagslegan boðskap sem og þætti á borð við form, hljóð og mynd. Það má velta því fyrir sér hvort þarna komi fram ákveðinn kynslóðamunur, þar sem heimur hugmyndalistar hefur á löngum tíma og smátt og smátt vikið fyrir áherslum á hið skynræna og tilfinningarnar. **Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Unnið er markvisst með liti, form, hljóð og mynd. Niðurstöðurnar eru ólíkar en eiga sér engu að síður ákveðna snertifleti. Ósk og Björk hafa unnið tvær fallegar innsetningar sem lýsa upp skammdegismyrkrið.





**FALLEG VERK** Upplýstur skipsbotn Óskar Vilhjálmsdóttur og flugdrekar Bjarkar Viggósdóttur.







Myndir/Bækur ★★★★

**Leitin að stórlaxinum**

Ásmundur Helgason og Gunnar Helgason

## Undir heillastjörnu veiðigyðjunnar

Tvíburarnir Ásmundur og Gunnar Helgasynir eru aftur mættir til leiks með mynd um laxveiði og nú fylgir bók að auki.

Í fyrra sendu þær bræður frá sér disk með sjónvarpsþáttaröðinni Með öngulinn í rassinum. Í henni flökkuðu þeir á milli veiðisvæða í keppni um hvor fengi mestu sumarveiðina. Að þessu sinni einkennir meira bróðerni yfirreið Ásmundar og Gunnars. Markmiðið er að hvor um sig fái sinn stærsta fisk fram að því og síðan að fá lax sem vegur tuttugu pund eða meira.

Sumarið var bræðrunum afar gjöfult og það endurspeglast í ríkulegri skemmtun í Leitinni að stórlaxinum. Myndatakan er oft og tíðum afbragð þó að stundum hafi þurft að reiða sig alfarið á GoPro-smávélarnar sem ávallt voru við höndina og björguðu frábærum augnablikum í hús. Söngur Karlakórs Kjalnesinga ljær myndinni síðan huggulegan og þjóðlegan blæ. (Síendurtekið Guttavísustef var þó reyndar farið að hljóma í mín eyru dálítið eins og íslensku gestirnir sem héldu vöku fyrir alríkislögreglumanninum Dale Cooper á hótelinu í Tvídröngum – ef einhver skyldi vera að horfa á Twin Peaks sem nú er verið að endursýna).

Breiðdalsá, Laxá í Aðaldal, Hofsá og Jöklusvæðið er sótt heim. Eins og vera ber er aðaláherslan á það sem fer fram við árbakkann. Inn á milli er rætt við reynda kappa um leyndardóma laxveiðinnar og álitamál á borð við veiða/sleppa fyrirkomulagið.

Af aukaefni sem fylgir með á diskinum ber hæst rennsli í gegn um alla myndina þar sem Ási og Gunni spjalla um það sem fyrir augu ber og velta fyrir sér ýmsum spurningum.

Leitinni að stórlaxinum fylgir samnefnd bók. Þar skrifar Ásmundur um gerð myndarinnar og þeir bræður og átta aðrir veiðimenn segja frá uppáhaldsflugunum sínum. Hvað gæði varðar stendur bókin myndinni nokkuð að baki. Til dæmis eru mistök í prófarkalestri til lýta á riti sem hefur á sér vandað yfirbragð. **Garðar Örn Úlfarsson**

**Niðurstaða:** Leitin að stórlaxinum er innihaldsrík, skemmtileg og vel heppnuð veiðimynd.




VIÐ ÞEKKJUM TILFINNINGUNA
Eldar 36.900
Ellen 54.900
Óla 21.990
Doddi 29.990
CINTAMANI
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS
Cintamani Kringlunni
Afgreiðslutími Kringlunnar
S. 533 3003
Cintamani Bankastræti 7
mán-mið. 10-18.00
fim. 10-21, fös. 10-19
lau. 10-18, sun. 12-18
frá 15 des. 10-22
S. 533 3390
Cintamani Austurhrauni 3
mán-fös. 10-18.00
lau. 10-14
S. 533 3800

# Varð að gjöra allt sjálfur

**Bjarni Þorsteinsson** var prestur á Siglufirði og helsti forystumaður bæjarins þegar síldarævintýrið byrjaði. Bjarni var þjóðkunnur lagahöfundur, en hann hóf og þjóðlagasöfnun innan við tvítugt og bjargaði þannig stórum hluta af þjóðlagaarfi Íslendinga frá glötun. **Viðar Hreinsson** hefur skrifað ævisögu Bjarna, Eldhuginn við ysta haf, sem *Fréttablaðið* grípur hér niður í.

Bjarni fæddist á Mel á Mýrum og ólst upp í mikilli örbirgð. Árið 1877 hélt hann með góðra manna stuðningi til náms í Reykjavík. Að afloknu stúdentsprófi fjórum árum síðar tók við nýr kafli í lífi Bjarna.




**SÍLDARÆVINTÝRI** Þegar sænski rithöfundurinn og teiknarinn Albert Engström kom til Siglufjarðar sumarið 1911 voru talin á þriðja hundrað skip í höfn. Þessi mynd frá Siglufirði á þessum árum er af póstkorti.



**Á AKUREYRI** Bjarni á Akureyri ásamt vinum sínum árið 1890. Bjarni er lengst til vinstri, þá skólabróðir hans Árni „afi“ Jóhannsson og vinur hans Stefán Stephensen umboðsmaður.

### „Slark og drasl“

Engin stúdentsveisla var haldin í Skutulsey á Mýrum þar sem Þorsteinn Helgason og Guðný Bjarnadóttir hokruðu með ómegðina í þrjú ár eftir að þau fluttu úr hálfhrundum bæjarhúsum á Mel vorið 1881. Skutulsey er vestan við Hjörsey, grasgefin og hlunnindarík á mælikvarða þess tíma og þar gat Þorsteinn róið til fiskjar. Þau hjón fluttu síðan að Presthúsum á Kjalarnesi 1884 en Arndís dóttir þeirra sem var um fermingu varð eftir á Mýrum. Í Presthúsum voru þau næstu níu árin og fjölskyldan hallaðist að sjávarsíðunni. Þorsteinn var einnig um tíma í Engey. Óvíst er hvort Bjarni kom nokkurn tíma í Presthús. „Ég hef einu sinni komið til foreldra minna og verið hjá þeim eina nótt síðan 1880,“ skrifaði hann árið 1890, „yngri systkini mín þekki ég ekki, ekki einu sinni í sjón. Mér hefur fundist alla þá tíð síðan ég fór heiman að, og í skóla, að ég væri ósköp einmana í heiminum; ég átti engan í Reykjavík sem lét sér nokkuð annt um mig; ég varð að gjöra það allt sjálfur, ákvarða og afráða allt einn.“ Svo virðist sem kali hafi náð að búa um sig innra með honum í garð foreldra sinna.

Það var allt annað að vera stúdent en skólapiltur. Þó að Bjarni hafi notið ölmusustyrkja og unnið fyrir sér, safnaði hann skuldum sem hann hafði á bakinu að prófi loknu. Slark og skemmtun tóku við, feiminn hrundi af honum og skemmtanalíf breiddist yfir einsemdina. „Ég var feiminn þegar ég var ungur, og í skóla, en öll feimni fór aftur af mér á mínum stúdenta árum, við allt það slark og drasl sem ég þá gekk í gegnum.“ Hann gerði samt ekkert ljótt eða til skammar, „það var þetta sífellda knæpulíf; spila „billiarð“ og drekka „baierskt öl“, og nenna ekki heim að éta dögunum saman“ en samt átti hann alltaf fyrir fæði og húsnæði. „Reykjavík kallaði mig þann iðnasta og stærsta drykkjumann „síðan þeir Þórður (Thór) og Ásgeir fóru“ sagði bærinn.“

Bjarni var vel að manni en lenti samt aðeins einu sinni í slagsmálum, við mann sem síðar afrekaði það að lenda í slagsmálum við vaktarana að næturlagi, brjóta „niður allt græna grindverkið hennar frú Benediktsen“ og lenda í útistöðum við yfirvöld fyrir vikið. „Hann er mjög óeirðasamur „við brennivín“; hann er sá eini af stúdentum, sem ég varð einu sinni að slást við dálítla stund; hann gat ekki komið á mannamót marga daga þar á eftir, með sitt eigið andlit.“

### Blankur eins og kirkjurotta

Bjarni flutti sig vestur yfir lækinn og gerðist kostgangari í húsi sem hét Þerney og fékk sér vinnu af ýmsu tagi, svo sem ritarastörf þar sem hann gat verið fínn í tauinu, umgengist betri borgara og þurfti ekki lengur að flengjast um landið í vinnumennsku. Rétt eftir skólaslit kom þingið saman og Bjarni gerðist þingskrifari. Flestir þingmenn voru aðsópsmiklir héraðshöfðingjar og einn þeirra var Lárus Blöndal, sýslumaður Húnvetninga. Þegar þingi var slitið með lúðrablæstri söng Lárus „með lúðrunum eitt eða tvö lög, Kong Christian stod ved højen Mast, og eitt annað, og söng svo vel og svo sterkt, að fleiri undraði á því en mig; hann var svo mjúkur eftir Champagnið í landshöfðingja-miðdeginum“.

Með gott próf úr Lærða skólanum smeygði Bjarni sér í raðir heldra fólks og samdi sig að háttum þess þó að stundum gengi hann um atvinnulaus, húsnæðislaus og auralaus og tónlistin eina huggunin. Einn besti vinur hans á þessum tíma var Árni „afi“ Jóhannsson, söngmaður góður sem kunni hrafl af gömlum lögum og kenndi Bjarna þingeyskar hestavísur. Hann var tveim árum eldri en Bjarni en var enn í Lærða skólanum og útskrifaðist vorið 1886. Líklega var það vegna þess að hann var eldri en aðrir skólasveinar og snemma sköllóttur að hann fékk viðurnefnið afi. Sumarið 1884 var Árni í Reykholti og Bjarni skrifaði honum langt bréf í galgopalegum stúdentastíl, sagðist vera „að drepast úr leiðindum ... blankur eins og kirkjurotta“, húsnæðislaus og atvinnulaus..“ ...

### Langaði í lögfræði eða tónlist

Bjarni hafði áhuga á að lesa lögfræði eða tónlist í Höfn en hafði engin efni á því. Hann ákvað að hefja nám í Prestaskólanum og að afloknu námi réð tilviljun því að hann gerðist prestur á Siglufirði, litlu þorpi nyrst á Norðurlandi. Hann var þá orðinn leynilega trúlofaður Sigríði Blöndal Lárusdóttur, sýslumannsdóttur á Kornsá í Vatnsdal. Tónlist var mikilvægur þáttur í lífi Bjarna og hann fór að safna þjóðlögum innan við tvítugt. Þjólagasöfnun hans átti eftir að bjarga stórum hluta af þjóðlagaarfi Íslendinga frá glötun.

### Söngur á norðurhjara

Tónlistin getur auðveldað mönnum að takast á við nýjar aðstæður. „Þegar hvasst er, þá syngjum við tvísöng, stormurinn og ég; ég er alltaf raulandi yfir fjöllin,“ segir Bjarni í bréfi til Sigríðar. Hann naut nýrra áskorana og þar sem þörf krafði fór hann strax að leita leiða til úrbóta. Tónlistin varð ein leið hans til að tengjast samfélaginu með virkari hætti en ella hefði orðið.

Strax við sína fyrstu messu í Hvanneyrarkirkju tók Bjarni eftir því að söngurinn var ekki nema rétt þolanlegur og organistinn hálfgerður klaufi. Söngurinn var svipaður á Kvíabekk en þar kunni enginn á orgelharmóníið. Strax fyrsta veturinn sagði Bjarni að hann vildi helst hafa stórar og fallegar kirkjur með fögrum söng, svo hann safnaði fólki í kirkjukór sem hann fór að þjálfa. Betri kirkjusöngur var skref í átt til nútímavæðingar í afskekktu örsamfélagi Siglufjarðar. Bjarni notaði kirkjukórinn til að tengja fólk saman með nýjum hætti, samhæfður söngur kom í stað þess að hver syngi með sínu nefi.

> Það er gaman að spila sín uppáhalds stykki, og sem einhverjar þægilegar endurminningar eru hnýttar við, að hlusta á sjálfan sig spila nærri því mechanískt...

Bjarni stundaði líka tónlist af kappi fyrir sjálfan sig, hafði alltaf orgelið úr kirkjunni hjá sér í Maddömuhúsinu þegar ekki var messað, æfði sig og stúderaði tónlist, útsetti það sem hann kallaði sína tónlist, sem var eftirlætistónlistin, skrifaði nótur og sendi Sigríði. Enn tengdi tónlistin þau betur en allt annað þó einungis væri það bréflega.

Þó að Bjarni væri feginn að sleppa frá Reykjavík og vera laus við stefnuleysi stúdentsáranna þurfti hann haldreipi og stefnu í lífinu. Ástin og tónlistin gæddu tilveruna tilfinningalegu inntaki og urðu þannig að kjölfestu. Hann skrifaði Steingrími Johnsen kennara sínum, vini og söngfélaga um „Musik sem interesserar mig svo mikið“. Nýja, erlenda tónlistin sem unga fólkið lék og skrifaði upp af áfergju var margvísleg. Hver og einn safnaði eftirlætislögum eftir smekk þar sem samsetningin var alltaf einstaklingsbundin. „Den åfvergifna gjörir „lukku“ hjá þér, það vissi ég nærri fyrirfram, – en einnig hjá piltum,“ skrifar Bjarni og lýsir því hvernig karakter þeirra laga sem hann valdi sér féll að persónu hans sjálfs:

Karakterinn í því litla lagi er þannig, að mér finnst náttúrlegt að það öðrum lögum fremur minni þig á mig og mín litlu uppáhalds lög. Þessum mínum litlu lögum, sem einstöku sinnum hafa skemmt þér ofurlitla stund, en mér miklu oftar og miklu lengur, þeim gleymi ég víst ekki í vetur. Þvert á móti eiga þau nokkurn þátt í því hvað mér oft og tíðum líður vel; það er gaman að spila sín uppáhalds stykki, og sem einhverjar þægilegar endurminningar eru hnýttar við, að hlusta á sjálfan sig spila nærri því mechanískt, rétt eins og annar spili, en vera með hugann einhvers staðar úti í heiminum á fjarlægum stöðum og liðnum stundum. Það er ótrúlegt að maður skuli geta haldið út til lengdar að spila einn, án þess nokkur hlusti á mann. Af nýjum stykkjum læri ég mjög lítið, af því ég hef engar nýjar nótur; ég spila mest þetta gamla. Alverdens Melodier voru teknar af mér fyrir jól, ég fæ þær kannske aftur í sumar.

Samhliða prestsstörfunum á Siglufirði var Bjarni umsvifamikill á ýmsum sviðum. Hann var stórhuga framkvæmdamaður og veraldlegur jafnt sem andlegur leiðtogi í bæjarfélaginu. Síldarævintýrið var að hefjast og litla þorpið að breytast í líflegan bæ.

### Uppgrip og leyniknæpur

Ásýnd bæjarins breyttist fljótt. Siglfirðingar veiddu sinn hákarl og sinn þorsk, en hákarlaskipin, sem fram að þessu höfðu þótt myndarlegir farkostir, urðu smá við hliðina á stóru norsku síldarskipunum og lýsisbræðslan lítilfjörleg í samanburði við síldarsöltun og síldarbræðslu. Bryggjur skutust í allar áttir frá eyrinni og út á fjörðinn þar sem skip lá við skip, stórýsi voru byggð yfir starfsemina og minni hús yfir fólkið en lítið var hugsað um þrifnað og frágang í öllum hamaganginum, sjórinn tók við sorpinu og í sumarhitum gat stæk ýldulykt lagst yfir þorpið.

Á nútímamælikvarða var Siglufjörður fjarri því að vera stór: varla nema um fimmtíu hús, hélt sænski listamaðurinn Albert Engström sem var á ferð um plássið árið 1911. Húsin voru þó hátt í sjötíu, mörg af vanefnum byggð úr torfi, timbri, bárujárni, innan um tjarnir og votlendi og óskipuleg ásýndum. Á höfninni voru skip af „öllu tagi, gufuskip, seglskip, lítil fiskiskip, og innst stórir skipsskrokkar og sátu þar máfar í röðum, þúsundum saman“. Náttúran og umhverfið heilluðu þennan glaðlynda Svía, hvort sem það var nýfallinn snjór í fjallabrúnum sem bar við himin, fiskilyktin sem barst með golunni eða risavaxnir tunnustaflarnir í kringum geymsluhúsin. Engström kynntist Siglufirði frá mörgum hliðum: „Við skoðuðum bryggjurnar og geymsluhúsin, hengum inni í búðinni og gáfum okkur á tal við fólk, sem gat gefið okkur dálitla innsýn í daglega lífið. Við heimsóttum hinn unga og sérstaklega viðkunnanlega lækni á staðnum, Guðmund T. Hallgrímsson, en hann er maður áhugasamur um margt. Við kynntumst ... Hafliða Guðmundssyni, hreppstjóranum á Siglufirði. Við sáum einnig gömlum lækni bregða fyrir, sem rölti um rambandi fullur, og gömlum sýslumanni eins fullum.“ Engström sagði að þrátt fyrir áfengisbann væru 23 leyniknæpur sem Norðmenn og Færeyingar sæktu. Á laugardagskvöldum kæmi allur flotinn að landi og „inn í höfn og eitt, tvö, þrjú þúsund fiskimenn ganga á land. Þá er auðvitað þörf á kránum. Og stundum lendir þeim saman, nokkur hundruð víkinga hvorum megin.“ Í landlegum gat allt logað í slagsmálum svo lögregluyfirvöld gátu lítið annað gert en drekka sig full líka. Lítið þýddi að ætla að koma í veg fyrir innflutning á áfengi, „þar sem stundum mörg þúsund tunnum á dag, tómum eða fullum af salti, er velt á land. Það er ekki alltaf salt í tunnunum og fyrir hina fáu tollsnuðrara er ekki annað að gera en að víkja úr vegi til þess að komast hjá limlestingum af þessu veltandi vöruflóði.“

### Íslendingar drekka sig fulla

Norðmaður sem Engström hitti sagði: „Hitti maður Íslending, drekkur hann sig alltaf fullan, hve mikill bindindismaður sem hann er.“ Engström spurði hvort prestarnir fái sér ekki bæði snúning og í staupinu og Norðmaðurinn svaraði: „Tja, til dæmis presturinn í X, hann drekkur en dansar ekki, prestfrúin drekkur ekki, en dansar vel!“ Hvort hann átti hér við presthjónin á Siglufirði er óvíst.

Síldarsöltunin heillaði Engström: „Undir kvöldið kemur fiskiflotinn inn. Á bryggjunum verður krökkt af fólki og vinnan hefst. ... Hugsið ykkur mergð af fólki, skipulagslausu að sjá, en allt fer þó í röð og reglu. „Konur kverka og salta, konur í hinum furðulegustu búningum, í olíubuxum, kného̧áum stígvélum og með hættuleg vopn í höndum, alblóðugar til axla. Brátt sést ekki í neitt fyrir blóði og síldarhreistri. Loftið verður þrungið einhverjum eimi, sem mér virðist sambland af hafi, lífi og hreysti.“ Síldin flæddi í land þrotlaust fram á nótt, fólk vann eins og vélar meðan mávagerið reif í sig úrganginn. „Ég renni mér fótskriðu í blóði og slógi og geng á land til þess að sjá, hvernig þetta líti út þaðan séð. Það rökkvar ofurlítið og í þessari birtu verður manni á að hugsa sér mannsöfnuð í villtu svalli löngu áður en sögur hófust. Inni í miðri mergðinni er John Wedin í skinnjakka sínum, eins og hann væri æðstipresturinn – því að þetta er á hans bryggju. Mergðin af máfunum eykur áhrifin. Og fjallið gegnt okkur, sem öðru hvoru er hulið dimmum skýjum, dökkblátt og alvarlegt, jafnvel ógnandi.“

# EITT SINN VERÐA ALLIR MENN AÐ DEYJA

„STEFÁN MÁNI VERÐUR Æ BETRI STÍLISTI MEÐ HVERRI BÓK ... **RÖFF, TÖFF** OG SPENNANDI SAGA.“

*ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ*

„... **KRAFTUR, ÞUNGUR TAKTUR,** ÖFLUGUR SLÁTTUR ... LESANDI HÁLFPARTINN DÁLEIÐIST Á STUNDUM OG HJARTAÐ BYRJAR AÐ HAMAST.“

*ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS*

„... ÞEGAR [STEFÁN MÁNI] KEMST Á SKRIÐ HALDA HONUM ENGIN BÖND!“

*KARL BLÖNDAL / MORGUNBLAÐIÐ*



STEFÁN MÁNI




JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Hart og hrátt hjá Gímaldin

Tónlist ★★★

**Þú ert ekki sá sem ég valdi**

Gímaldin og félagar



**ROKK** Gímaldin og félagar flytja tímalaust rokk á nýrri plötu sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gímaldin verður seint sakaður um að reyna að þóknast fjöldanum. Þessi nýja plata hans og hljómsveitar er að mörgu leyti mjög „hardkor". Umslagið er t.d. ekki notendavænt – jafnvel fráhrindandi. Nafn flytjanda er hvergi sjáanlegt og upplýsingar ólæsilegar. Tónlistin sjálf er líka hrá og hörð.

Gímaldin er listamannsnafn Gísla Magnússonar sem er sonur Megasar. Það skiptir ekki endilega máli hverra manna söngvarar eru, en í þessu tilfelli er ekki hægt að horfa fram hjá því. Rödd Gímaldins minnir mikið á rödd Megasar, t.d. á Millilendingu og textarnir eiga líka sitthvað sameiginlegt með textum föðurins. Hvort tveggja eru auðvitað stórir plúsar.

Textarnir eru margir bráðskemmtilegir. Þeir eru fullir af húmor og svolítið óheflaðir, eins og tónlistin. Tónlistin er annars tímalaust rokk sem einkennist af góðu grúvi og spilagleði. Lagasmíðarnar eru margar fínar, en ekki allar og það er eini mínusinn á þessari annars fínu plötu. Gímaldin mætti vera aðeins melódískari. Það eru samt nokkur frábær lög hér, þ.á m. Það er ástæða, Ég þekki stelpu sem sýslar með rými, Bitinn af rollu, Það er úlfur og Ballaðan um íslensku gjöreyðingarvopnin. Á heildina litið skemmtileg plata. Hér eftir fylgist maður vel með Gímaldin.

**Trausti Júlíusson**



**Niðurstaða:** Frábærir textar, skemmtilegur söngur og flutningur, en lagasmíðarnar gætu verið sterkari.





www.boddydesign.com

HORFÐU Á ÞÁTTINN
9. DES
Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI!

**Hér færðu rauðu nefin:** Hagkaup, Bónus, MP banki, Te og Kaffi, skátar um allt land

www.unicef.is

unicef


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 8. desember 2011**

### Tónleikar

**18.00 María Ösp Ómarsdóttir og Nína Hjördís Þorkelsdóttir** spila á flautu, auk þess sem **Gus Loxbo** leikur á kontrabassa á vetrartónleikum tónlistardeildar **Listaháskóla Íslands** í **Sölvhóli.** Aðgangur er ókeypis.



**20.00 Kexmas 2011** verður á **Kex hostel. Herbertsson** byrjar dagskrána áður en **Náttfari** leikur lög af nýrri plötu sinni, **Töf.** Aðgangur er ókeypis.

**20.00 Hljómsveitin Tass** heldur tónleika í Tjarnarbíói og kynnir væntanlegt efni plötu sinnar sem er í vinnslu. Miðaverð er kr. 1.500.

**20.00 Kvennakór Akureyrar** heldur sína árlegu tónleika til styrktar **Mæðrastyrksnefnd Akureyrar í Hamraborg í Hofi.** Miðaverð er kr. 3.000 og frítt fyrir 14 ára og yngri.

**21.00 Fabúla** heldur tónleika á **Rosenberg** í tilefni af endurútgáfu plötunnar Kossafar á ilinni.

**22.00 Bítladrengirnir** blíðu halda tónleika á **Obladí Oblada Frakkastíg 8.** Aðgangur ókeypis.



**22.00 Gogoyoko** stendur fyrir veislu á **Hressingarskálanum** þar sem hljómsveitin **Mammút** mun halda uppi fjörinu af einskærri snilld. Það er frítt inn og boðið verður upp á tilboð á barnum.

**22.00 Hljómsveitin Reykjavík!** kemur fram á **Gauki á Stöng.** Ásamt þeim koma fram **Gang Related og Muck.** Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Leiklist

**20.00 Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands** sýnir verkið **Jarðskjálftar í London** eftir Mike Bartlett í leikstjórn Halldórs E. Laxness. Sýningar verða í **Leikhúsi Listaháskóla Íslands** að Sölvhólsgötu 13. Miðaverð er kr. 1.500.

### Fundir

**13.30 Bókmenntaklúbbur Félags kennara á eftirlaunum** verður með fund í Kennarahúsinu. **Jón Kalman Stefánsson** kemur og kynnir nýjustu bókina sína.

### Sýningar



**20.00 Jólasýning Mið-Íslands** og finnska uppistandarans og sjónvarpsmannsins **André Wickström** verður í **Þjóðleikhúskjallaranum.** Miðaverð er kr. 2.900.

**20.00** Kynning **Hjálmars Stefáns Brynjólfssonar** og **Jónu Hlífar Halldórsdóttur** á þremur bókverkum sem þau hafa verið að vinna að í tengslum við sýninguna **Nú á ég hvergi heima** sem verður í **Flóru, Listagilinu á Akureyri.** Flóra verður einnig með opið fyrir gesti og gangandi að kíkja við á **jólaBÓKAflóru** frá 10 til 18.

### Upplestur

**17.00** Upplestur verður úr nýjum bókum í Bókasafni Kópavogs. **Arndís Þórarinsdóttir** les úr **Játningum mjólkurfernuskálds, Jónína Leósdóttir les úr Upp á líf og dauða, og Elísabet Gunnarsdóttir, Rannveig Jónsdóttir og Guðrún Friðgeirsdóttir lesa úr Á rauðum sokkum: baráttukonur segja frá.** Heitt á könnunni og allir velkomnir.

### Kvikmyndir



**10.00** Tónlistarmyndin **Lennon Legend: the Very Best of John Lennon** verður sýnd allan daginn í Kamesinu, Borgarbókasafninu Tryggvagötu 15.

### Uppákomur

**12.34 Jóladagatal Norræna hússins** heldur áfram með fjölbreyttum uppákomum daglega.



**14.00 Félagsmiðstöðin Aflagranda 40** stendur fyrir aðventuhátíð fram til 17. des. Í dag mun **Íris Ellenberger** flytja erindi byggt á doktorsverkefni sínu um Dani á Íslandi áður en **Felix Bergsson** flytur lög af nýútkominni plötu sinni. Aðgangur er ókeypis.

### Kynningar

**20.30 Félag áhugamanna um heimspeki** stendur fyrir kynningu á nýútkomnum bókum sem tengjast heimspeki með einum eða öðrum hætti. Kynningin fer fram á **Kaffi Haiti,** Geirsgötu 7.

### Málþing

**13.00 Námsbraut í skipulagsfræði** efnir til málþings í **Reykjavíkursetri Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti.** Umræður og kaffiveitingar. allir velkomnir.

### Tónlist

**21.30** Hljómsveitirnar **Trums** og **Tandori** spila á **Dillon.**

**22.00 Dj Árni Kocoon** þeytir skífum á **Prikinu.**

### Listamannaspjall

**18.00 Björk Viggósdóttir** ræðir við gesti í **D22 Hafnarhúsi** um sýninguna Flugdrekar sem stendur nú yfir í **Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.**

### Fyrirlestrar

**10.30 Orti Egill Sonatorrek? Klaus Johan Myrvoll** flytur erindi á norsku um tímasetningu fornÍslensks kveðskapar á vegum **Stofnunar Árna Magnússonar** í íslenskum fræðum og rannsóknarverkefnisins. Flutningurinn fer fram í **Háskóla Íslands, Odda stofu 101.** Allir eru velkomnir.

**12.05 Dagsbrúnarfyrirlestur 2011** verður haldinn í **ReykjavíkurAkademíunni, Hringbraut 121, 4.hæð. Sigurður Pétursson** sagnfræðingur mun fjalla um sögu **verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum** 1890-1930.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

Mögnuð ævisaga
sem kemur á óvart!




**1. sæti**
Bóksölulistinn 27.11.-3.12.2011
Ævisögur

**FYRSTA PRENTUN UPPSELD!**

**ÖNNUR PRENTUN Á LEIÐ Í VERSLANIR!**

# MEST SELDA ÆVISAGAN!


*Þorfinnur Ómarsson*

Arkitektinn sem söðlaði um við fall Berlínarmúrsins og haslaði sér völl í viðskiptum í **St. Pétursborg.** Við sögu koma heimskunnar persónur eins og **Vladimír Pútín** og borgarstjórinn í St. Pétursborg en líka **dularfullir karakterar** í austur-þýska kommúnistaflokknum sem gátu opnað ýmsar óþekktar dyr – að ógleymdum kunnum **íslenskum útrásarvíkingum**. Skin og skúrir, **sigrar og ósigrar**, jafnt í einkalífi og starfi – ævintýrarík saga sem varð að segja.

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK





## > Í SPILARANUM

**Ragga Gröndal** - Astrocat Lullaby
Amy Winehouse - Lioness: Hidden Treasures
Guðmundur Pétursson - Elabórat
Drake - Take Care
**Óskar Axel** - Maður í mótun

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Nýju lögin mjög góð

Matt Berninger, söngvari The National, segir að lögin sem hann er að semja með gítarleikaranum Aaron Dessner séu með þeim bestu sem þeir hafa nokkurn tímann samið.

Að sögn Berningers hefur nýtilkomið föðurhlutverk Dessners haft áhrif á lagasmíðarnar. Þær séu ekki eins gáfumannslegar og ekki eins mikið eftir bókinni og áður. „Við erum nú þegar orðnir mjög spenntir fyrir nýju plötunni,“ sagði hann í viðtali við Jam. „Við ætlum að sökkva okkur ofan í lagasmíðarnar. Mér finnst við vera tilbúnir í það. Auðvitað gæti allt breyst og við kannski hendum öllu eftir sex mánuði. Maður veit aldrei hvað gerist.“

Hin bandaríska hljómsveit The National hefur á ferli sínum gefið út fimm plötur og hlaut sú síðasta sem kom út í fyrra, High Violet, afbragðsgóða dóma víðast hvar.



**GENGUR VEL** Matt Berninger er mjög ánægður með nýju lögin.




## > PLATA VIKUNNAR

Pollapönk – Aðeins meira Pollapönk ★★★★
„Fleiri hressilegir smellir fyrir krakka á öllum aldri.“ - tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Enn um græðgi plöturisanna*

Það vakti töluverða athygli þegar Elvis Costello skoraði á aðdáendur sína að kaupa ekki nýja plötukassann sem er að koma út með honum næsta mánudag, The Return of the Spectacular Spinning Songbook. Í honum er bók og þrjár plötur með tónleikaupptökum: Ein vínylplata, einn geisladiskur og einn DVD-diskur. Útsöluverð á Amazon í Bretlandi er um 40 þúsund krónur.



**OKUR** Mörgum finnast Immersion-útgáfurnar af plötum Pink Floyd vera á okurverði.

Boxið hans Costello er ekki eina plötuboxið sem mönnum blöskrar verðið á þessa dagana. Önnur dæmi sem oft eru nefnd eru Immersion-útgáfurnar af Pink Floyd plötunum, sem þó kosta innan við 20 þúsund. Það sem fer í taugarnar á sumum gömlum Floyd-aðdáendum er að það er sáralítið af áður óútgefinni tónlist í þessum útgáfum. Í staðinn eru þetta mismunandi 5.1 mix bæði á DVD- og Blueray-diskum, myndabæklingar og eftirprentanir af tónleikamiðum og baksviðspössum.

Það góða við þetta allt saman er samt að á sama tíma og menn sjá, enn eina ferðina, rautt yfir græðginni í stóru plötufyrirtækjunum, þá eru þessi sömu fyrirtæki líka að búa til ódýra hágæðapakka með miklu magni af tónlist. Sony er að selja fjögurra og fimm diska söfn með listamönnum eins og Elvis Presley, Johnny Cash og Roy Orbison fyrir innan við þrjú þúsund krónur og 8–13 diska söfn með Byrds, Sam Cooke og Ninu Simone á fimm þúsund kall og Decca-útgáfan var að setja á markað 13–15 diska heildarsöfn með Ellu Fitzgerald, Charlie Parker, Billie Holiday og fleirum á svipuðu verði.

Hér á Íslandi er Sena nánast eini framleiðandi plötupakka af þessu tagi. Hún standur sig vel í verðunum. Nýi sparipakkinn með Björgvini Halldórssyni sem hefur að geyma fjóra tónlistardiska, DVD-disk og bók kostar til dæmis innan við fimm þúsund kall.

Metið í lúxusnum á samt sennilega Björk sem seldi fínustu útgáfuna af Biophiliu á tæpar hundrað þúsund krónur. Með henni fylgdu tónkvíslir í mismunandi litum. Niðurstaðan er kannski sú að þegar menn kaupa dýrustu boxin þá hefur þetta ekkert með tónlist að gera lengur, heldur söfnunargildi og aukahluti eins og tónkvíslir og tónleikamiða…









**TÍU PLÖTUR** Jonathan Davis og félagar í Korn gáfu fyrir skömmu út sína tíundu hljóðversplötu, The Path of Totality.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Korn daðrar við dubstep

**Tíunda plata rokkaranna í Korn er komin út. Núna daðra þeir við dubstep og annars konar danstónlist með áhugaverðum árangri.**

Bandaríska rokksveitin Korn gaf fyrir skömmu út sína tíundu hljóðversplötu, The Path of Totality.

Söngvarinn Jonathan Davis og félagar ákváðu að prófa nýja hluti við gerð plötunnar. Þeir blönduðu rokktónlist sinni saman við nútímalega danstónlist og hóuðu í hóp taktfastra stuðbolta úr dubsteb, drum & bass og electrohouse-geiranum. Korn-menn voru frumkvöðlar á sínum tíma, enda með þeim fyrstu til að blanda saman hiphoptónlist og nu-metal rokki. Tengingin við dubsteb-tónlistina virðist því ekki að koma svo mjög á óvart.

Upptökur fóru fram á heimili Davis í Bakersfield í Kaliforníu. Bassaleikarinn Fieldy segir gerð plötunnar hafa verið auðveldari og skipulagðari en nokkru sinni fyrr. „Við fengum fjölbreytt efni frá plötusnúðunum. Í stað þess að taka upp gítarinn eða bassann og djamma saman, fengum við innblástur frá þessum skrítnu hljóðum og vinnunni í kringum þau.“ Textarnir eru öðruvísi en áður því söngvarinn Davis ákvað að syngja ekki beint um sjálfan sig í þetta sinn heldur meira um upplifun sína af heiminum í kringum sig.

Sautján ár eru liðin frá því að fyrsta plata Korn kom út, samnefnd sveitinni. Næsta plata, Life Is Peachy, kom út tveimur árum síðar og vakti enn meiri athygli. Það var þó ekki fyrr en með þeirri þriðju, Follow the Leader, sem Korn náði almennri hylli rokkáhugamanna. Ráðvilltir unglingar áttu auðvelt með að tengja sig við innibyrgða reiði Davis sem söng af öllum lífs og sálar kröftum um erfiða æsku sína. Lögin Got the Life, All in the Family og Freak on a Leash, hittu í mark og Korn var komin í fremstu röð.

Follow the Leader hefur í dag selst í um fjórtán milljónum eintaka og er vinsælasta plata Korn. Alls nemur plötusala sveitarinnar um 35 milljónum eintaka en mjög hefur þó dregið úr henni undanfarin ár.

Næsta útgáfa, Issues, fékk einnig fínar viðtökur, enda voru þar flott lög á borð við Falling Away From Me og Make Me Bad. Fimmta platan Untouchables kom út 2002 og ári síðar kom út Take A Look in the Mirror, sem er síðasta platan með gítarleikaranum Brian Welch, eða Head, sem frelsaðist og ákvað að segja skilið við bandið. Trommarinn David Silveria yfirgaf Korn svo eftir að sjöunda platan, See You on the Other Side, kom út.

The Path of Totality hefur fengið misjafnar viðtökur, rétt eins og síðustu plötur Korn. NME gefur henni 6 af 10 mögulegum og Spin 7 af 10. Tónlistarsíðan Sputnikmusic sér aftur á móti ekkert jákvætt við plötuna, gefur henni 0,5 af 5 mögulegum og segir Davis og félaga algjörlega úti á þekju.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 1. - 7. desember 2011

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▲ 1 | Mugison | *Kletturinn* |
| ▶ 2 | Of Monsters and Men | *King and Lionheart* |
| ▼ 3 | Dikta | *What are you Waiting for?* |
| ▼ 4 | Gotye/Kimbra | *Somebody I Used to Know* |
| ▶ 5 | Hjálmar | *Ég teikna stjörnu* |
| ▶ 6 | Coldplay | *Paradise* |
| ▲ 7 | Stefán Hilmarss./Eyjólfur Kristjánss. | *Þín innsta þrá* |
| ▲ 8 | Bruno Mars | *It Will Rain* |
| ▲ 9 | Grafík | *Bláir fuglar* |
| ▼ 10 | Helgi Björnsson/Eivör Pálsdóttir | *Án þín* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 1. - 7. desember 2011

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Páll Óskar & Sinfó | *Páll Óskar & Sinfó* |
| ▶ 2 | Mugison | *Haglél* |
| * 3 | Frostrósir | *Frostrósir fagna* |
| ▲ 4 | KK & Ellen | *Jólin* |
| ▲ 5 | Stebbi og Eyfi | *Fleiri notalegar ábreiður* |
| ▼ 6 | Helgi Björnsson | *Íslenskar dægurperlur í Hörpu* |
| ▼ 7 | Of Monsters and Men | *My Head is an Animal* |
| * 8 | Frostrósir | *Hin fyrstu jól* |
| ▼ 9 | Sigurður Guðmundss. og Sigríður Thorl. | *Ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands* |
| ▼ 10 | Ingimar Eydal | *Allt fyrir alla* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is




Ráðandi - auglýsingastofa ehf

# bíó

bio@fretta…

## > SAGÐI NEI TAKK



Benicio Del Toro hefur hafnað stóru hlutverki í Star Trek 2. Del Toro átti að leika aðalskúrk myndarinnar en ekki náðust samningar milli leikarans og Paramount-kvikmyndaversins. JJ Abrams mun hins vegar sitja í leikstjórastólnum.

# Meira af Umbreytingum hjá Bay

Michael Bay er byrjaður í viðræðum við Paramount-kvikmyndaverið um að leikstýra bæði fjórðu og fimmtu myndinni um Umbreytingana eða Transformers og dvöl þeirra hér á jörðu samkvæmt kvikmyndavefnum collider.com. Þrátt fyrir misjafnar viðtökur gagnrýnenda við síðustu tveimur kvikmyndum hafa þær þénað milljónir dollara í miðasölu og því ekkert skrýtið að kvikmyndaverið Paramount skuli vilja tryggja sér áframhaldandi þjónustu Bay.

Hins vegar var ekki margt sem benti til þess að Bay myndi setjast í leikstjórastólinn í fjórða sinn. Hann hafði lýst því yfir að myndirnar ættu bara að vera þrjár og hann hygðist einbeita sér að fremur ódýrri, svartri gamanmynd sem Dwayne Johnson hefur verið orðaður við, Pain and Gain. Og gulrótin reyndist vera sú mynd því Paramount hefur lýst sig reiðubúið til að fjármagna þá kvikmynd og leyfa leikstjóranum að gera hana fyrst með því skilyrði að hann geri tvær Umbreytinga-kvikmyndir til viðbótar.

Ekki liggur fyrir hver verður söguþráður fjórðu myndarinnar en samkvæmt heimildum vefsíðunnar er talið ólíklegt að um forleik sé að ræða. Hins vegar þykir það liggja nokkuð ljóst fyrir að Shia Labeouf verði ekki á sínum stað. Og þrátt fyrir að Bay hafi ekki skrifað undir þá bendir allt til þess að verkefnið verði að veruleika enda hefur framleiðandi myndanna, Steven Spielberg, lýst því yfir að hann vilji sjá Bay leikstýra fleiri myndum um Optimus Prime og félaga.



**Í HASARSTUÐI** Michael Bay mun væntanlega leikstýra fjórðu og fimmtu kvikmyndinni um Umbreytingana eða Transformers.

# Jolie með Besson



Angelina Jolie hefur, samkvæmt vefútgáfu Empire-tímaritsins, samþykkt að leika aðalhlutverkið í nýjustu kvikmynd franska leikstjórans Luc Besson. Lítið er vitað um kvikmyndina, henni hefur ekki einu sinni verið gefið nafn, en talið er líklegt að hún verði í vísindaskáldsögulegum stíl. Og að hún verði ákaflega umfangsmikil. Besson hefur ekki alveg verið upp á sitt besta að undanförnu í leikstjórastólnum en honum virðist sýknt og heilagt takast að tæla til sín stærstu stjörnurnar.

Besson hefur að undanförnu aðallega einbeitt sér að framleiðslu kvikmynda en mun á næstunni frumsýna ævisögulegu kvikmyndina The Lady, sem fjallar um Aung San Suu Kyi, frelsisleiðtoga Búrma. Með hlutverk Kyi fer Michelle Yeoh en það er hins vegar David Thewlis sem leikur eiginmann hennar. Jolie er hins vegar sjálf að kynna fyrsta leikstjóraverkefnið sitt, In the Land of Blood and Honey. Þá er fram undan hið risavaxna verkefni hennar og Davids Fincher um Kleópötru. - fgg

**Á FRANSKA VÍSU** Angelina Jolie mun að öllum líkindum leika aðalhlutverkið í nýrri hasarmynd Luc Besson.

# Maðurinn á bak við tjöldin

**Fátt gerist í Hollywood án umboðsmanna, þeir eru upphaf og endir alls. Hafi einhver umboðsmaður meiri völd en annar heitir sá umboðsmaður Ari Emanuel.**



**UMDEILDUR** Ari Emanuel er síður en svo allra í Hollywood. Hann fór þess á leit við kvikmyndabransann að Mel Gibson yrði sparkað út úr samfélagi mannanna eftir að hafa gerst sekur um gyðingahatur. Hann er einn valdamesti maðurinn í Hollywood enda á hann og rekur eina stærstu umboðsskrifstofu draumaborgarinnar.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Financial Times birti fyrir skemmstu nokkuð merkilegt viðtal við Ari Emanuel og samstarfsfélaga hans, Patrick Whitesell, um fyrirtæki þeirra William Morris Endeavor Entertainment, en Emanuel og Whitesell eru taldir vera í hópi valdamestu manna í Hollywood um þessar mundir. Hlutverk umboðsmanna er fyrst og fremst að sjá um réttindi umbjóðenda sinna og á því sviði þykir Emanuel vera sá besti. Hann hefur í auknum mæli tryggt stjörnunum sínum meiri réttindi og aukna hlutdeild í höfundarverkum sínum. „Á tímum niðurhals og dræmrar sölu DVD-diska hefur innihaldið aldrei skipt jafn miklu máli. Af þeim sökum eru handritshöfundar, stjörnurnar og leikstjórar í bílstjórasætinu,“ hefur Financial Times eftir Emanuel og Whitesell.

Í grein FT er uppgangur Emanuels rifjaður upp en sú saga verður að teljast merkileg. Hann lá á miðri götu í Beverly Hills fyrir sautján árum, að drepast úr verkjum eftir að hafa lent í bílslysi, og tók ákvörðun sem átti eftir að breyta valdaþrepunum í Hollywood. Emanuel yfirgaf eina stærstu umboðsskrifstofu Hollywood þá, ICM, og stofnaði Endeavor. Reyndar fer tvennum sögum af því hvernig brotthvarf Emanuels og fjögurra annarra umboðsmanna vildi til, sumstaðar er því haldið fram að þeir hafi verið reknir fyrir þjófnað.

Endeavor-skrifstofan stækkaði hratt og örugglega, starfsemi hennar fór í fyrstu fram fyrir ofan hamborgarabúllu í miðborg Los Angeles en fyrirtækið hefur nú höfuðstöðvar skammt frá einu fínasta hóteli draumaborgarinnar, The Beverly Wilshire. Emanuel og Whitesell tóku síðan yfir eina elstu og virtustu umboðsskrifstofu Hollywood árið 2009, William Morris og til varð stærsta umboðsskrifstofa Bandaríkjanna: William Morris Endeavor. Á viðskiptaráðstefnu fyrir ári útskýrði Emanuel yfirtökuna. „Með henni brutum við okkur leið inn á tónlistar- og bókamarkaðinn. Við viljum haga umboðsmennsku þeirra listamanna á svipaðan hátt og við höfum gert fyrir kvikmyndastjörnur,“ en fyrirtækið sér meðal annars um öll mál Lady Gaga. Á fundinum kom jafnframt fram að fyrirtækið væri að gera tilraunir með Facebook-síður stjarnanna og hvernig hægt sé að nýta þær til að kynna væntanlegar kvikmyndir þeirra.

Emanuel er ákaflega skrautlegur karakter og er þekktur fyrir óheflaða framkomu og ruddalegt orðfæri. Umboðsmaðurinn Ari Gold í Entourage er alfarið byggður á honum enda er framleiðandi þáttanna, Mark Wahlberg, einn traustasti skjólstæðingur Emanuels. „Þetta var maður sem ég vildi hafa mínu liði. Ari er ein af ástæðum þess að ég er í sjónvarpsbransanum og á sjálfur það efni sem ég framleiði,“ hefur Financial Times eftir Wahlberg. Leikarinn er síður en svo eina svokallaða A-stjarnan í persónulegum kúnnahópi Emanuels, meðal þeirra eru Martin Scorsese, Michael Bay, Charlize Theron og Steven Spielberg auk Denzels Washington og Michaels Douglas.

Emanuel er enginn venjulegur maður, hann vildi að Hollywood sparkaði Mel Gibson úr samfélagi sínu eftir að leikarinn gerðist sekur um gyðingahatur á sínum tíma og völd hans verða að teljast umtalsverð. Bróðir hans, Rahm Emanuel, var fyrsti starfsmannastjóri Baracks Obama í Hvíta húsinu en er núna borgarstjóri í Chicago.

freyrgigja@frettabladid.is

# Stígvélaður köttur og romm

Teiknimyndin Puss in Boots, The Rum Diary og A Very Harold and Kumar 3D Christmas eru þær kvikmyndir sem verða frumsýndar um helgina í kvikmyndahúsum borgarinnar.

Vinsældir teiknimyndarinnar Puss in Boots hafa komið flestum í opna skjöldu. Myndin er „spin-off“ af Shreck-kvikmyndunum sem nutu talsverðra vinsælda. Að þessu sinni er það stígvélaði kötturinn sem er í kastljósinu en þessi hugrakki riddari glímir jafnt við illmenni og kattareðli sitt. Myndin er sýnd í bæði tvívídd og þrívídd með ensku og íslensku tali. Í ensku útgáfunni er það sjálfsögðu Antonio Banderas sem talar fyrir köttinn en Salma Hayek fyrir aðal-læðuna.

A Very Harold and Kumar 3D Christmas er þriðja myndin um þessa misgáfuðu félaga. Að þessu sinni er myndin í þrívídd en þeir John Cho og Kal Penn eru á sínum stað ásamt Neil Patrick Harris úr sjónvarpsþáttunum vinsælu How I Met Your Mother. Óþarfi er að fara nákvæmlega ofan í saumana á söguþræði myndarinnar en í stuttu máli fylgist myndin með jólaundirbúningi Harolds og Kumars sem er, eðli málsins samkvæmt, nokkuð óvenjulegur.



**FRESSIÐ FRÆGA** Stígvélaði kötturinn er einn óvæntasti smellurinn í Bandaríkjunum en þar glímir kötturinn frægi jafnt við illmenni og kattareðli sitt.

Þriðja myndin er síðan The Rum Diary með Johnny Depp og Aaron Eckhart í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Hunters S. Thompson og segir frá drykkfelldum blaðamanni sem fer í mikla rannsóknarferð til Púertó Ríkó en þar kemst hann meðal annars í kynni við romm og fagrar frúr.


uno
cucina italiana

Jólaveislan á UNO er byrjuð



- Fordrykkur Prosecco
- Smakk að hætti kokkanna
- Mini borgari með léttreyktri önd, rauðlaukssultu og ítalskri capers-gúrkusósu
- „Hrefnucarpaccio“ með fenniku, ólífum, fennel mayo, prosciutto mulningi og ilmríkri sítrónuolíu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með ítalskri steinselju og grilluðu brauði
- Villisveppa-risotto með gorgonzola
- „Hangikjötscarpaccio“ með baby mozzarella, hnetum, parmesan og klettakálspestói
- Kalkúnabringa með rósmarín kartöflum, gulrótar mauki, hægelduðum fennel og pancettasósu
- Svart cappellini með humar, bláskel, hvítlauk og chili
- Dádýrafillet með rösti kartöflu, parmaskinku vafinni fíkju, svartrót og rósmarinsósu
- Tiramisu, klassískur eftirréttur að hætti ítala
- Skyr Panna cotta með hvítu súkkulaði, jarðaberjum og lime
- Súkkulaði brownie með ítölskum jólaís
- Tuborg jólabjór
- Kaffi og Nóa konfekt

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Tel. 561 1313 | uno.is

# BELID ljós í úrvali

## Sænsk gæðahönnun á góðu verði



POLAR



PRIMUS II



SPIDER



PICASSO



CASANOVA



HARLEY



DA VINCI



APOLLO

Opið:
10:00 - 18:00 virka daga
11:00 - 16:00 Laugardaga
13:00 -16:00 sunnudaga

www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800



**27 ÁRA** er söngkonan Nicki Minaj í dag en hún vekur alla jafna athygli fyrir frumlegan klæðaburð og líflega sviðsframkomu.

# JÓLIN KOMIN Í HOLLYWOOD

**Á hverju ári kemur kvikmynd í bíóhúsin sem fangar jólaandann í rómantískum og gamansömum stíl. Í ár er það kvikmyndin New Year´s Eve en í myndinni leikur fjöldinn allur af frægum leikurum. Myndin fjallar um afdrif ólíkra einstaklinga á síðasta kvöldi ársins. Kvikmyndin var frumsýnd í Hollywood í vikunni og rauði dregillinn stjörnum prýddur. Þar mátti sjá glaðbeittan Ashton Kutcher, sem nýlega skildi við leikkonuna Demi Moore, en hann stillti sér upp með leikkonunni úr sjónvarpsþáttunum Glee, Leu Michele. Einnig mættu leikkonurnar Michelle Pfeiffer og Hilary Swank í sínu fínasta pússi en þær leika báðar í myndinni.**



**FÍN** Leikkonan Katherine Heigl klæddist svörtum kjól á frumsýningunni.



**KYNNIRINN** Kynnirinn og útvarpsmaðurinn Ryan Seacrest kom á frumsýninguna en hann leikur sjálfan sig í myndinni.



**BLÁR KJÓLL** Leikkonan Hilary Swank var glæsileg í dökkbláum pallíettukjól.



**GÓÐIR VINIR** Vel fór á með Leu Michele og Ashton Kutcher á frumsýningunni en þau leika bæði í jólamyndinni.



**GRÁKLÆDDUR** Leikarinn ungi Zac Effron mætti glaður á rauða dregilinn í gráum jakkafötum.



**BROSMILD** Sofia Vergara fer með hlutverk í myndinni og mætti glöð á frumsýninguna.



**FJÓLUBLÁTT** Michelle Pfeiffer er ekki daglegur gestur á frumsýningum en hún leikur í New Year´s Eve og mætti því brosandi.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Arnaldur missti toppsætið til Yrsu

„Þetta eru bæði góðar fréttir og ömurlegar fréttir," segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Bjarti & Veröld.

Athygli hefur vakið að bóksölulistinn sem hefur birst vikulega í gegnum árin var hvergi sjáanlegur í síðustu viku. Þá gerðist það einmitt í fyrsta sinn í tíu ár að Arnaldur Indriðason átti ekki vinsælustu íslensku skáldsöguna, heldur Yrsa Sigurðardóttir, skjólstæðingur Péturs Más, með bókina Brakið.

„Þetta er svolítið eins og að vera með fæðingardaga fjölskyldunnar í lottóinu og í vikunni sem maður gleymir að spila koma tölurnar upp. En kosturinn við þetta er að það eru meiri líkur á að þetta gerist aftur heldur en að tölurnar í lottóinu komi aftur," segir Pétur Már, sem frétti af því fyrir viku að listinn kæmi ekki út þá vikuna. „Við vorum býsna súr yfir því, vegna þess að listinn skiptir máli í fjórar vikur á ári og fyrstu vikuna sem hann skiptir máli kemur hann ekki."

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ástæðan fyrir því að bóksölulistinn var ekki birtur sú að starfsmaður Rannsóknarseturs verslunarinnar sem vinnur listann var í fríi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var Arnaldur síðast í öðru sæti á listanum árið 2001 þegar Ólafur Jóhann Ólafsson skákaði Grafarþögn með Höll minninganna. „Þessi listi hefur verið birtur í sextán ár með smá hléi og það hefur aldrei fallið út birting. En þegar hún fellur loks niður þá hafa orðið mikil tíðindi," segir Pétur Már, sem tekur fram að hann sé einnig ánægður með vinsældir Arnaldar. „Það er auðvitað gleðilegt að tvær íslenskar skáldsögur skuli seljast svona vel." - fb



**GÓÐAR OG ÖMURLEGAR FRÉTTIR** Yrsa komst loksins upp fyrir Arnald á bóksölulistanum sömu viku og listinn birtist ekki. Súrsæt tíðindi fyrir Pétur Má Ólafsson.

# Eyðir jólunum á spítala



**ENNÞÁ VEIKUR** George Michael verður á spítala yfir hátíðarnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Söngvarinn George Michael þarf að eyða jólunum á spítala en hann er enn þá að jafna sig eftir lungabólgu. Michael var lagður inn á spítala í Austurríki fyrir tveimur vikum en er á batavegi núna.

„Honum er að batna en það lítur út fyrir að hann þurfi að liggja inni yfir hátíðarnar. Ég eyði öllum stundum með honum á spítalanum," segir kærasti söngvarans, Fadi Fawas, sem þó færir með góðar fréttir því um tíma var söngvaranum vart hugað líf.

# JÓLABÚÐIN ÞÍN

NÝTT KORTATÍMABIL

## MAGNAÐ HELGARTILBOÐ

**byggtogbúið**

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

### TRISTAR SAFAPRESSA – 47%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 14.990 |
| Tilboðsverð | 7.990 |
| Þú sparar | 7.000 |

### DOMO HEILSUGRILL – 27%
1800W

| | |
|---|---|
| Verð áður | 14.990 |
| Tilboðsverð | 10.990 |
| Þú sparar | 4.000 |

### GARMIN NUVI 1440 – 33%
LEIÐSÖGUTÆKI Í BÍLINN

| | |
|---|---|
| Verð áður | 44.900 |
| Tilboðsverð | 29.900 |
| Þú sparar | 15.000 |

### EVA TRIO SÓSUHITARI – 21%
LOKSINS KOMINN AFTUR

| | |
|---|---|
| Verð áður | 11.999 |
| Tilboðsverð | 9.499 |
| Þú sparar | 2.500 |

### BODUM PRESSUKANNA – 20%
CHAMBORD 8 BOLLA

| | |
|---|---|
| Verð áður | 9.799 |
| Tilboðsverð | 7.799 |
| Þú sparar | 2.000 |

### MIKIÐ ÚRVAL AF SERÍUM

Kauptu tvær og fáðu þá ódýrari á 50% afslætti

### KitchenAid tilboð

+ auka glerskál og matreiðslubók

Þú sparar 19.880

| | Hvít | Lituð |
|---|---|---|
| Verð áður | 99.870 | 102.870 |
| Tilboð | 79.990 | 82.990 |
| Þú sparar | 19.880 | 19.880 |

### TRISTAR
SALT&PIPARKVÖRN

| | |
|---|---|
| Verð áður | 5.990 |
| Tilboðsverð | 4.990 |

### NUDDSESSA
SHIATSU

| | |
|---|---|
| Verð áður | 45.750 |
| Tilboðsverð | 39.750 |
| Þú sparar | 6.000 |

### iRobot RYKSUGUVÉLMENNI

Sparaðu allt að 15.000

### ROOMBA 521

| | |
|---|---|
| Verð áður | 69.900 |
| Tilboðsverð | 59.900 |
| Þú sparar | 10.000 |

### ROOMBA 555 – 18%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 84.900 |
| Tilboðsverð | 69.900 |
| Þú sparar | 15.000 |

### ALLIR HÁRBLÁSARAR – 20%

### TRISTAR TÖFRASPROTI
MEÐ FYLGIHLUTUM

| | |
|---|---|
| Verð áður | 7.999 |
| Tilboðsverð | 6.999 |

### JÓLA KÖKUBOX – 30%
NOKKRAR STÆRÐIR

### ALLAR BRAUÐRISTAR – 20%

### BABYLISS SLÉTTURJÁRN – 50%
WET&DRY

| | |
|---|---|
| Verð áður | 10.999 |
| Tilboðsverð | 5.500 |
| Þú sparar | 5.499 |

### PÓKERTASKA – 20%
MEÐ 300 PENINGUM

| | |
|---|---|
| Verð áður | 7.990 |
| Tilboðsverð | 6.490 |
| Þú sparar | 1.500 |

### ÚTVARPSVEKJARI – 50%
MEÐ DAGSBIRTULJÓSI

| | |
|---|---|
| Verð áður | 10.999 |
| Tilboðsverð | 5.500 |
| Þú sparar | 5.499 |

### CUISINER RACLETTE – 23%
700W

| | |
|---|---|
| Verð áður | 6.499 |
| Tilboðsverð | 4.999 |
| Þú sparar | 1.500 |

## tékkÚps listinn

- Aðventuljósaperur
- Sogskálar
- Grenilengjur
- Fjöltengi (inni/úti)
- Kökukefli
- Piparkökumót
- Kjöthitamælar
- Seríufestingar
- Reykskynjarar
- Eldvarnarteppi
- Hnetubrjótar
- Jólapappír
- Skæri
- Borðar
- Litaðar ljósaperur
- Girni
- Gróðurvír
- Merkimiðar
- Gaskveikjarar
- Dragbönd
- Krókar
- Kjöttvinnar

## Topp 10 gjafirnar

1. KitchenAid tilboð
2. Ísl. pönnukökupannan
3. Sódavatnstæki
4. Cuisinart heilsugrill
5. Garmin leiðsögutæki
6. Saltkristallampi
7. Eva Solo karafla
8. Digital myndarammi
9. Sirius sería Coco Frost
10. Shiatsu nuddsessa

# Vilja gera dansinn aðgengilegri fyrir alla

**Danshópurinn Area of Stylez samanstendur af strákum frá Taílandi, Nepal, Víetnam, Tíbet og Bandaríkjunum, en þeir vöktu athygli fyrir vasklega framgöngu í sjónvarpsþættinum Dans dans dans. Í yfir eitt ár hafa strákaranir æft saman í litlu æfingahúsnæði í Engihjalla.**



**AREA OF STYLEZ** Þeir Pathipan Kristjánsson, Tu Ngoc Vu, Kristófer Aron Garcia Thorarensen, Suwit Chotnok, Surathep Khampamuang, Ratthaphon Parasri, Tenzin Khechok, Rajdeep Gurung og Theeraphol Arayarangsee mynduðu danshópinn Area of Stylez rétt fyrir prufurnar en ef þeir sigra í Dans dans dans vilja þeir búa til dansstúdíó og leyfa þeim sem ekki eiga mikinn pening að læra dans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við bjuggumst kannski ekki við því að komast í úrslitaþáttinn en takmarkið var alltaf að komast eins langt og við gætum og vekja á okkur athygli," segir Kristófer Aron Garcia Thorarensen, einn af níu meðlimum danshópsins Area of Stylez.

Danshópurinn vakti athygli fyrir skemmtilegt atriði í dansþættinum Dans dans dans á Ríkissjónvarpinu síðasta laugardagskvöld, en þeir komumst áfram í úrslitaþáttinn næstu helgi. Hópurinn samanstendur af níu strákum frá Taílandi, Nepal, Tíbet og Víetnam auk Kristófers, sem er frá Íslandi og Bandaríkjunum. Hann hefur búið á Íslandi alla sína ævi en misjafn bakgrunnur er hjá strákunum, sem eru á aldrinum 16-25 ára og ýmist í skóla eða að vinna.

„Við erum allir af höfuðborgarsvæðinu en erum með æfingaraðstöðu í Engihjallanum þar sem við höfum verið að dansa saman í eitt ár," segir Kristófer. Danshópurinn Area of Stylez varð hins vegar ekki til fyrr en rétt fyrir prufurnar fyrir þáttinn. „Ég sá auglýsingu um þáttinn í blaðinu og stakk upp á því við strákana að við tækjum þátt."

Strákarnir eru flestir sjálflærðir í dansinum og segir Kristófer að þeir noti mikið vefsíðuna YouTube til að læra ný spor. „Ég var í samkvæmisdansi þegar ég var lítill og fór svo á eitt breiknámskeið en eftir það var mér boðið að vera með strákunum. Við reynum að hittast á hverjum degi og æfa okkur," segir Kristófer.

Núna æfa strákarnir í fjóra tíma á dag fyrir úrslitakvöldið, en þeir sem eru í skóla eru einnig í prófum núna.

Sjálfur er Kristófer í íþróttafræði í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og í miðri prófatörn. „Við þurfum að skipuleggja okkur mjög vel núna og reyna að einbeita okkur að skólanum líka þó að það sé smá erfitt þegar það er svona stutt í úrslitin."

Sigurvegari Dans dans dans hlýtur eina milljón króna í verðlaun og eru strákarnir aðeins farnir að leiða hugann að verðlaununum.

„Við mundum vilja nýta peninginn í að bæta dansumhverfið og gera það aðgengilegra fyrir alla. Búa til stúdíó og byrja kannski á því að setja upp spegla í æfingaherbergið okkar.

Við viljum leyfa þeim sem eiga ekki mikinn pening að æfa dans og hafa gaman. Það er það sem skiptir aðalmáli, að hafa gaman," segir Kristófer og lofar skemmtilegu atriði frá danshópnum á laugardaginn kemur.

> Við viljum leyfa þeim sem eiga ekki mikinn pening að æfa dans og hafa gaman. Það er það sem skiptir aðalmáli, að hafa gaman.
>
> KRISTÓFER ARON GARCIA THORARENSEN
> DANSARI Í AREA OF STYLEZ

alfrun@frettabladid.is




Bíó ★★★★

**We Need to Talk About Kevin**

Leikstjórn: Lynne Ramsay

**Leikarar:** Tilda Swinton, John C. Reilly, Ezra Miller, Jasper Newell, Ashley Gerasimovich

## Óhuggulegasta mynd ársins



Líf Evu Khatchadourian er í molum. Eitthvað hræðilegt hefur gerst en við vitum ekki nákvæmlega hvað það er. Okkur eru gefnar ýmsar vísbendingar en þurfum sjálf að fylla inn í eyðurnar í bili. Leikstýran skoska Lynne Ramsay flakkar milli fortíðar og nútíðar en lykillinn að vanlíðan Evu er að finna í fortíðinni. Hvað var það sem gerðist og hvers vegna gerðist það?

Þessi dramatíska mynd málar trúverðuga mynd af harmi aðstandenda þeirra sem fremja voðaverk. Hvert einasta „skrímsli" á foreldra og jafnvel systkini á einhverjum tímapunkti, og stundum alast ófreskjurnar upp við tiltölulega eðlilegar aðstæður. Í þeim tilfellum spyr maður sig hvað hafi farið úrskeiðis. Maður veltir því jafnvel fyrir sér hvort illska geti hreinlega verið meðfædd.

Þrátt fyrir alvarlegt umfjöllunarefni er engu púðri eytt í predikanir. Myndin varpar fram spurningum og vangaveltum en áhorfandinn verður sjálfur að lesa í ljóðrænt myndmálið. Myndataka og klipping skapa ógnvekjandi stemningu sem óhefðbundin notkun tónlistar rekur smiðshöggið á. We Need to Talk About Kevin er óhuggulegasta mynd ársins.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Drungalegt drama um viðkvæmt málefni. Hér er vandað til verka og útkoman er frábær.



**SKILIN** Johansson og Reynolds voru af mörgum talin eitt fallegasta par Hollywood, en þau skildu fyrir ári.

# Stewart gróðavænlegust

Fjármálatímaritið Forbes hefur útnefnt leikkonuna Kristen Stewart þá gróðavænlegustu í kvikmyndabransanum. Þetta hefur komið mörgum í opna skjöldu en formúla Forbes er ákaflega einföld; útreikningarnir byggjast einfaldlega á því hversu miklum gróða kvikmynd stjörnunnar skilar miðað við laun hennar.

Og þá er útkoman engin geimvísindi, Twilight-kvikmyndirnar hafa malað gull án þess að leikararnir hafi verið á svimandi háum launum. Fyrir hvern dollara sem Stewart fær greiddan þénar mynd hennar rúmlega 55 dollara. Sem verður að teljast ágætis fjárfesting. Unnusti hennar, Robert Pattinson, verður að gera sér þriðja sætið að góðu, fyrir hvern dollara sem hann fær greiddan þénar mynd hans að meðaltali 39 dollara. Pattinson hefur auðvitað reynt fyrir sér í öðrum kvikmyndum utan Twilight sem draga þessa upphæð örlítið niður.

Í öðru sæti á lista Forbes er leikkonan Anne Hathaway sem halar inn 45 dollara á hvern dollara. Meðal annarra nafntogaðra leikara á listanum má nefna Daniel Radcliffe, Matt Damon og Robert Downey en Downey var eini leikarinn yfir þrítugu sem komst á þennan lista. Forbes tók líka saman þá leikara sem taldir eru skila minnstum gróða og þar trónir Drew Barrymore í efsta sæti. Eddie Murphy fylgir svo fast á eftir.



**FJÁRFESTING** Kristen Stewart er góð fjárfesting ef marka má lista Forbes. Það er unnusti hennar einnig, Robert Pattinson, og Anne Hathaway.

# Sér ekki eftir hjónabandi

**Leikkonan hæfileikaríka Scarlett Johansson segist alls ekki sjá eftir því að hafa gifst Ryan Reynolds, þrátt fyrir að hjónabandið hafi bara enst í tvö ár. Hún segir að ákvörðunin um að giftast Reynolds sé mögulega sú besta sem hún hafi tekið um ævina.**

**„Ég hef mikla trú á því að þegar manni líður eins og eitthvað sé rétt, eigi maður bara að láta vaða," var haft eftir leikkonunni í viðtali við tímaritið Cosmopolitan. Hún sagði við sama tækifæri að hún hefði verið heppin að giftast manni sem var alveg eins og hún hafði gert sér í hugarlund. „En við höfðum bæði svo mikið að gera og eyddum svo litlum tíma saman. Að halda hjónabandi gangandi er nánast eins og að hugsa um lifandi veru. Ég gerði mér ekki grein fyrir hæðunum og lægðunum og var ekki tilbúin að leggja í það alla vinnuna sem til þurfti."**

**Leikkonan átti í stuttu sambandi við Sean Penn eftir skilnaðinn og hefur viðurkennt að hún heillist mjög af mönnum sem eru ævintýragjarnir og örlítið hættulegir.**



**COLDPLAY** Chris Martin og félagar sneru aftur í ræturnar á þriðjudagskvöldið.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Tróðu upp á litlum klúbbi

Breska hljómsveitin Coldplay lenti í vandræðum á tónleikum sínum í London á þriðjudagskvöld. Sveitin tróð upp á 500 manna klúbbi, Dingwalls, en þar voru einir af fyrstu tónleikum þeirra haldnir árið 1998. Ókeypis var inn á tónleikana fyrir heppna aðdáendur sveitarinnar.

Coldplay hefur nær eingöngu troðið upp á íþróttaleikvöngum síðustu ár og því voru mikil viðbrigði fyrir liðsmenn sveitarinnar að koma fram á Dingwalls. Chris Martin og félagar gerðu nokkrar misheppnaðar tilraunir til að hefja tónleikana áður en það á endanum tókst. Allt fór þó vel að lokum og aðdáendurnir fengu að heyra öll bestu lög sveitarinnar og eitt jólalag í bónus.



# Glee heiðrar Michael Jackson

Sjónvarpsþátturinn Glee heiðrar minningu poppkóngsins Michaels Jacksson í janúar á næsta ári.

Þátturinn mun snúast um plötuna Thriller, sem er mest selda plata allra tíma. Þátturinn hefur áður heiðrað listamenn á borð við Britney Spears, Madonnu og hljómsveitina Fleetwood Mac með svipuðum þáttum.

Í tímaritinu TV Guide segir að allt að tólf lög Michaels Jackson verði flutt í þættinum, en fjölskylda söngvarans ku hafa gefið góðfúslegt leyfi fyrir því. Þá vonar fjölskyldan að þátturinn muni snúast um tónlistina en ekki sviplegt fráfalls hans árið 2009.

Leikarar þáttarins eru gríðarlega spenntir fyrir verkefninu og haft er eftir Ryan Murphy, framleiðanda þáttarins, að þeir hafi hreinlega drekkt honum í beiðnum um að fá að flytja uppáhaldslögin sín eftir Michael Jackson.



**POPPKÓNGURINN HEIÐRAÐUR** Tónlist Michaels Jackson verður viðfangsefni Glee-þáttar sem sýndur verður á næsta ári.








**HRÍFST AF GOSLING** Bradley Cooper segir að Gosling líti út eins og hann sé nýstiginn af sýningarpallinum.

## Gosling er gullfallegur

**Bradley Cooper hefur viðurkennt að fegurð Ryans Gosling hafi fengið hann til að efast um eigið útlit. Leikarinn var nýverið kjörinn kynþokkafyllsti maðurinn 2011 af tímaritinu People, við dræmar undirtektir aðdáenda Goslings. „Við vorum báðir í París í síðustu viku og vinur minn sýndi mér myndir af honum sem papparassarnir tóku. Og þegar ég segi vinur minn er ég að tala um sjálfan mig að skoða myndirnar í tölvunni,“ sagði Cooper í spjallþættinum The Graham Norton Show. „Hann lítur út eins og hann sé nýstiginn af sýningarpallinum. Ég lít út eins og nágranninn sem fer eiginlega aldrei út úr húsi.“**

## Hurðaskellir kominn á stjá

Leikaranum Alec Baldwin var á dögunum sparkað úr flugvél sem átti að ferja hann frá Los Angeles til New York.

Forsaga málsins er sú að Baldwin var beðinn um að slökkva á símanum sínum þegar hann var að spila tölvuleikinn Words with Friends áður en flugvélin fór af stað. Baldwin snöggreiddist, stóð upp og fór á klósettið. Skellti hann hurðinni svo fast á eftir sér að flugstjóri vélarinnar heyrði og ákvað að skipta sér af málinu. Þegar hann hafði rætt við flugfreyjurnar ákvað hann að Baldwin kæmi ekki með til New York og henti honum út.

Baldwin segist þó aðeins hafa staðið upp þegar búið var að kveikja á sætisbeltaljósunum og að engum hurðum hafi verið skellt. Það breytti engu og hann þurfti að taka aðra vél heim á leið.



**REIÐUR** Alec Baldwin er skaphundur.

# Guns N´Roses í Frægðarhöllina

Guns N´ Roses, Red Hot Chili Peppers, Beastie Boys, The Small Faces/Faces, Donovan og Laura Nyro verða vígð inn í Frægðarhöll rokksins í Cleveland í apríl á næsta ári.

Guns N´Roses er eina hljómsveitin sem er vígð inn í höllina fyrsta árið sem hún kemur til greina. Upphaflegir liðsmenn sveitarinnar hafa ekki spilað saman síðan trommarinn Steven Adler yfirgaf bandið árið 1990. Söngvarinn Axl Rose vill ekki útiloka að þeir komi saman aftur og spili við verðlaunaathöfnina. „Ef okkur verður boðið að spila veit ég ekki hvað stjórnendurnir vilja fá að heyra. Þetta er allt saman óvíst,“ sagði hann.

Anthony Kiedis, söngvari Red Hot Chili Peppers, frétti af vígslunni á tónleikaferð hljómsveitarinnar um Evrópu. „Ég hringdi í pabba og grét,“ sagði hann í viðtali við tímaritið Rolling Stone. „Mér finnst erfiðast að hugsa um Hillel Slovak [hinn sáluga gítarleikara sveitarinnar]. Mér finnst mest spennandi að hann verði vígður inn. Hann var yndisleg persóna sem tók upp gítar á áttunda áratugnum en náði ekki að lifa níunda áratuginn af. Hann verður heiðraður fyrir fegurð sína,“ sagði Kiedis.



**VÍGÐUR INN** Axl Rose og félagar hans í Guns N´Roses verða vígðir inn í Frægðarhöll rokksins á næsta ári.

**GRÉT** Anthony Kiedis grét þegar hann heyrði fréttirnar.






# Sheen sér um syni sína

Það lygnir lítið í kringum Charlie Sheen en nú hefur fyrrverandi kona hans, Brooke Mueller, verið handtekin fyrir líkamsárás og vörslu kókaíns.

Sheen og Mueller giftu sig árið 2008 og hjónaband þeirra var stutt en stormasamt. Sheen eyddi jólunum 2009 í fangelsi í Aspen eftir að hann var handtekinn fyrir heimilisofbeldi gegn konu sinni, og parið sótti svo um skilnað tæpu ári síðar. Saman eiga þau tveggja ára tvíburasyni og hafa barist hart um forræði yfir þeim á árinu. Mueller sótti um lögbann gegn leikaranum og lét lögreglu taka börnin frá honum í mars, í kjölfar brottreksturs hans úr sjónvarpsþáttunum Two and a Half Men. Hún sagði dómara að hún óttaðist um geðheilsu hans og velferð barnanna í umsjá leikarans.

Nú er hins vegar aftur komið að Sheen að hugsa um syni sína. Hann hefur tilkynnt að öll önnur verkefni muni sitja á hakanum á meðan hann sinnir föðurhlutverkinu. Á meðan fer móðir þeirra í meðferð, en hún hefur átt við alvarlegan fíkniefnavanda að stríða í fjölda ára. Leikarinn er að eigin sögn laus við vímuefnavanda sinn, en foreldrar Mueller munu vera honum innan handar með uppeldið til vonar og vara.



**CHARLIE SHEEN** Bráðlega hefst framleiðsla á nýjum þáttum leikarans sem byggja á kvikmyndinni Anger Management frá 2003.







# Hlakkar til að passa



**HJÁLPAR TIL** Kelly Rowland ætlar að hjálpa vinkonu sinni Beyoncé að passa barnið sem er væntanlegt í byrjun árs. NORDICPHOTOS/GETTY

Söngkonan Kelly Rowland hlakkar til að passa fyrir vinkonu sína Beyoncé en er ekki til í að eignast börn sjálf. Rowland söng með Beyoncé í hljómsveitinni Destiny´s Child og eru þær góðar vinkonur í dag. „Ég ætla að vera dugleg að passa og kannski skipta á einni eða tveimur bleyjum fyrir hana,“ segir Rowland sem vill bíða með barneignir í nokkur ár. „Tilhugsunin um að eitthvað á stærð við melónu komi út um eitthvað á stærð við sítrónu er of mikið fyrir mig og ég bara skil ekki hvernig þetta virkar,“ segir söngkonan. Beyoncé á von á sér í byrjun ársins.




**Olga Einarsdóttir**
– gerði brennandi áhuga á fatnaði og tísku að starfsferli.



FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN








## ÞUNGAVIGTARMENN ÁBERANDI

Woody Allen og Martin Scorsese eru meðal þeirra þungavigtarmanna sem þykja líklegir til að hreppa Óskarstilnefningu í lok janúar. Meðal annarra má nefna leikstjórann Alexander Payne, Stephen Daldry og David Fincher sem allir hafa verið tilnefndir en aldrei farið heim með styttuna góðu í farteskinu.





# Góðkunningjar Óskars líklegir til afreka á næsta ári

**Það styttist í að tilkynnt verði hvaða myndir verða tilnefndar til Óskarsverðlauna. Kvikmyndaspekúlantar eru að sjálfsögðu byrjaðir að velta vöngum yfir því hvaða nöfn verða birt á flatskjánum í Hollywood og flestir eru á sama máli; það verða kunnugleg andlit meðal hinna útvöldu.**

Tilnefningarnar til Óskarsverðlauna verða kunngjörðar í lok janúar. Tilnefning getur ýmsu breytt og því ekkert skrýtið að kvikmyndagerðarmenn skuli eyða háum fjárhæðum í að koma sínum verkum á framfæri við Akademíuna. Íslenskir kvikmyndaunnendur verða að bíða enn um sinn eftir „vandaða“ pakkanum frá Hollywood – janúar og febrúar hafa yfirleitt verið gjöfulir hvað slíkar gjafir varðar.

**Kunnugleg andlit**

Vefsíðan Deadline tók saman lista yfir þá leikstjóra sem líklegastir eru til að hljóta tilnefningu. Þeir eiga það flestir sameiginlegt að hafa komið við sögu Akademíunnar áður. Sumir hafa jafnvel hlotið styttuna góðu oftar en einu sinni á meðan aðrir hafa verið tilnefndir nógu oft til að geta loks gert tilkall til verðlaunanna. Steven Spielberg er í fyrrnefnda hópnum. Hann hefur verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fimm sinum og hlotið verðlaunin í tvígang; fyrir Schindler‘s List og Saving Private Ryan. Kvikmyndarinnar War Horse, sem Spielberg leikstýrir, er beðið með mikilli eftirvæntingu enda hafa bæði bókin og leikritið notið mikila vinsælda. Deadline segir myndina hafa allt til brunns að bera; miklar tilfinningar og stórfengleg hasaratriði. Annar reynslubolti, sem þó hefur haft það fyrir sið að sniðganga hátíðina, er Woody Allen. Leikstjórinn þykir sýna gamla takta í Midnight in Paris en hann hefur verið tilnefndur fjórtán sinnum til verðlaunanna. Deadline segir Akademíuna varla geta gengið fram hjá Allen í ljósi þess að Midnight in Paris hafi hlotið einróma lof gagnrýnenda og gekk vel í miðasölu. Akademían mun vafalítið einnig eiga erfitt með að hunsa Martin Scorsese og ævintýramynd hans Hugo sem fengið hefur stórkostlega dóma. Scorsese, þótt ótrúlegt megi virðast, hefur aðeins einu sinni hlotið styttuna góðu þrátt fyrir að hafa verið tilnefndur sex sinnum og Akademían mun alla tíð hafa það á samviskunni að hafa valið úlfadans Kevins Costner fram yfir Goodfellas á sínum tíma. Nafn Scorsese verður næstum örugglega í pottinum.

**Fincher talinn heitur**

Svo eru það hinir sem hafa daðrað við styttuna, hlotið tilnefningu en aldrei náð á toppinn. Alexander Payne og kvikmynd hans, The Descendants, hafa átt góðu gengi að fagna og nafn Davids Fincher og Karla sem hata konur hefur verið nefnt á nokkrum vefsíðum. Kvikmyndanirðir virðast hafa tröllatrú á amerískri aðlögun sænska þríleiksins eftir Stieg Larsson. Hið sama má segja um Stephen Daldry, hann hefur gert þrjár kvikmyndir og verið tilnefndur fyrir þær allar. Nýjasta kvikmynd hans, Extremely Loud and Incredibly Close, þykir nokkuð spennandi en myndin segir frá afleiðingum árásanna á Tvíburaturnana.

**Clooney orðaður við Óskar**

Og svo er það George Clooney, leikarinn og leikstjórinn sem Akademían dýrkar.

The Ides of March hefur fengið prýðisgóðar viðtökur, umfjöllunarefnið er pólitískt og hver vill ekki vera vinur George Clooney? Jason Reitman, leikstjóri Juno og Up In The Air, þykir einnig líklegur fyrir kvikmynd sína Young Adult, sömuleiðis Bennett Miller með kvikmynd sína Moneyball og svo er það hið óvænta; Michel Hazanavicius og kvikmynd hans The Artis.

Hún er þögul og í svarthvítu en hvar sem myndin hefur verið sýnd hafa áhorfendur risið úr sætum og klappað henni lof í lófa. Myndin hefur unnið flest aðalverðlaun á þeim kvikmyndahátíðum sem hún hefur tekið þátt í og því er ekki óhugsandi að The Artist gæti orðið Öskubuskusaga ársins.

freyrgigja@frettabladid.is

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSAKRÓNUR

**LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN**
**VIÐ FELLSMÚLA** - REYKJAVÍK



**9.975**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA GYLLT



**18.495**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, STÁL OG GYLLT



**7.995**
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA GYLLT



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL



**9.995**
5 LJÓSA
**7.990**
3 LJÓSA



**19.995**
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**19.995**
5 LJÓSA
**12.995**
3 LJÓSA



**5.995**
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST



**7.495**
5 LJÓSA
**5.995**
3 LJÓSA



**19.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**7.495**
5 LJÓSA
**4.995**
3 LJÓSA



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Dreymdi að hún skrifaði bók og ynni til verðlauna

**Bryndís Björgvinsdóttir er ungur rithöfundur sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í ár. Fyrsta upplag er uppselt og annað í prentsmiðju, og Flugan sem stöðvaði stríðið er bók mánaðarins á Bókamessunni í Frankfurt.**

„Ég náttúrulega bjóst aldrei við þessu,“ segir Bryndís Björgvinsdóttir rithöfundur, um mikla velgengni annarrar skáldsögu hennar, Flugunnar sem stöðvaði stríðið. „Ég bjóst ekki við því að bókin myndi fá Íslensku barnabókaverðlaunin til að byrja með. Ég fékk þær fréttir einmitt þegar ég var stödd í London sama dag og William prins og Kate giftu sig. Ég mátti engum segja og var alveg kampakát í veislu um kvöldið – allir héldu að ég væri svona hrikalega ánægð með þetta konunglega brúðkaup,“ segir Bryndís sem er að vonum einnig kampakát þessa dagana. Bókin hennar er nefnilega ein af fimm bókum og eina barnabókin sem send hefur verið í endurprentun á vegum Forlagsins, fyrra upplagið er nánast uppselt.

„Ég er rosalega fegin að bókinni hafi verið svona vel tekið og að hún selst vel. Ég fékk nefnilega mína fyrstu skáldsögu útgefna þegar ég var fimmtán ára, ásamt vinkonu minni, og hélt á tímabili að það væri ógeðslega létt að vera rithöfundur. Við skrifuðum hana á einum mánuði en það tók mig þrjú ár að skrifa nýju bókina, með vinnu og skóla. Þá allt í einu fannst mér þetta ekkert létt lengur, þetta er auðvitað rosalega mikil vinna upp á von og óvon.“

Íslensku barnabókaverðlaunin eru ekki eini heiðurinn sem Bryndísi hefur hlotnast fyrir bókina, því nýlega var hún valin sem bók desembermánaðar á Sagenhaftes, Bókamessunni í Frankfurt. Þar fær hún mikla kynningu bæði á ensku og þýsku og að sögn Bryndísar hefur hún fengið veður af því frá útgefenda sínum að erlend útgáfufyrirtæki séu farin að sýna bókinni áhuga. „Bókin er ekki bundin við neinn stað, hún getur í rauninni gerst í hvaða landi sem er og fjallar um hluti sem allir þekkja, stríð og húsflugur. Húsflugurnar eiga að standa fyrir þá sem eru undir í samfélaginu, þá

> Bókinni er ætlað að benda á fáránleika stríðs, enn og aftur.
>
> **BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR**
> RITHÖFUNDUR

sem þykir sjálfsagðara að beita ofbeldi, eða jafnvel deyða. Bókinni er ætlað að benda á fáránleika stríðs, enn og aftur. Það er náttúrulega búið að gera það margoft í heimsbókmenntunum en það er alltaf jafn mikilvægt að halda því til haga að stríð séu fáránleg.“

Bryndís hefur undanfarið lesið upp úr bókinni fyrir fjölda fólks, bæði börn og fullorðna. Hún segir að bókin sé ætluð öllum og að margt leynist í henni sem er ekki á færi þeirra yngstu að skilja fyrr en seinna, en þeir eldri geti hlegið að. Henni finnst sérstaklega skemmtilegt að fara í grunnskólana, og segist geta hvatt yngstu kynslóðina áfram í að elta drauma sína. „Við vinkona mín skrifuðum bók þegar ég var fimmtán ára nefnilega af því að mig hafði dreymt draum um að ég hefði skrifað bók og fengið verðlaun fyrir hana. Vinkonu minni fannst sjálfsagt að við drifum í þessu, en þótt bókin hafi orðið til fengum við engin verðlaun. Svo fjórtán árum seinna fæ ég verðlaunin. Ég segi oft við krakkana að þetta sýni að draumar geti ræst. Það tekur bara miklu lengi tíma, meiri vinnu og kannski rætast þeir á aðeins annan hátt en maður bjóst við í upphafi.“

bergthora@frettabladid.is



**ÁNÆGÐ MEÐ VIÐTÖKURNAR** Afar sjaldgæft er að barnabók hljóti þann heiður að vera bók mánaðarins á Bókamessunni í Frankfurt. Bryndís Björgvinsdóttir getur því brosað breitt þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**STRESSKAST Í FATASKÁP** Gwen Stefani stundar hugleiðslu í fataskáp sínum þegar hún verður stressuð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Finnur frið í fataskápnum

Söngkonan Gwen Stefani viðurkennir að hún fari stundum inn í fataskápinn sinn þegar stressið ætlar að ríða henni að fullu. „Ég stunda hugleiðslu reglulega. Stundum fer ég inn í fataskáp, loka hurðinni og vona að enginn finni mig," segir Stefani við tímaritið InStyle en ásamt því að vera söngkona er hún tveggja barna móðir og eigandi fatamerkisins L.A.M.B.

Stefani er gift söngvara hljómsveitarinnar Bush, Gavin Rossdale.



**USHER** Popparinn góðkunni gaf samstarfsmanni sínum Grammy-verðlaunagrip í afmælisgjöf. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gaf vini sínum Grammy

**Tónlistarmaðurinn Usher kom gestum í afmælisveislu um helgina á óvart þegar hann gaf afmælisbarninu Grammy-verðlaunin sín.**

**Það var Rico Love sem fagnaði 29 ára afmæli sínu á Miami en hann er kunnur lagasmiður og upptökustjóri í poppbransanum vestanhafs. Usher steig á svið í veislunni og ávarpaði gesti en þeirra á meðal var söngkonan Mary J. Blige. „Hvað gefur maður manni sem getur keypt sér allt sjálfur? Ég ákvað að vera sá fyrsti til að færa honum eitthvað óvenjulegt," sagði Usher í veislunni.**

**Usher færði Rico Love svo gripinn sem hann fékk fyrr á árinu fyrir lagið There Goes My Baby. Reyndar er afmælisbarnið höfundur lagsins og vann við upptökur þess þannig að deila má um hversu stórmannlegt það var af Usher að færa honum gripinn við þetta tækifæri.**

# Smith-hjónin þreytt á að þykjast

Hjónin Will Smith og Jada Pinkett Smith eru þreytt á að þykjast og eru á barmi skilnaðar ef marka má slúðurblaðið Star Magazine. Í haust var fréttaflutningur mikill um framhjáhald leikkonunnar með söngvaranum Marc Anthony en Smith-hjónin voru fljót að blása á sögusagnir um skilnað.

Í nýjasta tölublaði Star Magazine er því haldið fram að leikarahjónin séu nú þreytt á að þykjast. „Þau eru búin að þykjast vera saman í langan tíma og vilja ekki lifa í lygi lengur. Þau hafa engin samskipti lengur og lifa hvort sínu lífinu," segir heimildarmaður blaðsins og heldur því fram að hjónin sofi ekki í sama herberginu. „Ástæðan fyrir því að þau eru ekki löngu skilin er að þau eru hrædd um að skilnaðurinn hafi áhrif á starfsferil þeirra," segir heimildarmaðurinn en gera má ráð fyrir að skilnaðurinn eigi eftir að vera erfiður og dýr.

Will Smith og Jada Pinkett Smith hafa verið gift í 14 ár og eiga saman þrjú börn.



**HJÓNADJÖFULL** Marc Anthony er sagður hafa verið ástmaður Jödu Pinkett. NORDICPHOTOS/GETTY



**Á BARMI SKILNAÐAR** Will Smith og Jada Pinkett eru að fara að skilja segir í slúðurblöðunum vestanhafs.

LAUGAVEGUR 46, 101 REYKJAVIK

Tiia

Höfum opnað glæsilega nýja kvenverslun í hinu nýuppgerða og sögufræga húsi, Laugavegi 46. Verslunin býður upp á dásamleg merki og margt af því besta frá Skandinavíu og Frakklandi. Merki eins og Munthe + Simonsen, Rabens Saloner, Aymara, Lolly's Laundry, Maison Scotch, Ambre Babzoe, Mexicana, Mes Demoiselles, Moncocrom, By Koah, True Grace ilmkertin, Nailstation naglalökk ásamt fleiri dásamlegum merkjum.

Hlökkum til að sjá þig, Tiia



Nýtt kortatímabil

Sími: 571 8383

# BÚNIR AÐ VENJAST FYRIRSÆTUSTÖRFUNUM

**Sala á árlegu dagatali slökkviliðsmanna hefst í dag. Ágóðann nota þeir til að komast á heimsleika slökkviliðsmanna.**

„Þetta gengur rosalega vel, hefur alltaf selst upp,“ segir Pálmi Hlöðversson slökkviliðsmaður. Hann og félagar hans sem stefna á heimsleika slökkviliðsmanna gefa líkt og fyrri ár út dagatal til að safna fyrir ferðinni á leikana. „Við byrjuðum á þessu árið 2007, þá vorum við akkúrat tólf sem vorum að fara. Það er hrikalega dýrt að fara út og við vorum að vesenast með fjármögnunina þegar einhver fékk þessa snilldarhugmynd. Síðan þá höfum við getað fjármagnað ferðina eingöngu með þessari sölu,“ segir Pálmi, en árlega prenta þeir 3.000 eintök af dagatölum sem meðlimir slökkviliðsins prýða.

Pálmi játar því að þeir séu að venjast fyrirsætustörfunum. „Menn voru svona hálffeimnir fyrst, að vera berir að ofan hangandi uppi á vegg hjá fólki í heilan mánuð. Ísland er lítið land og allir þekkja alla, en þetta hefur vanist mjög vel. Núna komust færri að en vildu.“

Góð stemning ríkir í kringum dagatalsgerðina innan slökkviliðsins og Pálmi segir mikið rætt og hlegið innan hópsins. Í ár ákváðu þeir að stíga næsta skref og fengu fjölda fagmanna til liðs við sig,



**HETJUDÁÐ** Slökkviliðsmenn mæla ekki með því að vera ber að ofan í nálægð við eld.

þar á meðal Veru Pálsdóttur ljósmyndara. „Það var mikið fjör í tökunum. Menn lögðu alveg allt í sölurnar. Við vildum ekkert Photoshop þannig að sumir fóru berir að ofan út í sjó og aðrir fengu smá brunasár á bakið – við erum náttúrulega ekki vanir að vaða berir að ofan inn í eld, og mælum ekkert með því.“

Pálmi vonast til þess að hærra fari af þátttökunni á næstu leikum, en síðan íslenskir slökkviliðsmenn mættu fyrst árið 1999 hafa þeir unnið til fleiri en tuttugu verðlauna, bæði í hefðbundnum íþróttagreinum og slökkviliðstengdum greinum. „Hérna heima vita fæstir af þessu. Við smyrjum bara á okkur



**FLOTTAR MYNDIR** Fyrirtækið Viðvera aðstoðaði slökkviliðsmennina í ár og útkoman er flott.



**HRAUSTLEGIR** Æfingar fyrir keppnina eru teknar alvarlega og af miklum metnaði.

olíu, seljum dagatal og förum út.“

Þeir sem vilja tryggja sér eintak af dagatalinu geta hitt á slökkviliðsmennina fyrir framan verslanir Eymundsson á Skólavörðustíg og Austurstræti í dag og á morgun á milli 16-19. Þar fer fram sérstök forsala, Sjávargrillið býður gestum og gangandi upp á jólasúpu og Te og kaffi hellir upp á hátíðarkaffi.

bergthora@frettabladid.is



**VATNSELGUR** Mikið er lagt á sig til að geta tekið þátt í heimsleikunum.

MYNDIR/VERA PÁLSDÓTTIR






**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Magni Ásgeirsson stjórnaði tökunum í bresku útgáfunni af Wallander en þar fer Kenneth Branagh með hlutverk sænska lögreglumannsins.

# Magni vinnur með Kenneth Branagh

„Ég má bara eiginlega ekkert tjá mig um málið. Ég er bundinn trúnaði og það er bara eins gott að standa við það,“ segir Guðmundur Magni Ágústsson kvikmyndatökumaður. Hann stjórnaði tökum í sjónvarpsseríu BBC, breska ríkissjónvarpsins, um sænska lögreglumanninn Wallander sem Kenneth Branagh leikur.



Wallander-þættirnir eru byggðir á bókum eftir Henning Mankell og hafa notið talsverðra vinsælda í Bretlandi en margir Íslendingar ættu að kannast við sænsku útgáfurnar sem hafa verið sýndar á RÚV. „Ég held að þetta verði ekki sýnt fyrr en á næsta ári,“ segir tökumaðurinn en tökurnar fóru fram í Svíþjóð.

Magni, eins og hann er jafnan kallaður, hefur verið búsettur í Bretlandi undanfarin ár og unnið sem kvikmyndatökumaður þar við góðan orðstír. Hann var meðal annars kvikmyndatökumaður sjónvarpsseríunnar Spy sem sýnd var á Sky 1 og svo Free Agents á Channel 4 en þeir þættir fengu prýðilegar viðtökur og voru meðal annars endurgerðir í Bandaríkjunum.

Magni hefur ekki mikið gert af því að vinna hér á landi. „Ég kem þó alltaf í heimsókn reglulega,“ segir tökumaðurinn en hann stjórnaði þó kvikmyndatökum á heimildarmynd Sigur Rósar, Heima, og svo íslensku kvikmyndinni Brim. „Ég vann líka með Berki Sigurþórssyni að stuttmyndinni Come to Harm,“ segir Magni en sú mynd hefur vakið töluverða athygli.

- fgg

# Beitir sér gegn einelti

Lady Gaga heimsótti Hvíta húsið á dögunum til að vekja athygli á einelti og afleiðingum þess. Ástæðan fyrir heimsókn söngkonunnar í forsetabústaðinn í Washington var sjálfsmorð ungs táningspilts í Bandaríkjunum sem hefur verið mikið í fréttunum í vestanhafs.

Lady Gaga hefur lengi talað gegn einelti og var ráðgjafi forsetans, Valerie Jarrett, mjög hrærð yfir frásögn söngkonunnar af eigin reynslu af einelti. „Frásögn hennar snerti mig og ég er ánægð með hvernig hún notar frægð sína og frama til að varpa ljósi á mikilvægt málefni.“

Lady Gaga hefur aldrei farið leynt með að sér hafi verið strítt í æsku og hyggst beita sér frekar gegn einelti í framtíðinni.



**HEIMSÓTTI HVÍTA HÚSIÐ** Lady Gaga hyggst beita sér áfram gegn einelti í framtíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Adele slær Amy Winehouse við

Plata bresku söngkonunnar Adele, 21, er orðin mest selda plata þessa árþúsunds í Bretlandi, og hefur selst í meira en 3,4 milljónum eintaka.

Platan sem áður átti metið er sólóplata annarrar breskrar söngkonu, Amy Winehouse, Back To Black. Sú var gefin út árið 2006 og náði því metsölunni á fimm ára tímabili, og skaust ekki upp í toppsætið fyrr en eftir ótímabært lát Winehouse í sumar. Plata Adele kom út fyrir einungis tíu mánuðum, og því er ljóst að vinsældir hennar eiga sér engan líka.

21 hefur setið í einhverju efstu tíu sæta metsölulista Bretlands frá því að platan kom út, eða í 45 vikur í röð. The Guardian greinir frá því að það sem ýtt hafi við sölunni á lokasprettinum hafi verið tilkynning um tilnefningar ti Grammy verðlaunanna í síðustu viku, en Adele hlaut sex tilnefningar líkt og Fréttablaðið greindi frá.

Söngkonan, sem gekkst undir aðgerð á raddböndum í síðasta mánuði og hefur átt erfitt með tal, beindi orðum sínum til aðdáenda sinna á vefsíðu sinni í vikunni. „Örfáum dögum eftir að ég loksins fæ málið aftur er ég algjörlega orðlaus. Ég gerði plötuna en þið hafið gert hana að því sem hún er í dag.“



**ÞAKKLÁT** Söngkonan Adele segir árið 2011 vera það besta í lífi sínu hingað til.



**ROKKARI** Shakira hefur einnig dálæti á Led Zeppelin og Nirvana.

# Flytur lag Metallica

**Kólumbíska söngkonan Shakira ólst upp við að hlusta á þungarokk og segist vera einlægur aðdáandi rokksveitarinnar Metallica. Óvíst er hvort aðdáendur hennar deila ástríðu hennar fyrir rokkinu en margir þeirra kunna eflaust að meta að Shakira hafi bætt frægasta lagi sveitarinnar, Nothing Else Matters, á lagalista tónleikaferðalags síns. Söngkonan segist hafa sungið það allan liðlangan daginn áður en hún varð fræg og að hún hafi viljað koma tónleikagestum skemmtilega á óvart með flutningnum.**

# Skemmtikraftur ársins

**Daniel Radcliffe er skemmtikraftur ársins að mati tímaritsins Entertainment Weekly.**

**Radcliffe er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem galdradrengurinn Harry Potter, en hann lék einmitt í ár í síðustu myndinni sem var gerð eftir bókunum, Deathly Hallows: Part II. Þá lék hann aðalhlutverkið í Broadway-sýningunni How to Succeed in Business Without Really Trying, sem fékk hin margrómuðu Tony-verðlaun.**

**Á meðal annarra sem hafa hlotið þennan heiður tímaritsins eru söngkonan Taylor Swift, leikkonan Sandra Bullock og leikarinn Robert Downey Jr.**



**VERÐLAUNAÐUR** Daniel Radcliffe hefur ástæðu til að brosa, en hann er skemmtikraftur ársins að mati Entertainment Weekly.


Ómissandi bók fyrir alla foreldra

Hollráð Hugos
hafa slegið í gegn

3. prentun komin í verslanir





„Komdu, ég þarf að hlusta á þig.“
Þessi áhrifaríka en einfalda setning er lýsandi fyrir þessa frábæru bók.

Sálfræðingurinn Hugo Þórisson er mörgum að góðu kunnur en hann hefur starfað að bættum samskiptum barna og foreldra í yfir 30 ár.






„Hér er bók sem vísar okkur veginn til þess uppeldis sem kemur börnum best og þau munu í framtíð meta sem dýrmætt veganesti.“
*Vigdís Finnbogadóttir*

„Frábær bók sem hentar öllum foreldrum hvar sem þeir eru staddir í uppeldishlutverkinu.“
*Haraldur Freyr Gíslason, formaður félags leikskólakennara*

Salka

Kíktu á salka.is
Skipholti 50c • 105 Reykjavík

„Ef skammir dygðu væru ekki til óþekk börn.“
úr Hollráð Hugos




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| HAROLD AND KUMAR : 3D CHRISTMAS Forsýning Ótext | 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 | 2D | 16 |
| TRESPASS | kl. 5:50 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN :PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN :PART 1 VIP | kl. 9:20 | 2D | VIP |
| THE HELP | kl. 8 | 2D | L |
| THE HELP Luxus VIP | kl. 6 | 2D | VIP |
| TOWER HEIST | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS | kl. 5:40 - 10:45 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 | 16 |
| TRESPASS Síðustu sýningar | kl. 10:20 | 16 |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 8 | 12 |
| SEEKING JUSTICE Síðustu sýningar | kl. 10:20 | 16 |

SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| VERY HAROLD & KUMAR 3D CHRISTMAS Fors. ótxtuð | kl. 8 -10:10 | 3D | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:30 í 3D & 2D | | L |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| A GOOD OLD FASHOINED ORGY | kl. 8 | 2D | 16 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| HAROLD AND KUMAR : A VERY 3D CHRISTMAS Forsýning | kl. 8 | 3D | 16 |
| TRESPASS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ Ensku Tali / ótextuð | kl. 5:40 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| THE HELP | kl. 5:10 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| TRESPASS | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 | 2D | 12 |


# Frumsýna nýja heimildarmynd um Nóbelsskáldið

**Ný heimildarmynd um Halldór Kiljan Laxness verður frumsýnd í Bíói Paradís í kvöld. Fjöldi erlendra viðmælenda fjallar um Halldór í samhengi sem ekki hefur áður birst í myndum um skáldið.**

„Við erum ánægðir með útkomuna,“ segir Halldór Þorgeirsson kvikmyndargerðarmaður. Ný heimildarmynd hans, Hauks Ingvarssonar og Sigurðar Valgeirssonar, um Nóbelsskáldið Halldór Kiljan Laxness, HKL, verður frumsýnd í dag.

„Verkefnið varð nú eiginlega til þannig að stundum vorum við spurðir hvort ekki væri til heimildarmynd um Halldór Laxness. Þær eru nú vissulega til einhverjar, en þær eru voðalega mikið sniðnar að þörfum Íslendinga. Þessi mynd er tekin upp í Ameríku og Evrópu og við tölum við fólk sem veit býsna mikið um Laxness en er ekki Íslendingar. Stundum gleymum við að flestir lesendur Halldórs tala ekki íslensku. Við getum rétt ímyndað okkur hversu stór lesendahópurinn er úti þegar bækur hans hafa selst í hundruðum þúsunda og jafnvel milljónum eintaka.“

Í myndinni er sjónum beint að pólitískum skoðunum Halldórs Laxness, hvernig þær mótuðu hann sem rithöfund og sviptu hann stórum tækifærum síðar meir. Halldór segir að í myndinni fjalli þeir um skáldið í samhengi við þá heimsatburði sem höfðu áhrif á hann. „Halldór fer út sem ungur maður, varla orðinn sautján ára, og dvelur mikið erlendis. Hann er á Ítalíu þegar fasistarnir taka völdin, og á Spáni. Hann er í Þýskalandi og fer til Sovétríkjanna. Hann er í Ameríku þegar stóra kreppan skellur á. Hann stígur eiginlega úr þessum annars rólega heimi hér, yfir í þennan heim eins og hann var eftir fyrri heimsstyrjöld þar sem var bara ringulreið.“

Aðstandendur myndarinnar eiga nú í viðræðum um dreifingu erlendis, en líklegt er að mikil eftirspurn sé eftir ítarlegri mynd um forvitnilega ævi skáldsins. HKL verður sýnd í kvöld, klukkan 20 í Bíói Paradís við Hverfisgötu.

bergthora@frettabladid.is



**HEIMKOMA** Halldór upplifði margt sem hafði mikil áhrif á hann á ferðalögum sínum.



**HALLDÓR ÞORGEIRSSON** Heimildarmyndin um Halldór Laxness tók rúmlega eitt ár í vinnslu.





| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR | 5% | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BLITZ | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| BLITZ LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| TROPA DE ELITE | KL. 10.20 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | 7 |
| ÞÓR 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 5.50 | L |
| ARTHUR CHRISTMAS 3D ÁN TEXTA | KL. 5.50 | L |
| TROPA DE ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 6 | L |
| BLITZ | KL. 8 | 16 |
| TROPA DE ELITE | KL. 5.50 | 16 |
| JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D | KL. 10 | 16 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BLITZ | 8 og 10.15 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 6 |
| JACK AND JILL | 6 og 8 |
| HAPPY FEET 2 3D - ISL TAL | 6 |
| IMMORTALS 3D | 8 og 10 |
| BORGRÍKI | 10.15 |

LYFJA – Lífið heil
www.lyfja.is




Original Arctic Root
– vinnur gegn streitu og álagi
– eflir einbeitingu, úthald og þrek

Fyrir þig í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 57327 11/11

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: HJEM TIL JUL (HEIM UM JÓLIN) 18:00, 20:00, 22:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 18:00, 20:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!





Jóla-
skósprengjan
50%
afsláttur
fram til jóla
Opið
virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17
VÖRUR FRÁ:
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Kringlan - Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Þú finnur okkur á:
facebook
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# sport

sport@frettabladid.is



**EMBLA GRÉTARSDÓTTIR** knattspyrnukona hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna eftir farsælan feril. Embla, sem aðeins er 29 ára, hefur verið að glíma við meiðsli og það er hluti af því af hverju hún er hætt. Embla lék með Sindra, KR og Val á ferlinum og vann fjölda titla ásamt því að spila 10 A-landsleiki.



**ÁTÖK** Úr leik hjá Selfossi, en leikmaður liðsins fékk þungt högg í andlitið gegn ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kjaftshögg í 1. deildinni:

## Kærir vegna líkamsárásar

**HANDBOLTI** Mikil reiði kurrar í herbúðum karlaliðs Selfoss í handbolta eftir að aganefnd HSÍ vísaði frá máli sem stjórn sambandsins sendi vegna fólskulegs brots í leik ÍBV og Selfoss á dögunum.

Á myndbandsupptöku frá leiknum sést þegar leikmaður ÍBV slær mótherja sinn í andlitið eftir að að Selfyssingurinn hafði losað sig við boltann. Dómarapar leiksins missti af atvikinu og var leikmanninum ekki refsað.

Í úrskurði aganefndar segir meðal annars að um leikbrot sé að ræða en ekki agabrot. Erfitt sé að gera sér grein fyrir því af umræddu myndbandi hve alvarlegt brotið hafi verið þótt það virki mjög alvarlegt. Ljóst er þó að leikmaðurinn sem varð fyrir högginu lék það sem eftir var leiksins eins og ekkert hefði í skorist.

Umræddur leikmaður Selfoss, Atli Kristinsson, sagði í samtali við íþróttadeild í gær að hann hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum með vinnubrögð aganefndar HSÍ í þessu máli.

Hann sæi sig því tilneyddan að leggja fram líkamsárásarkæru á hendur Davíð Þór Óskarssyni, leikmanni ÍBV, sem veitti honum umrætt högg í andlitið. - hsb






**VANÞAKKLÁTT STARF** Körfubolta- og handknattleiksdómarar þurfa oft að leggja mikið á sig til þess að vinna hið vanþakkláta starf dómarans. Sitt sýnist hverjum um laun dómaranna, en þeir eru flestir undir miklu álagi enda skortur á dómurum sem gefur til kynna að menn séu ekki að fara í dómgæslu út af peningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# RÁNDÝRT AÐ FÁ DÓMARA

### Kostnaður við að fá dómara á leiki á Akureyri og Sauðárkróki í handbolta og körfubolta er yfir 100 þúsund krónum. Mikið álag er á bestu dómurunum.

**ÍÞRÓTTIR** Það er að ýmsu að hyggja í rekstri íþróttafélaga og einn stór liður hjá körfubolta- og handknattleiksdeildum er dómara- og ferðakostnaður. Knattspyrnudeildir landsins þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessum útgjaldalið því KSÍ greiðir allan dómara- og ferðakostnað fyrir sín félög, en KSÍ hefur úr mun meiri peningum að spila en HSÍ og KKÍ.

Það er sérstaklega dýrt fyrir HSÍ og KKÍ að senda dómara út á land, en það kostar yfir 100 þúsund krónur að senda dómara á leiki á Akureyri sem og á Sauðárkróki. Álíka dýrt er að senda dómara til Vestmannaeyja, enda þarf oftast að fljúga þangað.

„Við erum nýbúnir að hækka dómarakostnaðinn hjá okkur um 15 prósent. Þetta var mikið rætt og í dag er almenn sátt um þessa verðskrá. Það þarf að greiða fyrir þessa þjónustu eins og aðra," segir Hannes Jón Jónsson, formaður KKÍ, en hann segir sitt samband hafa gert sitt besta til þess að draga úr kostnaði við leiki úti á landi.

#### Jafn mikill kostnaður fyrir öll félögin

„Við erum að senda dómara í Stykkishólm og til Sauðárkróks á bílaleigubílum og sá samningur er að spara hreyfingunni hátt í milljón á ársgrundvelli," segir Hannes, en þó svo að það sé dýrara að fá dómara út á land þýðir það ekki að viðkomandi félag þurfi að greiða meira en liðin í bænum. KKÍ er með jöfnunarsjóð og kostnaðurinn dreifist því jafnt á öll liðin.

Hannes segir að nánast allir dómarar komi frá höfuðborgarsvæðinu og til að mynda séu engir dómarar á Akureyri sem geti dæmt í efstu deild.

Annað vandamál sem íþróttirnar glíma við er mönnun á leikjum, enda eru dómarar með réttindi til þess að dæma í efstu deild ekki á hverju strái.

„Það er stundum erfitt og það er staðreynd að við eigum ekki nóg af dómurum. Þetta eru margir leikir og það er mikið álag á okkar bestu dómurum. Okkur vantar fleiri dómara svo álagið á dómarana verði eðlilegt," segir Hannes, en hann segir ágætis þátttöku vera á dómaranámskeiðum.

Sitt sýnist hverjum um þennan kostnað en Hannes bendir á að það verði að greiða ágætlega fyrir vinnuna svo dómarar haldist í starfi.

„Það þarf að vera einhver gulrót en auðvitað velta menn fyrir sér hvort gjaldið sé of hátt eða of lágt. Mitt mat er að dómararnir séu að fá sanngjarnar greiðslur fyrir sína vinnu."

#### HSÍ greiðir ferðakostnað fyrir félögin

„HSÍ greiðir ferðakostnaðinn í efstu deildunum og dagpeninga. Liðin standa því eftir með eingöngu dómarakostnaðinn, sem og kostnað vegna eftirlitsdómara þegar það á við," segir Róbert Geir Gíslason hjá HSÍ um dómarakostnaðinn í handboltanum, sem er því nokkuð minni en í körfunni. Róbert segir að engu að síður finnist mönnum í hreyfingunni dómarakostnaðurinn vera of hár.

HSÍ, rétt eins og KKÍ, lækkar ferðakostnað með því að senda dómara á leiki á bifreiðum í eigu sambandsins eða á bílaleigubílum.

„Það er búið að gjörbreyta gjaldskránni hjá okkur á síðustu þrem árum. Við erum líka búnir að einfalda hana mikið og samræma kostnað. Það hefur ekki orðið mikil hækkun, rétt í kringum 4 prósent á þessu ári," segir Róbert Geir. henry@frettabladid.is

## Handbolti

**Meistaraflokkur karla og kvenna (úrvalsdeild og 1.deild karla):**

| | |
|---|---|
| Dómgæsla (per dómara): | **15.140 kr.** |
| Eftirlitsdómari: | **10.280 kr.** |

***Félag greiðir 13.940 kr. vegna dómgæslu, 9.080 kr. vegna eftirlitsdómara. HSÍ greiðir 1.200 kr. vegna eftirlits og dómara.***

| | |
|---|---|
| Meistarakeppni HSÍ: | **dómgæsla 15.140 kr. / eftirlit 10.280 kr.** |
| Deildarbikarkeppni: | **dómgæsla 15.140 kr. / eftirlit 10.280 kr.** |
| Bikarkeppni að 4-liða úrslitum: | **dómgæsla 15.140 kr. / eftirlit 10.280 kr.** |
| Bikarkeppni frá og með 4-liða úrslitum: | **dómgæsla 24.120 kr. / eftirlit 14.770 kr.** |
| Umspil: | **dómgæsla 24.120 kr. / eftirlit 14.770 kr.** |
| Úrslitakeppni: | **dómgæsla 24.120 kr. / eftirlit 14.770 kr.** |
| Utandeild: dómgæsla | **8.540 kr.** |

**2. og 3. flokkur karla og kvenna:**

| | |
|---|---|
| Íslandsmót og bikarkeppni: dómgæsla | **10.890 kr.** |

**4. flokkur karla og kvenna:**

| | |
|---|---|
| Íslandsmót og bikarkeppni: dómgæsla | **9.830 kr.** |



**Ferðakostnaður:**

| | |
|---|---|
| Höfuðborgarsvæði - Selfoss: | **12.650 kr.** |
| Höfuðborgarsvæði - Reykjanesbær: | **8.210 kr.** |
| Kostnaður á öðrum leiðum: | **111 kr/km** |

**Dagpeningar:**

| | |
|---|---|
| Gisting og fæði í einn sólarhring: | **20.800 kr.** |
| Gisting í einn sólarhring: | **11.100 kr.** |
| Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag: | **9.700 kr.** |
| Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag: | **4.850 kr.** |
| Fæði í hálfan dag, minnst 4 tíma ferðalag: | **2.000 kr.** |

## Körfubolti

**Miðað við að dómari komi alltaf frá Reykjavík:**

Leikur í Iceland Expressdeild-karla á höfuðborgarsvæðinu:
Dómaralaun 13.200 (per dómara) + akstur innan svæðis 3.500 **= 16.700 kr.**
Leikur í Iceland Express-deild karla í Reykjanesbæ:
Dómaralaun 13.200 + akstur 13.000 + fæði 2.500 **= 28.700 kr.**
Leikur í Iceland Express-deild karla í Stykkishólmi:
Dómaralaun 13.200 + akstur 40.800 + göng 2.000 +fæði 4.850 **= 60.850 kr.**
Leikur í Iceland Express-deild karla á Sauðárkrók:
Dómaralaun 13.200 + akstur 71.200 + göng 2.000 +fæði 9.700 **= 96.100 kr.**
Leikur í 1.d.karla á Egilsstöðum ( flogið fram og til baka sama dag/kvöld ef um virkan dag er að ræða geta dómarar innheimt fjarveruálag til kl.17.00 )
Dómaralaun 9.000 + akstur innan svæðis 3.500 + fæði 4.850 + fjarveruálag 2 klst 1.600*2 **= 20.550 kr.** ( við bætist svo flug sem Höttur sér um að leggja út fyrir og greiða )
Leikur í 1.d.karla á Ísafirði ( þar er yfirleitt gist þar sem ekki er flogið til/frá Ísafirði þar sem of dimmt er þegar líða tekur á daginn og ekki lýsingar á flugvellinum eins og best er á kosið)
Dómaralaun 9.000 + akstur innan svæðis 3.500 + fæði 9.700 + fjarveruálag 2klst 1.600*2 **= 25.400 kr.** ( við bætist svo flug og gisting sem KFÍ sér um að leggja út fyrir og greiða )

**Dómaralaun:**

| | |
|---|---|
| Úrslitaleikur karla í Poweradebikarnum og leikir í úrslitum IE-deildar karla | **34.000 kr.** |
| Úrslitaleikur í Poweradebikarbikar kvenna | **27.100 kr.** |
| Leikir í úrslitum Iceland Express-deildar kvenna | **20.300 kr.** |
| Iceland Express-deild karla | **13.200 kr.** |
| Iceland Express-deild kvenna | **9.800 kr.** |
| 1.d.karla | **9.000 kr.** |
| 2.d.karla og 1.d.kvenna | **4.700 kr.** |
| Yngri flokkar | **4.700 kr.** |



**Akstурskostnaður:**

| | |
|---|---|
| Iceland Express-deildirnar og 1.d. karla | **3.500 kr. innan svæðis** |
| Aðrar deildir og yngri flokkar | **2.000 kr. innan svæðis** |
| Reykjavík–Reykjanes 11.500 ( í IEX deildunum og 1.d.karla bætist við 1500 kr.gjald | **= 13.000 kr.**) |
| Reykjavík –Hveragerði 11.100 ( í IEX deildunum og 1.d.karla bætist við 1500 kr.gjald | **= 12.600 kr** ) |
| Reykjavík-Borgarnes 17.500 ( í IEX deildunum og 1.d.karla bætist við 1500 kr.gjald = 19.000 ) + göngin 2.000 | **= 21.000 kr.** |
| Reykjavík-Stykkishólmur 39.300 ( í IEX deildunum og 1.d.karla bætist við 1500 kr.gjald = 40.800 ) + göngin 2.000 | **= 42.800 kr.** |
| Reykjavík- Sauðárkrókur 69.700 ( í IEX deildunum og 1.d.karla bætist við 1500 kr.gjald 71.200) + göngin 2.000 | **= 73.200 kr.** |

**Fæðiskostnaður:**

| | |
|---|---|
| Reykjavík - Reykjanes | **2.500 kr.** |
| Reykjavík - Hveragerði | **2.500 kr.** |
| Reykjavík - Borgarnes | **2.500 kr.** |
| Reykjavík - Stykkishólmur | **4.850 kr.** |
| Reykjavík - Sauðárkrókur | **9.700 kr.** |

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17
sunnudag
12-17

# JÓLAGJAFIR

## FYRIR VEÐUR- OG MORGUNHANA

### Inni- og útihitamælir
Rakastig inni, veðurspá (12-24 klst), hálkuviðvörun (3 til -2°C), hægt að tengja 3 skynjara, minni fyrir hæsta og lægsta gildi, klukka og vikudagar, baklýsing á skjá og borðstandur fylgir.

**Verð: 9.995**



BAR206

### Inni- og útihitamælir
Rakastig inni og úti, Trend arrows, veðurspá (12–24 klst), hálkuviðvörun (3 til -2°C), hægt að tengja 3 skynjara, minni fyrir hæsta og lægsta gildi, klukka og vikudagar, tunglstaða, veðurskilaboð, baklýsing á skjá og borðstandur fylgir.

**Verð: 12.995**



BAR208HG

### Inni- og útihitamælir
Rakastig inni og úti, veðurspá (12–14 klst), klukka og dagatal, borð- eða veggfesting, aðeins 10 mm þykk, fæst í svörtu og hvítu.

**Verð: 14.995**



BAR800

Oregon SCIENTIFIC

OREGON SCIENTIFIC er komið í Hátækni

### Inni- og útihitamælir
Hálkuviðvörun (3 til -2°C), baklýsing á skjá, hægt að tengja 3 skynjara, minni fyrir hæsta og lægsta gildi og borðstandur fylgir.

**Verð: 6.995**



EW91

PIPAR\TBWA • SÍA • 113353

### Laserklukka
Inni- og útihitamælir, varpar tíma- og útihita upp í loft. Baklýstur skjár.

**Verð: 9.995**



EW98

### Innihitamælir
Varpar tíma upp í loft, baklýsing á skjá, klukka með dagsetningu og vekjaraklukka.

**Verð: 8.995**



EW96

### Laserklukka
Dagatal/vikudagar, 2 vekjarar og blundtakki, baklýstur skjár, hægt að stilla laser, mjög þunn, aðeins 18 mm, til í svörtu og hvítu.

**Verð: 14.995**



RM368P



**Ný og stærri verslun - á sama stað**

### Fullkomin veðurstöð
Vindátt og vindhraði, reiknar út vindkælingu, hita- og rakastig inni og úti, hægt að tengja 3 skynjara, regnmælir, loftþrýstingur/línurit, veðurspá 12–24 klst, tunglstaða, hægt að tengja við tölvu (USB).

**Verð: 49.995**



WMR88

**Full búð af frábærum tilboðum**



### Laserklukka
2 vekjarar og blundtakki, FM-útvarp, „dimmer“ á skjá.

**Verð: 13.995**



RRA320P

### Laserklukka
2 vekjarar og blundtakki, FM-útvarp, 8 stöðva minni, „dimmer“ á skjá, útihitamælir, varpar tíma og útihitastigi.

**Verð: 15.995**



RRM320P

**Fæst hjá endursöluaðilum um land allt:**
Árvirkinn, Selfossi • Bókaverslun Þórarins, Húsavík • Símabúðin Firði, Hafnarfirði • Ljósgjafinn, Akureyri • Eyjatölvur, Vestmannaeyjum • Eldhaf, Akureyri • Omnis • Martölvan, Höfn í Hornafirði • Kaupfélag Skagfirðinga • Símabær • Myndsmiðjan, Egilsstöðum • Særaf, Ísafirði

Hátækni

# Þegar íþróttaferlinum lýkur á ég ekkert

**Ragna Ingólfsdóttir er í fremstu röð á heimsvísu í sinni íþrótt en á erfitt með að ná endum saman um hver mánaðamót. Opinberir styrkir duga aðeins fyrir útlögðum kostnaði á ferðalögum og hún þarf sjálf að leita annarra leiða til að eiga fyrir lágmarks framfærslu.**

**AFREKSÍÞRÓTTIR** Ragna Ingólfsdóttir keppir nú að því að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Lundúnum á næsta ári. Til þess þarf hún að keppa víða erlendis á sterkum mótum en þegar hún er hér heima æfir hún tvisvar á dag. Ragna er 28 ára gömul og hefur í raun verið atvinnumaður í sinni íþrótt í tæpan áratug. En hún rétt skrimtir, að eigin sögn.

„Ég fæ ekki neinn pening til þess að lifa á,“ sagði Ragna þegar Fréttablaðið ræddi við hana í gær. „Allir styrkir sem ég fæ fara aðeins í útlagðan kostnað og þá helst fyrir keppnisferðalögum. Ég verð að skila inn kvittunum til að fá peninginn greiddan út.“

### Sama upphæð 2002 og 2011

Ragna fær B-styrk úr afreksmannasjóði ÍSÍ, en hann er 80 þúsund krónur á mánuði. „Sú upphæð er sú sama og ég var að fá árið 2002. Það gefur augaleið að ég gat notað þann pening betur þá en í dag,“ segir Ragna, sem fær þó aldrei peninginn til að lifa sínu daglegu lífi. „Sá peningur er aðeins fyrir útlögðum kostnaði vegna keppnisferðalaga.“

Ragna hefur því verið dugleg að koma sér á framfæri og leitað til fyrirtækja til að sækja sér styrki. „Svörin sem ég fæ þessa dagana eru nánast öll þau sömu – það eru allir að skera niður og geta lítið styrkt mann.“

Það sem hún fær þó fyrst og fremst frá fyrirtækjum er þjónusta og varningur – máltíðir, næringarefni, íþróttavarningur, líkamsræktarkort og svo framvegis. „Ég fæ því engan pening til að kaupa mér mat yfir daginn eða bensín á bílinn. Ég á í raun ekki neitt og skulda bara,“ sagði hún, en Ragna tók sér námslán á meðan hún var í háskólanámi, á sama tíma og hún undirbjó sig fyrir Ólympíuleikana í Peking árið 2008.

> Eftir minn feril verð ég ekki með nein réttindi. Ef mig langar til dæmis að eignast barn þá fæ ég ekkert fæðingarorlof.
>
> RAGNA INGÓLFSDÓTTIR
> AFREKSÍÞRÓTTAMAÐUR

### Fengi ekki fæðingarorlof

„Eftir minn feril verð ég ekki með nein réttindi. Ef mig langar til dæmis að eignast barn fæ ég ekkert fæðingarorlof,“ segir hún. „Ég hef aldrei getað verið í vinnu eins og allir aðrir í kringum mig. Það eina sem ég hef gert til að afla mér tekna er að taka að mér kennslu í einkatíma eða þjálfa á milli æfinga. Þess fyrir utan er ég mjög oft í keppnisferðum.“

Ragna hefur líka reynt að selja ýmsan varning til að verða sér úti um pening, til að mynda í gegnum Facebook. Hún skrifaði þar pistil fyrr í vikunni þar sem hún lýsti gremju sinni yfir því hversu illa henni gengi að láta enda ná saman. „Fólk virðist ekki vilja kaupa vörur af mér þegar þær eru aðeins ódýrari annars staðar. Þá fékk ég nóg.“



**ERFITT AÐ NÁ ENDUM SAMAN** Ragna Ingólfsdóttir hugsar um að ná endum saman á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ragna segist ekki vita um neina aðra á heimslistanum í einliðaleik í badminton kvenna sem þurfi að glíma við þessi vandamál í svo miklum mæli.

### Keppinautarnir á launum

„Þessar stelpur sem ég hef verið að keppa við úti eru á launum frá hinu opinbera sem eru á við atvinnuleysisbætur. Þær búa í Ólympíuþorpum þar sem þær þurfa ekki að leggja út fyrir húsnæði og mat. Þær fá þjálfun og meðhöndlun hjá sjúkraþjálfurum sem fara líka með þeim í keppnisferðalög. Þær þurfa ekki að bóka flugferðir og hótelgistingu, sem ég þarf að eyða miklum tíma í sjálf,“ segir Ragna.

### Ég er mitt eigið fyrirtæki

„Það má því segja að ég sé að reka mitt eigið fyrirtæki og það er í ótrúlega mörg horn að líta svo að þetta gangi allt upp. En þetta er eitthvað sem ég ætti ekki að vera að gera – ég ætti bara að hafa áhyggjur af því að æfa og keppa.“

Hún segist, þrátt fyrir allt, ekki sjá eftir þessum árum. „Það er draumur flestra íþróttamanna að keppa á Ólympíuleikum og ég er mjög ánægð með að hafa fengið að upplifa það. En ég veit ekki hvað ég mun gera eftir næstu Ólympíuleika enda er staða mín ekki góð. Þegar íþróttaferlinum lýkur á ég ekkert – ekki íbúð, bíl eða neinar eignir yfir höfuð. Það er ómetanlegt að keppa á Ólympíuleikum en ég get vel séð fyrir mér að efnilegir íþróttakrakkar muni frekar enda á vinnumarkaðnum en að feta þessa slóð. Ísland er að dragast langt aftur úr í þessum efnum og þarf að bæta úr því ef ekki á illa að fara.“

eirikur@frettabladid.is



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


Colonel's Original Recipe
BoxMaster™
meðlæti og gos
máltíð mánaðarins á kfc
999 kr.
BoxMaster™
KFC
svoooogott™
0g trans-fita
www.kfc.is
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



**SKAPHEITUR** Xindong Wang flautar og öskrar í Santos. Hann er hér rólegur í stúkunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skrautlegur þjálfari Kínverja:

## Stýrir bara með flautunni

**HM 2011** Æfingar kínverska landsliðsins hér í Santos hafa vakið mikla athygli. Xindong Wang, þjálfari liðsins, notar ekki röddina til þess að stjórna leikmönnum á æfingum.

Hann notar dómaraflautu og hún þagnar varla meðan á æfingunni stendur. Wang sýndi einnig í fyrrakvöld að hann er skapmikill.

Eftir 23-22 tapleik Kína gegn Þýskalandi missti hann algjörlega stjórn á sér – og það voru aðstoðarmenn hans sem fengu „hárblásarameðferðina“ hjá Wang.

Í stöðunni 23-22 fengu Kínverjar ákjósanlegt færi til þess að jafna, og skiptu þeir markverðinum út af til þess að fjölga í sókninni. Aðstoðarmenn Wang gleymdu hins vegar að klæða útileikmanninn í þar til gert vesti áður en hann fór inn á.

Leikmaðurinn fékk því tveggja mínútna brottvísun og Kínverjar voru einum færri síðustu 10 sekúndur leiksins. Ótrúlegt klúður.

**- seth**

Góður tónlistarstjóri:

## HM-laginu er ekki misþyrmt

**HM 2011 Það er venjan á stórmótum í handbolta að mótshaldarar eru mjög hrifnir af því að spila hið opinbera mótslag við hvert einasta tækifæri.**

**Blaða- og fréttamenn hér í Santos eru sérlega ánægðir með framtaksleysi Brasilíumanna á þessu sviði. Mótslagið hefur varla heyrst fram til þessa.**

**Það er ekki ólíklegt að DJ Ötzi útgáfan af Sweet Caroline ómi enn í höfðinu á handboltaunnendum eftir EM í Austurríki 2010.**

**Kúabjöllusöngur norsku stuðningsmannasveitarinnar er það sem heyrist oftast í Arena Santos. Og eru skiptar skoðanir um þann hávaða.**

**- seth**



**BEST** Jón og Kolbrún með verðlaunin sín. MYND/ÍF

Íþróttasamband fatlaðra:

## Jón og Kolbrún valin best

**ÍÞRÓTTIR** Íþróttasamband fatlaðra hefur útnefnt þau Jón Margeir Sverrisson Ösp/Fjölni og Kolbrúnu Öldu Stefánsdóttur Firði/SH íþróttafólk ársins 2011.

Jón og Kolbrún synda bæði í flokki S14, flokki þroskahamlaðra. Þetta er annað árið í röð sem Jón Margeir hlýtur nafnbótina íþróttamaður ársins en í fyrsta sinn sem Kolbrún hlýtur titilinn. Hófið fór fram á Radisson Blu Hótel Sögu í dag.

Bæði Jón og Kolbrún eiga glæsilegt ár að baki í sundlauginni, Jón með fjögur heimsmet og 41 Íslandsmet og Kolbrún með 10 Íslandsmet.



### Á VINNUMARKAÐI OG Í ATVINNULEIT

1. Hanna Guðrún Stefánsdóttir, 32 ára hornamaður, starfar hjá fyrirtækinu Bros.
2. Dagný Skúladóttir, 31 árs hornamaður, starfsmaður hjá Icelandair.
3. Guðný Jenný Ásmundsdóttir, 29 ára markvörður hjá Val, í atvinnuleit.
4. Hrafnhildur Skúladóttir, 34 ára skytta, umsjónarkennari í 4. bekk í Hofsstaðaskóla í Garðabæ.
5. Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir, 27 ára leikstjórnandi, starfsmaður Puma-umboðsins.
6. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, 26 ára línumaður, starfsmaður hjá Eimskip.



### Í ÚTLÖNDUM AÐ SPILA HANDBOLTA

1. Harpa Eyjólfsdóttir, 24 ára skytta, leikmaður með Spårvägens í Svíþjóð.
2. Rut Jónsdóttir, 21 árs skytta, leikmaður hjá Team Tvis Holstebro í Danmörku.
3. Þórey Rósa Stefánsdóttir, 22 ára hornamaður, leikmaður hjá Team Tvis Holstebro í Danmörku.
4. Arna Sif Pálsdóttir, 23 ára línumaður, leikmaður hjá Aalborg í Danmörku.
5. Karen Knútsdóttir, 21 árs leikstjórnandi, leikmaður hjá HSB Bomberg Lippe í Þýskalandi.



### Á SKÓLABEKK

1. Þorgerður Anna Atladóttir, 19 ára skytta, nemi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.
2. Stella Sigurðardóttir, 21 árs skytta, í viðskiptafræðinámi við Háskóla Íslands.
3. Sunneva Einarsdóttir, 21 árs markvörður hjá Val, á 2. ári í félagsráðgjöf í Háskóla Íslands.
4. Birna Berg Haraldsdóttir, 18 ára skytta, nemi í Flensborgarskóla í Hafnarfirði.
5. Ásta Birna Gunnarsdóttir, 27 ára hornamaður, leikmaður Fram, í meistaranámi í hagfræði við HÍ.

# Við hvað starfa stelpurnar okkar?

**Leikmennirnir sextán sem eru með íslenska landsliðinu í Brasilíu hafa fæstir atvinnu af íþróttinni. Fréttablaðið skoðaði hvernig hópurinn er samansettur en þess má geta að þrír leikmenn liðsins eru mæður.**

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar í íslenska handboltalandsliðinu á HM hafa fæstar atvinnu af því að spila handbolta. Fimm leikmenn af alls sextán í landsliðshópnum leika með liðum erlendis og 11 leikmenn eru við nám og störf á Íslandi. Reyndar er einn leikmaður í atvinnuleit eins og komið hefur margoft fram.

Íslenska liðið er frekar ungt og tveir leikmenn hafa ekki náð tvítugsaldri og eru enn í framhaldsskóla.

Einn grunnskólakennari er með í för og einn meistaranemi í hagfræði. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir vinnur hjá Eimskip og er víst ekki að stjórna krananum við höfnina. Hanna Guðrún Stefánsdóttir starfar hjá fyrirtækinu Bros og nýtir sumarfríið sitt í að spila með Íslandi í Brasilíu. Og svona mætti lengi telja.

Þrír leikmenn eiga börn í íslenska liðinu. Systurnar Hrafnhildur og Dagný Skúladætur eiga tvö börn hvor og markvörðurinn Guðný Jenný Ásmundsdóttir á einnig tvö börn.

Íslenska landsliðið lék í gær við Þjóðverja í næstsíðustu umferð A-riðilsins í Santos. Umfjöllun um leikinn má finna á Vísi og þar verða einnig birt brot úr þætti Þorsteins J. frá Stöð 2 sport.

**Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson**
**fjalla um HM í Brasilíu**
seth@frettabladid.is – pjetur@365.is






## UTAN VALLAR

**Sigurður Elvar Þórólfsson**
segir sína skoðun

# Fleiri leikmenn þurfa að fara í sterkari deildir

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta er í fyrsta sinn í sögunni í úrslitum heimsmeistaramótsins hér í Brasilíu. Þegar þetta er skrifað hefur Ísland leikið þrjá leiki, unnið einn og tapað tveimur. Það er stórt afrek fyrir litla Ísland að vera með lið í þessari keppni. Stelpurnar okkar eru búnar að stimpla sig inn á meðal 24 bestu þjóða heims og það tekur enginn af þeim.

Það er augljóst að það er verk að vinna fyrir íslenskra handboltakonur sé tekið mið af fyrstu þremur leikjunum. Það vantar hraða og styrk í liðið. Og það má leiða að því líkum að of margir leikmenn fái ekki nógu mörg verkefni við hæfi í deildarkeppninni á Íslandi. Fleiri leikmenn þurfa að komast í betri deildarkeppni líkt og þróunin hefur verið hjá karlalandsliðinu undanfarna áratugi.

Því miður er deildarkeppnin á Íslandi með þeim hætti að flestir bestu leikmennirnir eru hjá 2-3 liðum. Samkeppnin er því ekki alltaf mikil og það er ókostur.

Æfingin skapar meistarann og það þurfa íslenskar handboltakonur að hafa í huga líkt og aðrir afreksíþróttamenn. Það þarf að auka æfingamagnið, leggja meira á sig, og nálgast þannig þær þjóðir sem eru okkur framar í dag. Það er ekki hægt að stytta sér leið að markmiðinu.



Lið Íslands er ungt að árum. Leikmenn sem eru enn í framhaldsskóla og nokkrir rétt skriðnir yfir tvítugt. Þetta lið á bara eftir að vaxa og eflast á næstu misserum. Og það eru miklar líkur á því að þetta lið komist á fleiri stórmót á allra næstu árum.

Forráðamenn Handknattleikssambands Íslands eru án efa stoltir af þeim árangri sem A-landslið Íslands hafa náð á undanförnum árum. Karlalandsliðið hefur verið í fremstu röð í mörg ár og konurnar eru smátt og smátt að hækka flugið í alþjóðlegum handbolta.


LÆGRA VERÐ!
Á JÓLAGJÖFUNUM ALLA DAGA - ALLTAF
YFIR 700 NÝIR TITLAR
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
BRAKIÐ
3.899
jójó
3.799
3.499
JARÐ NÆÐI
3.799
Ingimar H. Ingimarsson
SAGAN SEM VARÐ AÐ SEGJA
4.199
ALIAS
4.999
gettu betur
SPURNINGASPILIÐ
4.999
KR SPILIÐ
4.999
fimbulfamb
5.499
Creations
4.999
ÍSLAND-OPOLY
5.499
ALLT FYRIR PAKKANN!
JÓLAPAPPÍR, PAKKABÖND OG MERKIMIÐAR Á BETRA VERÐI...
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
BT
SKEIFUNNI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 5331010 • OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 10 - 22
Auglýsingin gildir til og með 12.12.11. eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.



**BARÁTTA** Karen Knútsdóttir og stelpurnar börðust fyrir lífi sínu á HM í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Leikur Íslands og Þýskalands:

## Allt um leikinn á Vísi

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar mættu Þýskalandi seint í gærkvöld í afar mikilvægum leik á HM í Brasilíu.

Þar sem Fréttablaðið var farið í prentun áður en leik lauk er því miður engin umfjöllun um leikinn í blaðinu.

Umfangsmikla umfjöllun um leikinn má aftur á móti finna á fréttavefnum Vísi þar sem okkar menn í Brasilíu – Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson – hafa gert honum afar góð skil í bæði máli og myndum.

Öðrum leikjum í íslenska riðlinum var aftur á móti lokið í gær áður en Fréttablaðið fór í prentun.

Svartfjallaland er komið áfram eftir ótrúlegan 27 marka sigur á Kína, 42-15. Noregur vann svo Angóla, 26-20, og er einnig komið áfram í keppninni.

# SVARTUR DAGUR Í MANCHESTER

**Man. Utd og Man. City féllu úr leik í Meistaradeild Evrópu í gær og verða að gera sér að góðu að spila í Evrópudeildinni eftir áramót. Man. Utd tapaði í Basel en sigur City á FC Bayern dugði ekki til.**

**FÓTBOLTI** Það voru heldur betur óvænt tíðindi í Meistaradeildinni í gær þegar tvö bestu lið ensku úrvalsdeildarinnar féllu úr leik. Lyon komst áfram með ótrúlegum stórsigri á Dinamo. Með sigrinum vann Lyon upp sjö marka forskot sem Ajax átti á liðið fyrir leikinn. CSKA Moskva komst einnig áfram með því að leggja Inter.

Það blés ekki byrlega fyrir Man. Utd framan af leik því Marco Streller kom heimamönnum í Basel yfir eftir aðeins átta mínútna leik. Skoraði þá að af stuttu færi eftir klaufagang í vörn United. Vidic sló Smalling, de Gea varði boltann út í teiginn og eftirleikurinn auðveldur fyrir Streller.

Til að bæta gráu ofan á svart meiddist Nemanja Vidic fyrir hlé og hann virtist vera alvarlega slasaður. United fékk nokkur færi í fyrri hálfleik og það besta fékk Rooney er hann stóð einn fyrir miðju marki. Hann hitti ekki boltann.

Líkt og síðustu vikur var lítið bit í sóknarleik United og jöfnunarmarkið lá ekki beint í loftinu. Leikmenn Basel sóttu hratt og sköpuðu usla og sjö mínútum fyrir leikslok komust þeir í 2-0 er Frei skallaði í netið af stuttu færi.

United gaf allt sem liðið átti í lokin og Phil Jones náði að skora rétt fyrir leikslok með skalla. Lengra komst United ekki og fögnuður leikmanna Basel eftir leikinn var ósvikinn.

United olli vonbrigðum og átti ekki meira skilið að þessu sinni.

henry@frettabladid.is



**FÖGNUÐUR** Leikmenn Basel fagna í gær en leikmenn Man. Utd trúðu vart sínum eigin augum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

*Meistaradeild Evrópu:*

**A-RIÐILL:**

**Man. City-Bayern Munchen 2-0**
1-0 David Silva (36.), 2-0 Yaya Toure (52.)
**Villarreal-Napoli 0-2**
0-1 Gökhan Inler (65.), 0-2 Marek Hamsik (75.)
**Lokastaðan:** Bayern 13, Napoli 11, Man. City 10, Villarreal 0.

**B-RIÐILL:**

**Lille-Trabzonspor 0-0**
**Inter-CSKA Moskva 1-2**
0-1 Seydou Doumbia (50.), 1-1 Esteban Cambiasso (50.), 1-2 Vasili Beretzutsky (85.)
**Lokastaðan:** Inter 10, CSKA Moskva 8. Trabzonspor 7, Lille 6.

**C-RIÐILL:**

**Basel-Man. Utd 2-1**
1-0 Marco Streller (8.), 2-0 Alexander Frei (83.), 2-1 Phil Jones (89.)
**Benfica-Otelul Galati 1-0**
1-0 Oscar Cardozo (6.)
**Lokastaðan**: Benfica 12, Basel 11, Man. Utd 9, Galati 0.

**D-RIÐILL:**

**Dinamo Zagreb-Lyon 1-7**
1-0 Mateo Kovacic (39.), 1-1 Bafetimbi Gomis (45.), 1-2 Maxime Gonalons (46.), 1-3 Bafetimbi Gomis (47.), 1-4 Bafetimbi Gomis (52.), 1-5 Lisandro Lopez (63.), 1-6 Bafetimbi Gomis (70.), 1-7 Jimmy Briand (74.)
**Ajax-Real Madrid 0-3**
0-1 Jose Maria Callejon (14.), 0-2 Higuain (41.), 0-3 Jose Mara Callejon (90.+2).
**Lokastaðan:** Real 18, Lyon 8, Ajax 8, Zagr. 0.

**Meistaradeild Evrópu**

**Liðin í 16-liða úrslitum:**

Barcelona - AC Milan
Apoel - Zenit St. Petersburg
Arsenal - Marseille
Chelsea - Bayer Leverkusen
Real Madrid - Lyon
Benfica - Basel
Inter - CSKA Moskva
Bayern München - Napoli


JÓLA GJÖFIN HENNAR

Sérblaðið **jólagjöfin hennar** fylgir Fréttablaðinu þann 15. desember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001–2011

**BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:**

**BENEDIKT FREYR JÓNSSON**
S: 512 5411, GSM: 823 5055
benediktj@365.is


Þrír leikir í Iceland Express-deild kvenna í gær:

## Keflavík aftur á toppinn

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurkonur eru komnar aftur á toppinn í Iceland Express-deild kvenna eftir ellefu stiga sigur á Haukum í Keflavík í gær. KR vann á sama tíma öruggan sigur á Val og Fjölniskonur enduðu langa taphrinu og komust af botninum.

Keflavík vann 73-62 sigur á Haukum í Toyotahöllinni í Keflavík en þær lifðu það af að tapa öðrum leikhlutanum 9-20. Keflavík vann fjórða leikhlutann 23-10 og fagnaði góðum sigri. Jaleesa Butler reif sig upp eftir slakan leik á móti Njarðvík og var með 35 stig og 26 fráköst.

KR vann öruggan 68-53 sigur á Val á Hlíðarenda. KR-konur gerðu út um leikinn í öðrum og þriðja leikhlutanum sem þær unnu samanlagt 38-16. KR-liðið skoraði meðal annars 17 stig í röð í kringum hálfleikinn. Margrét Kara Sturludóttir skoraði 19 stig fyrir KR og Bryndís Guðmundsdóttir var með 14 stig.

„Við byrjuðum rosalega vel en fengum síðan aðeins högg í andlitið. Við erum að skríða upp á bakkann og erum ánægðar með það. Við erum að leggja meira á okkur á æfingum og ætlum að vera í hörkuformi þegar harkan byrjar," sagði Margrét Kara Sturludóttir, fyrirliði KR, eftir sigurinn á Val.



**GRIMMD** Það var ekkert gefið eftir undir körfunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjölniskonur voru búnar að tapa átta leikjum í röð þegar þær unnu 88-85 sigur á Hamri í Grafarvogi í kvöld. Þetta var hins vegar sjötta tap Hamars í röð og liðin höfðu því sætaskipti á botninum. - óój

## ÚRSLIT

*IE-deild kvenna:*

**Fjölnir-Hamar 88-85**
Fjölnir: Brittney Jones 39, Birna Eiríksdóttir 18, Katina Mandylaris 11/11 fráköst, Erla Sif Kristinsdóttir 9, Eva María Emilsdóttir 8, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 3.
Hamar: Samantha Murphy 37, Katherine Virginia Graham 18/13 fráköst/5 stoðsendingar, Álfhildur Þorsteinsdóttir 13/7 fráköst, Jenný Harðardóttir 11, Kristrún Rut Antonsdóttir 5, Marín Laufey Davíðsdóttir 1/7 fráköst
**Valur-KR 53-68**
Valur: Melissa Leichlitner 11, Kristrún Sigurjónsdóttir 9, Guðbjörg Sverrisdóttir 6, Hallveig Jónsdóttir 6, María Ben Erlingsdóttir 6, Þórunn Bjarnadóttir 5, María Björnsdóttir 5, Berglind Karen Ingvarsdóttir 3, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 2.
KR: Margrét Kara Sturludóttir 19/8 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 14, Erica Prosser 12, Hafrún Hálfdánardóttir 8, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 7/10 fráköst/6 stoðsendingar, Helga Einarsdóttir 5/14 fráköst, Anna María Ævarsdóttir 3.
**Keflavík-Haukar 73-62**
Keflavík: Jaleesa Butler 35/26 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 15, Pálína Gunnlaugsdóttir 10, Helga Hallgrímsdóttir 10, Sara Rún Hinriksdóttir 3, Telma Lind Ásgeirsdóttir 0, Hrund Jóhannsdóttir.
Haukar: Hope Elam 24, Íris Sverrisdóttir 16, Jence Ann Rhoads 10, Margrét Rósa Hálfdánardótir 5, Guðrún Ámundardóttir 5, Auður Ólafsdóttir 2.


Hið eina sanna jólabragð
GLEÐILEG JÓL
Egils
MALT
APPELSÍN
ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON
Egils
MALTEXTRAKT
1913
Egils
APPELSÍN
Egils

## > Stöð 2 kl. 20:25

## Eldsnöggt með Jóa Fel

***Jói Fel fær til sín góðan gest í þættinum í kvöld. Úlfar Finnbjörnsson kemur í heimsókn og flettir í gegnum villibráðarbókina sína. Saman sýna þeir hvernig á að gera grafna gæs í forrétt, humarfyllta nautalund með ljúfri villibráðarsósu og grilluðum aspas. Í eftirrétt fáum við svo brakandi góðar og heimalagaðar ískexskálar með ís og berjum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ LÆRLING Í KRÖPPUM DANSI

# *Eftirminnilegur Rodman*

Auðkýfingurinn með skrýtna hárið, Donald Trump, er enn og aftur byrjaður að reka fólk. Núna er fólk „drekið“ í sjónvarpsþáttunum Celebrity Apprentice, þar sem stjörnur sem flestar voru upp á sitt besta fyrir mörgum árum fá kærkomið tækifæri til að láta ljós sitt skína á nýjan leik.

Fyrsta þáttaröðin var nokkuð skemmtileg, þar sem hinn útbrunni leikari Stephen Baldwin var áberandi lengi vel, rétt eins og Gene Simmons úr Kiss og sjónvarpsmaðurinn Piers Morgan. Í þetta sinn hefur körfuboltamaðurinn fyrrverandi Dennis Rodman baðað sig í sviðsljósinu og eins og við mátti búast hefur engin lognmolla verið í kringum hann. Rodman var mikið ólíkindatól inni á körfuboltavellinum og reyndar utan hans líka og lenti oft og tíðum í stappi við dómara og laganna verði.



**DENNIS RODMAN** Körfuboltakappinn var rekinn heim vegna drykkju sinnar.

Sífelld drykkja hans í Celebrity Apprentice féll ekki vel í kramið hjá liðsfélögum hans. Rodman notaði hvert tækifæri til að kíkja á barinn og á endanum kostaði það sæti hans í þáttunum. Segja má að hann hafi farið út með stæl því erfitt verður að gleyma honum þegar upp verða taldar eftirminnilegustu persónurnar sem Trump hefur „drekið“ í gegnum tíðina.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd. **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Tilhugalíf **15.25** Nóbelsverðlaunin **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Í tíma og ótíma **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.15 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (e)
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Stundin okkar** (e)
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.30 Melissa og Joey** (15:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Allt upp á einn disk** (1:4) Sveinn Kjartansson leiðir áhorfendur um ævintýraslóðir bragðlaukanna og gefur góðar hugmyndir um margs konar rétti til að hafa á borðum.
**20.35 Hvunndagshetjur** (1:6) (We Can Be Heroes) Áströlsk gamanþáttaröð um leitina að manni ársins.
**21.10 Sönnunargögn** (11:13) (Body of Proof)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (Criminal Minds V) Þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hafa þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Downton Abbey** (4:8) (Downton Abbey II)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Astronaut Farmer**
**10.00 A Fish Called Wanda**
**12.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**14.00 The Astronaut Farmer**
**16.00 A Fish Called Wanda**
**18.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**20.00 Bye, Bye, Love**
**22.00 Date Night**
**00.00 Jerry Maguire**
**02.15 Death Proof**
**04.05 Date Night**
**06.00 Everybody's Fine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (19:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (8:25)
**11.50 The Whole Truth** (10:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Nutty Professor**
**14.45 E.R.** (9:22)
**15.30 Friends** (11:24)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (10:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Malcolm in the Middle** (12:25)
**19.55 My Name Is Earl** (11:27)
**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** Jói Fel er hér í sérstakri hátíðarútgáfu af matreiðsluþáttum sínum. Úlfar Finnbjörnsson kemur í heimsókn og flettir í gegnum Villibráðarbókina sína.
**21.05 Human Target** (5:13) Önnur þáttaröð þessa skotheldu og hressandi spennuþátta með gamansömu ívafi í anda Bond- og Bourne-myndanna. Þættirnir fjalla um Christopher Chance; mann eða hálfgert ofurmenni sem tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
**21.55 The Good Guys** (19:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um tvær mjög ólíkar löggur, Jack og Dan.
**22.45 Breaking Bad** (5:13)
**23.35 Heimsendir** (9:9)
**00.15 The Killing** (11:13)
**01.05 Mad Men** (6:13)
**01.55 Fletch Lives**
**03.30 Ghost Town**
**05.10 The Whole Truth** (10:13)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**17.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin -** Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.
**18.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**19.25 Ísland - Þýskaland** Útsending frá HM í handbolta í Brasilíu.
**20.50 Þorsteinn J. og gestir**
**21.20 Nedbank Golf Challenge**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Wolves - Sunderland**.
**18.10 Wigan - Arsenal**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12** Leikir helgarinnar í ensku Úrvalsdeildinni verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.25 Goals of the Season 2009/2010** Glæsilegustu mörk Úrvalsdeildarinnar.
**22.20 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
**22.50 Blackburn - Swansea**

## EXTRA

**19.40 The Doctors** (58:175)
**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.05 The Middle** (8:24)
**22.30 Cougar Town** (20:22)
**22.55 Hawthorne** (5:10)
**23.40 Medium** (7:13)
**00.25 Satisfaction**
**01.25 My Name Is Earl** (11:27)
**01.45 Týnda kynslóðin** (16:40)
**02.15 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**02.50 The Doctors** (58:175)
**03.35 Fréttir Stöðvar 2**
**04.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Geðveik jól á Skjá Einum** (e)
**13.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Being Erica** (3:13) (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Pan Am** (3:13) (e)
**19.00 Game Tíví - OPIÐ** (13:14)
**19.30 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (8:25) (e)
**19.50 Will & Grace - OPIÐ** (10:24) (e)
**20.10 The Office** (8:27)
**20.35 30 Rock** (15:23)
**21.00 House** (14:23) Sjúklingur leitar ráða hjá House eftir að hann verður fyrir efnabruna í vinnunni. Eftir ítarlega rannsókn kemur í ljós að maðurinn er ekki í tengslum við raunveruleikann.
**21.50 Falling Skies** (8:10) Meirihluti jarðarbúa hefur verið þurrkaður út af geimverum en hópur eftirlifenda hefur myndað her með söguprófessorinn Tom Mason í fararbroddi. Andlegu ástandi Weavers fer hrakandi og hann veldur Tom og Hal vandræðum í miðjum njósnaleiðangri.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI. Miami** (10:22) (e)
**00.15 Jonathan Ross** (3:19) (e)
**01.05 Everybody Loves Raymond** (9:25) (e)
**01.25 Falling Skies** (8:10) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Golfing World **09.00** Dubai World Championship (1:4) **13.00** Golfing World **13.45** Dubai World Championship (1:4) **17.55** PGA Tour - Highlights (4:45) **18.50** Dubai World Championship (1:4) **22.50** The Open Championship Official Film 2010 **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**10.00** The Inspector Lynley Mysteries **11.35** EastEnders **12.05** Live at the Apollo **12.50** Come Dine With Me **13.40** New Tricks **15.20** Top Gear **16.15** Come Dine With Me **17.05** Live at the Apollo **17.50** QI **18.20** QI **18.45** QI **19.20** Top Gear **20.10** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.45** QI **22.15** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.40** The Graham Norton Show **23.25** Top Gear **00.15** Live at the Apollo **01.00** QI **01.30** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **02.00** Top Gear

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Hvad er det værd? **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Shanes verden **15.50** Professor Balthazar **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Det søde liv **17.30** TV Avisen med vejret **18.05** Aftenshowet **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** VM Håndbold **19.50** TV Avisen **20.05** VM Håndbold **21.05** Julehjerter og sød musik **22.35** Sådan er kærlighed

## NRK 1

**10.30** FBI **11.00** Nyheter **11.15** Førjulshygge i Strömsö **12.00** Nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Migrapolis **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Snakkis **16.25** Det søte juleliv **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Solgt! **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Folk

## SVT 1

**10.30** Det goda livet **11.20** Uppdrag Granskning **12.20** Svenska komediaktörer **12.35** På spåret **13.35** Konstgjorda Pompe **14.30** Skattjägarna **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Nordstan **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Här är ditt kylskåp **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** The Trip **22.15** Anno 1790 **23.15** Rapport **23.20** Paradox

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



# METSÖLUBÓK*

1




* **Eldingarþjófurinn** eða The Lightning Thief eins og hún heitir á frummálinu hefur verið á metsölulista New York Times í meira en 120 vikur!

Bækur í bókaflokknum hafa selst út um allan heim í milljónum eintaka í meira en 35 löndum.

Ný kvikmynd er í framleiðslu sem byggir á næstu bók, Sea of Monsters.

**Mögnuð unglingabók!**

Amazon.com

„Þetta er lang besta bók sem ég hef lesið!"
„Þetta er hreint út sagt meistaraverk."

Goodreads.com

Flestir lesendur Goodreads.com gefa bókinni fimm stjörnur eða samtals 40.000 manns, sem er til marks um hve frábær bók er hér á ferð.

2




**Áttu fjölskyldu í Noregi eða Danmörku? Ertu áhugasamur/söm um ný tungumál? Eða langar til að lesa bráðskemmtilega bók á íslensku?**
Fjölbreytt og hressandi bók eftir Huginn Þór Grétarsson á fjórum tungumalum: Íslensku, ensku, norsku og dönsku.

3




Glæsileg ný bók með 8 sígildum ævintýrum.
**Vönduð og eiguleg jólagjöf**

www.odinsauga.com

Óðinsauga

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er búin að vera að hlusta á voðalega mikið af gömlum jólalögum, bæði með Villa og Ellý og líka með Hauki Morthens. Annars hlusta ég líka mikið á Valdimar.“*

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður.

# RÚV biðst afsökunar á Djöflaeyjunni

„Þeir fengu alveg skýr fyrirmæli eins og aðrir fjölmiðlar um að ekki mætti sýna þessa persónu,“ segir Snorri Þórisson, eigandi Pegasus.

Í innslagi menningarþáttarins Djöflaeyjunnar um tökur Game of Thrones hér á landi mátti sjá bregða fyrir persónu úr annarri þáttaröðinni sem framleiðendur þáttanna höfðu lagt blátt bann við að yrði notuð í umfjöllun íslenskra fjölmiðla.

Útlit hennar var mikið hernaðarleyndarmál og verður því ekki tíundað hér en Snorri segist vera ósáttur við þessa myndbirtingu.

„Það var ekkert skriflegt, þetta var bara heiðursmannasamkomulag. Auðvitað er þetta eitthvað sem við getum ekkert gert í úr þessu en ég ætla að tala um þetta við fólkið hjá RÚV, þetta var algjörlega bannað.“

Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri þáttarins, segir þetta leið mistök, umrædd persóna hafi sést í tveimur víðum skotum. „Þátturinn var strax tekinn út af netinu þar til við vorum búin að leiðrétta þetta. Okkur sást bara yfir þessi skot og við erum voðalega leið yfir þessu. Ég er búinn að ræða við Snorra og mér þykir þetta leiðinlegt því ekki vil ég bregðast honum.“

Snorri segir allt annars hafa gengið snurðulaust. Tökuliðið átti frídag á þriðjudag og þá kyngdi niður snjónum. „En nú er búið að ryðja alla vegi og við erum hér í Höfðabrekku í rjómablíðu,“ segir Snorri en tökuliðið heldur af landi brott 11. desember. - fgg



**MISTÖK** Í umfjöllun menningarþáttarins Djöflaeyjunnar um Game of Thrones sást persóna sem var algjört hernaðarleyndarmál. Ritstjóri þáttarins, Þórhallur Gunnarsson, hefur beðist afsökunar á innslaginu sem hefur verið klippt til fyrir vefútgáfu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




STEINAR BRAGI: DRAUMURINN AÐ DAVID LYNCH LEIKSTÝRI HÁLENDINU

# Risar á kvikmyndamarkaði slást um bók Steinars Braga

„Ég gæti ekki verið hamingjusamari,“ segir rithöfundurinn Steinar Bragi.

Nýjasta bók hans, Hálendið, hefur fengið afbragðsgóða dóma og prýðilegar viðtökur lesenda. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa sjö aðilar lýst yfir áhuga á að kaupa kvikmyndaréttinn að bókinni. Meðal þeirra eru ZikZak, Pegasus, Sigurjón Kjartansson, Sæmundur Norðfjörð og Sigurjón Sighvatsson. Nafn Davids Lynch hefur einnig verið nefnt á nafn, en Sigurjón og Lynch eru miklir mátar. Hólmfríður Matthíasdóttir hjá Réttindaskrifstofu Forlagsins vildi sem minnst tjá sig um málið. „Ég get sagt að það séu sjö aðilar sem sýna verkinu áhuga og hafa verið að keppa um þessa bók. Þetta mál er bara ennþá í vinnslu og ég get ekkert sagt hvað það verða mörg tilboð. Það er mjög mikill áhugi en þetta er allt á mjög viðkvæmu stigi,“ segir Hólmfríður og bætir því við að hún hafi ekki áður upplifað jafn mikinn áhuga á sama tíma. „Þetta er í meira lagi.“

Steinar Bragi sjálfur segir að draumaleikstjórinn til að gera kvikmynd eftir Hálendinu væri áðurnefndur Lynch. Skáldið hefur hins vegar báða fætur á jörðinni enda ekki í fyrsta skipti sem kvikmyndagerðarmenn sýna verki hans áhuga. ZikZak keypti kvikmyndaréttinn að verkinu Konur á sínum tíma. „Þannig að ég hef alveg lent í þessu áður,“ segir Steinar en kvikmyndarétturinn að þeirri bók hefur verið framlengdur um tvö ár. Steinar segir það jafnframt hafa komið sér óvart hversu hægur og hljóðlátur kvikmyndabransinn sé, allt virðist þurfa að fara mjög hljótt fram.



**EFTIRSÓTTUR** Bók **Steinars Braga** er ákaflega eftirsótt en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa sjö kvikmyndagerðarmenn sýnt henni áhuga. Meðal þeirra eru **Sigurjón Sighvatsson, Snorri Þórisson** hjá Pegasus, **Sigurjón Kjartansson** og ZikZak.

„Það gerist allt miklu hægar en ég átti von á, ég hélt að þessi bransi væri keyrður áfram af miklu meiri hraða,“ segir Steinar.

Bókin Hálendið er mikill sálfræðitryllir af bestu gerð sem segir frá hjónum á jeppaferðalagi um hálendið. Þegar bíll þeirra ekur óvænt á hús tekur saga þeirra óvænta stefnu sem á eflaust eftir að skjóta mörgum skelk í bringu.

freyrgigja@frettabladid.is

# Plötusala eykst um 30 prósent

Hljómplötusala á Íslandi er þrjátíu prósentum meiri í ár en á sama tíma í fyrra.

Nýjustu afurðir stórlaxanna Mugisons, Helga Björns, Páls Óskars og Bubba hafa mikið þar að segja. Sem dæmi seldu bæði Mugison og Páll Óskar plötur sínar í yfir eitt þúsund eintökum í síðustu viku og rjúka þær því út eins og heitar lummur þessa dagana.

„Félag hljómplötuframleiðenda sendi frá sér fréttatilkynningu í ágúst um mjög góða sölu það sem af er ári og það er að aukast með hverri vikunni sem líður,“ segir Eiður Arnarsson hjá Senu.

Tölurnar miðast við seld eintök af þrjátíu efstu plötunum á Tónlistanum sem tekur saman mest seldu plötur landsins. „Hinn margumtalaði dauði geisladisksins ætlar að láta bíða eftir sér. Hann er oft talaður hressilega niður, blessaður,“ segir Eiður. „Auðvitað á þetta sér skýringar í titlum. Núna er það augljóslega Bubbi, GusGus, Jón Jónsson og Helgi Björnsson frá því í sumar. Í haust hafa það verið Mugison, Of Monsters and Men, Palli og Sinfó og mun fleiri titlar sem seljast mjög vel. Þetta eru fjölmargir mjög sterkir titlar.“

Sem dæmi má nefna að sálarplata Bubba, Ég trúi á þig, hefur selst í um 5.500 eintökum. Það er mesta plötusala Bubba með nýju efni í átta ár, eða síðan Þúsund kossa nótt kom út árið 2003. Helgi Björnsson hefur selt um 8.000 eintök af nýjustu hestaplötu sinni, en Mugison er langsöluhæstur með vel á annan tug þúsunda seldra eintaka af Haglélinu sínu. - fb



**SELUR MEIRA EN ÁÐUR** Bubbi hefur selt sálarplötu sína, Ég trúi á þig, í um 5.500 eintökum, sem er hans besti árangur í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

**Ekki láta plata þig! Gerðu verðsamanburð**

### FULL BÚÐ AF NÝRRI VÖRU
### FALLEG OG ÓDÝR GJAFAVARA
### FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

## Við tökum vel á móti þér



prjónahúfa **1.499,-** ein stærð
Síð dömupeysa **4.999,-** ein stærð
Svartir prjónavettlingar **1.499,-** Ein stærð

Prjónaleggings **3.590,-** stærðir S/M og M/L
Dömuskór áður 14.990,- **nú 10.493,-** Stærðir 37-41
Trefill **1.999,-** Ein stærð



Prjónahúfa **1.499,-** Ein stærð
Trefill **1.499,-** - Ein stærð
Síðerma bolur **1.999,-** stærð S/M og M/L
Þykkar leggings **3.999,-** stærðir s-xl
dömuskór verð áður 14.990,- **nú 10.493,-** Stærðir 37-41

Loðkragi **3.999,-** Ein stærð
Eyrnaskjól **999,-** Ein stærð
Legghlífar **2.999,-** Ein stærð



Prjónahúfa verð **999,-** Ein stærð



Dömupeysa með kvartermum. Til í appelsínugulu og svörtu. **4.999,-** Ein stærð

Svört prjónahúfa **1.499,-** ein stærð
Svartir prjónavettlingar **1.499,-** Ein stærð
Dömuskór með fylltum hæl verð áður 14.990,- **nú 10.493,-** Stærðir 37-41



Loðhúfa Ein stærð **verð 2.999**
Loðnir vettlingar Ein stærð **verð 1.999**



Svört prjónahúfa **1.499,-** Ein stærð
Prjónaleggings **3.590,-** stærðir S/M og M/L
Svört og rauð röndótt peysa **5.290,-** Ein stærð



Vatnsheldar krakka lúffur m. öndun. **Verð: 1.299,-** Stærðir 3-8 ára



Vatnsheldar ungbarna lúffur m. öndun. **Verð: 999,-** 0-3 mánaða



Lambhúshetta á krakka. **Verð: 1.499,-** 0-3



Thinsulate Flíslúffur á krakka. **Verð: 799,-** Stærðir 0-3



Mjúkir vöggubarnaskór með öndun. **Verð: 1.499,-** 0-3 mánaða



Kósý barna lúffur. **Verð: 399,-** One size

Dömuúlpa Saiko stærðir XS-XXL verð **7.990,-**





3pör í pakka. Fingravettlingar á krakka. 4-12 ára **Verð: 599,-**



HammerThor herratreflar. **Verð: 2.999,-**



3pör í pakka. Barna lúffur. **Verð: 599,-** stærðir 0-1 árs



Flottar strákaskyrtur. **Verð: 2.999,-** Stærðir 1-14 ára

Sími 534 4451
Finndu okkur á **facebook**

**www.gulahusid.is**

Opið frá kl. 11–19 frá mánudag-laugardags
Opið frá kl. 12–17 sunnudag

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spurning um kleinu

Seðlabanki Íslands boðaði til blaðamannafundar í gær þar sem tilkynna átti ákvörðun um stýrivexti. Ekki var mikil stemning fyrir fundinum þar sem ljóst þótti af fyrri yfirlýsingum **Más Guðmundssonar** seðlabankastjóra að engra breytinga væri að vænta. Því var fámennt en góðmennt í gestasætunum á fundinum, einungis tveir fjölmiðlamenn mættu, tökumaður og ljósmyndari. Eftir tölu Más um óbreytt ástand opnaði hann fyrir spurningar úr sal, en honum mætti þögnin ein þar til annar viðstöddu rétti upp hönd og spurði: „Mætti ég nokkuð fá mér kleinu?“



### Katrín á Eyrarbakka

**Katrín Júlíusdóttir** iðnaðarráðherra á von á tvíburum, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Hún er nú flutt á Eyrarbakka, samkvæmt héraðsfréttablaðinu Dagskránni frá Selfossi, en þar á Bjarni Bjarnason, eiginmaður Katrínar, hús. Flutningurinn ku vera tímabundinn, en hjónin bíða nú eftir að fá afhenta íbúð í Kópavogi.



- þj, afb

## Mest lesið vísir

1. Lögregla gerði húsleit heima hjá Agli
2. Lokað á Karen Millen eftir kápuleik
3. Lögreglan leitar leigubílstjóra – gæti skipt miklu í nauðgunar…
4. Ingibjörg Sólrún segir sig úr Samfylkingunni
5. Maður í hlaupagalla stal tölvu á Hlöðunni
6. Fannst slasaður á heimili sínu – árásarmenn hvergi sjáanl…





